

149. löggjafarþing 2018–2019.

Skýrsla

utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál

Efnisyfirlit	
Inngangur	7
I. UTANRÍKISMÁL OG UTANRÍKISÞJÓNUSTA	14
1 NORÐURLÖND OG NÆRSVÆÐI	14
1.1. Almennt	14
1.2. Forystuhlutverk í norrænu samstarfi	14
1.3. Norðurslóðir	16
1.4. Norðurskautsráðið	18
1.5. Eystrasaltsráðið	18
1.6. Barentsráðið	19
1.7. Norðlæga víddin	19
1.8. Markmið og starfið fram undan	19
2. ALÞJÓÐA- OG UTANRÍKISMÁL	19
2.1. Almenn utanríkismál	19
2.2. Bandaríkin	19
2.3. Rússland	20
2.4. Kína	20
2.5. Japan	20
2.6. Indland	21
2.7. Miðausturlönd	21
3. MÁLEFNI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA	21
3.1. Almennt	21
3.2. Samningaviðræður um BBNJ	23
3.3. Nýjar alþjóðasamþykktir um flóttafólk og fólksflutninga	23
3.4. Framboð Íslands til framkvæmdastjórnar UNESCO	24
4. MANNRÉTTINDAMÁL	24
4.1. Almennt	24
4.2. Seta Íslands í mannréttindaráðinu 2018—2019	25
4.3. Verkefni mannréttindaráðsins	26
4.4. Fastafulltrúi Íslands kjörinn varaforseti	27
4.5. Ísland lætur að sér kveða	27
5. JAFNRÉTTISMÁL	27
5.1. Almennt	27
5.2. Landsáætlun Íslands um 1325	28
6. EVRÓPURÁÐIÐ	28
7. AUÐLINDA- OG UMHVERFISMÁL	29
7.1. Almennt	29
7.2. Loftslagsmál	29
7.3. Málefni hafsins	30
7.4. Jarðvarmi – endurnýjanlegir orkugjafar	30

7.5. Markmið og starfið fram undan.....	31
8. ÞJÓÐRÉTTARMÁL.....	31
8.1. Samningar Íslands við erlend ríki.....	31
8.2. Hafréttarmál.	31
8.3. Landgrunnsmál.....	32
8.4. Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn.	32
8.5. Mannúðarréttur.....	32
8.6. Útflutningseftirlit.....	33
8.7. Þvingunaraðgerðir.	33
8.8. Leyfisveitingar til hergagnaflutninga með borgaralegum loftförum.	33
8.9. Iceland-málið á vettvangi EUIPO.	33
8.10. Markmið og starfið fram undan.....	34
9. MÁLEFNI PRÓTÓKOLLSKRIFSTOFU.....	34
9.1. Samskipti við erlendar sendiskrifstofur.....	34
9.2. Kjöræðismenn.	34
10. DEILD HEIMASENDIHERRA.....	35
10.1. Almenn.	35
11. BORGARAÞJÓNUSTA.....	35
11.1. Almenn.	35
11.2 Markmið og starfið fram undan.....	37
12. UPPLÝSINGA- OG GREININGAMÁL.....	37
12.1 Almenn.....	37
12.2. Upplýsingamiðlun og þróunarsamvinna.....	38
12.3. Upplýsingamiðlun í neyðarástandi.	39
12.4. Markmið og starfið fram undan.....	39
13. SKJALASAFN.....	40
13.1. Almenn.	40
13.2. Markmið og starfið fram undan.....	40
14. UTANRÍKISÞJÓNUSTA TIL FRAMTÍÐAR.....	41
14.1. Almenn.	41
II. UTANRÍKISVIÐSKIPTI.....	42
1. ALÞJÓÐLEGT VIÐSKIPTASAMSTARF.....	42
1.1. Utanríkisviðskipti almennt.	42
1.2. Viðskipti við einstök ríki og svæði.....	45
1.3. Bandaríkin.	46
1.4. Kína.	46
1.5. Japan.....	47
1.6. Rússland.	47
1.7. Færeyjar.....	48
1.8. Grænland.	49

2. EFTA (FRÍVERSLUNARSAMTÖK EVRÓPU)	49
3. TVÍHLIDA VIÐSKIPTASAMNINGAR.....	51
3.1. Almenn.....	51
3.2. Loftferðasamningar.....	52
3.3. Fjárfestingarsamningar.....	53
3.4. Tvísköttunarsamningar.....	53
4. VIÐSKIPTAÞJÓNUSTA OG ALÞJÓÐLEGT MENNINGARSAMSTARF.....	54
4.1. Viðskiptaþjónusta undir merkjum „Team Iceland“.....	54
4.2. Ný sóknarfæri.....	54
4.3. Norrænt samstarf og fjármagn til fyrirtækja í nýsköpun og hátækni.....	55
4.4. Þróunarsamvinna og viðskipti.....	55
4.5. Viðskipti og kjöræðismenn Íslands.....	55
4.6. Iceland Naturally – 20 ár af árangursríkri sókn á Bandaríkjamarkað.....	55
5. ÍSLANDSSTOFA	56
5.1. Almenn.....	56
6. ALÞJÓÐLEGT MENNINGARSTARF	56
6.1. Almenn.....	56
6.2. Samkomulag um samstarf á sviði menningarmála á árinu 2018.....	57
6.3. Menningarhandbók.....	57
6.4. Fullveldið – orðsporsverkefni.....	57
7. FJÖLÞJÓÐLEGT VIÐSKIPTASAMSTARF (FJÖLÞJÓÐASTOFNANIR).....	58
7.1. Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO).....	58
7.2. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD).....	58
8. ÚRSÖGN BRETLANDS ÚR EVRÓPUSAMBANDINU (BREXIT).....	59
8.1. Almenn.....	59
8.2. Samningur um útgönguskilmála.....	60
8.3. Viðbúnaður vegna hugsanlegrar útgöngu án samnings.....	60
8.4. Framtíðarsamskipti við Bretland.....	61
8.5. Skipulag Brexit-vinnunnar.....	61
8.6. Brexit stöðugt á dagskrá.....	62
9. EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ.....	63
III. ÖRYGGIS- OG VARNARMÁL	64
1. ALMENNT.....	64
2. VARNIR ÍSLANDS.....	64
3. AFVOPNUN Á KROSSGÖTUM.....	66
4. ÍSLENSKA FRÍÐARGÆSLAN.....	67
5. FJÖLÞJÓÐASAMSTARF	67
5.1. Atlantshafsbandalagið.....	67
5.2. NORDEFKO.....	68
5.3. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE.....	68

5.4. Netöryggi.....	69
IV. ÞRÓUNARSAMVINNA.....	70
1. HLUOTVERK OG STEFNA.....	70
2. FRAMLÖG TIL ÞRÓUNARSAMVINNU.....	70
3. TVÍHLIDA ÞRÓUNARSAMVINNA.....	71
3.1. Malaví.....	72
3.2. Úganda.....	73
3.3. Svæðasamstarf á sviði jarðhita í Austur-Afríku.....	74
3.4. Svæðasamstarf á sviði fiskimála í Vestur-Afríku.....	75
4. FJÖLÞJÓÐLEG ÞRÓUNARSAMVINNA.....	75
4.1. Alþjóðabankinn.....	75
4.2. Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna.....	76
4.3. Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna.....	77
4.4. Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna.....	77
4.5. Skólar Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.....	77
5. NEYÐAR- OG MANNÚÐARAÐSTOÐ.....	78
6. Samstarf við frjáls félagasamtök.....	79
7. Þverlæg málefni.....	82
7.1. Umhverfis- og loftslagsmál.....	82
7.2. Jafnréttismál.....	82
7.3. Mannréttindi.....	83
8. Starfið fram undan.....	83
V. REKSTUR UTANRÍKISÞJÓNUSTUNNAR.....	85
1. Almenn.....	85
2. Markmið og starfið fram undan.....	86
VI. SENDISKRIFSTOFUR ÍSLANDS.....	87
Sendiráð í Berlín: Tíðar ráðherraheimsóknir til marks um nán tengsl.....	88
Sendiskrifstofan í Brussel: Viðræður um afnám tolla á innfluttar fiskafurðir.....	89
Fastanefnd/sendiráð í Genf: Forysta fríverslunarsamninga og aðild að mannréttindaráðinu.....	90
Sendiráð í Helsinki: Samstarf um málefni norðurslóða.....	91
Sendiráð í Kampala: Fyrsti sendiherrann skipaður á árinu 2018.....	92
Sendiráð í Kaupamannahöfn: Rúmlega 50 viðburðir á aldarafmæli fullveldisins.....	93
Sendiráð í Lilongwe: „Rakarastofum“ hleypt af stokkunum í Afríku.....	94
Sendiráð í London: Brexit meginverkefnið fram undan.....	95
Sendiráð í Moskvu: Sex þúsund Íslendingar á heimsmeistaramótinu.....	96
Sendiráð í Nýju-Delí: Vinnuheimsókn utanríkisráðherra.....	97
Sendiráð í Ottawa: Sameiginlegir hagsmunir á norðurslóðum og í auðlindanýtingu.....	98
Sendiráð í Osló: Öflug viðskiptatengsl og menningu fagnað á fullveldisafmæli.....	99
Sendiráð í París: Nokkrir mikilvægustu viðskiptamarkaðir í umdæmi sendiráðsins.....	100
Sendiráð í Peking: Hátækni er vaxtarbroddur atvinnulífs á Íslandi og Kína.....	101

Sendiráð Íslands í Stokkhólmi 2018: Aukin áhersla á viðskiptamál.	102
Sendiráð í Tókýó: Styrking viðskiptaþjónustu og aukið pólitískt samstarf.....	103
Sendiráð í Washington DC: Bandaríkin mikilvægasti bandamaður Íslands.	104
Fastanefnd hjá Atlantshafsbandalaginu: Hagsmunagæsla á sviði öryggis- og varnarmála.	105
Fastanefnd Íslands í Róm: Nýr samstarfssamningur við FAO.	107
Fastanefnd í New York: Rödd Íslands í hnattrænu samstarfi.	108
Fastanefnd í Vín: ÖSE stuðlar að öryggi og stöðugleika í Evrópu.....	109
Aðalræðisskrifstofa í New York: 2500 fyrirspurnir árið 2018.	110
Aðalræðisskrifstofan í Nuuk: Mikil tækifæri fram undan.	111
Aðalræðisskrifstofa í Winnipeg: Stendur vörð um sameiginlegan menningararf þjóðanna.	112
Aðalræðisskrifstofan í Þórshöfn: Hoyvíkursamningurinn og menningarsamstarf.	113
Skammstafanir:.....	114
Atriðaðorðaskrá.....	116

Inngangur.

Þegar ég tók við embætti utanríkisráðherra á sínum tíma einsetti ég mér að gera umbætur á íslenskri utanríkisþjónustu svo hún yrði enn betur í stakk búin til að mæta áskorunum samtímans. Þegar ég skila þessari þróu skýrslu minni til Alþingis sé ég glöggst hve mikið hefur áunnist á þessum tíma. Þær skipulags- og áherslubreytingar sem ég setti í forgang á fyrstu vikum mínum í embætti hafa þegar skilað árangri og fyrirhuguð forystuverkefni Íslands á alþjóðavettvangi eru að verða að veruleika hvert af öðru.

Það hefur komið mér þægilega á óvart hversu vel framlag okkar á alþjóðavísu er metið. Til okkar er horft þegar fjallað er um mannréttindi um allan heim, ekki síst jafnan rétt kvenna og karla. Íslendingar hafa um árabíl verið í fararbroddi þeirra ríkja sem nýta auðlindir hafs og lands með sjálfbærum hætti og frá þeirri stefnu verður ekki hvikað. Bætt hefur verið um betur með takmarki ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi árið 2040, enda höfum við forsendur til að verða einnig leiðandi á því sviði.

EES í aldarfjórðung.

Auðvitað má þó margt gera betur. Ég tel að það gerum við best í samstarfi við aðrar þjóðir, samt ávallt á eigin forsendum. Frjáls viðskipti hafa varðað veginn allt frá upphafsárum fullveldisins þegar fyrsta íslenska sendiráðið var opnað, íslenskir viðskiptaerindrekar tóku sín fyrstu skref og viðskiptasamningar við önnur ríki litu dagsins ljós. Síðar treystum við viðskiptasambönd við nágrannaríkin enn frekar með inngöngu í EFTA. Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið fyrir réttum aldarfjórðungi opnuðust ný tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki á evrópskum markuðum, verndartollar féllu niður og annars konar viðskiptahindranir heyrðu nær sögunni til. Evrópusamstarfið og aðild okkar að EES hefur reynst okkur afar farsæl og tryggt hagsmuni íslenskra fyrirtækja og borgara.

EES-samningurinn sýnir glöggst hvernig náin samvinna hefur skilað sér í aukinni virðingu fyrir réttindum launafólks og almennings, bættum hag neytenda, yfirgripsmikilli þátttöku í evrópsku rannsóknar- og vísindastarfi og, síðast en ekki síst, hindrunarlausum viðskiptum við annan stærsta neytendamarkað í heimi. Regluverk sem innleitt er á þessum grundvelli getur vírst flókið en það hefur í langflestum tilfellum orðið samfélaginu öllu til bóta. Ég er þess fullviss að ef við höldum rétt á spilunum þegar kemur að hagsmunagæslu á vettvangi EES tryggjum við að svo verði áfram. Það hefur enda verið eitt af forgangsmálum mínum í utanríkisráðuneytinu.

Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa hugfast að þessi mikli ávinningur hefur fengist án þess að Ísland hafi þurft að fórna sínum hagsmunum svo nokkru nemi. Íslenska sjávarútvegsstefnan, ein aðalundirstaða hagsældar okkar, stendur sem fyrr óhögguguð og á forsendum Íslands. Að sama skapi tekur landbúnaðarstefna okkar mið af íslenskum aðstæðum. Við erum ekki hluti af tollabandalagi sambandsins og getum stundað frjáls viðskipti og gert fríverslunarsamninga við þá sem okkur sýnist.

Á grundvelli þessarar sérstöðu hafa Ísland og hin EFTA-ríkin getað tryggt áframhaldandi samstarf og viðskipti við Bretland, hvort sem Bretar ganga úr ESB með eða án samnings. Frá upphafi ráðherratiðar minnar hef ég lagt höfuðáherslu á að hagur Íslands vegna Brexit verði tryggður. Ég er mjög stoltur af því hversu vel utanríkisþjónustunni hefur tekist að greina hagsmuni okkar og undirbúa allar mögulegar sviðsmyndir í ljósi óvissunnar. Gangi Bretland úr Evrópusambandinu án tollabandalags er ég sannfærður um að Bretar verða dyggir bandamenn við að efla alþjóðaviðskipti. Ljóst er að herða þarf röðurinn ef okkur á að takast að sporna við einangrunarstefnu og bæta alþjóðaviðskiptakerfið.

Aukin áhersla á utanríkisviðskipti.

Undanfarin misseri hef ég skerpt enn frekar áherslu okkar á utanríkisviðskipti, enda eru þau mér sérstakt hjartans mál. Hagsmunagæsla Íslands hefur verið aukin til muna í takt við áherslur ríkisstjórnarinnar á bættu framkvæmd EES-samningsins. Staða fagráðuneyta og sendiráðsins í Brussel hefur verið styrkt til að gera þeim sem þar starfa kleift að hafa áhrif á regluverk á fyrstu stigum, en ríkisstjórnin forgangsraðar áherslumálum í hagsmunagæslu árlega.

Til að tryggja áframhaldandi hagvöxt og velsæld á Íslandi verður að auka útflutningsverðmæti þjóðarþúsins umtalsvert á næstu árum. Í því skyni hefur samstarf við atvinnulífið verið eflt, meðal annars í tengslum við nýja Íslandsstofu og nýskipað útflutnings- og markaðsráð. Í samstarfi við sendiskrifstofur

Íslands á erlendri grund, er Íslandsstofu ætlað að greina betur tækifæri á mörkuðum og veita fyrirtækjum í útrás enn betri þjónustu.

Á grundvelli þessa verður einnig unnið að því að tryggja fyrirtækjum bestu möguleg viðskiptakjör svo að þau kjósi að starfa áfram á Íslandi. Það gerum við meðal annars með því að stækka frírverslunarnet Íslands sem nær um þessar mundir til 74 ríkja. Leitast verður við að fjölga enn frekar samningum á sviði tvísköttunar, fjárfestinga og loftferða, sem stuðla að auknum viðskiptum og laða að fjárfesta. Þá verður áfram markvisst leitast við að ryðja úr vegi öðrum viðskiptahindrunum, til dæmis hvað varðar heilbrigðisvottun á íslensku kjöti og fiski.

Fundir ráðherra, 1. apríl 2018 til 1. apríl 2019



63

tvíhliða fundir með ráðherrum og leiðtogum ríkja, þ.m.t. ESB



25

utanríkis-, varnarmálaráðherra- og leiðtogafundir í alþjóðasamstarfi



11

fundir með forsvarsmönnum alþjóðastofnana

Frá því að ég tók við embætti hef ég átt hátt í 150 fundi með ráðherrum og fulltrúum annarra ríkja, ekki síst í þeim tilgangi að liðka fyrir viðskiptum. Þannig hefur okkur meðal annars tekist að koma á samkomulagi sem greiðir fyrir beinum flugsamgöngum milli Íslands og Japans og samkomulagi sem greiðir fyrir útflutningi íslenskrar landbúnaðarvöru til Kína. Fleiri slíkir samningar líta brátt dagsins ljós. Ekki má heldur gleyma tímamótasamkomulagi um viðskiptasamráð Íslands og Bandaríkjanna sem við Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, gerðum þegar hann kom í heimsókn hingað til lands í febrúar.

Gott orðspor lands og þjóðar er gulls ígildi þegar kemur að útflutningi á vöru og þjónustu. Á undanförunum árum hafa knattspyrnulandslið okkar unnið hug og hjórtu fótboltaunnenda víða um heim. Utanríkisþjónustan, Íslandsstofa og Stjórnarráðið allt tóku höndum saman í fyrra við að nýta öll sóknarfæri sem fólust í þátttöku íslenska karlalandsliðsins á heimsmeistaramótinu í Rússlandi, enda var liðsheildin og eljan öllum hvatning til góðra verka. Í aðdraganda mótsins var einnig lögð áhersla á að miðla upplýsingum til íslenskra stuðningsmanna landsliðsins svo að ferðalög þeirra gengju hnökralaust fyrir sig. Borgarþjónustan stóð vaktina og leysti úr vanda þeirra sem til hennar leituðu í stóru og smáu.

Borgarþjónustan er raunar eitt umfangsmesta verkefni utanríkisþjónustunnar. Tæplega 50 þúsund Íslendingar, nærri 14% þjóðarinnar, búa utan landsteinanna. Þá eru ekki meðtaldir þeir sem eiga fasteignir erlendis og dvelja þar langdvöllum þótt þeir hafi fasta búsetu hér á landi. Í ljósi ferðagleði landans þarf kannski engan að undra að borgarþjónustan greiði úr þúsundum erinda á hverju ári. Nýverið hófst stefnumótunarvinna sem ætlað er að bæta þjónustuna og gera hana skilvirkari.

Jafnrétti – mannréttindi.

Það er ekki aðeins á fótboltavellinum sem Íslendingar hafa staðið sig vel. Árangur okkar í jafnréttismálum hefur sömuleiðis aukið veg okkar á alþjóðavettvangi og er til okkar leitað í vaxandi mæli eftir ráðgjöf og upplýsingum um þau málefni. Það á ekki síður við um stöðu mannréttinda á Íslandi og málafylgju á alþjóðavettvangi. Á sínum tíma varð ég fyrstur íslenskra utanríkisráðherra til að taka þátt í störfum mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna og allar götur síðan hef ég fylgst af athygli og ánægju með því hvernig okkur hefur vaxið þar ásmegin. Í fyrrasumar fékk Ísland víðtækan stuðning til að gegna veigameira hlutverki með kjöri til setu í ráðinu. Framganga Íslands hefur raunar vakið athygli á heimsvísu og er til marks um hve mikil áhrif litil ríki geta haft. Besta dæmið er vafalaust forysta Íslands á vettvangi ráðsins þegar ástand mannréttinda í Sádi-Arabíu var gagnrýnt. Sú gagnrýni átti án efa þátt í að nýverið var nokkrum konum sem berjast fyrir mannréttindum í landinu sleppt úr varðhaldi. Kjörtímabil okkar er nú riflega hálfnað og við höfum einsett okkur að láta að okkur kveða. Ég hef til dæmis talað tæpitungulaust fyrir því að mannréttindabrytótur sem sitja í mannréttindaráðinu bæti ráð sitt og hugi að breytingum heima fyrir. Samstillt

átak, líkt og í tilfellum Sáði-Arabíu og Filippseyja, þar sem við fengum fjölda annarra ríkja í lið með okkur, hefur borið árangur.

Jafnréttismálin eru áherslumál á vettvangi mannréttindaráðsins líkt og í öllum okkar störfum. Hvort sem horft er til öryggismála, utanríkisviðskipta eða þróunarmála erum við alltaf í fararbroddi í þeirri viðleitni að samþætta jafnréttissjónarmið öllu samstarfi. Við vitum að með því að tryggja konum jöfn tækifæri til þátttöku á öllum sviðum samfélagsins getum við skapað friðsamara samfélag og aukna hagsæld á heimsvísu.

Það er góðra gjalda vert að efla jafnréttisstarf í útlöndum en óeitanlega verður holur hljómur í þeim málflutningi ef við vinnum ekki heimavinnuna okkar. Í utanríkisráðuneytinu hafa nú verið innleiddar áætlanir til að koma í veg fyrir hvers konar áreitni og við höfum haldið rakarastofuráðstefnu til að efla vitund starfsmanna um hvernig við getum komið í veg fyrir hvers kyns mismunun og aðra ósæmilega hegðun. Í mars fékk ráðuneytið svo jafnlaunavottun. Næsta sumar verða einnig ákveðin kaflaskil þegar konur verða í meiri hluta þeirra sem gegna sendiherrastöðu í tvíhliða sendiráðum Íslands. Fyrstu kvensendiherrar Íslands í Washington og Berlín taka við lykjavöldum í ágúst mánuði og þá verða einnig þrír af fjórum sendiherrum Íslands á Norðurlöndunum konur. Það er vel við hæfi þar sem jafnrétti er eitt þeirra lykilgilda sem sameina Norðurlöndin í öllu samstarfi, en Ísland er í fararbroddi í norrænu samstarfi á árinu.

Í forystu frændþjóða.

Á þessu ári er Ísland formennskuríki í Norrænu ráðherranefndinni, veitir samstarfi norrænna utanríkisráðherra (N5) og utanríkisráðherra Norðurlandanna og Eyrstrasaltsríkjanna (NB8) formennsku, og tekur sæti í stjórn Alþjóðabankans í Washington fyrir hönd NB8-ríkjahópsins frá og með miðju sumri. Utanríkisráðuneytið annast framkvæmd verkefna í Norrænu ráðherranefndinni en samstarfsráðherra Norðurlandanna veitir því starfi forstöðu. Áhersluverkefni eru á sviði ungs fólk, sjálfbærar ferðamennsku og málefna hafsins sem eru sannarlega málefni í deigluinni hér á Íslandi. Yfirskrift formennskuársins, „Gagnvegir góðir“, er sérlega lýsandi fyrir allt norrænt samstarf en hún er sótt í Hávamál og er henni ætlað að vísa til vináttu Norðurlandanna sem birtist í öflugum samstarfi. En gagnvegir liggja líka út í heim. Sú vináttu birtist í nær öllu okkar alþjóðasamstarfi.

Við njótum þess oft að geta leitað til norrænna kollega til að bera saman bækur og samræma afstöðu þegar við á. Þessi samstaða og samvinna Norðurlandanna er Íslandi sérstaklega mikilvæg í ljósi þess að við höfum takmarkaðan mannaud og fjármuni. Norðurlöndin styðja iðulega hvert annað til áhrifa í alþjóðlegum nefndum og ráðum, enda berjumst við fyrir sömu grundvallargildum. Framboð Íslands til setu í framkvæmdastjórn UNESCO er dæmi um þá samstöðu. Það er þessum vinaþjóðum tvímælalaust til framdráttar að ríkin tilheyra einnig mismunandi bandalögum. Þannig getum við skoðað mál í okkar hópi út frá mörgum ólíkum sjónarhornum og náð víðtækari áhrifum á alþjóðavísu.

Í samstarfi utanríkisráðherranna sem ég leiði í ár taldi ég brýnt að leggja áherslu á samskipti Norðurlandanna við Kína og mögulegt samstarf á sviði utanríkisviðskipta. Þá verður gerð úttekt á framkvæmd tillagna Thorvalds Stoltenbergs, fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs, um aukið samstarf Norðurlandanna í utanríkis- og öryggismálum og það skoðað hvort óska eigi eftir tillögum um frekara samstarf til næstu tíu ára. Samstarf á þessu sviði hefur raunar verið sívaxandi þáttur í norrænu samstarfi og Norðurlöndin utan Atlantshafsbandalagsins eiga í náinni samvinnu við allar bandalagsþjóðirnar.

Öryggi norðurslóða.

Í vor voru liðin fimm ár frá því að Rússland innlimaði Krímskaga og braut þannig gróflega gegn þjóðarétti. Samstaða vestrænna ríkja er sannarlega mikilvæg þegar kemur að því að verja alþjóðalög og þar hefur Ísland lagt sitt af mörkum. Ég þreystist ekki á að minna á hversu mikilvæg alþjóðalög og virkt alþjóðlegt samstarf eru smáum herlausum ríkjum eins og Íslandi.

Kjarninn í alþjóðlegu samstarfi Íslands á sviði öryggis- og varnarmála er aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu, sem nýverið fagnaði 70 ára afmæli, og tvíhliða varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna. Í þessu samstarfi ábyrgjumst við rekstur íslenska loftvarnakerfisins, eftirlitserfa með hafsvæðum, samskiptakerfa og annarra mannvirkja og búnaðar á Íslandi. Með reglulegri loftrýmisgæslu og þátttöku í æfingum bandalagsríkja og norrænna samstarfsríkja tryggjum við að fullnægjandi viðbúnaður og þekking sé til staðar til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands og mæta áskorunum sem Ísland stendur

frammi fyrir á þessu sviði. Liður í þessu var þátttaka okkar í Trident Juncture, einni stærstu varnaræfingu sem Atlantshafsbandalagið hefur staðið fyrir á síðari árum. Þótt æfingin hafi að mestu leyti farið fram í Noregi hófst hún hér á landi þegar herskip frá aðildarríkjum komu saman undir sameiginlegri stjórn Atlantshafsbandalagsins. Ísland tók einnig þátt í þeim hluta sem sneri sérstaklega að netöryggi, sem vaxandi ógn steðjar að.

Varnaræfinguna bar við á sama tíma og 75 ár voru liðin frá því að þáttaskil urðu í orrustunni um Atlantshafið, lengstu samfelldu orrustu í síðari heimsstyrjöldinni, þegar bandamenn náðu undirtökunum. Við það tilefni minntumst við þeirra 100 þúsund manna sem týndu lífi í átökum á hafi úti, þar af voru um 200 Íslendingar. Við eigum það til að gleyma því hversu mikilvægt það var í síðari heimsstyrjöldinni að vinnuþjóðir skyldu eiga skjól á Íslandi. Í núverandi öryggisumhverfi er það ekki síður mikilvægt og minnir okkur jafnframt á þýðingu þess að öruggir flutningar á aðföngum og mannafla geti gengið óhindrað fyrir sig á hafinu í kringum Ísland.

Þetta er einnig vert að hafa í huga þegar rætt er um framtíð norðurslóða. Ísland hefur lengi talað gegn frekari hervæðingu á norðurskautinu og vaxandi hernaðarumsvif Rússa á svæðinu vekja því nokkurn ugg. Við þessu hefur verið brugðist með stórauknu eftirliti með kaþbátumferð og eru umtalsverðar framkvæmdir fyrirhugaðar á flugskýlum og öðrum mannvirkjum á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli af þeim sökum. Þá hefur gildi stöðugs loftrýmisseftirlits og virkrar loftrýmisgæslu sannað sig að undanförn þegar rússneskar sprengjuflugvélar hafa verið á sveimi á íslenska loftrýmisseftirlitssvæðinu.

Hvað sem núningi í samskiptunum við Rússland líður hefur tekist að byggja upp mikilvægan samstarfsvettvang Norðurskautsráðsins. Þar vinna aðildarríkin saman að því að takast á við þær fjölmörgu áskoranir sem felast í hröðum breytingum á svæðinu vegna hlýnunar jarðar. Á næstu dögum tekur Ísland við formennsku í Norðurskautsráðinu og mun leiða þá miklu vinnu sem fram fer á vettvangi ráðsins. Með sjálfbæra þróun að leiðarljósi mun íslenska formennskan meðal annars beina kastljósinu að málefnum hafsins, loftslagsmálum og endurnýjanlegri orku, auk stuðnings við samfélög á norðurslóðum. Horft er jafnt til hinna þriggja stöða sjálfbærrar þróunar – umhverfisþátta, félagslegra þátta og efnahagslegra þátta.

Þótt ískyggileg þróun á norðurslóðum vegna loftslagsbreytinga sé öllum jarðarbúum áhyggjuefni verður ekki fram hjá því litið að í henni felast líka möguleikar. Þær sjóleiðir sem munu opnast á næstu árum stytta siglingartíma svo um munar, líkt og þegar Súez-skurðurinn var opnaður fyrir 150 árum. Lega Íslands í miðju Atlantshafi, rétt við heimskaupsbaug, gerir landið að álitlegri tengimiðstöð fyrir ferðir og flutninga lengra til norðurs og íslensk fyrirtæki búa yfir reynslu og þekkingu sem getur komið að gagni við úrlausn fjölmargra áskorana sem blasa við svæðinu.

Íslensk þekking í þágu þróunarsamvinnu.

Í umræðum um málefni norðurslóða áréttá ég gjarnan að framvindan þar hafi ruðningsáhrif um allan heim. Hröð bráðnun íshellunnar ýtir enn undir loftslagsbreytingar sem er vá sem verður að bregðast við hratt og örugglega. Við megum raunar engan tíma missa í þeim efnum enda gætir áhrifa loftslagsbreytinga nú þegar. Því hefur verið haldið fram að stríðið í Sýrlandi eigi rætur sínar að rekja til þurrka af völdum loftslagsbreytinga og færustu vísindamenn segja að vaxandi öfgar í veðurfari víða um heim séu afleiðingar af þeim.

Í samræmi við áherslur ríkisstjórnarinnar er þróunarsamvinna vaxandi liður í störfum utanríkisþjónustunnar. Í ár tekur Ísland við umfangsmiklu samræmingarstarfi kjördæmis Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í Alþjóðabankanum með formennsku í samstarfinu til tveggja ára. Á vettvangi Alþjóðabankans hefur tekist að koma á framfæri íslenskri sérþekkingu á sviði jarðhitanýtingar sem kemur þar að miklu gagni og til stendur að auka enn frekar aðkomu Íslands að verkefnum tengdum sjávarútvegi.

Það hefur einmitt verið mér sérstakt kappsmál að nýta enn betur þá sértæku þekkingu sem við búum yfir á fjölmörgum sviðum við uppbyggingu innviða og atvinnuvega í þróunarlöndum. Þess vegna setti ég á fót nýjan samstarfssjóð atvinnulífs og íslenskra stjórnvalda sem ætlað er að styrkja samstarfsverkefni í fátækari ríkjum og stuðla þar að atvinnusköpun og sjálfbærum vexti. Þessar áherslur endurspeglast vel í nýrri þróunarsamvinnustefnu sem lögð hefur verið fyrir þingið.

Þróunarsamvinnustefnan byggist á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem hafa þegar markað straumhvörf í þróunarsamvinnu nágrannaríkja okkar. Þau munu aðeins nást með samvinnu, ekki síst við almenning og atvinnulíf. Heimsmarkmiðin eru samverkandi og hvíla ekki síst á þeirri grundvallarhugmynd að árangur náist ekki án þess að unnið verði heildstætt að þeim. Þannig dregur til dæmis aukin nýting sjálfbærra orkuauðlinda úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda, menntun fyrir alla og aukin nýsköpun gerir okkur kleift að takast á við áskoranir nútímans, og samvinna allra, þar með talið einkageirans, er nauðsynleg til að auka velsæld á heimsvísu. Málsvarastarf okkar á sviðum mannréttinda miðar einnig að sama marki: Að bæta hag fólks jafnt á Íslandi sem annars staðar. Framlag okkar til þróunarsamvinnu og mannréttindabaráttu stuðlar einnig að bættu öryggi okkar í víðara samhengi.

Fyrir nokkrum vikum fékk ég tækifæri til að heimsækja Malaví þar sem Ísland hefur tekið þátt í þróunarsamvinnu í þrjá áratugi. Það var einstök upplifun að sjá þann árangur sem samstarfið hefur skilað. Með því að tryggja þúsundum aðgang að hreinu vatni og heilbrigðisþjónustu hafa Íslendingar bjargað fjölda mannlífa. Ég er sannfærður um að við getum gert enn betur þegar fram í sækir með uppbyggingu atvinnulífs og betri nýtingu náttúruauðlinda í þessu fallega en fátæka landi. Þar getur íslensk sérþekking skipt sköpum.

Alþjóðasamvinna forsenda fullveldis.

Bjartsýni mína má ekki síst rekja til okkar eigin sögu. Aldarafmæli fullveldisins á síðasta ári varð okkur öllum tilefni til að líta yfir farinn veg og hugleiða þær miklu framfarir sem hafa orðið á þessum tíma. Þær hefðu aldrei getað orðið án virkrar þátttöku í alþjóðasamstarfi, ekki síst í líflegum utanríkisviðskiptum. Saga íslenskrar utanríkisþjónustu er þannig samofin sögu fullveldisins og þátttaka okkar í alþjóðlegu samstarfi hefur ávallt verið á grundvelli þess. Ísland hefur alla tíð lagt sitt af mörkum til þeirrar almennu ríkjasamvinnu sem varð að veruleika í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar og þannig höfum við kosið að tilheyra hópi lýðræðisríkja Evrópu og Norður-Ameríku. Sú samvinna virðist æ mikilvægari þegar hún er sett í samhengi við strauma og stefnur víðs vegar um heim.

Alþjóðleg samvinna og virk hagsmunagæsla er undirstaða þess að lífskjör og tækifæri hérlendis geti áfram orðið með því sem best sem gerist í heiminum. Þar er samstarfið innan Evrópska efnahagssvæðisins lykilþáttur, sem og vestræn samvinna í þágu öryggis. Virðing fyrir þjóðarétti er síðan grundvallarforsenda í samskiptum ríkja, ekki síst fyrir minni ríki sem annars hefðu ekki burði til að verja sig gegn ágangi hinna stóru. Síðast en ekki síst felur þátttaka í alþjóðlegri samvinnu í sér viðurkenningu erlendra ríkja á því að Ísland sé frjálst og fullvalda ríki.

VERKEFNI UTANRÍKISÞJÓNUSTUNNAR Í ÁTTA MYNDUM

Samráð við Alþingi, 1. apríl 2018 til 1. apríl 2019



Fulltrúar
utanríkisráðuneytisins
kynntu mál undir **83**
dagskrárlíðum á **37** fundum
utanríkismálanefndar



Utanríkisráðherra kynnti
12 mál á fundi
utanríkismálanefndar



19
skriflegar
þingfyrirspurnir til
utanríkisráðherra



394
vinnustundum varíð í svör
við skriflegum
fyrirspurnum sem send
voru Alþingi á tímabilinu

Borgarabjónusta



49.218
Íslendingar búa erlendis
allt árið



214
kjöræðismenn vinna
launalaust fyrir
Ísland í 90 ríkjum



2.689
Íslendingar fengu
vegabréf hjá utanríkis-
þjónustunni árið 2018



Um **550** beiðnir um
borgarabjónusta bárust ráðuneytinu
2018, auk fjölmargra erinda sem
sendiráð og ræðismenn afgreiddu

Viðskiptasamningar



Fríverslunarsamningar við
samtals **74** ríki og
landsvæði, þar af **þrjár**
undirritaðir 2018 og **tveir** sem
bíða fullgildingar



110
loftferðasamningar og
viljayfirlýsingar sem veita
heimildir til viðskiptaflugs,
þar af **fjórir** samningar
undirritaðir 2018.



Ísland hefur gert
fjárfestingasamninga við
11 ríki auk annarra
samninga sem taka til
fjárfestinga



Tvísköttunarsamningar við
samtals **44** ríki eru
komnir til framkvæmda,
þ.m.t. samningur við Japan
frá 2018.

Framlög Íslands til Atlantshafsbandalagsins (NATO)



Rekstur Íslenska
loftvarnakerfisins, sem er
hluti af samþættu
loftvarnakerfi NATO.
Ratsjárnar spanna stórt svæði
á Norður-Atlantshafi



Rekstur og umsjón
með **90**
varnarmannvirkjum
NATO á Íslandi



Gistiríkjastuðingur fyrir
liðsafla bandalagsríkjanna.
Á annað þúsund manns
dvöldust á
Keflavíkurflugvelli í fyrra



12
borgaralegir sérfræðingar
starfa víða um heim við
fjölbreytt verkefni hjá NATO,
allt frá jafnréttismálum til
þjálfunar í sprengjueyðingu

Fjölbjóða þróunarsamvinna 2018



13

lönd í Sigdalnum í Austur-Afríku hafa notið góðs af svæðaverkefni Íslands í jarðhita



86%

af þróunarframlögum taka mið af kynjajafnrétti



85

sérfræðingar þróunarlanda útskrifuðust frá skólum HSP á Íslandi á sviða jarðhita, sjávarútvegs, landgræðslu og jafnréttismála



Ísland studdi verkefni í **17** löndum um afnám kynfæralímlestinga kvenna

Tvíhliða þróunarsamvinna 2018



Aðbúnaður
25.000 nemenda við 12 skóla í Malaví bættur



63.000 manns í Mósambík hafa fengið aðgang að hreinu vatni



75,5% nemenda í Buikwe héraði í Úganda lauk grunnskólaprófi, en 40% árið 2011



40% lægri dánartíðni mæðra í Mangochi héraði í Malaví síðan 2012



51.709 grunnskólabörn í Malaví og Úganda hafa notið stuðnings

Samráð vegna Brexit, 11. janúar 2017 til 1. apríl 2019



10

fundir í utanríkismálanefnd þar af **5** með aðkomu utanríkisráðherra



17

fundir með ráðherrum og þingmönnum Bretlands



9

fundir með fulltrúum ESB auk fjölda funda með ráðherrum ESB-ríkja



Um **300** fundir íslenskra og breskra embættismanna



Fjölmargin fundir með hagsmunaaðilum

Seta Íslands í mannréttindaráðinu, 13. júlí 2018 til 31. desember 2019



Um **80** ræður áætlaðar í 4 lotum ráðsins



56

ríki tekin fyrir og jafnmargar ræður Íslands



30

fundir sem fastafulltrúi stýrir sem varaformaður mannréttindaráðsins

I. UTANRÍKISMÁL OG UTANRÍKISÞJÓNUSTA

1 NORDURLÖND OG NÆRSVÆÐI

1.1. Almenn.

Norrænt samstarf er einn mikilvægasti þátturinn í utanríkismálum Íslands en í sáttmála ríkisstjórnarinnar segir að norrænt samstarf verði áfram einn af hornsteinum utanríkisstefnu Íslands. Samstarf Norðurlandanna er víðfeðmt og nær til margvíslegrar samvinnu ríkisstjórna og samstarfs þingmanna, frjálsra félagasamtaka, háskólastofnana og ungs fólks. Breiddin er eitt meginéinkenni Norðurlandasamstarfsins sem um leið er árangursmiðað og markvísst á þeim áherslusviðum sem ríkisstjórnir landanna beina sjónum að hverju sinni. Kjölfestan í norrænu samstarfi felst í sameiginlegum grundvallargildum og markmiðið er að samstarfið nýttist íbúum Norðurlandanna með beinum hætti.

Ísland er í burðarhlutverki í norrænu samstarfi á árinu 2019. Ísland er formennskuríki í Norrænu ráðherranefndinni og gegnir jafnframt formennsku í samstarfi norrænna utanríkisráðherra (N5) og utanríkisráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna (NB8), ásamt því að taka sæti í stjórn Alþjóðabankans í Washington D.C. fyrir hönd NB8-ríkjahópsins frá og með miðju sumri. Málefni hafsins er eitt af því sem Ísland leggur áherslu á í öllu norrænu milliríkjasamstarfi og í fyrirhugaðri formennsku í Norðurskautsráðinu. Ísland er með sendiráð annars staðar á Norðurlöndunum, auk aðalræðisskrifstofu í Færeyjum og á Grænlandi, en þær gegna mikilvægu hlutverki við að treysta pólitískt samstarf, sinna viðskipta- og borgarþjónustu og halda menningu og hagsmunum Íslands á lofti.

1.2. Forystuhlutverk í norrænu samstarfi.

Norðurlöndin eiga með sér náð samstarf á vettvangi utanríkismála sem treystir fótfestu ríkjanna á alþjóðavettvangi. Utanríkisráðherrar Norðurlandanna hittast að jafnaði tvisvar sinnum á ári, að vori og hausti, en auk þess eiga þeir fundi með utanríkisráðherrum Eystrasaltsríkjanna innan vébanda NB8-samstarfsins, sömuleiðis tvisvar á ári, þar af einu sinni einnig með Vísegrad-ríkjunum svokölluðu, Póllandi, Slóvakíu, Tékklandi og Ungverjalandi. Þá er ógetið funda sem norrænir utanríkisráðherrar eiga sín á milli í tengslum við ráðherrafundi alþjóðastofnana, eins og ráðherrafundi NATO og allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, og margvíslegra tvíhliða funda. Utanríkisráðherrar Danmerkur, Finnlands og Noregs hafa allir komið í heimsókn til Íslands á síðustu tólf mánuðum, auk utanríkisviðskiptaráðherra Svíþjóðar. Utanríkisráðherrar Færeyja og Grænlands heimsóttu báðir Ísland á liðnu ári.

Norræn samvinna í utanríkismálum snýst um þau málefni sem eru efst á baugi hverju sinni og byggist á traustum grunni sameiginlegra grundvallargilda og meginafstöðu til alþjóðakerfisins. Norrænir utanríkisráðherrar ræða á fundum sínum alþjóðleg öryggismál, þar með talið hvers kyns ógnir, eins og netöryggi en einnig hefðbundnari öryggismál á borð við átökin í Sírylandi og Austur-Úkraínu, stríðsátök annars staðar í veröldinni, afvopnunarmál og friðsamlega laus deilumála. Evrópumálin eru sömuleiðis á dagskrá, ekki síst fyrirhuguð útganga Bretlands úr Evrópusambandinu og önnur mál sem varða ESB- og EES-ríkin. Norðurlöndin bera saman bækur sínar um samskipti við stórveldi á borð við Kína og Rússland, og Atlantshafstengslin og samskipti við Bandaríkin eru meðal helstu umræðuefna. Alþjóðleg umhverfismál og baráttan gegn loftslagsbreytingum er meðal þess sem ávallt er rætt en loftslagsmálin tengjast bæði alþjóðlegum öryggis- og efnahagsmálum og málefnum hafsins með beinum hætti.

Norrænir utanríkisráðherrar eiga einnig samráð um ýmis önnur mál sem upp kunna að koma og þar er um að ræða bæði formlega og óformlega samvinnu, marghliða og tvíhliða. Nefna má til dæmis sameiginlega yfirlýsingu norrænna utanríkisráðherra af fundi þeirra í Ósló 31. október síðastliðinn þar sem Norðurlandþjóðirnar sýndu Danmörku fulla samstöðu vegna tilræðis írönsku leyniþjónustunnar á danskri grundu, sem upplýst var um skömmu áður.


Ísland er nú í formennsku í samstarfi utanríkisráðherra Norðurlandanna (N5) en ríkin skiptast á að gegna því hlutverki. Í formennskunni felst samræmingarhlutverk og fundarstjórn þegar utanríkisráðherrar koma saman, auk ákveðins dagskrárvalds. Þannig gerði Ísland til dæmis að tillögu sinni að Norðurlöndin minntust þess að á þessu ári eru tíu ár liðin frá því að Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs, skilaði tillögum um aukið samstarf Norðurlandanna í utanríkis- og öryggismálum. Tíu ára afmælis Stoltenberg-skýrslunnar verður minnst í tveimur skrefum. Annars vegar verður gerð úttekt á því hverjum af tillögum Stoltenbergs hefur þegar verið hrint í framkvæmd og hins vegar er í vinnslu hvort óska eigi eftir tillögum um frekara samstarf til næstu tíu ára.

Innan vébanda N5-samstarfs utanríkisráðherra hefur Ísland einnig lagt áherslu á samskipti Norðurlandanna við Kína og hvernig norrænt samstarf getur enn betur þjónað utanríkisviðskiptahagsmunum landanna, til dæmis með sameiginlegu kynningarstarfi og viðskiptaþjónustu. Fram undan er utanríkis-

ráðherrafundur Norðurlandanna á Íslandi. Þá hittast norrænir utanríkisráðherrar venjulega í tengslum við allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York og á Norðurlandaráðsþingi sem að þessu sinni fer fram í Stokkhólmi í lok október.

Ísland er einnig í formennsku í samstarfi utanríkisráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna (NB8). Ísland leggur þar áherslu á þrjú málefna svið: *öryggismál*, bæði hefðbundin öryggismál og nýjar ógnir á borð við netárásir; *mannréttindamál* og mikilvægi alþjóðalaga og alþjóðastofnana, meðal annars mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna; og *málefni hafsins*, meðal annars í samhengi við loftslagsbreytingar. Fyrstu tvö málefni hafa lengi verið til umræðu á vettvangi NB8-ríkjanna en þetta er í fyrsta skipti sem málefni hafsins verða þar til umræðu. Það er að frumkvæði Íslands.

NB8-samvinnan nýtist einnig til að eiga samskipti við önnur ríki og ríkjahópa. Í byrjun apríl fór fram árlegur fundur utanríkisráðherra NB8 með V4-ríkjahópnum í Litháen. A þeim fundi var meðal annars rætt um öryggismál, Evrópumál, mannréttindi en einnig málefni hafsins. Innan vébanda NB8-samstarfsins hittast einnig sérfræðingar á margvíslegum málefna sviðum. Gert er ráð fyrir á þriðja tug samráðsfunda NB8-ríkja á formennskuári Íslands, bæði innan lands og utan, auk þess sem árlegt námskeið fyrir unga diplómata í NB8-ríkjunum fer fram á Íslandi í haust.



Vestnorrænt samstarf er mikilvægur hluti af utanríkissamskiptum Íslands enda fara hagsmunir landanna saman með margvíslegum hætti. Málefni Hoyvíkursamnings Íslands og Færeyja hafa borið hátt á undanförunum mánuðum í samskiptum utanríkisráðherra Íslands og Færeyja en fjallað er um þau í kaflanum um utanríkisviðskipti, 1.7. Utanríkisráðherra Grænlands heimsótti Ísland í október síðastliðnum og átti fund með utanríkisráðherra um meðal annars viðskiptamál og norðurslóðamál. Einnig var ráðherrann viðstaddur opnun sendiskrifstofu Grænlands í Reykjavík. Utanríkisráðherra Íslands tók þátt í ársfundi Vestnorræna ráðsins í Þórshöfn í Færeyjum í ágúst síðastliðnum og utanríkisráðherrar Íslands, Færeyja og Grænlands áttu fund af því tilefni. Næsti fundur þessara ráðherra verður í tengslum við ársfund Vestnorræna ráðsins í Nuuk í haust en auk þess er gert ráð fyrir að utanríkisráðherra hitti þessa starfsbræður sína á tvíhliða fundum á árinu. Árlegt Hringborð norðurslóða í Reykjavík nýtist sömuleiðis til samskipta á ráðherrastigi við Færeyjar og Grænland.

Ísland tók við formennsku í Norrænu ráðherranefndinni um síðustu áramót og gegnir því hlutverki út árið 2019. Umtalsverður þróttur er í norrænni samvinnu sem leggur meðal annars áherslu á hreyfanleika íbúa á milli landa, stafræna væðingu, nýsköpun og sameiginlegt kynningarstarf í öðrum löndum, auk hefðbundins

menningar- og menntasamstarf og samvinnu í félags- og velferðarmálum. Norræn ráðherraráð eru samtals ellefu, auk tímabundins ráðherraráðs um stafræn málefni.


Samstarfsráðherrar Norðurlandanna bera ábyrgð á starfi Norrænu ráðherranefndarinnar í umboði norrænna forsætisráðherra. Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn myndar umgjörð um samstarfið og veitir faglega aðstoð. Í formenskunni felst að Ísland efnir til sérstakra samnorrænna formenskukerkefna á tilteknum málefna sviðum og Ísland stýrir auk þess fundum allt formennskuárið. Ráðgert er að um 180 norrænir fundir og viðburðir verði haldnir á formennskuárinu. Útlit er fyrir að velflest norræn ráðherraráð fundi á Íslandi á árinu auk þess sem sumarfundur norrænna forsætisráðherra verður haldinn hér á landi.

„Gagnvegir góðir“ er yfirskrift formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni og vísar til vináttu Norðurlandanna og þess markmiðs að Norðurlöndin verði samþættasta svæði í heimi. Í formennskuáætlun Íslands, sem kynnt var af forsætisráðherra á þingi Norðurlandaráðs í Ósló í lok október síðastliðnum, er lögð áhersla á málefni ungs fólks, sjálfbæra ferðamennsku í norðri og málefni hafsins. Alls er efnt til níu formenskukerkefna á þessum sviðum í samvinnu við aðrar Norðurlandþjóðir og hlutaðeigandi stofnanir og haghafa innan lands. Norræna ráðherranefndin fjármagnar formenskukerkefnið með samtals 15 milljónum danskra króna á ári í þrjú ár eða sem nemur 45 milljónum danskra kr. á þriggja ára tímabili. Á formennskuári Íslands stendur jafnframt yfir vinna að nýrri framtíðarsýn fyrir allt norrænt ríkisstjórnarsamstarf og vonir standa til þess að þeirri vinnu ljúki síðsumars. Ísland leggur áherslu á að baráttan gegn loftslagsbreytingum verði áberandi í því starfi. Nánar er fjallað um formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni í skýrslu samstarfsráðherra Norðurlanda til Alþingis um starfsárið 2018.

1.3. Norðurslóðir.

Málefni norðurslóða eru forgangsmál í íslenskrri utanríkisstefnu. Þessi áhersla birtist glöggt í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Þar er dregin fram sú sérstaða sem Ísland nýtur sem norðurskautsríki og bent á að auknum siglingum og annarri starfsemi fylgi tækifæri en líka áskoranir gagnvart umhverfi, lífríki og lífsháttum. Hagsmunir Íslands eru gríðarmiklir en augu alþjóðasamfélagsins beinast í sífellt auknum mæli að norðurhjaranum. Í ljósi þess hve margbrotið og viðkvæmt svæði norðurslóðir eru, hvort sem lítið er til umhverfis, öryggismála, efnahagslegra eða félagslegra þátta, er mikilvægt að svæðið einkennist áfram af stöðugleika, sjálfbærni og samvinnu. Stefnumörkun Íslands þarf að taka mið af þessu.

Aðildarríki Norðurskautsráðsins



Núgildandi stefna Íslands í málefnum norðurslóða á sér stoð í þingsályktun frá 139. löggjafarþingi, sem samþykkt var samhljóða á Alþingi vorið 2011 (337. mál, þskj. 1148). Stefnan felur í sér tólf megináherslur

sem lúta meðal annars að stöðu Íslands innan svæðisins, mikilvægi Norðurskautsráðsins og hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna, loftslagsmálum, sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og öryggis- og viðskipta-hagsmunum. Áhersla er einnig lögð á grannríkjasamstarf við Færeyjar og Grænland og réttindi frumbyggja.

Í ljósi þess hve hröð þróun hefur verið í þessum málaflokki á síðustu árum er nauðsynlegt að byrja að huga að endurskoðun stefnunnar um norðurslóðir. Frá því að stefnan var samþykkt hafa málefni sjálfbærrar þróunar og loftslagsmála komist í forgrunn alþjóðamála með samþykkt heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna árið 2015 og gildistöku Parísarsamkomulagsins um loftslagsbreytingar árið 2016. Á sama tíma eru blikur á lofti á sviði öryggis- og varnarmála sem mikilvægt er að hafi ekki neikvæð áhrif á samstarf ríkja á sviði norðurslóðamála. Í þessu ljósi er æskilegt að efna til samráðs um endurskoðun stefnunnar.

Formennskuteymi Íslands í Norðurskautsráðinu og í Norrænu ráðherranefndinni hafa með sér náð samráð og nýta samlegðaráhrif í störfum sínum í utanríkisráðuneytinu, einkum í verkefnavinnu tengdri hafinu og sjálfbærum samfélögum á norðurslóðum. Þetta er liður í samþættingu innan utanríkisþjónustunnar á starfi sem tengist svæðisbundinni samvinnu.

Ísland heldur úti sendiráðum og aðalræðisskrifstofum í öllum aðildarríkjum Norðurskautsráðsins og sendiskrifstofum í sjö af prettán áheymarríkjum. Sendiráð Íslands og aðalræðisskrifstofur gegna mikilvægu hlutverki meðan á formennsku Íslands í ráðinu stendur. Rík áhersla er lögð á að samhæfa skilaboð sem Ísland undirstríkar á formennskutímanum, í samskiptum við hlutaðeigandi alþjóðastofnanir og ríki í umdæmum skrifstofanna.

Í lok árs 2017 endurnýjaði utanríkisráðherra samstarf við Norðurslóðanet Íslands á Akureyri og nýr samningur tekur mið af áætluðum verkefnum í formennskutíð Íslands í Norðurskautsráðinu. Utanríkisráðuneytið nýtur góðs af gjöfulu samstarfi við íslenskt háskóla- og vísindasamfélag en líka við erlendar háskóla- og vísindastofnanir. Í upphafi árs gerðu utanríkisráðuneytið og The Arctic Initiative, við Harvard Kennedy-háskólann í Massachusetts í Bandaríkjunum, með sér samkomulag um samstarf í tengslum við væntanlega formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu. Með samkomulaginu er stuðlað að auknum rannsóknum sem nýst geta við stefnumótun á sviði norðurslóðamála og aukinni menntun og umræðum um málefni norðurslóða.

Í upphafi árs var undirrituð viljayfirlýsing um framhald samstarfs á sviði norðurslóðafræða milli Noregs og Íslands. Samstarf þjóðanna hófst árið 2012 og fram til þessa hafa 75 norsk-íslensk samstarfsverkefni hlotið styrk úr sameiginlegum sjóði, flest tengd loftslagsbreytingum, veðurfari og umhverfisþáttum. Viljayfirlýsingin er forsenda þess að norskir og íslenskir fræðimenn geti áfram sótt um styrki til sameiginlegra gagnastofnafræðna á fræðasviði norðurslóða auk þess sem hún tryggir áframhaldandi fjármögnun á stöðu gestaprófessors í norðurslóðafræðum við Háskólann á Akureyri. Áfram er unnið eftir endurnýjuðum samningi við Fulbright-stofnunina á Íslandi sem felur í sér að ráðuneytið styrkir komu bandarískra fræðimanna til kennslu og rannsókna á sviði norðurslóðafræða.

Þriðji fundur samráðsnefndar Íslands og Kína um málefni norðurslóða, byggður á samningi um vísindasamstarf landanna frá árinu 2012, var haldinn á Íslandi í október 2018. Fjórdi tvíhliða fundur Íslands og Kína fer fram í Shanghai í maí á þessu ári í tengslum við ráðstefnu um norðurslóðir, Arctic Circle China Forum 2019. Í beinu framhaldi verður haldið sjöunda málþing kínversk-norræna vísindasamstarfsins, China-Nordic Arctic Cooperation Symposium.

Ráðuneytið endurnýjaði nýverið samning við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands en það er liður í stefnu stjórnvalda um aukna upplýsingagjöf til almennings um málefni norðurslóða. Samkomulagið felur meðal annars í sér að á formennskutíma Íslands standi Alþjóðamálastofnun, í samstarfi við ráðuneytið, fyrir árlegri ráðstefnu þar sem áherslumál Íslands verði leiðarstef. Þá verður jafnframt efnt til fundaraðar sem tengist formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu. Ráðuneytið vinnur einnig náð með Rannís og Stofnun Vilhjálm Stefánssonar.

Utanríkisráðuneytið tók sem endranær virkan þátt í sjötta þingi Hringborðs norðurslóða í október 2018. Utanríkisráðuneytið stóð ásamt samstarfsaðilum að tveimur hliðarviðburðum á ráðstefnunni, annars vegar um jafnréttismál og hins vegar um loftslagsbreytingar á norðurskautslandinu Íslandi. Utanríkisráðherra flutti lokaávarp ráðstefnunnar og lagði þar höfuðáherslu á frið og stöðugleika á norðurslóðum annars vegar og sjálfbæra þróun svæðisins hins vegar. Ráðherra fór jafnframt yfir þær áherslur sem Ísland setur á oddinn í formennskutíð sinni í Norðurskautsráðinu.

1.4. Norðurskautsráðið.

Ísland tekur formlega við formennskukeflinu af Finnum á ráðherrafundi Norðurskautsráðsins í Rovaniemi í Finnlandi 7. maí næstkomandi undir yfirskriftinni „Samán til sjálfbærni á norðurslóðum“. Formennska innan Norðurskautsráðsins er til tveggja ára.

Norðurskautsráðið hefur fest sig í sessi sem mikilvægasti samráðsvettvangurinn um málefni norðurslóða og alþjóðapolítískt vægi formennskunnar hefur aukist til muna á undanförunum árum. Formennska í ráðinu er veigamikilið verkefni. Ísland á ríkra hagsmuna að gæta í hagfelldri þróun svæðisins og stöðugleika innan þess, enda telst landið allt og stór hluti landhelginnar innan marka norðurslóða. Formennskan dregur athygli að Íslandi, eykur vægi landsins á alþjóðavettvangi og veitir Íslendingum þannig einstakt tækifæri til að stuðla að því að áherslur okkar á sjálfbæra þróun fái hljómgrunn meðal ríkja og samstarfsaðila ráðsins. Í því samhengi má meðal annars nefna sjálfbær samfélög, nýtingu og vernd náttúruauðlinda, umhverfisvernd og vinnu gegn neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga á norðurslóðum. Brýnt er að beina sjónum að hafinu og orkumálum. Sú skörun sem viðfangsefni Norðurskautsráðsins hafa við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og Parísarsamkomulagið um aðgerðir á sviði loftslagsmála er ótvíræð og því eðlilegt að formennskuáætlun Íslands taki mið af þeim áherslum sem þar eru.

Formennskuáætlunin er unnin í nánú samstarfi fjölmargra aðila, meðal annars innan Stjórnarráðsins, í fræðasamfélaginu og atvinnulífinu. Yfirskrift formennsku Íslands endurspeglar í senn breyttar aðstæður í heimshluta okkar og þær leiðir sem íslensk stjórnvöld tala fyrir til að takast á við þær. Hugtakið sjálfbærni verður alltumlykjandi í formennskutíð Íslands en fjögur megináherslusvið verða málefni hafsins; loftslagsmál og grænar lausnir í orkuframleiðslu; fólkið á norðurslóðum og styrking samfélaga; og efling Norðurskautsráðsins. Hvert áherslusvið er útfært með verkefnum. Formennskuáætlun Íslands er metnaðarfull enda hefur mikil vinna verið lögð í að inntak hennar endurspeglar í senn framsýni og fagmennsku. Á fyrsta ári formennskunnar er ráðgert að fjórir meginfundir Norðurskautsráðsins verði haldnir á Íslandi, víðs vegar um land.

Á vettvangi ráðsins hafa verið gerðir þrjár lagalega bindandi samningar. Sá nýjasti um vísindasamstarf á norðurslóðum var samþykktur á fundi utanríkisráðherra í Fairbanks 2017. Hann var fullgiltur af Íslands hálfu í janúar 2018 og öðlaðist gildi í maí sama ár. Fyrsti fundur um framkvæmd hans var haldinn í Helsinki í mars á þessu ári.

Starf Norðurskautsráðsins fer að mestu fram í sex vinnuhópum ráðsins. Framlag hópanna til aukinnar þekkingar á umhverfi, lífríki og samfélögum á norðurslóðum verður að teljast ómetanlegt og stefnir Ísland að því að efla þetta starf enn frekar á formennskutímanum. Skrifstofur vinnuhóps um verndun lífríkis (e. Conservation of Arctic Flora and Fauna, CAFF) og vinnuhóps um málefni hafsins (e. Protection of Arctic Marine Environment, PAME) eru á Akureyri. Staðsetningin er í samræmi við norðurslóðastefnu Íslands þar sem áhersla er lögð á að hluti af starfsemi Norðurskautsráðsins fari fram á Íslandi.

Í stjórnarsáttmálanum segir varðandi norðurslóðir: „Ísland hefur mikilvæga sérstöðu sem norðurskautsríki þar sem stór hluti efnahagslögsögunnar er innan norðurslóða. Auknum siglingum og annarri starfsemi fylgja tækifæri en líka áskoranir gagnvart umhverfi, lífríki og lífsháttum. Viðkvæmt vistkerfi norðurslóða á að fá að njóta vafans. Málefni norðurslóða snerta nær allar hliðar íslensks samfélags og eru forgangsmál í íslenskri utanríkisstefnu. Ísland mun á vettvangi Norðurskautsráðsins einkum leggja áherslu á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, loftslagsmál og málefni hafsins. Í samræmi við samþykktu norðurslóðastefnu Íslands verður sérstök áhersla lögð á réttindi frumbyggja og jafnrétti kynjanna.“

1.5. Eystrasaltsráðið

Í Eystrasaltsráðinu (e. Council of the Baltic Sea States, CBSS) fer fram efnislegt og faglegt samstarf aðildarríkjanna um fjölbreytt málefni á borð við mansal, barnavernd, sjálfbæra þróun, nýsköpun og samstarf á sviði stjórnmála. Lettland gegnir nú formennsku í Eystrasaltsráðinu. Þar er lögð áhersla á lýðræðiþróun, innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna auk baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi, sérstaklega mansali. Eitt meginhlutverk formennsku Lettlands er að fylgja eftir og útfæra tillögur sérstaks stefnumótunarhóps um framtíðarhlutverk ráðsins og samstarf á svæðinu. Markmiðið er að efla hlutverk ráðsins og getu til að styrkja samstarf innan fyrirliggjandi svæðisbundinnar samvinnu og endurvekja traust á svæðinu. Lögð er áhersla á aukinn sveigjanleika í starfsemi ráðsins og meiri samvinnu við aðrar svæðisbundnar stofnanir. Þessar áherslur ríma vel við áherslur Íslands en lögð var sérstök áhersla á lýðræði, jafnrétti og málefni barna í formennskutíð Íslands í ráðinu frá miðju ári 2016 til jafnlengdar 2017.

Í Norður-Evrópu er að finna mismunandi svæðisbundin samtök sem Ísland á aðild að. Auk Norðurlanda- og Vestnorræna samstarfsins má nefna samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (NB8), Norður-

skautsráðsins og Eystrasaltsráðsins, einnig Norðlægu víddina og Barentsráðið. Ísland hefur lagt áherslu á hagnýta samvinnu og upplýsingastreymi og jafnframt glögga yfirsýn svo að komið sé í veg fyrir tvíverknað. Líður í þeirri viðleitni eru breytingar á innra skipulagi í utanríkisráðuneytinu þar sem svæðisbundnu samstarfi er komið fyrir undir sameiginlegri stjórn.

1.6. Barentsráðið.

Barentsráðið (e. Barents Euro-Arctic Council, BEAC) er samstarfsvettvangur Norðurlandanna fimm, Rússlands og Evrópusambandsins. Svíþjóð gegnir formennsku til hausts 2019. Á vettvangi ráðsins er hugað að samstarfi um sameiginleg hagsmunamál á svæðinu, svo sem baráttu gegn umhverfisspjöllum og fyrir skynsamlegri nýtingu auðlinda, ekki síst með hag frumbyggja að leiðarljósi. Ísland og Danmörk gegna ekki formennsku í ráðinu.

1.7. Norðlæga víddin.

Norðlæga víddin (e. Northern Dimension) er samráðsvettvangur Evrópusambandsins, Íslands, Noregs og Rússlands um málefni Norðvestur-Evrópu. Innan Norðlægu víddarinnar eru rekin fjögur málefna svið: *lýðheilsa og félagsleg velferð; samgöngur og flutningar; menning; og umhverfismál*. Enn fremur er rekið viðskiptaráð og upplýsingagátt um málefni Norðlægu víddarinnar. Stýrihópur Norðlægu víddarinnar átti fund í Brussel í október 2018. Hnókr í samskiptum Rússlands og vestrænna ríkja hafa sett mark sitt á samstarfið undanfarin ár. Af þeim sökum hefur ekki náðst samstaða um að halda ráðherrafund Norðlægu víddarinnar enn komið er. Fyrirhugaður er slíkur fundur hér á landi þegar aðstæður leyfa.

1.8. Markmið og starfið fram undan.

Markmið formennsku Íslands í samstarfi utanríkisráðherra N5- og NB8-ríkja er að styrkja stöðu Íslands í þessum ríkjahópum og þannig á alþjóðavettvangi, og nota jafnframt formennskuna til að efla tvíhliða samband Íslands og þessara ríkja, Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Formennskuna á að nýta til að upplýsa um helstu hagsmunamál Íslands á alþjóðavettvangi og afla sjónarmiðum stuðnings. Í N5-samstarfinu er markmiðið að koma af stað ferli til að fara yfir framkvæmd Stoltenbergs-tillagnanna frá árinu 2009 og jafnframt skoða möguleikann á auknu samstarfi Norðurlandanna á sviði utanríkis- og öryggismála. Málefni hafsins verði áherslumál bæði á vettvangi N5 og NB8 og í formennskunni í Norðurskautsráðinu. Á formennskutíma Íslands í Norðurskautsráðinu verði lögð áhersla á að viðhalda góðri samvinnu á vettvangi Norðurskautsráðsins, efla það og styrkja sem mikilvægasta samráðsvettvang um málefni norðurslóða, eins og stefna Íslands í málefnum norðurslóða kveður á um. Áfram verði unnið að því í tengslum við formennskuna að efla samvinnu þeirra fjölmörgu innlendu aðila sem málefni norðurslóða varða og þátttöku þeirra í norðurslóðasamstarfi eftir atvikum. Enn fremur verði efnt til samráðs um mögulega endurskoðun norðurslóðastefnunnar. Einnig verður lögð áhersla á að kynna afrakstur starfs Norðurskautsráðsins fyrir umheiminum og starf Norðurskautsráðsins og inntak formennsku Íslands þar sem rauði þráðurinn er sjálfbær þróun á norðurslóðum. Innan Norðurskautsráðsins stuðli Ísland að samhæfingu skilaboða frá embættismannanefnd og vinnuhópum Norðurskautsráðsins og skerpi áherslu á að Norðurskautsráðið hafi eina sterka rödd.

2. ALÞJÓÐA- OG UTANRÍKISMÁL

2.1. Almenn utanríkismál.

Miklu skiptir fyrir Ísland og hagsmuni Íslands að samskipti við önnur ríki séu góð. Á sviði varnar- og öryggismála skiptir grundvallarmáli að viðhalda góðu sambandi við bandamenn eins og Bandaríkin, Bretland og önnur Evrópuríki, ekki síst aðrar Norðurlandþjóðir sem standa okkur næst. En hagsmunir eru af mörgum toga og þá er víða að finna. Gott samband við ríki í Asíu skiptir æ meira máli, bæði í efnahagslegu og pólitísku tilliti, ekki síst lönd eins og Kína, Japan og Indland. Með það í huga heimsótti utanríkisráðherra öll þrjú ríkin á árinu. Jafnframt fór ráðherra í fyrstu heimsókn sína til Afríku í janúar 2019 þegar hann heimsótti Malaví þar sem Íslendingar hafa starfað í þróunarsamvinnu í þrjá áratugi.

2.2. Bandaríkin.

Utanríkisráðherra átti fund í maí í fyrra í Washington með James Mattis, þáverandi varnarmálaráðherra Bandaríkjanna. Ráðherrarnir ræddu helstu áherslumál Atlantshafsbandalagsins í aðdraganda leiðtogafundar NATO þá um sumarið, meðal annars auknar áherslur á mikilvægi Norður-Atlantshafsins. Einnig var loftrýmisgæsla, kafbátaleit og varnaræfingin Trident Juncture 2018 til umfjöllunar. Snemma á þessu ári hitti utanríkisráðherra Michael Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í Washington. Þar var samþykkt

sameiginleg yfirlýsing um aukið samstarf ríkjanna á sviði öryggis- og varnarmála, sérstaklega í ljósi breyttra aðstæðna á Norður-Atlantshafi og á norðurlóðum. Undirstrikað er í yfirlýsingunni að ríkin ætli að kanna leiðir til að bæta aðstæður fyrir viðskipti og fjárfestingar og einnig samvinnu á vettvangi Norðurskautsráðsins. Ísland tekur við formennsku á þeim vettvangi í vor.

Utanríkisráðherra Bandaríkjanna sótti síðan Ísland heim 15. febrúar síðastliðinn og átti fundi með utanríkisráðherra og forsætisráðherra, auk þess að kynna sér varnartengda starfsemi Landhelgisgæslu Íslands. Á fundi utanríkisráðherranna voru viðskiptamál meðal annars til umfjöllunar og ákveðið var að koma á fót árlegu efnahagssamráði ríkjanna, með þátttöku aðila einkageirans, í því augnamiði að auka viðskipti og fjárfestingar á milli ríkjanna enn frekar. Á fundinum voru jafnframt til umfjöllunar öryggismál, mannréttindi og málefni norðurlóða. Þetta var í fyrsta skipti í ellefu ár sem utanríkisráðherra Bandaríkjanna heimsækir Ísland og er til marks um aukna samvinnu ríkjanna á umliðnum misserum.

Árlegt samráð við Bandaríkin um öryggis- og varnarmál fór fram í Reykjavík í október. Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins leiddi viðræðurnar en í íslensku sendinefndinni voru jafnframt embættismenn úr forsætisráðuneyti, utanríkisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti og frá ríkislögreglustjóra og Landhelgisgæslu Íslands. Fyrir bandarísku sendinefndinni fóru Michael Murphy, aðstoðarráðherra bandaríska utanríkisráðuneytisins, og Thomas Goffus, aðstoðarráðherra bandaríska varnarmálaráðuneytisins.

2.3. Rússland.

Íslenska karlalandsliðið tók þátt í lokakeppni Heimsmeistaramótsins í knattspyrnu í fyrsta skipti sumarið 2018. Hundruð Íslendinga fóru til borganna Moskvu, Volgograd og Rostov þar sem íslenska liðið lék leiki sína. Í þeim skilningi má segja að þau bönd sem tengja þjóðirnar tvær, Ísland og Rússland, hafi verið treyst umtalsvert á undanfögnu ári. Í pólitískum skilningi hefur hins vegar oft verið bjartara yfir samskiptunum. Enginn íslenskra ráðamanna fór til Rússlands í tengslum við HM í knattspyrnu og sú ákvörðun var tekin í kjölfar tilræðis við tvo rússneska ríkisborgara í Bretlandi á vormánuðum 2018. Um samstilltar diplómatiskar aðgerðir var að ræða af hálfu vestrænna ríkja. Slíkar diplómatiskar aðgerðir eru í eðli sínu tímabundnar og ljóst að einstaka ríki eru þegar farin að vinda ofan af aðgerðum sínum. Segja má að íslensk stjórnvöld hafi stigið fyrstu skefin í þá átt síðastliðið haust í tilefni af 75 ára afmæli stjórnmalasamstarfs ríkjanna. Nú, í aðdraganda formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu, er jafnframt mikilvægt að halda góðu talsambandi. Það er því í takt við stefnu annarra vestrænna stjórnvalda að eiga samtöl við rússneska ráðamenn á æðsta stigi stjórnsýslunnar.

Reglubundið pólitískt samráð íslenskra og rússneskra stjórnvalda fór síðast fram í maí 2018. Þau voru á sviði skrifstofustjóra pólitískra mála. Hefðbundin mál voru þar til umræðu, tvíhliða samskipti ríkjanna, svæðisbundin málefni og ýmis alþjóðamál, til dæmis málefni Úkraínu, Norður-Kóreu og Miðausturlanda. Samtal við rússnesk stjórnvöld vegna innflutningsbannsins er hins vegar virkt og áfram reynt að þoka málum.

2.4. Kína.

Utanríkisráðherra heimsótti Kína í september og undirritaði þá meðal annars samkomulag við kínversk stjórnvöld um aukið samstarf á sviði jarðvarma og rafrænna viðskipta. Þá var hindrunum á lambakjöts-útflutningi til Kína rutt úr vegi, eftir fund utanríkisráðherra með Ni Yuefeng, ráðherra tollamála í Kína, með undirritun bókuunar við fríverslunarsamning Íslands og Kína frá árinu 2013. Ráðherrann átti einnig fundi með Wang Qishan varaforseta, Wang Yi utanríkisráðherra og Fu Ziyang aðstoðarviðskiptaráðherra. Á fundinum með utanríkisráðherra Kína var rætt um það hvernig löndin tvö gætu nýtt betur fríverslunarsamning ríkjanna. Þá voru loftferðamál og ferðapjónusta einnig til umræðu en stjórnvöld beggja ríkja hafa áhuga á að koma á beinu áætlanarflugi milli Íslands og Kína og auka þannig bæði farþega- og vöruflytninga. Loftslagsmál voru ofarlega á baugi á fundunum í Peking og í samhengi við þau var aukið samstarf á sviði jarðvarma rætt. Mannréttindamál voru einnig til umræðu á fundinum með Wang Yi og utanríkisráðherra kom á framfæri áherslum Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna, auk sjónarmiða Íslendinga til mannréttinda almennt, þ.m.t. með hliðsjón af aðstæðum í Kína.

2.5. Japan.

Fulltrúar hátt í 30 íslenskra fyrirtækja fylgdu utanríkisráðherra í vinnuferð til Japans í maí 2018, en utanríkisráðherra leggur áherslu á að greiða götu íslenskra fyrirtækja erlendis eftir því sem kostur er. Á fundi með Taro Kono, utanríkisráðherra Japans, ítrekaði ráðherra áhuga íslenskra stjórnvalda á því að dýpka samstarf Íslands og Japans á öllum sviðum en jafnframt staðfestu ráðherrarnir samkomulag um tímabundin atvinnuréttindi ungs fólks. Þá fögnuðu þeir undirritun tvísköttunarsamnings landanna, sem gerður var í janúar 2018. Hann kom til framkvæmda síðar á árinu og greiðir fyrir viðskiptum og fjárfestingum milli landanna.

Loks var ítrekaður áhugi íslenskra stjórnvalda á að hefja samningaviðræður við Japan um gerð fríverslunarsamnings og loftferðasamnings. Áfangi náðist í janúar 2019 þegar undirritað var samkomulag milli Íslands og Japans sem greiðir fyrir flugsamgöngum á milli ríkjanna. Ráðherra ávarpaði í heimsókn sinni fjölmennt viðskiptaþing þar sem Íslandsstofa og íslensk fyrirtæki kynntu hátt í 200 gestum úr japönsku viðskiptalífi starfsemi á sviði endurnýjanlegrar orku, ferðaþjónustu og sjávarútvegs- og landbúnaðarmála. Einnig átti ráðherra fund með mennta- og menningarmálaráðherra Japans og þingmönnum úr vinafélagi Íslands á japanska þjóðþinginu.

Taro Kono, utanríkisráðherra Japans, endurgalt heimsóknina í október síðastliðnum í tengslum við Hringborð norðurslóða í Hörpu. Kono er fyrsti utanríkisráðherra Japans sem heimsækir Ísland. Utanríkisráðherrarnir áttu fund við það tækifæri og voru málefni norðurslóða, fríverslun og loftferðamál þá efst á dagskrá.

2.6. Indland.

Utanríkisráðherra fór í opinbera heimsókn til Indlands í desember ásamt viðskiptanefnd sem samanstóð af hátt í 50 fulltrúum íslenskra fyrirtækja. Ráðherra átti fund með Sushma Swaraj utanríkisráðherra, Raj Kumar Singh orkumálaráðherra og K.J. Alphons ferðamálaráðherra. Þá opnaði ráðherra viðskiptaþing sem Íslandsstofa stóð fyrir í samvinnu við Íslensk-indverska viðskiptaráðið, utanríkisráðuneytið og WOW Air.

Indland er annað fjölmennasta ríki heims með ört stækkandi hagkerfi. Mikilvægt er að rækja vel samband ríkjanna en á fundi utanríkisráðherra með indverskri stallsystur, Swaraj, voru fríverslun, loftslagsmál og alþjóðamál meðal helstu umræðuefna. Utanríkisráðherrarnir ræddu aukna möguleika í viðskiptum og ferðaþjónustu og mikilvægi þess að blása lífi í fríverslunarviðræður EFTA-ríkjanna og Indlands. Þá var aukið samstarf í orkumálum og sjávarútvegi sömuleiðis til umfjöllunar. Helstu viðfangsefni alþjóðastjórnmalanna voru einnig rædd, meðal annars umbætur á störfum Sameinuðu þjóðanna og mannréttindamál, en Indland tók sæti í mannréttindaráðinu um síðustu áramót þar sem Ísland sat fyrir. Ráðherrarnir ræddu jafnframt þróun mála á norðurslóðum og fyrirhugaða formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu, auk loftslagsmála og endurnýjanlegra orkugjafa í því tilliti. Enn fremur skiptust ráðherrarnir á upplýsingum um öryggismál, hvor í sínum heimshluta.

2.7. Mið austurlönd.

Ísland sinnir málafylgju um ástandið í Mið austurlöndum nú sem endranær, meðal annars með því að tala fyrir friði og mannréttindum í löndum eins og Sírylandi, Palestínu og Jemen í mannréttindaráðinu í Genf og á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York. Íslendingar leggja hins vegar einnig lóð á vogarskálarnar með því að veita stofnunum Sameinuðu þjóðanna, sem starfa í Sírylandi og nágrennalöndum, mannúðarástoð. Rétt er að nefna veglegt 100 millj. kr. framlag til neyðarástoðar í Jemen síðla árs 2018 en ástandið í Jemen var sérstaklega til umræðu í fundalotu mannréttindaráðsins í september og lét Ísland þar til sín taka mjög ótullega, bæði í umræðum og í afgreiðslu ályktana. Þá var tilkynnt um 30 millj. kr. viðbótarframlag Íslands á framlagaráðstefnu í Genf í febrúar 2019 vegna ástandsins í Jemen.

Ástandið í Sírylandi hefur einnig verið ofarlega á baugi bæði í mannréttindaráðinu og á allsherjarþinginu, en Norðurlöndin reyna jafnan að tala einni röddu í þeim málum. Það féll í hlut fastafulltrúa Íslands að flytja sameiginlegt ávarp Norðurlandanna í umræðum sem fram fóru í september síðastliðnum í mannréttindaráðinu. Sérstök Sírylandsráðstefna var haldin í Brussel í mars þriðja árið í röð. Hún var sótt af hálfu Íslands.

Íslendingar gagnrýndu framferði stjórnvalda í Sádi-Arabíu á árinu, meðal annars fyrir hlut þeirra í hernáðaráðkunum í Jemen en einnig mannréttindabrot þeirra gegn eigin þegnum. Fá ríki treysta sér til að tala opinskátt um framgöngu stjórnvalda í Riyadh. Á árinu urðu útsendarar sádi-arabískra stjórnvalda hins vegar uppvisir að því að hafa myrt blaðamanninn Jamal Khasoggi á ræðisskrifstofu Sádi-Arabíu í Ístanbúl. Það vakti sterk viðbrögð og jók þrýsting á núverandi ráðamenn í Riyadh og leiddi til þess að hópur þjóða sameinaðist, undir forystu Íslands, um sérstaka yfirlýsingu í þeim efnum í fundalotu mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna í Genf í mars síðastliðnum.

3. MÁLEFNI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

3.1. Almenn.

Stóru málin í starfi Sameinuðu þjóðanna snúa að innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, aðgerðum gegn loftslagsbreytingum, umbótum á starfsemi stofnunarinnar og auknu alþjóðasamstarfi um farendur og flóttamenn. Þá hafa málefni Jemens, Sírylands, Norður-Kóreu, og Palestínu og Ísraels verið reglulega á dagskrá öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Heimsmarkmiðin, sem eru vegvísir að sjálfbærri þróun til ársins 2030, eru samofin allri umræðu og stefnumótun hjá Sameinuðu þjóðunum. Í tengslum við innleiðingu heimsmarkmiðanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland lagt sérstaka áherslu á að halda á lofti mannréttindum og jafnréttismálum, málefnum hafsins, landgræðslu og orkumálum.

Efnahags- og félagsmálanefnd Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC) ber meginábyrgð á að samræma og hvetja til innleiðingar heimsmarkmiðanna. Í júlí á hverju ári stendur nefndin fyrir pólitískum umræðuvettvangi þar sem fjallað er um einstök markmið, auk þess sem aðildarríkin geta gengist undir valkvæða landaráyni.

Ísland kynnrir í sumar fyrir ECOSOC, ásamt 51 öðru ríki, hvernig staðið er að innleiðingu heimsmarkmiðanna innan lands og í alþjóðasamstarfi. Forsætisráðherra kemur til með að leiða fyrirtökuna. Þetta er í fyrsta skipti sem Ísland tekur þátt í slíkri landaráyni sem gefur tækifæri til að miðla og læra af reynslu annarra ríkja. Á fundinum verður meðal annars lögð sérstök áhersla á 4. heimsmarkmiðið, menntun fyrir alla. Stefnt er að því að Ísland skipuleggi hliðarviðburði sem tengjast áherslum í menntamálum.

Í tengslum við heimsmarkmiðin og aukið vægi þróunarsamvinnustefnu Íslands í þróunarstarfi og mannúðarmálum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur ein staða hjá fastanefnd Íslands verið skilgreind sem staða þróunarsamvinnuflútra. Markmiðið er að fylgja betur eftir áherslum Íslands innan stofnana Sameinuðu þjóðanna, sem sinna þeim málaflokkum.

Loftslagsmálin hafa vaxandi vægi í starfi Sameinuðu þjóðanna enda hafa þau beina tengingu við nær öll málefni á dagskrá Sameinuðu þjóðanna, meðal annars þróunarmál, mannréttindi og öryggismál. António Guterres, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hefur þar af leiðandi gert þau að forgangsmáli. Hann hefur boðað til leiðtoga fundar í aðdraganda næsta allsherjarþings þar sem brýna á ríkin til að standa við skuldbindingar Parísarsamkomulagsins og leita leiða til að virkja atvinnulífð betur í að styðja markmið þess.

Annað áherslumál aðalframkvæmdastjórans eru umbætur og aukin skilvirkni í starfi Sameinuðu þjóðanna. Umbæturnar snúa meðal annars að því að styrkja stofnanir sem sinna þróunarmálum og sjálfbærri þróun til að tryggja markvissa innleiðingu heimsmarkmiðanna innan kerfisins og styðja ríki sem þurfa þess við. Í öðru lagi er unnið að umbótum á störfum Sameinuðu þjóðanna á sviði friðar- og öryggismála, friðargæslu, forvarna og friðaruppbyggingu. Samhliða er verið að auka skilvirkni og samhæfingu í stjórnkerfi og verkefnum Sameinuðu þjóðanna. Sú vinna er komin vel á veg og meðal annars er búið að jafna kynjahlutföll í efstu stjórnunarlægum og samræma svæðastjórnun stofnana Sameinuðu þjóðanna á vettvangi. Ísland hefur stutt umbæturnar, sérstaklega aðgerðir á sviði jafnréttismála. Ísland hefur einnig beitt sér gegn kynferðislegu ofbeldi og áreitni innan kerfis Sameinuðu þjóðanna, þar sem pottur er víða brotinn.

Fastanefnd Íslands hefur einnig tekið virkan þátt í endurskoðun á starfi efnahags- og félagsmálanefndar Sameinuðu þjóðanna, meðal annars með því að leiða samningaviðræður á síðasta ári og sinna stjórnarsetu í nefndum sem vinna að endurbótum.

Ísland tekur að venju virkan þátt í undirnefndum allsherjarþingsins með sérstaka áherslu á mannréttindi og jafnréttismál, alþjóðalög og samninga, þróunarmál og afvopnun. Í þriðju nefnd allsherjarþingsins, sem fjallar um mannréttindamál, leiddi Ísland samningaviðræður um ályktun um eflingu mannréttindanefnda Sameinuðu þjóðanna fyrir hönd Norðurlandanna, auk Belgíu og Slóveníu. Ísland tók einnig að sér að leiða samningaviðræður um ályktun um eyðimerkurmyndun og landgræðslu í annarri nefnd sem fjallar um sjálfbæra þróun. Báðar ályktanir hlutu einróma stuðning í nefndunum. Í tengslum við allsherjarþingið sótti forseti Íslands, sem er sérstakur fulltrúi *HeForShe*-átaksins svonefnda, fundi um jafnlaunastefnu og kynnti áherslur Íslands.

Í störfum allsherjarþingsins og nefndastarfi Sameinuðu þjóðanna eru vísbendingar um vaxandi áskoranir í alþjóðasamstarfi og minnkandi samstöðu sem birtist meðal annars í umræðum um öryggismál, loftslagsmál, fjármögnun starfsemi Sameinuðu þjóðanna og í mannréttindamálum, sérstaklega þeim sem snúa að kyn- og frjósemisheilbrigði kvenna. Þar af leiðandi hefur reynst erfiðara að ná samkomulagi um ályktanir sem áður ríkti almenn samstaða um. Ísland hefur talað fyrir því að standa vörð um alþjóðasamstarf og alþjóðalög og sú áhersla var rauði þráðurinn í ræðu utanríkisráðherra við upphaf allsherjarþingsins síðastliðið haust.

Utanríkisráðherra fór í ræðunni yfir mikilvægi kynjajafnréttis sem hann sagði lykilinn að sjálfbærri þróun. Hann sagði Íslendinga reiðubúna að deila reynslu sinni á því sviði með öðrum þjóðum. Þá sagði hann mikilvægt að grípa strax til loftslagsaðgerða líkt og Ísland hygðist gera með nýkynntri loftslagsáætlun stjórnvalda. Íslendingar yrðu vitni að örum breytingum á norðurslóðum og annars staðar ógnaði

eyðimerkurmyndun lífsgæðum fólks. Utanríkisráðherra kom inn á átökin í Sírylandi og Jemen, stöðu mála í Venesúela og Mjanmar og vakti máls á flóttamannavandanum og stöðu barna í því samhengi. Að endingu gerði hann grundvallargildi Sameinuðu þjóðanna að umtalfsni og stöðu alþjóðakerfisins, og mikilvægi þess að standa vörð um það.

Málefni hafsins eru kjarnamál í starfi Íslands innan Sameinuðu þjóðanna, ekki síst vinna tengd hafréttarsamningnum og fyrirhuguðum samningi um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja.

Ísland tekur virkan þátt í árlegum fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna og forsætisráðherra fór fyrir sendinefnd Íslands á fundi kvennanefndarinnar í mars síðastliðnum en fjölmargar stofnanir og félagasamtök sem sinna jafnréttismálum á Íslandi sækja fundinn. Í tengslum við fundinn tók Ísland að sér, í samstarfi við aðrar Norðurlandþjóðir, að skipuleggja hliðarviðburði þar sem meðal annars verður rætt um *#metoo*-hreyfinguna og samspil almannatrygginga og jafnréttismála.

Fastanefnd Íslands fylgist með umræðum í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og tekur þátt í opnum umræðum og sameiginlegum innleggjum Norðurlandanna og annarra líkt þenkjandi ríkja. Setu Svíþjóðar (2017–2018) í ráðinu lauk um síðustu áramót og Noregur er í framboði til setu í ráðinu (2021–2022), en þátttaka Norðurlandanna gefur betri innsýn í starfsemi og málefni ráðsins, auk þess sem haldið er á lofti norrænum áherslum. Stóru málin á dagskrá öryggisráðsins hafa verið tengd málefnum Mið austurlanda, Sírylandi, Jemen, Ísrael og Palestínu, ásamt Norður-Kóreu og Mjanmar. Þó að mörg deilumál séu óleyst eru ýmis jákvæð teikni á lofti, svo sem vopnahlé í Jemen, friðarsamningar Eritreu og Eþíópíu, aukin samskipti við stjórnmöld í Norður-Kóreu, samkomulag Makedóníu og Grikklands og friðarsamningar í Suður-Súdan.

Fastanefndin hefur tekið virkan þátt í framboðsmálum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, en flestar kosningar um lykilembætti og setu í stofnunum og nefndum fara fram í höfuðstöðvunum í New York. Þar ber hæst kynning og kosningar vegna setu Íslands í mannréttindaráðinu í Genf í júlí síðastliðnum, kjör Braga Guðbrandssonar, fyrrverandi forstjóra Barnaverndarstofu, í nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins í júní síðastliðnum fyrir tímabilið 2019–2023 og undirbúningur fyrir framboð Íslands í framkvæmdastjórn Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) fyrir tímabilið 2021–2025.

3.2. Samningaviðræður um BBNJ.

Haustið 2018 hófust formlegar samningaviðræður um gerð nýs framkvæmdasamnings undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja (Conservation and Sustainable Use of Marine Biological Diversity of Areas Beyond National Jurisdiction, BBNJ). Um er að ræða mjög víðtækt efnissvið því að framtíðarsamningur um BBNJ mun snerta hafrétt, allar gerðir hafrannsóknna, umhverfismál, líffræðilega fjölbreytni, líftækni og erfðafni í lífrænum auðlindum, einkaleyfarétt og margt fleira. Starfshópur utanríkisráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis mótar stefnu Íslands í viðræðunum og sækir samningafundi.

Áhersluatriði af Íslands hálfu er að í samningnum verði til jafns hugað að verndun og sjálfbærri nýtingu. Enn fremur að samningurinn bæti árangur á því sviði sem hann snýst um, en styðji einnig við og viðhaldi þeim árangri sem náðst hefur. Mikilvægt er að samningurinn byggist á nálægðarreglunni sem meginreglu við framkvæmd verndunar og nýtingar líffræðilegrar fjölbreytni utan lögsögu ríkja. Þá er einnig grundvallaratriði að í fyrirkomulagi samkvæmt nýjum samningi verði réttindi strandríkja yfir landgrunni sínu virt, innan og utan 200 sjómílna, samkvæmt hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna. Samningaviðræður hafa verið skipulagðar til 2020, en búast má við því að viðræðurnar standi nokkru lengur.

3.3. Nýjar alþjóðasamþykktir um flóttafólk og fólksflutninga.

Í september 2016 var samþykkt á sérstökum leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna svonefnd New York-yfirlýsingu um málefni flóttafólks og farenta. Í samræmi við hana var á árinu 2018 unnið að gerð tveggja nýrra alþjóðasamþykktanna, annars vegar um málefni flóttafólks og hins vegar örugga, skipulagða og reglubundna fólksflutninga, gjarnan nefnd alþjóðasamþykkt um farentur. Samþykktirnar eru ekki lagalega bindandi heldur eru þær samvinnugrundvöllur ríkja heimsins um þessi mál.

Markmiðið með samþykktunum er að hvetja til bættra viðbragða alþjóðasamfélagsins við vaxandi fólksflutningum flóttafólks og farenta. Byggt er á núgildandi mannréttindasamningnum og áhersla lögð á sameiginlega ábyrgð alþjóðasamfélagsins í málefnum farenta og flóttafólks. Um leið er undirstrikað að samþykktirnar taki mið af fullveldi ríkja og haggi ekki við rétti hvers ríkis til að ráða innflytjendalöggjöf og stefnu í málefnum innflytjenda og flóttamanna. Samþykktirnar fela í sér samstöðu yfirlýsingu aðildarríkja og

eru hvatning um mannsæmandi meðferð á farendum og flóttamönnum og málefnum þeirra, sem víða um heim hefur verið í miklum lamasessi.

Formlegar samningaviðræður um samþykktirnar tvær stóðu yfir frá febrúar til júlí 2018 og þær voru endanlega samþykktar á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í desember 2018.

Íslensk stjórnvöld hafa undanfarin ár lagt sín lóð á vogarskálarnar til hjálpar flóttamönnum sem Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) skilgreinir í brýnni þörf fyrir öruggt skjól. Fólki í mestri þörf hefur verið boðið hæli hér á landi og val þeirra einstaklinga sem í daglegu máli eru kallaðir kvótaflóttamenn hefur farið fram í samráði við UNHCR. Í október síðastliðnum ákvað ríkisstjórnin að taka á móti allt að 75 flóttamönnum á þessu ári, að stærstum hluta Sýrlendingum sem dveljast í Líbanon en einnig hinsegin flóttamönnum og fjölskyldum þeirra sem nú eru í Kenya.

3.4. Framboð Íslands til framkvæmdastjórnar UNESCO.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að bjóða Ísland fram til setu í framkvæmdastjórn Mennta-, vísinda- og menningarmálamálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization, UNESCO) fyrir tímabilið 2021–2025. Norðurlöndin hafa alla jafna skipst á að taka sæti í stjórninni frá upphafi og nýtur framboð Íslands stuðnings annarra Norðurlandþjóða. Finnland á sæti í stjórninni til ársins 2021. Ísland hefur í tvígang átt sæti í framkvæmdastjórn UNESCO, annars vegar 1983–1987 og hins vegar 2001–2005. Í framboði Íslands nú felst bæði skuldbinding og ábyrgð. Ísland er vel í stakk búið að axla þá ábyrgð og hefur fjölmargt fram að færa á málefnasviðum UNESCO. Samkeppni er oftast um framkvæmdastjórnarsætin og því nauðsynlegt að fylgja framboði Íslands eftir með virkri kosningabaráttu. Kosningastjóri og kosningateymi framboðsins hafa þegar tekið til starfa. Unnið er að framboðinu samkvæmt framboðsáætlun og málefnaáherslur hafa meðal annars verið útfærðar. Fyrirséð er að framboðið verði formlega kynnt á ársfundi UNESCO síðari hluta nóvember á þessu ári. Unnið er markvisst að því að efla þátttöku og sýnileika Íslands á vettvangi UNESCO og í því skyni hefur Ísland meðal annars tekið að sér formennsku í ríkjahópi 1 (vestraen ríki) fyrir árið í ár.

Meginmarkmið UNESCO er að stuðla að friði og öryggi í heiminum með því að efla alþjóðlega samvinnu á sviði menntunar, vísinda og menningarmála. Líkt og hjá öðrum alþjóðastofnunum er framgangur heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, sem samþykkt voru á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 2015, meginstefið í öllu starfi stofnunarinnar. UNESCO ber ábyrgð á eftirfylgni heimsmarkmiðs 4 um menntun fyrir alla, en hefur jafnframt aðkomu að eftirfylgni annarra heimsmarkmiða. Meginverkefni UNESCO er til dæmis að leiða alþjóðlega samvinnu í þeirri viðleitni að tryggja öllum gæðamenntun. Þá hefur UNESCO forystu um verndun náttúruarfs og menningarminja. Ísland styður grundvallarreglur, hnattrænar áherslur og markmið UNESCO ásamt því að styðja áframhaldandi endurskipulagningu og hagræðingu í starfi stofnunarinnar. Ísland leggur meðal annars áherslu á verndun tungumála, menningar- og náttúruarfs.

4. MANNRÉTTINDAMÁL

4.1. Almenn.

Ísland var kjörið til setu í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í Genf í fyrsta sinn í júlí á síðasta ári. Óhætt er að fullyrða að um sé að ræða eitt veigamesta hlutverk sem Ísland hefur gegnt á alþjóðavettvangi og einstakt tækifæri til að láta gott af sér leiða. Segja má að kosning Íslands sé rökrétt framhald á vaxandi áherslu á mannréttindi í utanríkisstefnu Íslands síðastliðin ár og samræmist vel stefnu ríkisstjórnarinnar.


Á undanförmum árum hefur Ísland getið sér gott orð fyrir framgöngu í mannréttindamálum en málflutningur Íslands á alþjóðavettvangi hefur ekki síst tekið mið af áherslum á kynjajafnrétti, valdeflingu kvenna og réttindum hinsegin fólks (LGBT+). Ísland hefur lagt aukna rækt við mannréttindaráðið á umliðnum árum sem áheyrnarfulltrúi. Ísland var til að mynda í forystuhlutverki í samstarfi þjóða sem áhyggjur höfðu af stöðu mannréttinda á Filippseyjum. Leiða má að því líkur að framganga Íslands í þeim málum hafi stuðlað að því að horft var til Íslendinga þegar eitt sæti í ríkjahópi Vesturlanda (WEOG-hópsins svonefnda) losnaði í júní 2018 þegar Bandaríkin sögðu sig úr mannréttindaráðinu.

Ísland á sæti í mannréttindaráðinu út þetta ár og áhersla verður lögð á að sinna því verki eins vel og frekast er unnt. Ísland vinnur að framgangi mannréttindamála víðar, svo sem í mannréttindanefnd allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í New York og kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna, hjá Evrópuráðinu í Strassborg og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) í Vín og í undirstofnun ÖSE sem og Mannréttinda- og lýðræðisstofnun ÖSE (ODIHR) sem hefur höfuðstöðvar í Varsjá í Póllandi. Sú stofnun lýtur um þessar mundir forystu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Þá koma mannréttindamál iðulega einnig upp í tvíhliða viðræðum Íslands við önnur ríki. Nefna má sem dæmi fundi utanríkisráðherra á síðustu misserum í heimsóknum til Kína, Japans, Indlands og nú síðast til Malaví.


Utanríkisráðuneytið gerði nýjan samstarfssamning við Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) í desember síðastliðnum. Samningurinn kveður á um áframhaldandi fjárstuðning. Mannréttindaskrifstofan, sem myndar eins konar regnhlífarsamtök frjálsra félagasamtaka á sviði mannréttinda, veitir ráðuneytinu faglega ráðgjöf sem helsti samstarfsaðili þess í þessum efnum.

Ísland hefur verið virkt í málflutningi um réttindi LGBT+ fólks. Ísland var í hópi 16 aðildarríkja ÖSE, sem lét gera skýrslu um ofsóknir í Tsjetsjeníu-Lýðveldinu í Rússlandi. Í mannréttindanefnd ÖSE verður á árinu meðal annars fjallað um stjórnmalabátttöku, málfrelsi og fjölmiðlafrelsi, kosningar, baráttu gegn pyntingum og baráttu gegn ofbeldi í garð kvenna.

Staða Íslands á völdum mannréttindavísium



Global Gender Gap - World Economic Forum	1.
Global Peace Index	1.
OECD - Acceptance of homosexuality in OECD countries	1.
The Economist - Democracy Index	2.
KidsRights Index	2.
Social Progress Index	2.
The Economist - Glass-ceiling Index	3.
World Happiness Report	4.
Human Development Index	6.
Gender Inequality Index	9.
Freedom House - Freedom of the Press	9. - 12.
World Press Freedom Index	13.
ILGA-Europe - Rainbow Europe	16.
Freedom House - Freedom in the World	17. - 25.
Global Innovation Index (INSEAD)	23.



4.2. Seta Íslands í mannréttindaráðinu 2018—2019.

Víða um heim var þess minnst 10. desember 2018 að liðin voru 70 ár frá því að mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var samþykkt formlega. Hér heima var haldin ráðstefna á vegum stýrihóps Stjórnarráðsins um mannréttindi og frjálsra félagasamtaka, undir forystu Mannréttindaskrifstofu Íslands. Forsætisráðherra, utanríkisráðherra og dómsmálaráðherra tóku þátt í ráðstefnunni. Nokkrar blikur eru á lofti hvað varðar virðingu fyrir mannréttindum og af þeim sökum er það einkar krefjandi verkefni fyrir Ísland að sitja í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna.

Aðdragandi að kjöri Íslands í ráðið var skammur. Aukakosning fór fram á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 13. júlí 2018 í kjölfar þess að Bandaríkin gengu úr mannréttindaráðinu. Ísland hlaut þar 172 af 178 greiddum atkvæðum. Áður hafði Ísland lýst áherslum sínum, ef til setu í mannréttindaráðinu kæmi, í sérstöku heitaskjali sem dreift hafði verið til aðildarríkjanna.¹ Þar kemur fram, sem eðlilegt má telja í ljósi áherslna Íslands almennt, að jafnréttismálum verði haldið á lofti meðan á setu í ráðinu stendur, réttindum hinsegin fólks (LGBT+) og réttindum barna, auk þess sem Ísland tali fyrir umbótum á starfsemi mannréttindaráðsins og tengslum mannréttinda við umhverfismál.

Að því er varðar einstaka áhersluþætti Íslands er ástæða til að geta þess að fundalota mannréttindaráðsins í júní er jafnan helguð jafnréttismálum. Utanríkisráðherra tók þátt í árlegri ráðherravíku ráðsins í nýliðnum febrúarmánuði og lagði þar áherslu á málefni hinsegin fólks, jafnframt því sem hann ítrekaði mikilvægi þess að umbætur yrðu gerðar á starfi mannréttindaráðsins. Ráðherra hefur meðal annars gagnrýnt að í mannréttindaráðinu sitji ríki sem með réttu ættu frekar að vera umfjöllunarefni ráðsins en sitja í dómarasettinu þegar gengið er til atkvæðagreiðslu um ályktanir. Nægir þar að nefna tvö nærtæk dæmi en Sádi-Arabía og Filippseyjar hafa bæði gerst sek um alvarleg mannréttindabrot en sitja þó í mannréttindaráðinu. Þá er stutt

¹ Sjá: <https://undocs.org/en/A/72/923>

síðan Venesúela átti sæti í ráðinu. Ennfremur benti ráðherra á að rétt og eðlilegt væri að fleiri aðildarríki Sameinuðu þjóðanna fengju tækifæri til að taka sæti í ráðinu, þ.m.t. fámennari ríki eins og Ísland.

Félags- og barnamálaráðherra tók einnig þátt í fundalotu ráðsins í mars en þá fór fram sérstök umræða um réttindi barna.

Frá upphafi var ljóst að til að leysa það verkefni að sitja tímabundið í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna þyrfti að styrkja þann hóp sem sinnir ráðinu. Útsendum starfsmönnum hjá fastanefnd Íslands í Genf var strax fjölgað tímabundið og tveir starfsmenn fastanefndarinnar sinna þar mannréttindaráðinu í fullu starfi. Í fundalotum ráðsins – mannréttindaráðið fundar þrisvar sinnum á ári í þriggja vikna fundalotum – er fastanefndin enn frekar styrkt að heiman, auk þess sem gætt er að virku samráði og upplýsingaflæði til fastanefnda í New York, Vín og Strassborg.

Sérstök ástæða er til að nefna víðfeðmt samráð sem haft er við aðrar Norðurlandþjóðir, auk Eyrstrasaltþjóðanna, bæði í Genf og milli höfuðborga ríkjanna. Fulltrúar Norðurlandanna fluttu fjórar sameiginlegar ræður í fundalotunni sem fram fór í september síðastliðnum og fimm ræður voru fluttar sameiginlega undir merkjum NB8-ríkja. Svipað var uppi á teningnum í nýliðinni lotu í mars.

Seta Íslands í mannréttindaráðinu, 13. júlí 2018 til 31. desember 2019



Um **80** ræður áætlaðar í 4 lotum ráðsins



56 ríki tekin fyrir og jafnmargar ræður Íslands



30 fundir sem fastafulltrúi stýrir sem varaformaður mannréttindaráðsins

Í tengslum við setuna í mannréttindaráðinu er einnig álitid mikilvægt að viðhafa gott samráð við hlutaðeigandi aðila hér heima. Gengið hefur verið út frá því að samráð fari fram við utanríkismálanefnd Alþingis í aðdraganda hverrar fundalotu ráðsins að lágmarki og þá er virkt samráð milli ráðuneyta í gegnum fyrrnefndan stýrihóp Stjórnarráðsins um mannréttindi. Einnig er þess gætt að fram fari reglubundið samráð við einstaka stofnanir og frjáls félagsamtök.

Fyrirkomulag barnaverndarmála þykja sumpartinn til fyrirmyndar á Íslandi. Um það vitnar kjör Braga Guðbrandssonar, fyrrverandi forstjóra Barnaverndarstofu, í nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins í atkvæðagreiðslu í New York í júní í fyrra. Bragi fékk mjög góða kosningu, næstflest atkvæði þeirra 18 frambjóðenda sem í kjöri voru, alls 155 atkvæði af 195. Nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins hefur aðsetur í Genf og fundar í lotum þrisvar sinnum á ári. Verkefni hennar er að fylgjast með framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og bókana við hann. Nefndin er skipuð 18 sjálfstæðum, óháðum sérfræðingum, sem kosnir eru til fjögurra ára í senn. Aðildarríkin kjósa níu sérfræðinga í júní annað hvert ár. Félags- og barnamálaráðherra lagði fram tillögu í ríkisstjórn um framboð Braga í nefndina en fastanefnd Íslands í New York bar hitann og þungann af framboðsvinnunni.

4.3. Verkefni mannréttindaráðsins.

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna var sett á fót árið 2006 og byggir á grunni mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, sem starfaði frá 1946. Hlutverk ráðsins er að efla og vernda mannréttindi í aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna, fjalla um mannréttindabrot og beina tilmælum til einstakra ríkja um úrbætur í mannréttindamálum með ályktunum.

Frá því að Ísland var kjörið til setu í mannréttindaráðinu hafa verið haldnar tvær reglubundnar fundalotur, í september á síðasta ári og í mars á þessu ári. Dagana 24. júní til 12. júlí 2019 fer fram 41. fundalota ráðsins og sú 42. verður 9.–27. september.

Mannréttindaráðið fjallar bæði um einstök réttindamál og málefni einstakra ríkja og eykur fjölbreytni ríkjanna sem í ráðinu sitja lögmæti þess. Samstaða hefur náðst um að senda rannsóknarnefndir út af örkinni til að kanna stöðu mannréttinda í einstökum ríkjum, til dæmis í Suður-Súdan, Sírlandi og Norður-Kóreu. Á vegum mannréttindaráðsins starfa einnig sérstakir skýrslugjafar og vinnuhópar sem heimsækja ríki, skoða

stöðu mannréttinda og veita ríkjum ráðgjöf. Nefna má sem dæmi skýrslugjafa um stöðu tjáningarfrelsis, trúfrelsis, réttinda fólks með fötlun og hinsegin fólks og bann við pyntingum og aftökum án dóms og laga.

Mannréttindaráðið kemur stundum saman utan föstu fundalotanna til að ræða einstök brýn mannréttindamál og þess ber að geta að ráðið kemur einnig saman þrisvar sinnum á ári til að taka fyrir allsherjarúttektir – einnig kenndar við jafningjarýni – á ástandi mannréttindamála í aðildarríkjunum. Úttektirnar hafa verið gerðar frá stofnun ráðsins 2006 og gefa tækifæri til yfirferðar á stöðu mannréttinda í öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna. Aldrei áður höfðu ríkin þurft að svara fyrir stöðuna heima fyrir með sambærilegum hætti og aðferðin virðist hafa skilað ríkulegum árangri. Ísland tekur mjög virkan þátt í jafningjarýninni og setur fram tilmæli til allra ríkja sem tekin eru fyrir. Ísland hefur sjálft undirgengist slíka rýni tvívegis, síðast haustið 2016.

4.4. Fastafulltrúi Íslands kjörinn varaforseti.

Ísland gegnir mikilvægu ábyrgðarhlutverki í mannréttindaráðinu meðan á setu þess stendur en fastafulltrúi Íslands í Genf var í byrjun desember 2018 kjörinn til þess að fara með embætti varaforseta ráðsins. Hann er fulltrúi Vesturlandahópsins í stjórn ráðsins. Auk fastafulltrúa Íslands verða fastafulltrúi Króatíu, Fíji og Argentínu varaforsetar ráðsins að þessu sinni. Forseti mannréttindaráðsins kemur frá Senegal.

Hlutverk varaforseta ráðsins er að stýra fundum og öðrum verkefnum, í samstarfi við forseta ráðsins hverju sinni.

4.5. Ísland lætur að sér kveða.

Frá upphafi varð ljóst að Ísland ætlaði að láta að sér kveða á meðan það ætti setu í mannréttindaráðinu. Í fundalotu ráðsins í mars lagði Ísland til dæmis mikla áherslu á að samþykkt yrði ályktun sem snýr að vernd þeirra sem berjast fyrir mannréttindum í tengslum við umhverfismál en sú umræða hefur fengið sífellt meira vægi, ekki síst fyrir tilstilli ungs fólks hvarvetna. Þá var samþykkt í ráðinu, meðal annars fyrir tilstilli Íslands, merkileg ályktun sem fjallar um konur og stúlkur í íþróttum þar sem áréttað er að einstaklingar eigi ekki að þurfa að undirgangast ónaúðsynlegar, niðurlægjandi og skaðlegar læknisfræðilegar aðgerðir. Í ályktuninni eru réttindi fólks með óhefðbundin kyneinkenni viðurkennd í fyrsta skipti. Ísland studdi ályktunina og lagði sitt af mörkum til að veita henni brautargengi.

Þá er skemmt að minnast frumkvæði Íslands sem fór fyrir 36 ríkjum sem gagnrýndu stöðu mannréttinda í Sádi-Arabíu í fundalotunni í mars. Það er í fyrsta skipti í sögu mannréttindaráðsins sem slíkt er gert. Um þetta var mikið fjallað í erlendum fjölmiðlum og það vakti verðskuldaða athygli.

5. JAFNRÉTTISMÁL

5.1. Almenn.

Starf utanríkisþjónustunnar á sviði jafnréttismála byggist á þeirri áherslu stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að Ísland geti verið sterk rödd á alþjóðavettvangi og fyrirmynd í jafnréttismálum. Ísland hefur náð góðum árangri í alþjóðlegum samanburði og þær alþjóðlegu viðurkenningar sem Ísland hefur hlotið hafa vakið athygli. Í áratug hefur Ísland verið efst á lista Alþjóðæfnahagsráðsins yfir árangur ríkja á sviði kynjajafnréttis. Horft er til samstarfs við Ísland um bestu leiðir í jafnréttisbaráttunni. Jafnréttissjónarmið eru samþætt utanríkisstefnu og starfi á alþjóðavettvangi, meðal annars í tengslum við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi, en einnig sjálfbæra þróun og mannréttindi kvenna, þ.m.t. kyn- og frjósemisheilbrigði, frjósemisréttindi, viðskipti og efnahagslega valdeflingu kvenna.

Yfir 80% framlaga Íslands til þróunarsamvinnu fara í að styðja jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Ísland er í þriðja sæti á nýbirtum lista DAC, þróunarsamvinnunefndar OECD, um hlutfall þróunarfjár sem rennur til jafnréttismála. Þá hefur Ísland um nokkurra ára skeið hvatt markvisst til þátttöku drengja og karla í jafnréttisumræðunni með það að markmiði að stuðla að breyttum viðhorfum til kynjajafnréttis og staðalímynda kynjanna.

Íslensk yfirvöld vinna náið með UN Women, bæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og með íslensku landsnefndinni. Í samvinnu við utanríkisráðuneytið hefur landsnefndin þróað aðferðir til þess að virkja karla í jafnréttisumræðunni á eigin forsendum, ræða um ávinning karla og kvenna af auknu jafnrétti og virkja þá til þátttöku í uppbyggilegri samfélagsþróun. Þátttaka Íslands í 63. fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna á þessu ári vakti athygli, en þar fór forsætisráðherra í fyrsta sinn fyrir íslensku sendinefndinni og tók þátt í fjölmörgum viðburðum og fundum fyrir hönd Íslands.

Utanríkisráðuneytið hefur haft frumkvæði að því að jafnréttisákvæði verði hluti af samningslíkani EFTA í fríverslunarsamningum og fagna ber því að náðst hefur samstaða um það meðal EFTA-rikkjanna. Ísland

hefur mörgu að miðla þegar kemur að árangri í jafnréttismálum og utanríkisþjónustan leitast við að finna nýjar leiðir til þess að gera veg Íslands sem mestan í þeim efnum.

Kynjajafnrétti í heiminum - 10 efstu þjóðirnar

1. Ísland	0.858
2. Noregur	0.835
3. Svíþjóð	0.822
4. Finnland	0.821
5. Níkaragva	0.809
6. Rúanda	0.804
7. Nýja-Sjáland	0.801
8. Filippseyjar	0.799
9. Írland	0.796
10. Namibía	0.789

Heimild: Global Gender Gap Report 2018, World Economic Forum

5.2. Landsáætlun Íslands um 1325.

Ísland er eitt af öruggustu löndum heims og hefur lengi verið í efstu sætum á lista yfir lönd þar sem hvað mest kynjajafnrétti ríkir. Það er því rökrétt að Ísland hafi verið eitt af fyrstu ríkjum Sameinuðu þjóðanna sem setti sér árið 2008 landsáætlun um framkvæmd ályktunar öryggisráðsins nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Í fyrra var þriðja landsáætlun Íslands um konur, friður og öryggi samþykkt. Hún gildir fyrir tímabilið 2018–2022.

Við gerð landsáætlunarinnar var meðal annars tekið mið af úttekt Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-GEST) á annarri landsáætlun Íslands um konur, frið og öryggi. Einnig var haft til hliðsjónar hvernig landsáætlanir ríkja sem Ísland ber sig saman við hafa þróast. Meðal nýmæla í áætluninni er að sjónum er beint í ríkari mæli inn á við enda er Ísland ekki undanskilið ábyrgð sem felst í innleiðingu ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 og tengdum ályktunum og því nauðsynlegt að líta í eigin barn. Það er meðal annars gert með því að efla fræðslu og vitundarvakningu um efni ályktunarinnar nr. 1325 og með samræmingu á aðgerðum sem snúa að öryggi kvenna á Íslandi og í alþjóðasamfélaginu.

Nýja landsáætlunin er byggð upp líkt og forveri hennar en tekið var mið af ábendingum umsagnaraðila um hvað mætti betur fara, meðal annars að bæta við frammistöðuvísi, markmiðum og tímaramma fyrir hverja aðgerð. Einnig er tiltekinn ábyrgðaraðili fyrir hverja aðgerð. Þá er kveðið á um að Alþingi verði árlega gerð grein fyrir stöðu mála við framkvæmd áætlunarinnar.

6. EVRÓPURÁÐIÐ

Í september 2018 var fyrirvar gagnvart Evrópuráðinu (Council of Europe) í Strassborg flutt frá sendiráði Íslands í París til utanríkisráðuneytisins. Þessar breytingar tengjast undirbúningi vegna formennsku Íslands í ráðherranefnd Evrópuráðsins frá nóvember 2022 til maí 2023. Fastafulltrúi gagnvart ráðinu starfar í utanríkisráðuneytinu og einn staðarráðinn starfsmaður starfar hjá fastanefnd Íslands gagnvart Evrópuráðinu og sinnir þar daglegum verkefnum.

47 ríki eiga aðild að Evrópuráðinu, sem fagnar 70 ára afmæli á árinu, en meginviðfangsefni þess eru að stuðla að og berjast fyrir mannréttindum, lýðræði og réttarríki. Frá lokum síðari heimsstyrjaldar hefur ráðið verið mikilvægur vettvangur Evrópuríkja til að stuðla að friði og stöðugleika í álfunni.

Helstu mál á vettvangi Evrópuráðsins hafa meðal annarra verið áframhaldandi togstreita milli Rússlands og Evrópuráðsþingsins. Rússnesku fulltrúarnir voru sviptir atkvæðarétti á þeim vettvangi árið 2014 í kjölfar innlimunar Rússa á Krímskaga. Frá þeim tíma hefur Rússland ekki tekið þátt í störfum þingsins og hætti á árinu 2017 að greiða fjárframlög til ráðsins. Vinnu að lausn málsins verður framhaldið árið 2019, en finnst

ekki lausn þarf ráðherranefndin að taka ákvörðun um það, í síðasta lagi í júní 2019, hvort Rússar eigi áfram sæti í Evrópuráðinu eða hvort þeim verði gert að víkja úr ráðinu fyrir brot á samningsskyldum með því að halda eftir greiðslum til ráðsins. Ljóst er að það skaðar stöðu mannréttinda í Evrópu ef Rússland hættir þátttöku í ráðinu, en þó sérstaklega í Rússlandi. Aukin heldur myndi Evrópuráðið horfa fram á breyttar forsendur í starfsmannamálum, fjárhagslega endurskipulagningu og niðurskurð á ýmsum sviðum.

Á árinu 2019 verður nýr aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins kosinn í stað Thorbjörns Jaglands sem gegnt hefur stöðunni í rúm níu ár. Kosningin fer fram í Evrópuráðsþinginu í júní á þessu ári.

7. AUÐLINDA- OG UMHVERFISMÁL

7.1. Almenn.

Hnignun umhverfisins, mengun og ósjálfbær nýting náttúruauðlinda eru meðal helstu ógna sem mannkynið stendur frammi fyrir. Tengsl auðlinda- og öryggismála hafa alltaf verið til staðar og verða á næstu árum og áratugum enn mikilvægari í þróun alþjóðamála. Loftslagsbreytingar með tilheyrandi breytingum á sjávarstöðu og eyðimerkurmyndun valda nú þegar mestu fólksflutningum í mannkynssögunni. Áhrif orkuskipta, frá jarðefnaeldsneyti til endurnýjanlegra orkugjafa, eru þegar merkjanleg og koma til með að breyta valdastöðu ríkja í mjög náinni framtíð. Orkuskiptin auka einnig frelsi og aðgengi einstaklinga og samfélaga að orku.

Umhverfis- og auðlindamál eru utanríkismál því samvinna og samstarf ríkja á alþjóðavettvangi er forsenda þess að það takist að snúa frá þeirri braut sem mannkynið er á í umgengni við náttúruna, neysluvenjum og nýtingu auðlinda. Ríkjum heims er þetta ljóst enda hefur alþjóðlegum samningum, aðgerðaáætlunum, yfirlýsingum, ráðstefnum og fundum um umhverfis- og auðlindamál fjölgað jafnt og þétt á síðustu tveimur áratugum. Á alþjóðavettvangi er unnið að ýmsum lausnum og fer viðræðum og samningaumleitunum fjölgandi ár frá ári.

Sjálfbær nýting náttúruauðlinda og heilnæmt umhverfi er stærsta hagsmunamál Íslands og forsenda sjálfstæðis í nútíð og framtíð. Í fjölbreyttum heimi er ekki einboðið að þær lausnir sem lagðar eru til á alþjóðavettvangi, hvað varðar umhverfi, auðlindir, samfélög og hagkerfi, henti allar hagsmunum Íslands. Gott dæmi er hvernig Ísland stýrir auðlindanýtingu sinni í efnahagslögsögunni, en þar hefur Ísland sérstöðu sem ekki er sjálfgefið að aðrar þjóðir hafi tök á að fylgja eftir. Það eru því miklir hagsmunir í húfi þegar rætt er um umhverfis- og auðlindamál á alþjóðavettvangi og mikilvægt að rödd Íslands heyrir.

7.2. Loftslagsmál.

Samkvæmt Parísarsamningnum eiga öll ríki að senda inn svokölluð landsframlög, töluleg markmið um losun sem þau ætla standa við. Ríkjum er þó heimilt samkvæmt samningnum að senda inn sameiginlegt markmið um minnkun losunar, en þá geta viðkomandi ríki komið sér saman um innri reglur og markmið hvers og eins.

Formlegar viðræður Íslands við Evrópusambandið og Noreg um sameiginlega framkvæmd skuldbindinga innan ramma Parísarsamningsins í loftslagsmálum hófust í júní 2018 og ráðgert er að þeim ljúki á þessu ári.

Í drögum að samkomulagi kemur fram að Ísland þarf að ná 29% samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda sem falla utan evrópsks viðskiptakerfis með losunarheimildir (ETS) árið 2030 miðað við 2005. Stjórnvöld stefna eftir sem áður að 40% samdrætti í losun líkt og kveðið er á um í aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum.

Í innri reglum ESB gildir þrenns konar regluverk um losun eftir uppsprettum, sem myndi þá líka gilda fyrir Ísland og Noreg. Losun frá stóriðju og flugi fellur undir viðskiptakerfi með losunarheimildir (ETS) þar sem ábyrgð er fyrst og fremst á hendi fyrirtækja. Þær reglur eru þegar innleiddar af Íslandi gegnum EES-samninginn. Losun utan ETS, frá samgöngum, landbúnaði, sjávarútvegi og fleiri uppsprettum, er á ábyrgð ríkja sem þurfa að ná tölulegum markmiðum um samdrátt. Sérstakar reglur gilda síðan um losun og kolefnisbindingu með skógrækt og annarri landnotkun.

Forsendur íslenskra stjórnvalda fyrir því að taka þátt í þessum viðræðum eru þær að Ísland búi framvegis við skýrar og sambærilegar reglur og önnur Evrópuríki hvað losun gróðurhúsalofttegunda varðar. Þannig þurfi til dæmis ekki að semja um sérlausnir fyrir stóriðju á Íslandi. Þar hefur verið mest aukning í losun og þessi óvissa um þróun losunar í framtíðinni. Sú losun yrði þar með áfram á ábyrgð viðkomandi fyrirtækja og Evrópuríkjanna í heild, en ekki einvörðungu á ábyrgð íslenskra stjórnvalda. Önnur forsenda lýtur að vistun skuldbindinga innan EES samningsins í samræmi við tveggja stöða kerfið.

7.3. Málefni hafsins.

Í október var undirritaður tímamótasamningur um stjórn fiskveiða utan lögsögu ríkja og samstarf um fiskirannsóknir og vöktun fiskstofna í Norður-Íshafi. Þar með lauk meira en tveggja ára samningaviðræðum um þennan mikilvæga samning. Að samkomulaginu standa tíu þjóðir og ríkjabandalög, þ.e. Bandaríkin, Danmörk (fyrir hönd Færeyja og Grænlands), Ísland, Japan, Kanada, Kína, Noregur, Rússland, Suður-Kórea og Evrópusambandið.

Samningurinn nær til úthafsins og felur í sér að aðilar hans skuldbinda sig til að heimila ekki veiðar á samningssvæðinu fyrr en vísindarannsóknir hafa lagt grunn að sjálfbærum fiskveiðum hopi isinn þar enn frekar og möguleikar til fiskveiða skapast. Stofnað var til samnings á grundvelli varúðarnálgunar til að fyrirbyggja stjórnlausar veiðar á þessu viðkæma hafsveiði á komandi árum þar sem hraðar breytingar eiga sér stað vegna hlýnunar og bráðnunar íss. Í samningnum eru ákvæði um vísindasamstarf, fyrirkomulag tilraunaveiða, vöktun fiskstofna og umhverfis, upplýsingaskipti og ákvarðanatöku varðandi hvort og hvenær koma skal á fót svæðisbundinni stofnun um stjórn fiskveiða.

Fiskinefnd FAO (Committee on Fisheries, COFI), sem kemur saman til fundar á tveggja ára fresti á vettvangi Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO), átti fund í júlí 2018. Fundinn sækja ávallt, auk fulltrúa utanríkisráðuneytisins, fulltrúar frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Nefndin er eini alheimsvettvangurinn, fyrir utan allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York, þar sem fjallað er um málefni fiskveiða og fiskeldis. Á fundinum lagði Ísland áherslu á mikilvægi FAO í samstarfi ríkja, stofnunin væri best til þess fallin að aðstoða aðrar stofnanir og verkefni Sameinuðu þjóðanna í umhverfis- og auðlindamálum hafsins. Stofnunin gegnir mikilvægu hlutverki í að aðstoða ríki við uppbyggingu svæðisbundinna stofnana fiskveiðistjórnar. Á fundinum var Ísland kosið í framkvæmdaráð nefndarinnar sem starfar milli funda og situr fastafulltrúi Íslands hjá FAO í Róm í ráðinu.

Árið 2018 var áfram unnið að því að efla samstarf við FAO á sviði þróunarsamvinnu með sérstaka áherslu á að aðstoða þróunarstrandríki og smáeyriki við innleiðingu alþjóðasamnings hafnríkja um aðgerðir til að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar. Skrifað var undir samning við FAO um fjárstuðning til verkefnisins fyrir á þessu ári.

Aðalfundur Alþjóðahvalveiðiráðsins, sem haldinn er annað hvert ár, var haldinn í Florianopolis í Brasilíu í september 2018. Á fundinum voru samþykktar veiðiheimildir til hvalveiða, svokallaðar frumbyggjaveiðar, fyrir Bandaríkin, Rússland, Grænland og St. Vincent og Grenadíneyjar. Samþykkt var einnig að við endurnýjun veiðiheimilda, eftir að sjö ára tímabili lýkur, skyldi eingöngu byggjast á vísindalegu mati á stöðu viðkomandi hvalastofna. Evrópusambandið, Ástralía og fleiri ríki féllu frá þeirri stefnu að mat á sjálfsþurftarþörf þeirra samféлага sem stunda hvalveiðar sé forsenda þess að hægt sé að samþykkja veiðiheimildir. Hópur ríkja í Rómönsku-Ameríku gat ekki samþykkt breytinguna, en hún var samþykkt í atkvæðagreiðslu. Tillaga Japans um breytingar á Alþjóðahvalveiðiráðinu, til að leysa úr þeirri pattstöðu sem lengi hefur einkennt ráðið, var felld í atkvæðagreiðslu. Þá var tillaga Brasilíu og fleiri ríkja um sérstakt griðasvæði hvala í Suður-Atlantshafi einnig felld. Stjórnvöld í Japan tilkynnti snemma árs 2019 að þau hefðu tekið ákvörðun um að segja sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu.

7.4. Jarðvarmi – endurnýjanlegir orkugjafir.

Íslensk stjórnvöld efla alþjóðasamstarf sitt á árinu á sviði endurnýjanlegrar orku, meðal annars með áframhaldandi stuðningi við átak Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra orku fyrir alla (Sustainable Energy for All, SE4All) og með aðild að Alþjóðastofnuninni um endurnýjanlega orku (International Renewable Energy Agency, IRENA), sem er með höfuðstöðvar í Abu Dhabi í Sameinuðu arabísku furstadæmum. Einnig hefur samstarf við orkugeirann á Íslandi verið aukið með það að markmiði að koma íslenskri þekkingu á endurnýjanlegri orku betur á framfæri í þróunarríkjunum.

Aðalfundur IRENA var haldinn í janúar 2019 og tók fastafulltrúi Íslands gagnvart stofnuninni þátt í störfum fundarins. Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti Íslands, sat einnig fundinn en hann hefur gegnt trúnaðarstörfum fyrir stofnunina, gegndi meðal annars formennsku í sérstakri alþjóðlegri nefnd um nýja heimsmynd sem rekja má til áhrifa orkuskipta á völd og stöðu ríkja í heiminum (A New World; The Geopolitics of the Energy Transformation). Meðal verkefna sem stofnunin rekur er Alþjóðlega jarðvarmabandalagið (Global Geothermal Alliance, GGA) sem í eru 46 aðildarríki og 36 samstarfsaðilar, alþjóðastofnanir, félagasamtök og einkafyrirtæki. Alþjóðlega jarðvarmabandalagið, í samstarfi við Íslenska orkuklasann og utanríkisráðuneytið, héldu árið 2018 sérstakan viðburð um beina nýtingu jarðvarma með

áherslu á matvælaframleiðslu. Viðburðurinn var á Íslandi á sama tíma og alþjóðlega íslenska jarðhitaráðstefnan (Iceland Geothermal Conference, IGC 2018).

Í september 2018 bauð utanríkisráðuneytið í samstarfi við Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) sérfræðingum frá Armeníu, Georgíu, Kirgistan og Úkraínu til Íslands til að kynna sér jarðvarmanýtingu. Áhugi er á áframhaldandi samvinnu.

7.5. Markmið og starfið fram undan.

Í samræmi við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum og framgang heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna verður aukin áhersla lögð á þátttöku á alþjóðavettvangi í auðlinda- og umhverfismálum. Litið verður sérstaklega til þess að þátttaka og framlag til umræðunnar er forsenda þess að hlustað verði á sjónarmið og hagsmuni Íslands. Samstarf og samráð verður aukið við fagráðuneyti. Sérstök áhersla verður lögð á málefni hafsins, aðgerðir í loftslagsmálum, grænar lausnir, endurnýjanlega orku, matvælaframleiðslu, heilnæmt umhverfi og baráttuna við jarðvegseyðingu. Unnið er að aðgerðaáætlun um styrkingu málaflokksins.

Mikilvægar alþjóðlegar samningaviðræður fara nú fram um nýjan samning um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja. Enn er langt í land að ríki heims hafi náð samkomulagi um fullnægjandi aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Aukin verður þátttaka í alþjóðlegum viðbrögðum við hnignun og mengun umhverfisins, meðal annars súrnun sjávar, plasti í hafi, jarðvegseyðingu og endurheimt landgæða. Litið verður til þess að þátttaka í umræðum um grænar lausnir og orkuskipti yfir í endurnýjanlega orku með áherslu á nýtingu jarðhita gefur íslenskum fyrirtækjum aukin tækifæri á verkefnum erlendis.

8. ÞJÓÐRÉTTARMÁL

8.1. Samningar Íslands við erlend ríki.

Ísland hefur fullgilt, staðfest og gerst aðili að fjölda þjóðréttarsamninga á einu ári, þ.e. frá því í apríl 2018. Þar á meðal má nefna:

- ákvörðun III/1 um breytingu á Baselsamningnum um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra;
- samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi; samþykkt allsherjarþings Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar nr. 187 um að efla öryggi og heilbrigði við vinnu;
- samning milli Íslands og Georgíu um endurviðtöku einstaklinga sem hafa búsetu án heimildar; samning milli ríkisstjórnar Kanada, ríkisstjórnar Konungsríkisins Danmerkur, ríkisstjórnar Lýðveldisins Finnlands, ríkisstjórnar Íslands, ríkisstjórnar Konungsríkisins Noregs, ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins, ríkisstjórnar Konungsríkisins Svíþjóðar og ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku um að efla alþjóðlegt vísindasamstarf á norðurslóðum;
- samning milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Sameinuðu arabísku furstadæmanna um upplýsingaskipti um skattamál;
- samning milli Evrópusambandsins og ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um málsmeðferð við afhendingu;
- samning milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku um almannatryggingar;
- samning milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Sambandslýðveldisins Þýskalands um gagnkvæma vernd trúnaðarflokkaðra upplýsinga;
- samning milli Íslands og Japans til að afnema tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og að koma í veg fyrir skattsvik og skattundanskot;
- Minamatasamninginn um kvikasilfur;
- rammasamkomulag milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs, um vernd loðnustofnsins og stjórn veiða úr honum og viðauka IV um varnir gegn mengun vegna frárennslis frá skipum við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum 1973, með breytingum samkvæmt bókun 1978.

Að auki er nú unnið að fullgildingu nokkurra loftferðasamninga sem undirritaðir voru á árinu 2018. Þá vinnur utanríkisráðuneytið, ásamt öðrum ráðuneytum, að fullgildingu, staðfestingu og aðild að ýmsum samningum við erlend ríki og alþjóðastofnanir sem stefnt er að því að öðlist gildi á árinu.

8.2. Hafréttarmál.

Hafréttarmál skipa ávallt mikilvægan sess í utanríkisstefnu Íslands, enda kalla hagsmunir Íslands á öflugt fyrirsvar og hagsmunagæslu á því sviði. Sameinuðu þjóðirnar eru sérstaklega mikilvægur vettvangur fyrir

umræður um málefni hafsins og þróun reglna hafréttarins, ekki síst árlegar samningaviðræður um hafréttar- og fiskveiðiályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Í kjölfar ákvörðunar allsherjarþingsins hófust alþjóðlegar samningaviðræður haustið 2018 um nýjan framkvæmdasamning undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja (e. Biodiversity Beyond National Jurisdiction, BBNJ). Sjá nánar bls. 21. Viðræðurnar varða því hafrétt, allar gerðir hafrannsóknna, umhverfismál, líffræðilega fjölbreytni, líftækni og erfðaeftni í lífrænum auðlindum, fiskveiðar, einkaleyfarétt og margt fleira. Utanríkisráðuneytið leiðir þessar viðræður af Íslands hálfu en samninganefnd Íslands er einnig skipuð fulltrúum frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu og umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

8.3. Landgrunnsmál.

Í mars 2016 afgreiddi landgrunnarnefnd Sameinuðu þjóðanna tillögur sínar í tengslum við hluta greinargerðar íslenskra stjórnvalda um ytri mörk íslenska landgrunnins utan 200 sjómílna í Ægisdjúpi og á vestur- og suðurhluta Reykjanes hryggjar. Í tillögu landgrunnarnefndarinnar varðandi Ægisdjúp var fallist á kröfur Íslands í samræmi við upprunalega greinargerð þar um. Hvað Reykjanes hrygg varðar taldi nefndin að fyrirbyggjandi gögn væru ekki nægilega afgerandi fyrir svæðið utan 350 sjómílna til stuðnings kröfum Íslands um að Reykjanes hryggurinn teldist náttúrulegur hluti landgrunnins.

Niðurstaða landgrunnarnefndarinnar er sett fram í formi tillögu til stjórnvalda. Fallist stjórnvöld á tillögu nefndarinnar telst ákvörðun um ytri mörk á þeim grunni bindandi samkvæmt hafréttarsamningnum. Fallist stjórnvöld ekki á tillögu nefndarinnar gerir samningurinn hins vegar ráð fyrir að stjórnvöld geti skilað endurskoðaðri greinargerð til nefndarinnar innan hæfilegs tíma.

Tillaga landgrunnarnefndarinnar um Ægisdjúp gerir íslenskum stjórnvöldum kleift, á grundvelli 76. gr. hafréttarsamningsins, að ákveða ytri mörk landgrunnins á því svæði á endanlegan og bindandi hátt í samræmi við tillögur nefndarinnar. Samhliða undirbúningi þess er vinna á lokastigum við formlegan frágang samnings við Noreg og Danmörk/Færeyjar, sem hafa einnig tilkall til landgrunn á þessu svæði, um innbyrðis skiptingu þeirra réttinda.

Hvað Reykjanes hrygg varðar er nú unnið að framhaldi málsins fyrir suður- og vesturhluta hryggjarins með það fyrir augum að styrkja röksemdir Íslands. Þá hefur um nokkurt skeið verið unnið að afmörkun landgrunn austurhluta Reykjanes hryggjar með það að markmiði að gefa heildstæða mynd af öllu svæðinu.

8.4. Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn.

Frá því að Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn tók til starfa hefur Ísland verið meðal dyggustu stuðningsríkja hans. Það markaði tímamót í starfi dómstólsins þegar hann fékk 17. júlí síðastliðinn lögsögu yfir glæpum gegn friði en sama dag voru 20 ár liðin frá Rómarsamþykktinni um stofnun hans. Jafnhliða þessum merku áföngum hefur þó áfram staðið nokkur styr um dómstóllinn. Hópur ríkja í Afríku hefur verið mjög gagnrýninn á dómstóllinn og tvö þeirra hafa dregið aðild sína að dómstólnum til baka og enn fremur tilkynntu stjórnvöld á Filippseyjum á síðasta ári að þau drægiu aðild sína til baka. Af hálfu Íslands hefur því ítrekað verið lögð áhersla á mikilvægi dómstólsins og þeirra grundvallargilda sem hann stendur fyrir, þ.m.t. að koma í veg fyrir refsileysi þeirra sem gerast sekir um alvarlega stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyni. Ísland hefur unnið að því með öðrum vinaríkjum að styðja dómstóllinn dyggilega og hið mikilvæga starfi sem unnið er í hans nafni.

8.5. Mannúðarréttur.

Utánríkisráðuneytið fer með formennsku í landsnefnd um mannúðarrétt sem stofnuð var í samræmi við heit stjórnvalda og Rauða krossins á alþjóðaráðstefnu Rauða krossins árið 2007. Hlutverk nefndarinnar, sem skipuð er fulltrúum dómsmálaráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis, auk fulltrúa utanríkisráðuneytis og Rauða kross Íslands, er að breiða út þekkingu á alþjóðlegum mannúðarrétti, vera vettvangur umræðna um alþjóðlegan mannúðarrétt og veita stjórnvöldum ráðgjöf varðandi túlkun og framkvæmd mannúðarréttar. Nefndin á fundi að jafnaði fjórum til fimm sinnum á ári og fjallar hverju sinni um ýmis málefni á sviði mannúðarréttar.

Frá árinu 2016 hefur verið unnið að framkvæmd fjögurra sameiginlegra heita sem stjórnvöld og Rauði krossinn á Íslandi settu sér fyrir tímabilið 2016–2019. Heitin varða meðal annars vernd flóttafólks frá átakasvæðum, aukna aðstoð við fórnarlömb mansals og ráðstafanir gegn fordómum gagnvart útlendingum, og til að auðvelda þeim að laga sig að samfélaginu. Vinna við ný heiti fyrir tímabilið 2020–2023 er þegar hafin í samstarfi stjórnvalda og Rauða krossins á Íslandi, meðal annars á vettvangi landsnefndarinnar. Í lok síðasta árs tóku gildi lög um refsingar fyrir hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði, nr. 144/2018, en sú lagasetning hefur meðal annars það markmið að innleiða refsíakvæði Genfarsáttmálanna

og Kampala-breytingarnar á stofnsamþykktum Alþjóðlega sakamáladómstólsins um brot gegn friði og var í samræmi við eitt heitanna fyrir tímabilið 2016–2019.

8.6. Útflutningseftirlit.

Íslandi er skylt að hafa eftirlit með ákveðnum útflutningi á grundvelli ýmissa alþjóðaskuldbindinga. Stjórnsýslulega heyrir útflutningur undir utanríkisráðuneytið. Alþjóðaskuldbindingarnar grundvallast meðal annars á stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna, efnavopnasamningnum frá árinu 1992, vopnaviðskipta-samningnum, EES-samningnum og aðild Íslands að svokölluðum eftirlitskerfum. Ísland tekur þátt í þremur eftirlitskerfum: Ástralíuhópnum um efna- og lífefnavopn, Eftirlitskerfinu með flugskeytatækni (Missile Technology Control Regime, MTCR) og Kjarnbirgjahópnum (Nuclear suppliers Group, NSG). Þá hefur Ísland óskað eftir þátttöku í Wassenaar-fyrirkomulaginu frá 1995 um eftirlit með hefðbundnum vopnum og hluti með tvíþætt notagildi. Rússland hefur hingað til eitt ríkja lagst gegn þátttöku Íslands í því fyrirkomulagi. Í flestum tilvikum er getið um leyfisskyldan útflutning á listum sem birtir eru á grundvelli laga um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu, nr. 58/2010. Utanríkisráðherra veitir þrens konar útflutningsleyfi, einstök leyfi, almenn leyfi og heildarleyfi. Dæmi um leyfisskyldan útflutning frá Íslandi eru dvergkafbátar, einnig nefnd ómönnuð neðansjárvarför. Eftirlitskerfið um flugskeytatækni (MTCR) frá 1987 er óformlegt samstarf 35 ríkja, þar á meðal Bandaríkjanna og Rússlands, sem Ísland gerðist aðili árið 1993. Aðildarríkin skiptast á að gegna formennsku. Ísland og Írland gegndu formennsku í MTCR í sameiningu frá október 2017 til október 2018. Það var í fyrsta sinn sem ríkin gegndu formennsku.

8.7. Þvingunaraðgerðir.

Ísland framfylgir þvingunaraðgerðum gagnvart 27 ríkjum, auk hryðjuverkasamtaka. Þvingunaraðgerðirnar eru ákveðnar í samvinnu við alþjóðastofnanir, ríkjahópa eða samstarfsríki samkvæmt lögum um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008, í samráði við utanríkismálanefnd Alþingis. Þvingunaraðgerðir gagnvart Úkraínu hafa gilt frá mars 2014 vegna ólöglegra aðgerða Rússlands í austurhluta Úkraínu. Þessum aðgerðum er beitt af flestóllum ríkjum sem teljast til hóps Vesturlanda, meðal annars af Bandaríkjunum, ESB og Kanada.

8.8. Leyfisveitingar til hergagnaflutninga með borgaralegum loftförum.

Í maí á síðasta ári var utanríkisráðuneytinu falið að annast leyfisveitingar til hergagnaflutninga með borgaralegum loftförum en áður var það verkefni í höndum samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytisins og Samgöngustofu. Við yfirfærslu verkefnisins til utanríkisráðuneytisins var verklagi breytt við afgreiðslu umsókna. Áhersla er lögð á að greina vandlega hverja umsókn og leggja meðal annars mat á það hvort umsóknin samræmdist alþjóðlegum skuldbindingum Íslands, þ.m.t. samningum á sviði afvopnunarmála og alþjóðlegum þvingunaraðgerðum sem Ísland tekur þátt í, og eins hvort mannúðar- og mannréttindasjónarmið gefi tilefni til að hafna slíkum umsóknum.

8.9. Iceland-málið á vettvangi EUIPO.

Ákvörðun Hugverkastofu ESB (EUIPO) vegna kröfu sem íslensk stjórnvöld, Íslandsstofa og Samtök atvinnulífsins lögðu fram í nóvember 2016 um ógildingú skráningar Iceland Foods Ltd. á orðmerkinu „Iceland“ í Evrópusambandinu lá fyrir fyrir í aprílmánuði. Hugverkastofan féllst á kröfur Íslands í málinu og ákvað að skráning Iceland Foods Ltd. á orðmerkinu ICELAND skuli vera ógild í heild sinni. Krafa Íslands í málinu byggðist á því að um þekkt landfræðilegt heiti væri að ræða og einnig að merkið „Iceland“ væri almennt, sérkennalaust og hefði aldrei átt að fást skráð. Fallist var á flest rök Íslands og talið var að sýnt hafi verið fram á það með fullnægjandi hætti að neytendur í Evrópusambandinu, að minnsta kosti í enskumælandi löndum, tengi merkið ICELAND við landið Ísland eða séu líklegir til að gera það í framtíðinni. Merkið sé því lýsandi um landfræðilegan uppruna og uppfylli ekki kröfur um sérkenni sem er ein meginforsenda þess að vörumerki fái skráð. Þessi niðurstaða er auðvitað ánægjuleg fyrir Ísland og hún er fordæmisgefandi á þessu réttarsviði ef hún stendur óhögguð. Iceland Foods Ltd. á þess kost að áfrýja henni fram í júní næstkomandi.

Stjórnvöld héldu einnig áfram að vinna að málum varðandi vernd landaheita á almennum grunni á vettvangi Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO). Fulltrúar stjórnvalda sóttu tvo fundi á árinu 2018 þar sem Ísland var meðflytjandi að tillögum um vernd landaheita í DNS-kerfinu (e. Domain Name System) og sem vörumerki. Tillögurnar náðu ekki fram að ganga í þetta sinn. Áfram verður unnið að málinu á vettvangi WIPO.

8.10. Markmið og starfið fram undan.

Hagsmunagæsla á sviði þjóðréttarmála fer fram með víðtæku samstarfi við önnur ríki, ríkjasamtök og alþjóðastofnanir. Grundvallarstefna Íslands á sviði þjóðaréttar er að öll ríki virði þjóðarétt í samskiptum ríkja og gæti friðar og öryggis í samfélagi þjóðanna. Ísland tekur virkan þátt í viðræðum um gerð samnings um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja (BBNJ) og öðrum verkefnum á sviði hafréttar. Fram undan eru umfangsmikil verkefni á sviði hafréttar sem geta varðað mikla hagsmuni á úthafinu og sjálfbæra nýtingu auðlinda þar.

Unnið er að málefnum hafsins á grundvelli hafréttarsamningsins og samninga sem tengjast honum. Enn fremur verður áfram lögð áhersla á rétt strandríkja til sjálfbærrar nýtingar lifandi auðlinda hafsins og að fiskveiðistjórn verði ýmist staðbundin eða svæðisbundin en ekki hnattræn. Ábyrg fiskveiðistjórn Íslands og afrakstur hennar skapar Íslandi sterka stöðu til virkrar þátttöku í samningaviðræðum um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja.

Ísland tekur áfram virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði þjóðaréttar, einkum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins og Alþjóðlega sakamáladómstólsins, með stuðningi við alþjóðlegar þvingunaradgerðir, virðingu fyrir alþjóðlegum mannréttindum og mannúðarrétti, afvopnun og banni við geryðingar- og ómannúðlegum vopnum og öðrum aðgerðum sem tryggt geta öryggi óbreyttra borgara.

9. MÁLEFNI PRÓTÓKOLLSKRIFSTOFU

9.1. Samskipti við erlendar sendiskrifstofur.

Eitt meginverkefni prótókollskrifstofu er að halda utan um samskipti íslenskra stjórnvalda við erlendar sendiskrifstofur í Reykjavík og sendiráð annarra ríkja gagnvart Íslandi í höfuðborgum grannríkja. Réttindi þeirra og skyldur grundvallast á Vínarsamningnum um stjórnámbandsamband frá árinu 1961. Nú eru 18 erlendar sendiskrifstofur á Íslandi. Sú nýjasta er sendiskrifstofa Grænlands sem opnuð var formlega í október 2018 að utanríkisráðherra viðstöddum.

Töluverð umsýsla fylgir því að annast regluleg samskipti við erlendu sendiskrifstofurnar í Reykjavík og sendiráð þeirra 115 erlendu sendiráða gagnvart Íslandi í höfuðborgum, einkanlega höfuðborgum annarra norræna ríkja. Þessi samskipti varða öll þau ríki sem Ísland er í stjórnámbandsambandi við. Þar ber hæst formleg samskipti utanríkisráðuneytisins við erlend sendiráð og framkvæmdaatriði sem lúta að friðhelgisréttindum og úrlendisrétti. Allir sendiráðsstarfsmenn í sendiráðum gagnvart Íslandi eru skráðir í ritið „Diplomatic and Consular List“ sem prótókollskrifstofa uppfærir reglulega. Að auki koma þar fram ýmsar hagnýtar upplýsingar um erlend sendiráð gagnvart Íslandi. Skrifstofan veitir enn fremur margvíslega fyrirgreiðslu vegna búsetu erlendra sendiráðsstarfsmanna á Íslandi, meðal annars vegna dvalarleyfa, atvinnuleyfa maka sendiráðsstarfsmanna og útgáfu diplómátskra skilríkja. Töluverð umsýsla fylgir einnig ýmsum réttindum sendiráðsstarfsmanna eins og undanþágu frá innflutningsgjöldum og skattgreiðslum í samræmi við gagnkvæmni og alþjóðlegar reglur.

Á síðasta ári afhentu 34 nýir sendiherrar erlendra ríkja forseta Íslands trúnaðarbréf sín. Prótókollskrifstofan ber ábyrgð á þeirri framkvæmd í samstarfi við skrifstofu forseta Íslands og aðrar skrifstofur utanríkisráðuneytisins. Á meðal þeirra sem afhentu trúnaðarbréf í fyrra voru sex sendiherrar erlendra ríkja með búsetu í Reykjavík. Skrifstofan er einnig ábyrg fyrir afhendingu trúnaðarbréfa sendiherra Íslands erlendis og frágangi þeirra í samstarfi við skrifstofu forseta Íslands.

Annað mikilvægt hlutverk prótókollskrifstofu er aðkoma að undirbúningi og framkvæmd heimsókna erlendra gesta til Íslands í boði utanríkisráðherra eða á vegum utanríkisráðuneytisins, jafnt opinberra heimsókna sem vinnuheimsókna. Sama gildir um margvíslegar alþjóðlegar ráðstefnur sem haldnar eru á Íslandi með beinni eða óbeinni aðkomu utanríkisráðuneytisins. Skrifstofan kemur einnig að undirbúningi opinberra heimsókna til Íslands á vegum forseta Íslands og forsætisráðherra.

9.2. Kjöræðismenn.

Ný deild kjöræðismála starfar nú undir prótókollskrifstofu og hefur umsjón með kjöræðismönnum Íslands erlendis. Þeir eru nú 213 talsins og starfa í 90 ríkjum. Kjöræðismenn, sem ekki þiggja laun fyrir vinnuframlag sitt, eru mikilvægir útverðir utanríkisþjónustunnar og framlag þeirra er ómetanlegt, ekki síst á sviði borgaraþjónustu og viðskiptaþjónustu af ýmsu tagi. Nú er unnið að því að endurmeta fjölda og staðsetningu kjöræðismanna Íslands erlendis í því skyni að þeir nýttist enn betur í þágu íslenskra hagsmuna. Sérstök áhersla er lögð á að styrkja net kjöræðismanna Íslands í nýmarkaðsríkjum og jafnframt að auka skilvirkni í öllum samskiptum ráðuneytisins við einstakar ræðisskrifstofur. Einnig hafa verið settar nýjar reglur um val á kjöræðismönnum, skipunartíma, hámarksaldur og starfslok.

Utanríkisráðuneytið heldur reglulega sérstakar ráðstefnur fyrir kjöræðismenn Íslands erlendis. Tilgangur ræðismannaráðstefnanna er að upplýsa þessa útverði Íslands um stöðu og horfur á Íslandi á sviði stjórnmála og efnahagsmála og jafnframt að kynna þeim það sem efst er á baugi á sviði íslensks viðskiptalífs, menningar og ferðaþjónustu. Ræðismannaráðstefnurnar hafa fyrir löngu sannað gildi sitt og þykja ákjósanlegar til að skapa og treysta tengsl, efla starfsanda og gera öflugra kjöræðismenn Íslands enn betri í því að þjóna íslenskum hagsmunum í einstökum starfsríkjum. Almennt eru ræðismannaráðstefnur haldnar á fimm ára fresti. Áttunda ræðismannaráðstefnan verður haldin í Reykjavík 26. og 27. september næstkomandi.

Deild kjöræðismála er einnig til ráðgjafar um val á kjöræðismönnum erlendra ríkja á Íslandi og annast formlega viðurkenningu íslenskra stjórnvalda á þeim einstaklingum sem veljast í það hlutverk af hálfu erlendra ríkja. Skrifstofan annast einnig öll regluleg samskipti við kjöræðismenn erlendra ríkja á Íslandi og félag þeirra. Kjöræðismenn erlendra ríkja á Íslandi eru nú 68 og þeir eru skráðir í handbókina „Diplomatic List“. Grundvöllur starfs kjöræðismanna er Vínarsamningurinn um ræðissamband frá árinu 1963. Álag á einstaka kjöræðismenn erlendra ríkja á Íslandi hefur aukist verulega á undanförunum árum samhliða auknum fjölda erlendra ferðamanna sem heimsækja Ísland og fjölgunar í hópi tímabundins erlends vinnuaflls.

10. DEILD HEIMASENDIHERRA

10.1. Almennt.

Heimasendiherrar hafa búsetu á Íslandi en gegna sendiherrastörfum gagnvart sumum þeirra fjölmörgu ríkja þar sem Ísland er ekki með sendiráð. Hagsmunir Íslands eru víða á fjarlægum slóðum og í ríkjum þar sem ekki eru íslensk sendiráð. Með því að flytja forsvarið gagnvart mörgum ríkjum heim gefst betri tími til að sinna samskiptunum. Jafnframt fækkar umdæmisríkjum sendiráða Íslands erlendis.

Hleypt hefur verið nýju lífi í það fyrirkomulag að sendiherra heima fyrir hafi líka ákveðin þemu og geti eflt viðskiptatengsl, nýsköpun og ímynd landsins. Sex heimasendiherrar eru nú við störf í deildinni og þeir sinna fjölmörgum ríkjum en auk þess mikilvægum málaflökkum, eins og jafnréttismálum, jarðhitamálum, loftferðasamningum, útflutningi sjávarafurða og fleiri viðskiptatengdum málum. Heimasendiherrar hafa þegar afhent trúnaðarbréf í flestum umdæmislandi sinna. Þetta fyrirkomulag er nýbreytni í utanríkisþjónustunni, sem kalla má nýsköpun í diplómatisksri stjórnsýslu, og byggist á tillögum og áherslum í skýrslunni „Utanríkisþjónusta til framtíðar: Hagsmunagæsla í sibreytilegum heimi“ frá 2017. Ekki er komin mikil reynsla af þessu fyrirkomulagi, en byrjunin lofar góðu og fyrirkomulaginu er vel tekið í ríkjum sem taka á móti heimasendiherrum.

Heimasendiherrar hafa starfað í utanríkisráðuneytinu í rúma fjóra áratugi. Til að styrkja þennan þátt starfseminnar var ákveðið fyrir rúmu ári að stofna deild heimasendiherra sem heyrir beint undir ráðuneytisstjóra.

11. BORGARAÞJÓNUSTA

11.1. Almennt.

Almenningur veltir stundum fyrir sér hlutverki utanríkisráðuneytisins á tölvuöld þegar flest má finna og gera á netinu. Það kann að helgast af því einstaklingar eiga að jafnaði sjaldan erindi við utanríkisráðuneytið nema þegar vanda ber að höndum erlendis. Þar sem fólk er ókunnugt staðbundnum lögum, siðum og venjum eða tungumálaörðugleikar hindra eðlileg samskipti þess við opinberar stofnanir eins og heilbrigðisstofnanir og lögreglu er aðstoðar þörf. Þá er heldur ekki sjálfgefið að sama þjónusta og íslenskir borgarar njóta heima fyrir sé í boði erlendis. Við slíkar aðstæður hefur aðstoð borgaraþjónustunnar oft skipt sköpum um farsæla úrlausn mála, enda lykilkþáttur í starfsemi sendiskrifstofanna að ógleymdu því að þetta er meginhlutverk um 230 kjöræðismanna í 90 löndum. Þeir leggja á sig umtalsvert og óeigingjarnt starf án endurgjalds í erfðum málum þar sem þekking á staðháttum og tengslanet eru lykiltríði.

Megintraumar og alþjóðavæðing heimsins setur mark sitt á umfang borgaraþjónustunnar. Nú búa tæplega 50 þúsund Íslendingar, nærri 14% þjóðarinnar, utan landsteinanna, að námsmönnum meðtöldum. Meginþorri þeirra er í löndum þar sem Ísland er með sendiskrifstofu. Þá eiga margir fasteignir erlendis, ekki síst eldri borgarar, og dvelja þar langdvölum þótt föst búseta sé hér á landi. Meðalævi Íslendinga er nú fimm til sex árum lengri en fyrir 30 árum.² Íslendingar ferðast oftar til útlanda og til fjarlægari landa, enda margir nýir áfangastaðir í boði. Þá hefur lækkan flugfargjalda og fjölgun ferða leitt til þess að margir sem áður komust ekki utan leita nú á hlýrri slóðir til dvalar þar sem framfærslukostnaður er lægri. Einnig hefur stafræni


² Hagstofa Íslands <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/danir-2017/>

heimurinn gert fjölda manns kleift að búa utan landsteinanna, svo sem vegna atvinnu eða menntunar. Viðbúið er að sú þróun haldi áfram.


Íslendingar búsettir erlendis

Í heild: **49.218**

Í löndum þar sem Ísland starfrækir sendiskrifstofur: **44.099**



Í löndum þar sem Ísland starfrækir ekki sendiskrifstofur: **5.119**



* Byggt á tölum Þjóðskrár frá janúar 2019 og upplýsingum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna um lánþega erlendis skólaárið 2017-2018.

Þessi stóri hópur nýtur góðs af borgaraþjónustu utanríkisráðuneytisins enda hafa væntingar til hennar aukist eftir því sem fleiri þekkja til hennar af reynslu eða afsöfn. Borgaraþjónustan hefur birst í fjölbreyttum myndum, allt frá því að fylla frystikistu sendiráðs af soðningu í kjölfar efnahagshrunsins þegar lokaðist á aðgengi margra að bankareikningum, til þess að gefa leiðarlýsingar milli flugvalla, deila hafragrautnum sínum með svöngum, leysa vanda þess sem hafði læst farangur sinn inni í bíl erlendis eða fylgja andlega eða líkamlega veiku fólki heimleiðis. Algengustu málin varða þó móttöku vegabréfaumsókna og útgáfu neyðarvegabréfa í sendiskrifstofum, leiðbeiningar til aðstandenda látinna um útfararaþjónustu, aðstoð vegna veikra og slasaðra, upplýsingar um framgang sakamála, afplánun refsisdóma og utankjörfundar- atkvæðagreiðslur erlendis, svo fátt eitt sé nefnt. Í þessum skilningi virka sendiskrifstofurnar oft sem framlenging íslenskrar stjórnsýslu erlendis.

Borgaraþjónusta utanríkisráðuneytisins starfrækir neyðarþjónustu í síma 545 0 112 utan skrifstofutíma alla daga ársins fyrir aðkallandi mál íslenskra ríkisborgara hvar sem þeir kunna að vera staddir. Mikil áhersla er lögð á að sýna þeim sem til hennar leita skilning og gefa skýr svör um hvað hægt er að gera og hvað er utan verksviðs borgaraþjónustunnar.

Í hverjum mánuði berst fjöldi erinda um borgaraþjónustu til aðalskrifstofu ráðuneytisins og sendiskrifstofa. Undanfarnir ár hafa slík erindi skipt þúsundum, sum eru fljótafgreidd en öðrum þarf að fylgja eftir vikum og mánuðum saman. Unnið er að því að afla og samræma betur gögn frá öllum sendiskrifstofum. Í þeim efnum þarf að taka tillit til nýrrar löggjafar um persónuvernd þar sem um viðkvæmar upplýsingar er að ræða. Mjög misjafnt er hve miklu af tíma sínum sendiskrifstofur verja í borgaraþjónustu, en í Danmörku, Noregi og Svíþjóð eru Íslendingar um 10 þúsund í hverju landi og umfang mála er mest þar. Þá hefur mjög fjölgað málum á Spáni, sem heyrir undir sendiráðið í París, og í Taílandi sem heyrir undir sendiráðið í Kína.

Í skýrslunni „Utanríkisþjónusta til framtíðar: Hagsmunagæsla í síbreytilegum heimi“ komu níu tillögur í hlut borgaraþjónustu sem miða að bættri þjónustu við Íslendinga erlendis. Framkvæmd þeirra hefur gengið vel en mörg verkefna eru sífelluverk, hluti daglegra starfa eins og þjálfun starfsmanna og tilnefning ábyrgðaraðila ræðismála í hverju sendiráði. Samfélagsmiðlar eru nýttir markvisst meðal annars til að miðla upplýsingum og ferðaráðum til Íslendinga og vakta hættuástand erlendis. Áfram er unnið að samræmingu verkferla við innlendir samstarfsstofnanir ráðuneytisins, svo sem Þjóðskrá, Ríkislögreglustjóra og Þjóðkirkjuna.

11.2 Markmið og starfið fram undan.

Mikilvæg skref framundan eru að móta stefnu fyrir borgaraþjónustuna til þess að samræma frekar þjónustu heimastöðvar og sendiráða og afla tölfraðilegra upplýsinga svo greina megi betur þarfir fyrir borgaraþjónustu varðandi staði og málefni. Þá er ætlunin að festa betur í sessi ferla við vinnslu mála og þetta net kjöræðismanna þar sem viðbótar er mest þörf, eins og í Suður-Ameríku, Asíu og Afríku.

12. UPPLÝSINGA- OG GREININGAMÁL

12.1 Almenn.

Upplýsingamiðlun utanríkisþjónustunnar miðar að því að styrkja stöðu og orðstír Íslands á alþjóðavettvangi, ásamt því að miðla almennum upplýsingum um starfsemi utanríkisþjónustunnar með það að markmiði að efla skilning á hlutverki hennar og stuðla að gagnsæi. Viðfangsefnin eru mörg og ólík og tengjast öllum störfum utanríkisþjónustunnar. Af nógu er að taka sem tengist verkefnum undanfarinna missera. Nefna má sem dæmi upplýsingamiðlun sem tengist þeim tímamótum sem urðu við kjör Íslands í mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna og störfum fulltrúa Íslands þar, útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og hagsmunagæslu Íslands þar að lútandi og breyttu öryggisumhverfi á Norður-Atlantshafi.

Rúmt ár er liðið frá því að deild upplýsingamála var færð undir nýja skrifstofu ráðuneytisstjóra í samræmi við tillögur í fyrrnefndri skýrslu „Utanríkisþjónusta til framtíðar: Hagsmunagæsla í síbreytilegum heimi“. Í tengslum við þær breytingar var upplýsingadeild falið ákveðið greiningarhlutverk og gagnaöflun til að stuðla að því að stefnumótun byggðist á áreiðanlegustu upplýsingum hverju sinni. Með aukinni áherslu á greiningu upplýsinga og miðlun þeirra til viðskiptalífs og almennings er jafnframt stefnt að því að nýta betur þá þekkingu sem utanríkisþjónustan býr yfir og skerpa á utanríkisstefnunni. Upplýsingadeild hefur á undanfögnu ári stutt við greiningarvinnu innan ráðuneytisins og skýrslugerð, meðal annars vegna útgáfu skýrslanna „Gengið til góðs – skref í átt að bættri framkvæmd EES-samningsins“ og „Landsáætlun Íslands um konur, frið og öryggi 2018–2022“, auk ársskýrslu utanríkisráðherra fyrir árið 2017. Þá hefur deildin verið ráðherraskrifstofu og öðrum skrifstofum ráðuneytisins innan handar við ýmis tilfallandi greiningarverkefni.

Í samræmi við tillögur í áðurnefndri skýrslu um utanríkisþjónustu til framtíðar hefur upplýsingastefna utanríkisþjónustunnar litið dagsins ljós. Markmiðið með stefnunni er aukið gagnsæi og skilningur á verkefnum bæði utanríkisráðuneytisins og sendiskrifstofa. Henni er jafnframt ætlað að tryggja öllum, hvort sem er almenningi, fyrirtækjum, stofnunum, hagsmunasamtökum, kjörnum fulltrúum eða fjölmiðlum, jafnan aðgang að upplýsingum um utanríkismál og utanríkisstefnuna í samræmi við upplýsingalög, nr. 140/2012, trúnaðarflokkun upplýsingalaga og alþjóðasamninga. Meginstefin í stefnunni eru gagnsæi, aðgengi, virk samskipti og innri upplýsingagjöf. Áhersla er lögð á að utanríkisþjónustan nýti þá miðla sem best henta hverju sinni til að koma upplýsingum á framfæri, þ.m.t. samfélagsmiðla.

Undanfarin ár hefur áhugi á Íslandi erlendis aukist mikið eins og fjölgun ferðamanna ber vott um. Í mörgum tilfellum er utanríkisþjónustan fyrsti snertiflötur ríkisborgara annarra landa, erlendra fjölmiðla, fyrirtækja og stofnana sem óska eftir upplýsingum. Samstarf við önnur ráðuneyti og stofnanir, ekki síst Íslandsstofu, er lykilþáttur í þessari upplýsingamiðlun. Heimsmeistaramótið í knattspyrnu karla í Rússlandi á síðasta ári var dæmi um skilvirka samvinnu innan utanríkisþjónustunnar, á milli ráðuneyta og gott samstarf við Íslandsstofu. Meðan á mótinu stóð mátti sjá jákvæða umfjöllun um Ísland og íslenska landsliðið í útbreiddustu miðlum heims sem margir leituðu aðstoðar Íslandsstofu, utanríkisþjónustunnar og almannatengslafyrirtækis Íslands í Bretlandi við að finna viðmælendur og bakgrunnsupplýsingar um Ísland. Í aðdraganda mótsins var lögð höfuðáhersla á að miðla hagnýtum ferðaráðum til þeirra Íslendinga sem hugðust sækja Rússland heim af þessu tilefni.

Ímynd Íslands á alþjóðavettvangi er alla jafna jákvæð. Utanríkisráðuneytið vaktar umræðu um land og þjóð í erlendum fjölmiðlum, bregst við umfjöllun þegar tilefni er til og miðlar upplýsingum með framvirkum

hætti í málum sem tengjast stöðu og orðstír Íslands á alþjóðavettvangi og stefnumiðum stjórnvalda eftir því sem þörf krefur.

Starfsmaður deildarinnar hefur einnig unnið með varnarmálaskrifstofu, þjóðaröryggisráði og viðeigandi aðilum innan lands að því að efla þekkingu á dreifingu falsfrétta og vísitandi miðlun rangra upplýsinga, en slík mál hafa færst í aukana innan nágrannalanda okkar. Viðbúið er að íslensk stjórnvöld þurfi að bregðast við falsfréttum sem eru líklegar til að skaða ímynd landsins eða grafa undan hagsmunum almennings.

Upplýsingadeild utanríkisráðuneytisins sinnir nær öllum samskiptum utanríkisþjónustunnar við innlenda og erlenda fjölmiðla. Upplýsingum um störf utanríkisþjónustunnar er miðlað með fréttum á vefsíðu Stjórnarráðsins, tilkynningum á samfélagsmiðlum, fréttatilkynningum og fjölmiðlaviðtölum, auk greininga og skýrslna um starfsemina hverju sinni. Í hverri viku svarar upplýsingadeildin fjölda fyrirspurna frá fjölmiðlum, bæði bréfleiðis og símleiðis. Í fyrra var hátt í 300 skriflegum fjölmiðlafyrirspurnum svarað um hvaðeina sem varðar verkefni utanríkisþjónustunnar og þau málefni sem voru í deigluinni hverju sinni auk fjölda fyrirspurna sem bárust símleiðis.

Einnig miðlar utanríkisþjónustan upplýsingum um sértæk málefni til fjölda innlendra og erlendra fyrirspyrjenda. Hátt í 600 almennar fyrirspurnir bárust ráðuneytinu með tölvupósti og í gegnum samfélagsmiðla og enn fleiri sendiráðum erlendis um málefni af ýmsum toga.

Þá ber utanríkisráðuneytinu rík skylda til að miðla upplýsingum til Alþingis í formi skýrslugjafar, svara fyrirspurnum þingmanna eða miðla upplýsingaefni til þingnefnda. Undir þennan flokk fellur einnig upplýsingamiðlun til félagasamtaka, nemenda og annarra hópa sem biðja um kynningu á starfsemi utanríkisráðuneytisins. Í desember gerði ráðuneytið samstarfssamning við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands um kynningu á nokkrum málaflokkum ráðuneytisins, en með samningnum er leitast við að stuðla að aukinni umræðu um utanríkismál hér á landi.

Ráðuneytið á auk þess frumkvæði að því að birta eftir fönnum tiltækar upplýsingar um starfsemi sína, sem geta átt erindi við almennung, í samræmi við reglugerð um birtingu upplýsinga að frumkvæði stjórnvalda nr. 464/2018.

Innan Stjórnarráðsins er virkt og gott samráð um upplýsingamiðlun sem upplýsinga- og greiningardeild utanríkisráðuneytisins tekur þátt í fyrir hönd þess. Upplýsingadeild styður til dæmis við upplýsingamiðlun sem tengist yfirstandandi formennsku í norrænni samvinnu, sem samstarfsráðherra Norðurlanda ber ábyrgð á. Ein skýrasta birtingarmynd aukins samstarfs Stjórnarráðsins í upplýsingamálum er sameiginlegur vefur þess sem tekinn var í notkun fyrir tæpum tveimur árum. Á síðastliðnu ári færðust vefsvæði allra sendiskrifstofa Íslands á Stjórnarráðsvefinn en þær höfðu áður verið hýstar á vefsvæði Íslandsstofu. Áfram er unnið að því að efla upplýsingagjöf sendiskrifstofa á Stjórnarráðsvefnum og bæta aðgengi almennings að stafrænum notendalausnum.

Nýverið var samþykkt nýtt og samræmt útlit Stjórnarráðsins og unnið er að innleiðingu þess svo að íslensk stjórnvöld hafi faglega og samstillta ásýnd jafnt innan lands sem utan. Þetta er í takt við það sem tíðkast í grannríkjum okkar.

12.2. Upplýsingamiðlun og þróunarsamvinna.


Stjórnvald sem fer með opinbera þróunarsamvinnu hefur ríkar skyldur um upplýsingagjöf um málaflokkinn. Þessar skyldur ná meðal annars til þess að upplýsa um hvernig skattfé er varið, hvaða árangur hefur náðst og einnig til þess að skapa almenna þekkingu um málefni þróunarríkja og baráttuna gegn fátækt. Rík upplýsingagjöf er þannig mikilvægur liður í því að viðhalda stuðningi almennings við alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.

Í samræmi við þetta hefur upplýsingum um árangur íslenskrar þróunarsamvinnu verið miðlað til almennings í enn meiri mæli en áður, sem og upplýsingum um stefnu stjórnvalda um innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Í fyrra var ráðinn til starfa sérstakur upplýsingafultrúi sem annast kynningu á heimsmarkmiðunum og frammistöðu íslenskra stjórnvalda við að uppfylla þau. Annar starfsmaður ritstýrir *Heimsljósi – upplýsingaveitu um þróunarmál* og sinnir tengdum verkefnum.

Á haustmánuðum var gerður samningur við fjölmiðla- og fjarskiptaafyrirtækið Sýn hf. um birtingu fréttar um þróunar- og mannúðarmál úr *Heimsljósi á Vísu*, einum fjölsóttasta fréttavef landsins. *Vísir* birtir daglega fréttir um þróunarmál sem lesnar eru af rúmlega 20 þúsund lesendum í hverjum mánuði. Gerður hefur verið samningur út árið um samstarfið. Þá stóð utanríkisráðuneytið fyrir gerð heimildapátta sem sýndir voru á RÚV í desember. Eliza Gígja Ómarsdóttir var valin úr hópi ungmenna til að kynna sér heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og ferðast í kjölfarið til Úganda til að kynna aðstæðum ungmenna þar í landi. Vitund almennings á heimsmarkmiðunum hefur verið mæld þrisvar sinnum, síðast í febrúar 2019. Þá sögðust 65,6% landsmanna

þekkingu eða hafa heyrt um heimsmarkmiðin, samanborið við 46,6% í janúar 2018. Á Stjórnarráðsvefnum hefur verið lögð áhersla á myndræna miðlun upplýsinga um þróunarmál.

Lesendur fréttu úr Heimsljóni á Vísir.is



Utanríkisráðuneytið hefur endurnýjað samstarf um kynningarmál við Félag Sameinuðu þjóðanna og landsnefnd UN Women, auk þess sem samstarfssamningur við landsnefnd UNICEF er í fullu gildi. Um árabíl hefur ráðuneytið stutt fjárhagslega við bakið á öflugum fræðslu- og kynningarstarfi landsnefndanna sem hefur aukið sýnileika Sameinuðu þjóðanna og áherslustofnana Íslands í þróunarsamvinnu og auðveldað fjáröflun þeirra. Með framlagi almennings og fyrirtækja eru landsnefndir UNICEF og UN Women meðal þeirra landsnefnda sem hvað mest leggja af mörkum á heimsvísu. Enn fremur veitir ráðuneytið sérstaka kynningarstyrki til íslenskra borgarasamtaka sem vinna að verkefnum á sviði þróunarsamvinnu og mannúðarmála.

12.3. Upplýsingamiðlun í neyðarástandi.

Einn mikilvægasti þáttur í starfsemi utanríkisþjónustunnar er borgarþjónusta þar sem hagsmuna og öryggis íslenskra ríkisborgara erlendis er gætt og þeim veitt ýmiss konar aðstoð. Í neyðartilvikum, til dæmis þegar hryðjuverk eru framin eða náttúruhamfarir geisa, hefur skilvirk upplýsingamiðlun til íslenskra borgara á vettvangi mikla þýðingu. Með tilkomu samfélagsmiðla hafa viðbrögð fólks við neyðarástandi raunar breyst verulega því að nú getur það látið vita af sér á auðveldan og áhrifaríkan hátt. Um leið hafa möguleikar til að koma upplýsingum til þeirra sem eru á vettvangi gjörbreyst. Við hættuástand erlendis nýtir utanríkisþjónustan upplýsingamiðla sína og tengslanet til þess að aðstoða íslenska ríkisborgara og veita áreiðanlegar upplýsingar fljótt og örugglega. Almenna reglan er sú að fólk hafi aðeins samband við borgarþjónustu ef það þarf á aðstoð að halda en láti annars aðstandendur vita af sér ef þeir eru óhultir.

12.4. Markmið og starfið fram undan.

Fram undan eru stór átaksverkefni innan utanríkisþjónustunnar. Formennska Íslands í norrænu samstarfi hefur farið vel af stað og í maí 2019 tekur Ísland við formennsku í Norðurskautsráðinu. Upplýsingadeild styður við vinnu ráðuneytisins á þeim vettvangi. Á þessu ári eru liðin 25 ár frá gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og vinnur deildin með viðskiptaskrifstofu að bættari upplýsingagjöf til almennings um þátttöku Íslands í samstarfinu. Þá stendur einnig yfir vinna við framboð Íslands til framkvæmdastjórnar UNESCO og er á þeim vettvangi unnið að kynningu á verkefninu með alþjóða- og öryggisskrifstofu í samstarfi við önnur ráðuneyti og sendiráð í París.

Áfram verður lögð áhersla á að miðla upplýsingum til almennings um helstu hagsmunamál Íslands á alþjóðavettvangi. Þá verður vefur Stjórnarráðsins þróaður áfram til að tryggja aðgang að réttum og áhugaverðum upplýsingum, einnig á myndrænu formi. Átaki í notkun samfélagsmiðla sendiskrifstofanna verður viðhaldið enda auðvelda þeir upplýsingamiðlun til fjölda Íslendinga sem búsettir eru erlendis, almennings jafnt á Íslandi sem og í gistiríkjum þeirra. Tvíhliða sendiskrifstofur nýta Facebook til að miðla upplýsingum til Íslendinga og almennings í udmæmislöndum og Facebook-síða utanríkisþjónustunnar miðlar upplýsingum um starfsemi Íslands á alþjóðavettvangi til almennings á Íslandi. Þá er sendiráð Íslands í Peking virkt á Weibo. Formennskuteymi, fastanefndir og fleiri sendiskrifstofur hafa einnig viðveru á Twitter í þeim tilgangi að tengjast lykilaðilum í gistiríkjum eða taka þátt í umræðu á alþjóðavettvangi.

13. SKJALASAFN

13.1. Almenn.

Á undanfögnu ári hefur starfsfólk skjalasafns utanríkisráðuneytisins tekið þátt í vinnu við gerð kröfulýsingar vegna útboðs fyrir nýtt skjala- og málalastjórnerkerfi Stjórnarráðsins. Starfsemi utanríkisþjónustunnar gerir nokkuð sérstakar kröfur til kerfisins þar sem starfsstöðvar hennar eru rúmlega 20 og fyrstu starfsmenn mæta til vinnu í Tókýó rétt eftir miðnætti að íslenskum tíma og þeir síðustu fara heim í Winnipeg rétt fyrir miðnætti. Allir þurfa þeir að geta miðlað skjölum og sótt skjöl vegna verkefna sinna, hvort sem þau eru skráð í ráðuneytinu sjálfu, Moskvu eða Nýju Delí. Um leið þarf að tryggja að óviðkomandi aðilar geti ekki skoðað skjölin, afritað eða breytt þeim.

Á þessu ári verða skjöl úr skjalasafni utanríkisþjónustunnar í fyrsta sinn afhent Þjóðskjalasafni Íslands á rafrænu formi. Afhent verður sérstakt varðveisluafrít af skjölum frá tímabilinu 2015–2018, en ráðuneytið hefur skjölin áfram í kerfum sínum næstu 30 árin. Rafrænt skjalasafn ráðuneytisins nær nú yfir 20 ára tímabil, alls um 2,5 milljónir skjala. Þótt stór hluti þessara skjala sé einnig til á pappírformi er aðgangurinn mun greiðari að skjölum á rafrænu formi. En þegar byrjað verður að nota nýtt málaumsjónarkerfi er ekki sjálfgefið að öll eldri skjöl verði flutt inn í það. Því þarf að huga að því að varðveita eldri rafræn skjöl þannig að þau verði aðgengileg. Búast má við því á næstu árum að þróa þurfi hugbúnað í samstarfi við þjónustuaðila til að tryggja að utanríkisþjónustan, stjórnsýslan öll, fræðimenn, nemendur og almenningur hafi áfram greiðan aðgang að þessari uppsöfnuðu þekkingu.

Helstu verkefni á skjalasafni utanríkisráðuneytisins eru móttaka, flokkun og skráning erinda sem berast. Frágangur og skráning varðveislusafna. Leit í skjalasöfnum um utanríkismál og öðrum gagnasöfnum fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar. Leit að skjölum sem óskað er eftir aðgangi að með vísan til upplýsingalaga. Gerð verklagsreglna og leiðbeininga til starfsmanna um skjalastjórn og notkun skjalavistunarkerfa. Gerð og viðhald gæðahandbókar um öll verkefni utanríkisþjónustunnar.

Í skjalasafni utanríkisráðuneytisins er varðveitt saga utanríkismála Íslands og samskipti í trúnaði milli ráðamanna og embættismanna Íslands og annarra ríkja. Samningar, frásagnir af fundum og fundargerðir og minnisblöð með ákvörðunum auk bréfa, símbréfa, orðsendinga og tölvupósta, geyma vitnisburð um hver sagði og gerði hvað, hvenær og hvers vegna. Starfsmenn skjalasafnsins svara daglega fyrirspurnum samstarfsmanna í Stjórnarráðinu, til dæmis um það hvenær samningar voru undirritaðir eða hvort erindi hafi borist frá tilteknu ríki. Sumar spurningar krefjast flóknari leita, eins og spurningin um það hvernig það kom til að í tilteknu sendiráði Íslands í Evrópu sé málverk eftir Kjarval í eigu sendiráðsins, sem getið er um í eignaskrá án frekari skýringa. Auk þess eru í hverri viku tekin saman gögn vegna fyrirspurna frá almenningi, fræðimönnum og fulltrúum stjórnsýslu. Oftast þurfa starfsmenn á skrifstofum ráðuneytisins að fara yfir gögn með tilliti til trúnaðar við önnur ríki eða alþjóðastofnanir eða huga að persónuvernd. Góð skráning og trygg varðveisla er undirstaða þess að hægt sé að veita þessa þjónustu.

Á liðnu ári hófst vinna við gerð gæðahandbókar utanríkisþjónustunnar. Með henni er markmiðið að safna saman á einum stað leiðbeiningum og vinnulýsingum fyrir þau verkefni sem starfsmenn þjónustunnar sinna. Vegna flutningsskyldu starfsmanna er mikilvægt að þeir hafi aðgang að hnitmiðuðum leiðbeiningum um sín verkefni. Gæðahandbókin er skref í þá átt að bæta þjónustu við starfsmenn, og þar með þá þjónustu sem þeir veita.

Elsta skjal sem skráð er í skjalasafni um utanríkismál er frá 1919, örfáum mánuðum eftir að Ísland tók utanríkismál í sínar hendur sem fullvalda ríki. Skjöl utanríkisþjónustunnar, sem varðveitt eru á pappírformi eingöngu, ná til ársins 1997 og stór hluti þeirra er varðveittur í skjalageymslum ráðuneytisins. Þar á meðal eru frumrit samninga Íslands við erlend ríki. Með tímanum hafa kröfur aukist um gott aðgengi að eldri skjölum. Frágangur og skráning sem var viðunandi fyrir áratugum er það ekki lengur. Þess vegna eru mörg stór verkefni fram undan við að bæta aðgengi að eldri skjölum með betri skráningu, skönnun og ljósmyndun. Um leið getur þurft að bæta frágang skjalanna til að tryggja að þau skemmist ekki í geymslu.

13.2. Markmið og starfið fram undan.

Með tilkomu nýs mála- og skjalastjórnerkerfis er stefnt að því að auðvelda starfsmönnum að skrá og vista skjöl þannig að þau verði aðgengileg. Með það í huga er verið að ljúka við endurskoðun málalýklakerfis utanríkisþjónustunnar. Auk þess verður hugað að því að nýta möguleika nýs kerfis til að bæta aðgengi að skjölum með fleiri lykunaradferðum. Haldið verður áfram að þjálfa alla nýja starfsmenn í skjalastjórn og notkun málaskrár auk þess sem reyndir starfsmenn fá tækifæri til að viðhalda og bæta sína þekkingu á því sviði um leið og þeir flytjast milli starfsstöðva.

14. UTANRÍKISÞJÓNUSTA TIL FRAMTÍÐAR

14.1. Almenn.

Skýrslan „Utanríkisþjónusta til framtíðar: Hagsmunagæsla í síbreytilegum heimi“ var lögð fram á Alþingi í september 2017. Skýrslan ber vitni um árangur umfangsmikillar vinnu í ráðuneytinu og samráðs við fjölmarga hagsmunaaðila í samfélaginu. Í skýrslunni var sett fram 151 tillaga um aðgerðir til að styrkja starf utanríkisþjónustunnar. Vinna við framkvæmd tillagnanna hófst haustið 2017 og stóð yfir allt árið 2018. Tillögunum var skipt niður á skrifstofur og deildir og ábyrgir starfsmenn settir fyrir hverja tillögu. Í upphafi þessa árs voru 122 tillögur skýrslunnar, eða um 80% tillagnanna, komnar í framkvæmd.

Fullyrða má að umfangsmiklar breytingar hafi orðið innan utanríkisþjónustunnar eftir að vinna hófst við framkvæmd tillagnanna. Þar má til dæmis nefna breytingar á lögum um Íslandsstofu. Rekstrarformi hennar var breytt í sjálfseignarstofnun og löggin tóku gildi 1. september 2018. Ný stjórn var skipuð og gerðar voru skipulagsbreytingar innan Íslandsstofu, sem miða að því að þjóna enn betur en áður markaðssetningu Íslands og sókn fyrirtækja á markaði.

Af öðrum breytingum má nefna að sendiráðunum í Vín og Mapútó var lokað og fækkað um einn útsendan fulltrúa í sendiráðum Íslands í Nýju-Delí, Stokkhólmi, Osló og Kaupmannahöfn. Bætt hefur verið við útsendum fulltrúum við fastanefndina í New York og sendiráðið í París, sem sinna málefnum á sviði þróunarsamvinnu. Í fyrsta sinn veitir sendiherra sendiráðinu í Kampala í Úganda forstöðu. Hann sinnir pólitískum og viðskiptalegum verkefnum samhliða þróunarverkefnum.

Í ráðuneytinu voru einnig gerðar umfangsmiklar skipulagsbreytingar. Tvær nýjar skrifstofur eru nú í ráðuneytinu, ný skrifstofa ráðuneytisstjóra og sérstök varnarmálaskrifstofa. Þá hafa nýjar deildir tekið til starfa, meðal annars deild heimasendiherra, auk þess sem upplýsingadeild hefur verið fengið það nýja hlutverk að hafa umsjón með greiningu ýmissa málefna, svo sem hagsmunagæslu innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Á þróunarsamvinnuskrifstofu hefur ný deild atvinnulífs og svæðasamstarfs tekið til starfa og deild fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu mun leiða umfangsmikið samræmingarstarf kjördæmis Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í Alþjóðabankanum þegar Ísland tekur við formennsku í samstarfinu til tveggja ára (2019–2021).

Enn fremur hefur ný kjöræðiseild verið stofnuð og starfsemi Íslensku friðargæslunnar verið eflað með því að færa hana til varnarmálaskrifstofu. Þá hefur utanríkisráðuneytið sett sér nýja mannauðsstefnu. Margvíslegum aðgerðum sem snúa að aðgengi almennings hefur verið komið í framkvæmd. Nefna má aðgengi að upplýsingum um EES-samninginn, sem hefur verið stórukið með því að opna fyrir aðgang að EES-gagnagrunni Stjórnarráðsins og upplýsingar um EES-samninginn hafa einnig verið gerðar aðgengilegar á vef Stjórnarráðsins.

II. UTANRÍKISVIÐSKIPTI


1. ALÞJÓÐLEGT VIÐSKIPTASAMSTARF

1.1. Utanríkisviðskipti almennt.

Utanríkisviðskipti eru lykillinn að hagsæld þjóðarinnar og ein af meginstöðum í utanríkisstefnu Íslands. Á liðnu ári tók utanríkisráðherra upp mikilvæg hagsmunamál á sviði viðskipta við fjölmarga ráðherra helstu samstarfsríkja Íslands, svo sem Bandaríkjana, Bretlands, Frakklands, Noregs, Danmörku, Svíþjóðar, Japans, Kína og Indlands. Viðskiptasendinefndir fylgdu utanríkisráðherra á ferðum hans til Japans, Kína, Frakklands og Indlands og Íslandstofa efndi til viðskiptaþinga með íslenskum fyrirtækjum í samstarfi við sendiráðin og tvíhliða viðskiptaráðin. Á sama tíma og aukin áhersla hefur verið lögð á rekstur í tengslum við EES-samninginn, sem gert verður grein fyrir í sérstakri skýrslu utanríkisráðherra, hefur verið unnið hörðum höndum að því að gæta hagsmuna Íslands vegna Brexit. Einnig hefur verið unnið áfram að því að semja um friverslun og önnur mikilvæg viðskiptamál með fleiri ríkjum til að tryggja íslenskum fyrirtækjum sem best kjör. Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins hefur jafnframt unnið að því að koma á enn öflugri þjónustu við atvinnulífið í samvinnu við Íslandsstofu og gegnum sendiráð Íslands.

Útflutningur á vöru og þjónustu

Upphæðir í milljónum króna



*Bráðabirgðatölur

Heimild: Hagstofa Íslands

Samsetning vöruútflutnings miðað við vörutegundir


Upphæðir í milljónum króna

	2017	2018
Útflutningur á vöru	519.612	602.153
Sjávarafurðir	197.025	239.740
Afurðir áls	202.893	230.132
Iðnaðarvörur, aðrar	77.029	90.947
Aðrar vörur	42.665	41.334

Heimild: Hagstofa Íslands

Vöruútflutningur miðað við vörutegundir

Upphæðir í milljónum króna



Heimild: Hagstofa Íslands

Útflutningur á vörum eftir löndum og landsvæðum

Upphæðir í milljónum króna

	2017	2018	↑↓	Hlutfall af heild 2018
ALLS	519.612	602.153	↑	100,0%
Evrópa	433.287	492.762	↑	81,8%
ESB 28	381.147	432.352	↑	71,8%
ESB 27	311.489	382.686	↑	63,6%
EFTA	29.963	36.823	↑	6,1%
Holland	131.784	181.984	↑	30,2%
Bretland	48.598	59.505	↑	9,9%
Spánn	69.659	49.666	↓	8,2%
Frakkland	32.567	38.725	↑	6,4%
Þýskaland	39.417	36.175	↓	6,0%
Noregur	26.867	32.589	↑	5,4%
Danmörk	12.238	13.667	↑	2,3%
Portúgal	8.130	9.677	↑	1,6%
Belgía	9.790	9.312	↓	1,5%
Pólland	5.465	7.136	↑	1,2%
Rússland	6.853	6.959	↑	1,2%
Færeyjar	3.586	6.461	↑	1,1%
Önnur Evrópuríki	38.336	40.905	↑	6,8%
N- og S-Ameríka	45.288	58.208	↑	9,7%
Bandaríkin	36.209	41.487	↑	6,9%
Kanada	5.926	12.457	↑	2,1%
Grænland	4.008	2.644	↓	0,4%
Afríka	8.909	9.564	↑	1,6%
Nígería	5.520	6.887	↑	1,1%
Asía	29.660	38.950	↑	6,5%
Kína	10.274	15.643	↑	2,6%
Japan	10.008	12.439	↑	2,1%
Eyjaálfa	2.469	2.669	↑	0,4%
Ástralía	2.389	2.320	↓	0,4%

Heimild: Hagstofa Íslands

Samsetning þjónustuútflutnings

Upphæðir í milljónum króna


	2017	2018*
Útflutningur á þjónustu	675.782,70	708.678,70
Farþegarflutningar með flugi	180.192,80	182.164
Ferðalög	321.726,10	337.371,40
Önnur þjónusta	173.863,80	189.143

*Bráðabirgðatölur

Heimild: Hagstofa Íslands

Útflutningur á þjónustu

Upphæðir í milljónum króna




*Bráðabirgðatölur

Heimild: Hagstofa Íslands

Þróun útflutningstekna

Upphæðir í milljónum króna




Heimild: Hagstofa Íslands

1.2. Viðskipti við einstök ríki og svæði.

Eftirfarandi tafla sýnir umfang utanríkisviðskipta árið 2017 við nokkur lönd en tölur ársins 2018 liggja ekki fyrir fyrr en síðar á árinu. Einnig sýnir hún inn- og útflutning á vörum og þjónustu eftir nokkrum löndum og hlutfall viðskipta við þau miðað við heildarutanríkisviðskipti.

Umfang utanríkisviðskipta 2017

Upphæðir í milljónum króna



Heimild: Hagstofa Íslands

1.3. Bandaríkin.

Bandaríkin hafa í áratugi verið mjög mikilvægur samstarfsaðili og stærsti einstaki markaður Íslands, bæði þegar horft er til vöru- og þjónustuviðskipta. Bandarískir ferðamenn er jafnframt fjölmennasti hópur ferðamanna á Íslandi. Bandaríkin eru langmikilvægasta viðskiptaland Íslands sem ekki hefur verið gerður fríverslunarsamningur við. Mikil áhersla hefur verið lögð á að treysta viðskiptasambönd. Á fundi utanríkisráðherra með Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, 7. júní 2018 og 19. febrúar 2019 var samþykkt að stofnað yrði viðskiptasamráð embættismanna með þátttöku einkageirans um efnahags- og viðskiptasamráð.

Á árunum 2013–2016 fóru fram samningaviðræður milli Bandaríkjanna og Evrópusambandsins um mjög víðtækan fríverslunarsamning, svokallaðar TTIP-viðræður (e. The Transatlantic Trade Investment Partnership). Nokkuð hafði miðað í samkomulagsátt en mörg ágreiningsmál voru þó óleyst. Sumarið 2018 lýstu ráðamenn í Bandaríkjunum og ESB yfir ætlun sinni að hefja aftur fríverslunarviðræður en miklu takmarkaðri að umfangi en TTIP-viðræðurnar og með áherslu á vöruviðskipti. Þær viðræður eru ekki langt á veg komnar. Ísland fylgist náið með þessum viðræðum bæði tvíhliða og í samstarfi með öðrum EFTA-ríkjum.

1.4. Kína.

Útflutningur frá Íslandi til Kína hefur aukist umtalsvert frá því að fríverslunarsamningur landanna tók gildi. Þannig var vöruútflutningur um 15,6 milljarðar kr. á árinu 2018 en 4,8 milljarðar kr. árið 2014. Hann hefur því þrefaldast á tímabilinu. Innflutningur frá Kína nam 73,2 milljörðum kr. árið 2018, samanborið við 51 milljarð kr. árið 2017, sem er ríflega 40% aukning milli ára. Vöruskiptajöfnuður við Kína var neikvæður um 57 milljarða kr. árið 2018. Þjónustujöfnuður við Kína var jákvæður um 7,3 milljarða kr. árið 2017. Fjöldi kínverskra ferðamanna til Íslands hefur jafnframt aukist umtalsvert en þeir voru um 67 þúsund árið 2016 og um 89 þúsund árið 2018.

Árið 2013 settu kínversk stjórnvöld reglur um að gera þyrfti sérstakar heilbrigðisúttektir vegna allra tegunda matvæla sem ekki höfðu áður verið fluttar til landsins. Í reynd hefur þessi löggjöf verið hindrun fyrir útflutning tiltekinna landbúnaðar- og sjávarútvegsvara til Kína. Ísland hefur lagt mikla áherslu á að ljúka vinnu við heilbrigðisúttektirnar með kínverskum stjórnvöldum. Á árinu 2018 var undirrituð bókun um


viðurkenningu heilbrigðisvottorða fyrir lambakjöt. Bókunin er nauðsynlegt skref í átt að frjálsari útflutningi á lambakjöti til Kína. Vinna við heilbrigðisúttektir á fiskimjöli og lýsi og eldisfiski stendur enn yfir.

Aukin viðskipti milli Íslands og Kína má að einhverju leyti rekja til nýrra viðskiptahátta og netvæðingar. Á árinu 2018 var skrifað undir samkomulag um aukið samstarf á sviði rafrænna viðskipta og vinnuhópur um netviðskipti var stofnaður. Samstarf um rafræn viðskipti er mikilvægt fyrir frekari framþróun viðskipta milli landanna. Jafnframt var undirritað samkomulag um stofnun vinnuhóps um jarðorku.

Vöruviðskipti við Kína

Upphæðir í milljónum króna

80.000




Heimild: Hagstofa Íslands

Þjónustuviðskipti við Kína

Upphæðir í milljónum króna

10.000



Heimild: Hagstofa Íslands

1.5. Japan.

Japan er mikilvægur útflutningsmarkaður fyrir Ísland. Viðskipti ríkjanna eiga sér langa sögu. Japanskir bílar hafa lengi verið vinsælir á Íslandi og aðrar innflutningsvörur líkt og hverflar sem notaðir eru til rafmagnsframleiðslu, auk annars vélbúnaðar. Útflutningur frá Íslandi til Japans nam 12,4 milljörðum kr. á árinu 2018 og Japan var í 11. sæti yfir mikilvægustu útflutningsríki Íslands. Helstu útflutningsvörur voru kísiljárn, frystar afurðir grálúðu, loðnu, hvals, karfa, makrils og síldar, æðardúnn, kísildíoxíð og lambakjöt. Japansmarkaður hefur um árabil verið einn af mikilvægustu útflutningsmörkuðum heimsins fyrir tiltekna sjávarafurðir.

Ísland hefur um nokkurra ára skeið sóst eftir að gera fríverslunarsamning við Japan. Fríverslunarsamningur er á milli ESB og Japans. Þá hefur Sviss eitt EFTA-ríkjanna gert fríverslunarsamning við Japan. Utanríkisráðherra lýsti áhuga Íslands á gerð fríverslunarsamnings á fundum með utanríkisráðherra Japans 29. maí 2018 í Japan og 19. október 2018 á Íslandi.

Íslensk stjórnvöld hafa sem fyrr lagt áherslu á gerð loftferðasamnings við Japan. Í janúar 2019 náðist samkomulag við japönsk flugmálayfirvöld sem greiðir fyrir beinu áætlunarflugi milli landanna auk frekari möguleika á leiguflugi. Jafnframt var ákveðið að fulltrúar þjóðanna ræddu áfram sín á milli um mögulegan loftferðasamning sín á milli. Ferðaþjónusta hefur aukist stöðugt á milli Íslands og Japans. Um 22 þúsund japanskir ferðamenn sóttu Ísland heim árið 2017 og um 2 þúsund Íslendingar fóru til Japans á sama tíma.

1.6. Rússland.

Þótt mikill samdráttur hafi orðið á útflutningi til Rússlands í kjölfar innflutningsbanns sem rússnesk yfirvöld settu á íslenska matvöru sumarið 2015 hafa nú skapast ný markaðstækifæri þar í landi. Nokkur íslensk fyrirtæki sem framleiða búnað fyrir matvæla- og fiskvinnslu og fiskveiðar starfa nú þegar á Rússlandsmarkaði eða selja tækni og búnað til rússneskra sjávarútvegs- og matvælafyrirtækja. Fyrir liggja verkefni til næstu ára um veiðar og vinnslu sem hlaupa á milljörðum króna.

Búið er að leggja drög að stofnun íslensks-rússnesks viðskiptavettvangs og yfir 30 fyrirtæki hafa lýst áhuga á þátttöku. Í samráði við Viðskiptaráð er þegar hafinn undirbúningur að stofnun rússnesks-íslensks viðskiptaráðs í kjölfarið.

1.7. Færeyjar.

Hoyvíkursamningurinn hefur verið grunnur að samskiptum Færeyja og Íslands frá árinu 2006. Markmiðið með honum var að koma á sameiginlegu efnahagssvæði á yfirráðasvæðum Íslands og Færeyja. Samningurinn kom í stað eldri hefðbundins fríverslunarsamnings frá árinu 1992.

Í upphaf árs 2018 tók ný fiskveiðilöggjöf gildi í Færeyjum en samkvæmt henni verður aðild útlendinga að útgerðarfélögum óheimil eftir 1. janúar 2025. Erlendum fjárfestum var gefinn sjö ára frestur til að losa um eignir sínar í Færeyjum. Þar sem löginn fara gegn ákvæðum Hoyvíkursamningsins um fjárfestingar óskuðu Færeyingar eftir endurskoðun samningsins með það fyrir augum að fella á brott heimildir fyrir íslenska aðila til að fjárfesta í færeyskum sjávarútvegi. Samkvæmt áður gildandi lögum máttu íslenskir aðilar eiga þriðjungshlut í færeyskum útgerðarfélögum. Færeyingar mega eiga fjórðungshlut í íslenskum útgerðarfélögum.

Ísland féllst á að semja um breytingar á Hoyvíkursamningnum til samræmis við nýju fiskveiðilöggjöfina, en þó með því skilyrði að fullt tillit yrði tekið til hagsmuna þeirra íslensku aðila sem byggt höfðu fjárfestingar sínar í færeyskum sjávarútvegi á heimildum samningsins. Þar sem engin lausn á deilunni fannst barst íslenskum stjórnvöldum tilkynning um uppsögn samningsins 31. desember 2018. Samningnum má segja upp með árs fyrirvara og tekur uppsögnin því gildi 1. janúar 2020. Réttindi fjárfesta sem leiða af samningnum halda gildi sínu í fimm ár eftir uppsögn samningsins.


Færeyjar eru markaður fyrir ýmsar landbúnaðarafurðir og iðnaðarvarning frá Íslandi. Við uppsögn samningsins leggjast tollar á innflutning til Færeyja, um 80–100 millj. kr. á ári. Aðallega snýr þetta að landbúnaðarvörum og ætla má að dragi úr þeim viðskiptum. Á móti kemur að um er að ræða tiltölulega lítinn útflutning, lambakjöt var til dæmis flutt út til Færeyja fyrir um 250 millj. kr. Færeyjar skipa sérstakan sess sem markaður fyrir neytendaafurðir og ýmsan iðnaðarvarning. Í þessum hópi má meðal annars telja óunnar og unnar kjötvörur, mjólkurafurðir, tilbúnar fiskafurðir og umbúðir fyrir sjávarútvegsfyrirtæki. Vegna nálægðar Færeyja og Íslands og vegna þess hversu líkur færeyski neytendamarkaðurinn er þeim íslenska er á vissan hátt hægt að segja að hann sé framhald af heimamarkaði íslenskra fyrirtækja. Þótt flókið sé að meta til fulls áhrif og ávinning fríverslunarsamninga sem þessa mætti halda því fram að einn stærsti ávinningurinn af samningnum sé sá að veita fyrirtækjum öryggi. Það auðveldar þeim að taka áhættu sem fylgir viðskiptum í öðru landi.

Uppsögn samningsins felur í sér að störf sameiginlegu Hoyvíkurnefndarinnar og Hoyvíkurráðsins verða lögð niður. Nauðsynlegt er að skoða samskipti við Færeyinga í því samhengi. Hoyvíkursamningurinn hefur reynst mikilvægur vettvangur fyrir samstarf þjóðanna á öðrum sviðum og hefur meðal annars myndað umgjörð um náð samstarf Íslands og Færeyja í ferðamálum, heilbrigðismálum og rannsóknarsamvinnu svo dæmi séu tekin. Færeyjar eru ekki með svo vídtækan fríverslunarsamning við neitt annað ríki en Ísland, þ.e. samning sem nær yfir vörur, þjónustu og fjárfestingar. Færeyjar hafa eingöngu gert fríverslunarsamninga um vörur við ESB, Noreg, Sviss, Tyrkland og nýlega við Bretland.

Árlegir fiskveiðisamningar hafa verið gerðir milli landanna frá árinu 1976. Með fiskveiðisamningum landanna er annars vegar skipst á aflaheimildum og hins vegar aðgangsheimildum, til veiða úr eigin kvóta í lögsögu hins. Undanfarið ár hafa aflaheimildir Færeyingar verið 5.600 tonn af botnfiski eins og þorski, ýsu og fleiri tegundum og 30 þúsund tonn af loðnu. Íslendingar hafa aftur á móti lítið nýtt aflaheimildir sínar, um 3 þúsund tonn af makríl og síld. Hins vegar hafa Íslendingar veitt úr eigin kvótum í færeyskri lögsögu undanfarið um 164 þúsund tonn af kolmunna og 11 þúsund tonn af síld en Færeyingar hafa lítið nýtt aðgangsheimildir sínar.

Vöruviðskipti við Færeyjar


Upphæðir í milljónum króna




Heimild: Hagstofa Íslands

Þjónustuviðskipti við Færeyjar

Upphæðir í milljónum króna



Heimild: Hagstofa Íslands



Myndin sýnir útflutning frá Íslandi og innflutning frá Færeyjum. (Heimild: Hagstofa Íslands, í millj. ísl. kr.)

1.8. Grænland.

Á fundi vestnorrænu ráðherranna í september síðastliðinn var meðal annars rætt um þríhliða samstarf landanna en hugmyndir um þríhliða viðskiptasamning milli Íslands, Færeyja og Grænlands hafa verið ræddar á þessum vettvangi undanfarin ár. Á árlegum fundi embættismanna Íslands og Grænlands, sem haldinn var í Nuuk í september 2018, var farið yfir samstarf Íslands og Grænlands á breiðum grundvelli, svo sem á sviði öryggis- og varnarmála, viðskiptamála og ferðamála. Starfshópur á sviði flugmála skilaði skýrslu um aukið samstarf á sviði flugumferðarmála á árinu. Uppbygging ferðamannaíðnaðar á Grænlandi er ofarlega á forgangslista heimamanna og slík uppbygging býður upp á margvísleg tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf.

Aðalræðisskrifstofan í Nuuk fylgist með þróun mála á þessum sviðum og leitast við að vera í góðu sambandi við Íslendinga sem tengjast rekstri á Grænlandi. Skrifstofan er í daglegum tengslum við stjórnsýslu og grænlenka stjórnámamenn, þingmenn og ráðherra.

Það var mikilvægur áfangi í samskiptum þjóðanna þegar grænlenk stjórnvöld opnuðu sendiskrifstofu á Íslandi í október 2018 og verður það án efa til að efla enn frekar samstarf Íslands og Grænlands.

2. EFTA (FRÍVERSUNARSAMTÖK EVRÓPU)

Eitt af meginverkefnum EFTA undanfarin ár hefur snúist um að gera nýja fríverslunarsamninga og viðhalda og uppfæa þá sem fyrir eru. Öll aðildarríki EFTA eru mjög háð utanríkisviðskiptum og greiðum aðgangi að mörkuðum annarra ríkja. Mikilvægi markaða utan ríkja ESB hefur aukist meðal annars vegna

aukins kaupmáttar í mörgum þessara ríkja og vegna greiðari samgangna. Mikilvægi fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna hefur aukist bæði vegna þessarar staðreyndar og vegna þess að þeim fjölgar stöðugt.

Fríverslunarsamningar sem Ísland er aðili að

Samningur	Undirritun	Gildistaka
EFTA-sáttmálinn	4.1.1960	3.5.1960
Fríverslunarsamningur Íslands og ESB	28.2.1972	1.4.1973
Samningur við Danmörku um viðskiptin við Grænland	31.1.1985	1.2.1985
EFTA-Tyrkland	10.12.1991	13.7.1992
EFTA-Ísrael	17.9.1992	1.8.1993
EES-samningurinn	2.5.1992	1.1.1994
EFTA-Palestína	30.11.1998	1.7.1999
EFTA-Marokkó	19.6.1997	1.12.1999
EFTA-Mexíkó	27.11.2000	1.10.2001
EFTA-Makedónía	19.6.2000	1.8.2002
EFTA-Jórdanía	21.6.2001	1.9.2002
EFTA-Singapúr	27.6.2002	1.1.2003
EFTA-Chile	26.6.2003	1.12.2004
EFTA-Túnís	17.12.2004	1.6.2005
EFTA-Suður-Kórea	15.12.2005	1.9.2006
Hoyvíkur-samningurinn	31.8.2005	1.11.2006
EFTA-Líbanon	24.6.2004	1.1.2007
EFTA-Egyptaland	27.1.2007	1.8.2007
EFTA-SACU	26.6.2006	1.5.2008
EFTA-Kanada	26.1.2008	1.7.2009
EFTA-Albanía	17.12.2009	1.10.2011
EFTA-Perú	24.6.2010	1.10.2011
EFTA-Serbía	17.9.2009	1.10.2011
EFTA-Úkraína	24.6.2010	1.6.2012
EFTA-Hong Kong	21.6.2011	1.10.2012
EFTA-Svartfjallaland	14.11.2011	1.10.2012
Fríverslunarsamningur Íslands og Kína	15.4.2013	1.7.2014
EFTA-GCC	22.6.2009	1.7.2014
EFTA-Mið-Ameríkuríkin	24.6.2013	5.9.2014
EFTA-Kólumbía	25.11.2008	1.10.2014
EFTA-Bosnía og Hersegóvína	24.6.2013	1.1.2015
EFTA-Georgía	27.6.2016	1.9.2017
Samningur Íslands og ESB um viðskipti með landbúnaðarvörur	17.9.2015	1.5.2018
EFTA-Filippseyjar	28.4.2016	Ekki enn í gildi
EFTA-Ekvador	25.06.2018	Ekki enn í gildi
EFTA-Indónesía	16.12.2018	Ekki enn í gildi

EFTA hefur gert 29 fríverslunarsamninga við 40 ríki utan ESB og 26 þeirra hafa tekið gildi gagnvart Íslandi. Á þessu löggjafarþingi var samþykkt þingsályktunartillaga um fullgildingu heildarsamnings um efnahagslega samvinnu milli EFTA-ríkjanna og Ekvadors og lögð hefur verið fram þingsályktunartillaga um fullgildingu fríverslunarsamningsins milli EFTA-ríkjanna og Filippseyja. Á næsta löggjafarþingi er gert ráð fyrir að lögð verði fram tillaga til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamningsins milli EFTA-ríkjanna og Indónesíu, sem skrifað var undir í desember 2018.

Viðræður standa yfir um gerð fríverslunarsamninga við Indland, Malasíu, Víetnam og Mercosur-ríkin: Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ. Þá stendur til að hefja fríverslunarviðræður fljótlega við Moldavíu, Kósovó og líklega Pakistan. Fríverslunarviðræðurnar við Indland hafa staðið yfir með hléum frá árinu 2008. Viðræðurnar hafi verið torsóttar en þeim miðaði í rétta átt þegar hlé var gert á viðræðunum vegna yfirstandandi kosninga á Indlandi.

EFTA-ríkin miða alltaf að því að fá að minnsta kosti sambærilegan markaðsaðgang og aðrir viðsemjendur viðkomandi ríkis og þá sérstaklega ef um er að ræða samning við ESB-ríkin. Stundum hefur þetta orðið til þess að viðræður í einstökum fríverslunarsamningum hafa tekið lengri tíma en ella. Þetta á til dæmis við um fríverslunarviðræðurnar við Malasíu og Víetnam, sem annars eru vel á veg komnar. Fríverslunarviðræður EFTA-ríkjanna og Mercosur-ríkjanna hófust árið 2017. Viðræðurnar hafa farið nokkuð vel af stað á mörgum sviðum. Talsmenn Mercosur-ríkjanna hafa hins vegar miklar væntingar um að fá umtalsverðan tollfrjálsan kvóta fyrir kjöt og þá sérstaklega nautakjöt. Búast má við því að það mál verði mjög snúið í viðræðunum.

Á undanförunum árum hafa samningaviðræður bæði um nýja fríverslunarsamninga og uppfærslu þeirra eldri orðið tímafrekari og flóknari en oft áður. Ástæðan er einkum sú að EFTA-ríkin og viðsemjendur EFTA hafa mismunandi áherslur sem oft er erfitt að samræma. Þetta á meðal annars við um markaðsaðgang með landbúnaðarvörur, þjónustuviðskipti og hugverkarétt. Viðræður um uppfærslu fríverslunarsamninganna við Kanada og Mexíkó eru dæmi um þetta.

Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu á uppfærðum fríverslunarsamningi milli EFTA-ríkjanna og Tyrklands var samþykkt á þessu löggjafarþingi. Þá eru viðræður EFTA-ríkjanna og tollabandalags Suður-Afríku um uppfærslu fríverslunarsamnings ríkjanna langt komnar en í tollabandalaginu eru Suður-Afríka, Botswana, Lesótó, Namibía og Esvatíní (áður Svasíland). Vonast er til að viðræður um uppfærslu á fríverslunarsamningnum við Chile geti hafist sem fyrst.

Samningaviðræður EFTA-ríkjanna við Rússland, Hvíta-Rússland og Kasakstan eru í biðstöðu um ótiltekinn tíma. Áhugi er á því hjá EFTA-ríkjunum að hefja aftur fríverslunarviðræður við Taíland þegar aðstæður leyfa.

Unnið er að því meðal EFTA-ríkjanna að uppfæra texta sem nota á í samningaviðræðum um sjálfbæra þróun. Að frumkvæði Íslands var ákveðið í mars á þessu ári að taka upp ákvæði um jafnrétti í fríverslunarsamningum EFTA.

3. TVÍHLIÐA VIÐSKIPTASAMNINGAR

3.1. Almenn.

Ýmsir tvíhliða viðskiptasamningar stuðla að því að greiða götu fyrirtækja og einstaklinga og styrkja viðskiptaumhverfið á erlendum mörkuðum, svo sem loftferðasamningar, fjárfestingarsamningar og tvísköttunarsamningar. Utanríkisráðuneytið vinnur í nánú samstarfi við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið við gerð þessara samninga en hin síðarnefndu bera ábyrgð á framkvæmd þeirra. Flestir fríverslunarsamningar eru gerðir í samstarfi við hin EFTA-ríkin (Liechtenstein, Noreg og Sviss) en Ísland hefur gert tvíhliða fríverslunarsamninga við Kína og Færeyjar og hefur jafnframt óskað eftir tvíhliða fríverslunarsamningi við Japan. Árið 2018 var undirritað samkomulag milli Íslands og Japans um tímabundin atvinnuleyfi ungs fólks. Aukinn kraftur hefur verið lagður í gerð samninga um tímabundið atvinnuleyfi ungs fólks, meðal annars við Ástralíu og Nýja-Sjáland.

Loftferðasamningar



3.2. Loftferðasamningar.

Flugiðnaðurinn er ein mikilvægasta atvinnugrein landsins. Vaxandi umsvif íslenskra flugrekenda hafa kallað á aukna áherslu á gerð tvíhliða loftferðasamninga. Misjafnt er hversu víðtæk réttindi kveðið er á um í loftferðasamningum Íslands, en auk gagnkvæmra heimilda til farþega- og farmflugs milli samningsríkja veita margir samningar heimild til millilendinga í þriðja ríki, heimildir til fraktflugs til og frá þriðju ríkjum og viðkomandi samningsríkis án viðkomu í skráningarríki.

Með ört vaxandi umsvifum íslenskra flugrekenda er orðið enn mikilvægara en áður að gera nýja eða uppfæra eldri tvíhliða loftferðasamninga. Veruleg aukning ferðapjónustunnar hér á landi á undanförunum árum hefði ekki verið möguleg án mikillar fjölgunar flugferða íslenskra flugrekenda til og frá landinu. Þá er viðleitni þeirra til að byggja Keflavíkurflugvöll upp sem alþjóðlega miðstöð fyrir flugferðir mikilvægt framlag til hagsældar hér á landi.

Heildarvelta innan flugiðnaðarins nam 275,9 milljörðum kr. árið 2017. Það er því hagsmunamál fyrir Ísland að vítt net loftferðasamninga tryggi flugrekendum sem greiðastan aðgang að alþjóðamörkuðum. Að sama skapi tryggja opnir og víðtækir loftferðasamningar flugrekendum annarra ríkja heimildir til áætlunarflugs hingað til lands en yfir 26 erlendis flugrekendur stunda áætlunarflug til Íslands.

Ísland hefur á liðnum árum gert fjölda loftferðasamninga sem veita víðtækar heimildir til viðskiptaflugs. Þá hafa íslensk stjórnvöld sótt flestar samningaráðstefnur á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (International Civil Aviation Organization, ICAO).

Loftferðasamningum Íslands hefur fjölgað ört undanfarin ár. Alls hefur Ísland gert samninga og viljayfirlýsingar sem veita heimildir til viðskiptaflugs til 110 ríkja. Þá eru heimildir til flugs milli ríkja á innri markaði ESB á grundvelli EES-samningsins (og Vaduz-samningsins að því er varðar Sviss), eins og um innanlandsflug væri að ræða.

Stefnt er að því að semja við ríki sem vitað er að íslenskir flugrekendur hafa mikinn áhuga á. Einnig er stefnt að því að uppfæra gildandi samninga eftir því sem þörf er á og fullgilda undirritaða samninga. Þá hefur Ísland sóst eftir að gerast aðili að fleiri loftferðasamningum ESB við þriðju ríki. Sú viðleitni hefur hins vegar ekki skilað miklum árangri að undanförunu.

Viðræður milli Íslands og Rússlands um tvíhliða loftferðamál hófust árið 2017 og undir árslok 2018 féllu rússnesk stjórnvöld frá kröfu um að íslenskir flugrekendur sem vilja nota Síberíuflugleiðina haldi jafnframt uppi beinu áætlunarflugi til áfangastaðar í Rússlandi. Með þessari ákvörðun hefur að vissu marki verið greitt fyrir viðræðum íslenskra flugfélaga við viðkomandi aðila um notkun Síberíuflugleiðarinnar. Íslensk flugfélög

sem vilja fá leyfi til yfirflugs munu nú þurfa að semja um yfirflugsgjöld við viðkomandi aðila til að geta hafið flug til Asíu yfir Rússland.

Utanríkisráðuneytið hefur um nokkurt skeið óskað eftir því við japönsk stjórnvöld að hefja viðræður um gerð loftferðasamnings. Á fundum utanríkisráðherra ríkjanna árið 2018, bæði á Íslandi og í Japan, voru loftferðamál ítrekað tekin upp og í ársbyrjun 2019 náðist samkomulag sem greiðir fyrir beinu áætlunarflugi milli ríkjanna og frekari möguleikum á leiguflugi. Jafnframt var ákveðið að löndin skyldu ræða áfram um mögulegan loftferðasamning sín á milli.

Gengið hefur verið frá textum loftferðasamninga að miklu leyti við mörg ríki, en sem dæmi má nefna að samningar við Georgíu, Úkraínu og Mexíkó eru langt komnir. Á loftferðasamningarárdstefnu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) í Naróbí í desember 2018 voru undirritaðir loftferðasamningar við Jamaíku, Tyrkland, Rúanda og Búrkinó Fasó.

3.3. Fjárfestingarsamningar.

Fjárfestingasamningar milli ríkja gegna fyrst og fremst því hlutverki að vernda fjárfesta og fjárfestingar þeirra á erlendri grund þannig að þeir njóti lögbundinna réttinda í því ríki þar sem þeir fjárfesta og geti gætt hagsmuna sinna gagnvart dómstólum. Fjárfestingasamningar ýta því undir og stuðla að fjárfestingum milli landa. Á undanförunum árum hefur áhugi íslenskra stjórnvalda og atvinnurekenda á því að gera fleiri tvíhliða fjárfestingasamninga við önnur ríki aukist. Alþingi samþykkti þingsályktun um gerð samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga 16. mars 2011 þar sem utanríkisráðherra var falið að móta stefnu varðandi gerð fjárfestingasamninga við önnur ríki. Stefnan var birt sem hluti af skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis í apríl 2012. Þar koma fram eftirtaldir áherslur:

- Gerðir skulu fjárfestingasamningar við ríki sem hafa vaxið hratt að undanförunum og þar sem ætla má að viðskiptatækifærum fjölgi á næstunni.
- Þá skulu gerðir samningar við ríki sem nú þegar eiga í viðskiptum eða samstarfi við íslenska aðila og fjármagnshreyfingar á milli ríkjanna koma við sögu.
- Loks skulu gerðir samningar við ríki sem hafa gert fríverslunar-, tvísköttunar- eða loftferðasamning við Ísland til að gæta enn frekar þeirra hagsmuna sem felast í þeim samningum.

Ísland hefur gert ellefu fjárfestingasamninga við önnur ríki, þar af við níu ríki í tvíhliða samningum og við tvö ríki sem hluta af fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna. Í fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna er í sumum tilvikum ákvæði um stofnfjárfestingar og vernd fjárfestinga. Í þeim tilvikum er ekki talin ástæða til að gera sérstakan fjárfestingasamning milli viðkomandi ríkja.

3.4. Tvísköttunarsamningar.

Fjöldi tvísköttunarsamninga sem Ísland hefur gert og komnir eru til framkvæmda eru 39 talsins við 44 ríki. Tveir nýir samningar hafa verið áritaðir en eru í endurskoðun vegna breytinga sem gerðar hafa verið á tvísköttunarmódeli OECD, annars vegar nýr samningur við Búlgaríu og hins vegar endurskoðaður samningur við Þýskaland. Einn nýr samningur var fullgiltur á árinu 2018, við Japan, en samningurinn var undirritaður í Reykjavík í janúar 2018. Samningurinn kom til framkvæmda 1. janúar 2019 og með honum er stigið mikilvægt skref í viðskiptum Íslands og Japans. Unnið er að gerð tvísköttunarsamnings við Singapúr, Chile og Ísrael. Til stóð að hefja viðræður við Makedóníu, en að ósk þeirra var þeim frestað. Fyrirhugaðar eru viðræður við Nýja-Sjáland um gerð tvísköttunarsamnings.

Langtímamarkmið samninganefndar um tvísköttunarmál hefur verið að ljúka samningagerð við öll aðildarríki OECD auk fleiri ríkja í Evrópu, einkum þó við ESB- og EFTA-ríkin. Af 35 aðildarríkjum OECD eru samningar við 30 ríki í höfn, en fimm standa eftir; Ástralía, Chile, Ísrael, Nýja-Sjáland og Tyrkland. Leitast hefur verið eftir formlegum og óformlegum viðræðum við framangreind ríki.

Staðlaður samningur sem Ísland styðst við í viðræðum um tvísköttunarmál var uppfærður af fjármála- og efnahagsráðuneytinu árið 2018.

Í ljósi þess hversu langan tíma tekur að hefja samningaferli er nauðsynlegt að horfa til að minnsta kosti þriggja til fjögurra ára í senn við gerð samningaáætlunar.

Áætlun um gerð tvísköttunarsamninga árin 2018-2020

OECD ríki	Evrópa	Önnur ríki
Ástralía	Makedónía*	Suður-Afríka
Chile	Montenegró*	Singapore
Ísrael	Serbía*	Indónesía
Nýja-Sjáland	Bosnía/Herzegovina**	
Tyrkland	Kósavó**	

* Þessi ríki eru umsóknarríki Evrópasambandsins

** Þessi ríki eru á lista Evrópasambandsins yfir hugsanleg umsóknarríki

4. VIÐSKIPTAÞJÓNUSTA OG ALÞJÓÐLEGT MENNINGARSAMSTARF

4.1. Viðskiptaþjónusta undir merkjum „Team Iceland“.

Allar tvíhliða sendiskrifstofur og viðskiptaþjónustan með 12 viðskiptafulltrúa að störfum sinntu hátt í 20 þúsund viðskiptatengdum fyrirspurna á árinu og þar eru ferða- og áritanamál mest áberandi. Sendiráðin skipulögðu einnig mörg hundruð viðburði sem tengjast orðspori Íslands, viðskiptum og menningarmálum. Viðskiptaþjónustan vinnur náið með Íslandsstofu.

Viðskiptaþjónustan hefur það hlutverk að veita fyrirtækjum úti á mörkuðum ráðgjöf, byggja upp tengslanet og þekkingu og styðja með þeim hætti við aukinn útflutning á vöru og þjónustu. Viðskiptaþjónustan svarar fyrirspurnum fyrirtækja um viðskiptatækifæri, gerir markaðsrannsóknir, leitar að samstarfs- og dreifiaðilum, undirbýr þátttöku fyrirtækja í söluviðburðum, ráðstefnum, námskeiðum, vinnustofum og á viðskiptafundum. Hún veitir fjölbreytta ráðgjöf, þar á meðal um menningarmun í viðskiptum, lagaleg atriði og regluverk. Þjónustan getur orðið tæknileg og fer sem dæmi inn á málefni á borð við tollamál, markaðsleyfi á vörum, samkeppnishæfni og reglugerðir um merkingu vöru, svo dæmi séu tekin. Jafnframt sinna sendiherrar og viðskiptafulltrúar erindrekstri fyrir fyrirtæki gagnvart stjórnvöldum þegar þörf krefur, einkum á fjarlægum mörkuðum. Viðskiptaþjónustan kynnir Ísland sem viðskipta- og fjárfestingarkost og fylgist með þróun á mörkuðum og miðlar upplýsingum um tækifæri í viðskiptum til fyrirtækja á Íslandi. Viðskiptafulltrúi sinnir einnig viðburðum og kynningum á sviði viðskiptamála, auk þess sem norrænt samstarf, einkum á sviði nýsköpunar og hátækni, fer vaxandi. Að auki studdu ólaunaðir kjöræðismenn Íslands við íslensk fyrirtæki, ekki síst á fjarlægum mörkuðum.

Nýverið var unnin innri greining ráðuneytisins á viðskiptaþjónustunni, sem var liður í langtímastefnumótun Íslandsstofu um sókn á markaði. Nú er unnið að hugmyndum um þróun og eflingu viðskiptaþjónustunnar, einkum á fjarlægum mörkuðum í Asíu og á vesturströnd Bandaríkjanna en einnig á nærmörkuðum í Evrópu. Á liðnu ári var einnig haldið áfram að efla liðsheild viðskiptafulltrúanna með ýmsum hætti undir merkjum Team Iceland.

4.2. Ný sóknarfæri.

Á árinu opnuðust tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki að nýta sér fjármagn og stuðning á vegum Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar, Uppbyggingarsjóðs EES og nýrra samstarfssjóða utanríkisráðuneytisins og atvinnulífsins til að fylgja eftir heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna í þróunarlöndum.

4.3. Norrænt samstarf og fjármagn til fyrirtækja í nýsköpun og hátækni.

Viðskiptafulltrúarnir í New York, Peking, Tókýó og Berlín lögðu fram hundruð vinnustunda í stuðning við þátttöku Íslands í norrænum nýsköpunarverkefnum á árinu. Norræna nýsköpunarmiðstöðin (Nordic Innovation) í Osló setur 1 milljarð norskra kr. í verkefni á borð við Nordic Innovation Houses, Nordic Welfare Solutions og Nordic Sustainable Cities/Nordic Smart City Solutions í Asíu, Norður-Ameríku og Evrópu. Komíð hefur verið á fót norrænum nýsköpunarsetrum í New York, Paolo Alto í Kaliforníu, Hong Kong og Singapúr og fyrirhugað er að opna fleiri. Ísland er aðili að þessu samstarfi, sem getur flýtt fyrir aðgengi íslenskra frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja inn á spennandi markaði í samfloti við önnur norræn fyrirtæki. Stýrihópur utanríkisráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, Íslandsstofu, Nýsköpunarmiðstöðvar

og Samtaka iðnaðarins var stofnaður í mars síðastliðnum, en markmið hans er að móta skýrari stefnu um það hvernig má nýta norræn verkefni og sjóði enn betur í þágu sóknar íslenskra fyrirtækja á markaði, auk þess sem stýrihópurinn veitir sendiráðunum og viðskiptafulltrúunum stuðning í þessum verkefnum og annast öflugri kynningu á nýjum tækifærum fyrir viðskiptalífnið heima fyrir.

Hvað gerir viðskiptafulltrúi?

Allar tvíhliða sendiskrifstofur í Asíu, Evrópu og Norður-Ameríku sinna þjónustu við atvinnulífnið en að auki starfa 12 sérstakir viðskiptafulltrúar á 11 sendiskrifstofum. Dagleg starfsemi felst í að kynna Ísland, vörumerki, vöru og þjónustu ásamt því að veita viðskiptaþjónustu og ráðgjöf til fyrirtækja úr öllum atvinnugreinum og viðskiptaþróun á markaði, svo sem gerð markaðsáætlana og markaðsrannsóknna, ráðstefnur, vörusýningar og fundi, með markaðsherferðum og með því að veita söluaðstoð og fleira. Viðskiptafulltrúar búa yfir staðgóðri þekkingu á mörkuðum, reynslu og tengslaneti. Viðskiptafulltrúar geta opnað dyr fyrir fyrirtækin og greitt úr vandamálum gagnvart stjórnvöldum og opinberum stofnunum, sem er algengt, ekki síst á fjarlægum mörkuðum eins og í Kína og á Indlandi. Sumir viðskiptafulltrúar annast starfsemi viðskiptaráða (e. Chambers of Commerce) úti á mörkuðum eins og í Bandaríkjunum, Kanada og Japan og aðrir stýra sérstökum markaðsverkefnum á borð við *Iceland Naturally* verkefnið í Norður Ameríku og *Made in Iceland* verkefnið í Kína. Viðskiptafulltrúarnir vinna náið með ráðuneytinu og Íslandsstofu og aðstoða við þátttöku íslenskra fyrirtækja í vörusýningum á öllum sviðum. Viðskiptafulltrúar sinna einnig samnorrænum sóknarverkefnum á sviði nýsköpunar og hátækni. Þeir undirbúa einnig tvíhliða viðskiptasamráðsfundi stjórnvalda, bæði ráðherra og embættismanna og aðstoða við skipulagningu viðskiptasendinefnda.

4.4. Þróunarsamvinna og viðskipti

Mikil áhersla stjórnvalda er á þróunarsamvinnu sem er stærsti útgjaldaliður til utanríkismála. Á árinu var veglegum nýjum sjóði ýtt úr vör sem styður við íslensk fyrirtæki sem hyggja á samstarf í þróunarlöndum undir merkjum heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Í fyrsta sinn var skipaður sendiherra með víðtækan bakgrunn á sviði viðskiptamála, með aðsetur í Kampala, en áður hafði sendiráðið verið leitt af forstöðumanni á sviði þróunarsamvinnu. Umdæmi sendiráðsins var sömuleiðis útvíkkað til fimm annarra ríkja í álfunni, ekki síst þar sem íslensk fyrirtæki í jarðvarmageiranum eru að hasla sér þar völl.

4.5. Viðskipti og kjöræðismenn Íslands.

Á árinu hefur verið lagður grunnur að aukinni upplýsingamiðlun til 230 kjöræðismanna Íslands í þágu viðskiptasóknar, ekki síst á fjarlægum mörkuðum. Unnið verður að því með Íslandsstofu, Viðskiptaráði og fleiri aðilum að koma á framfæri upplýsingum á ensku um áherslur íslenskra fyrirtækja á sókn á markaði og miðla þeim til kjöræðismanna. Fyrirhugað er að nýta ræðismannaráðstefnu á Íslandi næsta haust til að virkja samstarfið við þessa góðu fulltrúa Íslands enn betur í þágu aukins útflutnings og fjárfestinga.

4.6. Iceland Naturally – 20 ár af árangursríkri sókn á Bandaríkjamarkað.

Aðalræðisskrifstofa Íslands í New York í samstarfi við Íslandsstofu skipuleggur tugi verkefna og kynningu á hverju ári á vegum Iceland Naturally. Þar er komið á framfæri annars vegar íslenskum vörum og þjónustu fyrirtækja sem eiga aðild að verkefninu og hins vegar íslenskri menningu og Íslandi sem áfangastað. Hluti af þessum verkefnum eru hátíðir sem ganga undir nafninu Taste of Iceland, haldnar í mismunandi borgum í Bandaríkjunum og Kanada. Á fullveldisárinu var Taste of Iceland haldin í sex borgum og vert að minnast á Seattle í því samhengi en þar var efnt til níu viðburða. Þar á meðal var matarkynning á veitingahúsi Tom Douglas, tónlistarhátíð með KEXP og ÚTÓN undir merkjum Reykjavík Calling, bókamenntaviðburður í boði Elliot Bay Book Company, hönnunarviðburður í samstarfi við Hönnunarmiðstöð, Mithun og American Institute of Architects, kvikmyndahátíð og ráðstefna um nýsköpun í orkugeiranum með Landsvirkjun, Seattle CleanTech Alliance og Washington State Department of Commerce. Þakka má verkefninu samstarf við KEXP í Seattle, eina þekktustu útvarpsstöð Bandaríkjanna, sem hefur ár hvert verið með beina útsendingu í fjóra daga í útvarpi og á samfélagsmiðlum frá Iceland Airwaves-tónlistarhátíðinni í Reykjavík frá árinu 2009. Útvarpsstöðin á eitt stærsta safn tónlistarmyndbanda með íslenskum hljómsveitum og yfir 60 milljónir manna hafa horft á þau.

5. ÍSLANDSSTOFA

5.1. Almenn.

Ný lög um Íslandsstofu, sjálfseignarstofnun, tóku gildi í lok júní 2018. Markmið þeirra er að skerpa ábyrgð atvinnurekenda á stefnumótun og framkvæmd markaðssetningar Íslands og enn fremur á þjónustu við sókn fyrirtækja á alþjóðamarkaði. Ný stjórn Íslandsstofu tók til starfa 1. september síðastliðinn og var nýr framkvæmdastjóri með mikla reynslu af alþjóðlegu markaðsstarfi ráðinn mánuði síðar. Nýtt skipulag var kynnt í nóvember með það að markmiði að gera Íslandsstofu kleift að sinna hlutverki sínu enn betur en áður undir merkjum þriggja sviða sem eru: útflutningur, fjárfestingar og áfangastaðurinn. Undanfarna mánuði hefur Íslandsstofa unnið að undirbúningi langtímastefnumótunar um nýja alþjóðlega sókn Íslands á markaði, sem grundvallast á samstilltu átaki atvinnurekenda og stjórnvalda. Sú vinna byggist á tvennu. Annars vegar á vandaðri og umfangsmikilli greiningu á samkeppnishæfni og sóknarfærum íslenskra fyrirtækja úti á mörkuðum. Í þeirri vinnu hefur verið horft til tillagna í skýrslum á borð við „Útanríkisþjónusta til framtíðar: Hagsmunagæsla í sibreytilegum heimi“ frá 2017 og „Áfram Ísland: Endurskoðun á stefnumörkun og skipulagi útflutningsþjónustu og markaðsstarfs“ frá 2015. Hins vegar er stefnt á áframhaldandi skoðun á stuðningskerfinu heima fyrir og úti á mörkuðum. Í þeirri vinnu hefur komið í ljós að mikilvægt er að úti á mörkuðum séu net viðskiptafulltrúa þar sem hver og einn býr yfir mikilli reynslu og þekkingu á sviði markaðsmála, tengslaneti við fyrirtæki og fjárfesta og hefur frumkvæði að því að styðja sem best við fyrirtækin þegar þangað er komið.

Áfram verður unnið að mótun langtímastefnunnar sem lögð verður fyrir útflutnings- og markaðsráð til samþykktar. Ráðið er leitt af utanríkisráðherra en fulltrúar þess eru tilnefndir af atvinnurekendum og stjórnvöldum, þar á meðal ráðherra atvinnuvega- og nýsköpunar, mennta- og menningarmála, sjávarútvegs- og landbúnaðarmála og umhverfismála. Þess er vænst að ofangreindar breytingar tryggi skýra forgangsröðun markaðssetningar Íslands og útflutningsviðskipta, markvissari stuðning við sókn fyrirtækja á alþjóðamarkaði og raunverulegan og mælanlega aukinn útflutning á vöru og þjónustu í náinni framtíð og til lengri tíma lítið.

Samkomulag ráðuneytisins og Viðskiptaráðs Íslands/ alþjóðlegu viðskiptaráðanna.

Í nóvember 2018 undirritaði utanríkisráðherra samstarfssamning við alþjóðlegu viðskiptaráðin (millilandaráðin) sem starfa innan vébanda Viðskiptaráðs Íslands um samstarf á sviði utanríkisviðskipta. Með samningnum er lagður formlegur grundvöllur að áralöngu samstarfi millilandaráðanna og utanríkisráðuneytisins á sviði utanríkisviðskipta. Markmið samkomulagsins er að koma á öflugu heildarsamstarfi utanríkisþjónustunnar og millilandaráðanna ásamt því að vinna sameiginlega að hagsmunum íslensks atvinnulífs á markaðssvæðum hvers millilandaráðs með það að leiðarljósi að auka útflutningsviðskipi Íslands og gjaldeyrisöflun.

6. ALÞJÓÐLEGT MENNINGARSTARF

6.1. Almenn.

Lögum samkvæmt er eitt af þremur meginhlutverkum utanríkisþjónustunnar að sinna menningarhagsmunum Íslands á alþjóðavísu. Menning og listir eiga stóran þátt í góðu og jákvæðu orðspori Íslands og geta þar af leiðandi tryggt alþjóðlega samkeppnishæfni skapandi og framsækins atvinnulífs á Íslandi. Íslenskt hugvitsfólk og listamenn eru æ oftar til umfjöllunar í alþjóðlegum fjölmiðlum. Þetta skapar traust og áhuga á Íslandi og býr þannig í haginn fyrir Íslendinga sem starfa eða eru við nám erlendis, svo og fyrir íslensk fyrirtæki. Eftir því sem listafólki okkar gengur betur á alþjóðavísu eykst eftirspurnin eftir samstarfi. Menningin verður sífelld mikilvægari þáttur í starfsemi sendiskrifstofa. Þessi þáttur er allt að þriðjungur af starfsemi tvíhliða sendiskrifstofa eins og sjá má í sérstakri umfjöllun um starfsemi sendiskrifstofanna í VI. kafla þessarar skýrslu.

Útanríkisþjónustan sinnir fjölbreyttu menningarsamstarfi. Heima fyrir svarar ráðuneytið fjölda fyrirspurna um samstarf á þessu sviði og á samráð við mennta- og menningarmálaráðuneytið og kynningarmiðstöðvar um alþjóðlegt menningarsamstarf. Tvíhliða sendiskrifstofur Íslands í Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu svöruðu tæplega tvö þúsund fyrirspurnum á sviði menningar og lista á árinu 2018 og komu með beinum hætti að framkvæmd á fjórða hundrað menningarviðburða. Um er að ræða stuðning við skipulagningu og framkvæmd viðburða á öllum sviðum, svo sem bókmenntakynningar, tónleikahald og þátttöku íslenskra listamanna á hátíðum og kaupstefnum á öllum sviðum menningar og lista.

6.2. Samkomulag um samstarf á sviði menningarmála á árinu 2018.

Utanríkisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra undirrituðu samkomulag í mars í fyrra um samstarf ráðuneytanna við stefnumótun og framkvæmd menningarstarfs Íslands erlendis. Markmið ráðuneytanna er að gæta menningarhagsmuna Íslands og kynna sérstöðu íslensks menningararfs, auka gagnkvæm menningarsamskipti við fjarlæg menningarsvæði og styðja sem best við íslenska listamenn á alþjóðlegum vettvangi. Ákveðið var að starfræktur yrði starfshópur með fulltrúum ráðuneytanna sem fundaði reglulega og hefði það meginhlutverk að eiga samráð við kynningarmiðstöðvar lista og skapandi greina og aðra leiðandi aðila um stefnumótun og framkvæmd alþjóðlegs menningarstarfs. Að höfðu samráði við kynningarmiðstöðvar lista og skapandi greina fjallar starfshópurinn um starfsáætlanir sendiskrifstofa á sviði menningarmála og gerir tillögu um fjárframlag, um óskir erlendra menningarstofnana og alþjóðlegra hátíða, um samstarf við Ísland og fjármögnun þátttöku Íslendinga. Ráðuneytin skuldbundu sig í samkomulaginu til að afmarka hvort um sig fjárhagsramma til fjármögnunar menningarstarfsemi á vegum sendiskrifstofa Íslands, sem byggist á samstarfi við innlenda og erlenda samstarfsaðila á sviði menningar og skapandi greina.

Ísland á HM – orðsporsverkefni sendiráða um allan heim.

Sendiskrifstofur Íslands víða um heim nýttu vel þátttöku Íslands í Heimsmeistaramóti karla í knattspyrnu til að kynna Ísland og íslensk málefni fyrir alþjóðlegum fjölmiðlum. Efnit var til sérstakrar menningarkynningar í Moskvu, sem sendiráðið skipulagði með fjölmörgum samstarfsaðilum. Auk þess settu sendiráðin í Berlín, Kaupmannahöfn, Osló og London upp stuðningsmannasvæði þar sem leikir landsliðsins voru sýndir í beinni útsendingu og þangað var alþjóðlegum blaðamönnum og almennungi í gistiríkjum boðið og efnit til menningarviðburða af ýmsu tagi. Í VI. kafla í þessari skýrslu má lesa nánar um sendiskrifstofur Íslands og viðburðina sem þær hafa staðið fyrir. Mikil áhersla var lögð á að Ísland yrði með samræmd skilaboð og enn fremur að íslenskum fyrirtækjum stæði til boða að nýta viðburðina til að selja og kynna íslenska vöru og þjónustu. Í þeim tilgangi var komið á teymi upplýsinga- og kynningarmála þvert á ráðuneyti ásamt Íslandsstofu heima á Íslandi sem útbjó sameiginlegt kynningarefni fyrir sendiskrifstofur. Þær nýttu sér það efni til að vekja athygli fjölmiðla á Íslandi og skipulögðu viðburði í tengslum við leiki landsliðsins. Talið er að um 3,6 milljarðar manna hafi fylgist með keppninni.

6.3. Menningarhandbók.

Lokið var við gerð *Menningarhandbókar utanríkisþjónustunnar á árinu*. Handbókin, sem samin var í samráði við kynningarmiðstöðvar, á að tryggja faglega og samræmda framkvæmd menningarstarfsins erlendis auk þess sem hún hefur að geyma upplýsingar um helstu samstarfsaðila, hátíðir og sjóði á þessu sviði á Íslandi.

6.4. Fullveldið – orðsporsverkefni.

Í tilefni af hundrað ára fullveldisafmæli Íslands skipulögðu sendiskrifstofur á fjórða hundrað viðburði, svo sem menningarviðburði, málþing, fundi og móttökur með þátttöku háttsettra opinberra aðila frá Íslandi og hlutaðeigandi gistiríkjum. Komið var á framfæri sögum af árangri Íslands á liðinni öld við fjölmiðla og þannig sköpuð jákvæð mynd af landi og þjóð. Inn í þessa dagskrá fléttuðust einnig kynningarviðburðir í tengslum við þátttöku íslenska karlalandsliðsins á Heimsmeistaramótinu í knattspyrnu sem fór fram víða og þar á meðal á vegum sendiráðs okkar í Moskvu í júní í fyrra.

Sendiskrifstofur nýttu hvert tækifæri til að fjalla um fullveldið og kynna Ísland í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum bæði erlendis og heima fyrir. Sendiráðin hafa nýtt rafrænt kynningarefni fullveldisins og skilaboð sem þróuð voru hér heima af utanríkisráðuneytinu og Íslandsstofu. Megináhersla var að senda einföld og sterk skilaboð þar sem sagðar voru jákvæðar sögur frá Íslandi af jafnréttismálum, orkumálum, sjávarútvegsmálum, af nýsköpun, menningu og listum, af íslenskrri tungu og auðvitað af íþróttum, einkum knattspyrnu. Oft var um að ræða menningardagskrá, listviðburði af ýmsum toga, upplestra, eða málþing með sögulegu eða þjóðlegu yfirbragði, sem sendiskrifstofur efndu til í samstarfi við erlendar menningar- og háskólastofnanir. Nefna má málþing um íslenska tungu í New York, sýningu um frumkrafta Íslands og jafnréttismálþing í Berlín, hátíð íslenska hestsins og sýningu um íslensku lopapeysuna í Kaupmannahöfn og svo mætti áfram telja.

Fullveldisafmæli fagnað í Danmörku.

Sendiráðið í Kaupmannahöfn kom að yfir 50 menningarviðburðum á fullveldisárinu og sóttu yfir 10 þúsund gestir viðburðina. Eftir var til málþinga tengdum fullveldinu, meðal annars með þátttöku forseta Íslands og utanríkisráðherra. Þá var eftir til bókmenntadagskrár víða um landið, nokkurra tónleika, tveggja kvikmyndahátíða og nokkurra sýninga á sviði myndlistar og hönnunar í samstarfi við virtar danskar menningarstofnanir. Það sem hæst bar á sviði myndlistar var samtímalistasýningin High & Low sem var opnuð á Norðurbryggju og listgjörningur Ólafs Elíassonar, sem varpaði mikilfenglegu myndbandsverki á framhlið sendiráðsins og tendraði ljósakrónu sem hann afhenti sendiráðinu til varðveislu. Þá vakti hönnunarsýningin Fáni fyrir nýja þjóð verðskuldaða athygli svo og hönnunarsýning í Illums Bolighus með hátt í 20 íslenskum hönnuðum sem sýndu og seldu hönnun sína. Á tónlistarsviðinu komu meðal annars fram Stórsveit Reykjavíkur og Sigurður Flosason og frumflutt var kórverk íslenskra kóra í Kaupmannahöfn tileinkað fullveldisafmæli Íslands í Holmens Kirke. Hápunktur fullveldisafmælisins var þó á fullveldisdeginum sjálfum, 1. desember, en honum var fagnað með ríkulegri menningardagskrá á Norðurbryggju fyrir alla fjölskylduna. Þess má geta í lokin að ríkisstjórn og þjóðþing Dana stóðu fyrir veglegri íslenskri menningardagskrá að tilefni fullveldisafmælisins í Operuhúsi Dana þar sem konungsfjölskyldan, ríkisstjórn Danmerkur og aðrir háttsettir gestir tóku þátt, svo sem forseti Íslands, ráðherrar úr ríkisstjórn Íslands, og fjölda Íslendinga var einnig boðið.

7. FJÖLÞJÓÐLEGT VIÐSKIPTASAMSTARF (FJÖLÞJÓÐASTOFNANIR)

7.1. Alþjóðaviðskiptamálastofnunin (WTO).

Opið alþjóðlegt viðskiptaumhverfi sem byggir á skilvirku regluverki er afar mikilvægt fyrir smáar þjóðir eins og Ísland sem byggja velsæld sína á greiðum milliríkjavíðskiptum. Átök milli aðildarríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (World Trade Organization, WTO) um fyrirkomulag úrlausnar deilumála annars vegar og viðskiptadeilur milli stórra aðildarríkja hins vegar hafa litað störf stofnunarinnar undanfarin misseri og sér ekki enn fyrir endann á því. Mikilvægt er að tryggja að stofnunin geti áfram sinnt hlutverki sínu og standi vörð um reglur í alþjóðaviðskiptum og alþjóðlega viðskiptakerfið. Ísland hefur því tekið virkan þátt í tilraunum líkt þenkjandi ríkja til að lagfæra, bæta og tryggja áframhaldandi sanngjarnt viðskiptaumhverfi á grunni WTO. Það er full ástæða til að hafa áhyggjur af því að enn hefur ekki verið skipað í lausar stöður í áfrýjunarnefnd WTO sem tekur alþjóðleg viðskiptadeilumál fyrir. Til að unnt sé að taka deilumál fyrir innan WTO þarf þrjá dómara og nú eru aðeins þrjár starfandi dómara og nefndinni í stað þeirra sjö sem gert er ráð fyrir að séu þar að staðaldri. Ef fer sem horfir verður nefndin óstarfhæf í árslok nema komið verði með einhverjum hætti til móts við kröfur Bandaríkjanna og fleiri ríkja um nauðsynlegar úrbætur.

Ólíklegt er að þetta ástand lagist nema afstaða Bandaríkjanna breytist en þau vilja knýja fram breytingar á starfsháttum WTO.

Tollar sem Bandaríkin lögðu einhliða á ál- og stálinnflutning í fyrra hafa verið kærðir til ágreiningsnefnda WTO (Dispute Settlement Panels, DSP). Þrátt fyrir að tollarnir hafi lítil sem engin bein áhrif á íslenska framleiðslu skiptir fordæmið máli og því er grannt fylgst með því hvernig ágreiningsmálunum reidir af.

Í samræmi við áherslur í utanríkisstefnu Íslands hefur fastanefnd Íslands hjá WTO í Genf ásamt Botswana og Alþjóðaviðskiptamiðstöðinni (International Trade Center, ITC) unnið að því að koma áherslum í jafnréttismálum á framfæri í alþjóðaviðskiptum en saman leiða þau vinnuhóp um jafnréttismál og alþjóðaviðskipti.

Ísland beitir sér sem fyrir fyrir því að takmarka ríkisstyrki í sjávarútvegi. Vinna sem snýr að því að takmarka ríkisstyrki til jarðefniseldsneytis og tollamál varðandi rafræn viðskipti eru mál sem unnið er að áfram, svo dæmi séu nefnd.

Viðskiptastríð Bandaríkjanna og Kína veldur Íslandi eins og mörgum öðrum löndum áhyggjum. Hagvaxtaspár Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir árið 2019 gera ráð fyrir að harðnandi viðskiptadeilur milli ríkja grafi ekki einungis undan hagvexti í Kína heldur einnig hagvexti í heimshagkerfinu. Einnig geta deilurnar grafið undan stöðugleika og reglufestu á sviði alþjóðaviðskipta, sem er slæmt fyrir lönd eins og Ísland sem treysta á slíka reglufestu og stöðugleika. Ísland fylgist náið með þessari þróun bæði tvíhliða og innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

7.2. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD).

Efnahags- og framfarastofnunin (Organization for Economic Co-operation and Development, OECD) í París hefur það markmið að bæta efnahagsþróun og hagvöxt í aðildarríkjunum, stuðla að bættem lífskjörum og vexti og þróun heimsviðskipta. Á hverju ári gefur stofnunin út fjölda skýrslna þar sem aðildarríkin eru

borin saman á ýmsum sviðum og árangur þeirra metinn. Íslensk stjórnvöld taka virkan þátt í starfsemi OECD og yfir 100 Íslendingar sækja þar fundi hinna ýmsu nefnda og vinnuhópa. Í fyrra fjallaði ráðherrafundur OECD um það hvernig ætti að ná sem mestum árangri af alþjóðlegri samvinnu ríkja og hvernig bæta mætti og styrkja það marghliða alþjóðakerfi sem við búum nú við. Samstaða var um að alþjóðleg, marghliða samvinna stuðlaði að friði og aukinni velmegun en lengi mætti gera betur. Leggja þyrfti meiri áherslu á að nýta tækniþróun til að efla hagvöxt fyrir alla. Á þessu ári verður þema ráðherrafundar OECD stafræn stefnumótun, sem rímar vel við áherslur íslenskra stjórnvalda sem vinna nú einnig að stafrænni stefnumótun undir forystu fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, utanríkisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra heimsóttu OECD á síðastliðnu ári og áttu fundi með framkvæmdastjóra stofnunarinnar um ýmis áherslumál Íslands og hvernig unnt væri að vinna betur að þeim innan stofnunarinnar.

Ísland hefur beitt sér á sviði jafnréttismála hjá stofnuninni og íslenski fastafulltrúinn fer ásamt þeim lettneska fyrir sérstökum hópi fastafulltrúa um jafnréttismál. Á liðnu ári stóð fastanefndin fyrir rakarastofuviðburði hjá OECD þar sem utanríkisráðherra og Angel Gurría, framkvæmdastjóri OECD, fóru fremstir í flokki.

Þá hefur Ísland ákveðið að gera úttekt á samkeppnismálum í samstarfi við OECD. Þetta er stærsta valkvæða framlag Íslands til stofnunarinnar frá upphafi en áætlað er að verkefnið taki tvö til þrjú ár og að lokaskýrsla verði kynnt sumarið 2020. Úttektin tekur á ferðaþjónustu og byggingariðnaði.

8. ÚRSÖGN BRETLANDS ÚR EVRÓPUSAMBANDINU (BREXIT)

8.1. Almenn.

Frá því að Bretar kusu að ganga úr Evrópusambandinu (ESB) í þjóðaratkvæðagreiðslu í júní 2016 hefur umfangsmikið starf verið unnið innan utanríkisþjónustunnar og víðar í stjórnkerfinu til að gæta hagsmuna Íslands vegna Brexit. Útganga Bretlands úr ESB hefur í för með sér að samningar Íslands við ESB ná ekki lengur yfir Bretland en þar skiptir samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) mestu máli. Umfangsmikil viðskipti og nán samskipti eru á milli Íslands og Bretlands á mörgum sviðum sem grundvallast að miklu leyti á EES-samningnum og öðrum samningum við ESB. Málefni útgöngu Bretlands úr ESB er því eitt helsta forgangsmál utanríkisþjónustunnar nú um stundir og verður það uns samningar um framtíðartilhögun viðskipta Íslands og Bretlands eru í höfn. Það ferli tekur óhjákvæmilega þó nokkurn tíma.

Bresk stjórnvöld tilkynntu 29. mars 2017 um útgöngu úr ESB. Samkvæmt 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið var gert ráð fyrir að Bretland gengi úr sambandinu tveimur árum eftir að tilkynnt var um útgöngu, eða 29. mars 2019. Þar sem ekki hefur tekist að fá samþykki breska þingsins fyrir útgöngusamningi Bretlands og ESB hefur útgöngu verið frestað í tvígang. Nú liggur fyrir framlenging á aðild Bretlands að ESB til 31. október 2019 nema útgöngusamningur verði samþykktur fyrr.

Fram til þessa hefur vinna íslenskra stjórnvalda helgast af því að tryggja að ýmsir útgönguskilmálar sem Bretar hafa samið um við ESB gildi líka um Ísland og önnur EFTA-ríki innan EES. Þá hefur mikil vinna farið í að tryggja kjarnahagsmuni ef svo færi að Bretar gengju úr ESB án samnings. Að sama skapi hefur víðtækt undirbúningsstarf verið unnið til að skilgreina hagsmuni og markmið Íslands þegar kemur að framtíðarsamskiptum við Bretland.

Meðan Bretland er enn aðildarríki að ESB hefur það ekki haft umboð til að gera framtíðarsamninga við önnur ríki. Þá munu viðræður um framtíðarsamband Bretlands og ESB ekki hefjast fyrr en eftir útgöngu. Framtíðarsamskipti Íslands og Bretlands munu taka mið af samningum Bretlands og ESB þar sem það á við og samræmist hagsmunum Íslands. Þess vegna er fyrirséð að starfsemi utanríkisþjónustunnar vegna Brexit verði áfram umfangsmikil eftir útgöngu og þar til að framtíðarsamningar eru í höfn. Það ferli tekur einhver ár og krefst mikils af utanríkisráðuneytinu, einstaka sendiskrifstofum og fagráðuneytum.

Bretland er meðal mikilvægustu markaða fyrir íslenskar útflutningsvörur. Vel á þriðja þúsund Íslendinga eru skráðir með búsetu á Bretlandseyjum og Bretar eru annar fjölmennasti hópur ferðamanna á Íslandi, svo fátt eitt sé nefnt. Það er því forgangsverkefni íslenskra stjórnvalda að tryggja að tengsl Íslands og Bretlands verði áfram sterk og að íslenskir aðilar hafi greiðan aðgang að Bretlandi og breskum mörkuðum, eins og þeir hafa notið í krafti EES-samningsins og annarra samninga Íslands við ESB.

Enn fremur verður horft til þess að bæta aðgang að breskum mörkuðum þar sem þess er kostur. Þá er mikilvægt að huga að réttindum íslenskra borgara sem búa á Bretlandseyjum og þeirra sem stefna á nám eða vilja nýta sér atvinnutækifæri í Bretlandi í framtíðinni. Ljóst er að útganga Bretlands úr ESB markar þáttaskil

í samskiptum Íslands og Bretlands og felur í sér bæði áskoranir og tækifæri. Íslensk stjórnvöld hafa verið að undirbúa sig fyrir allar sviðsmyndir, meðal annars þann möguleika að Bretland gangi úr ESB án samnings. Í næstu undirköflum er farið nánar yfir verkþætti og skipulag vinnunnar.

Samráð vegna Brexit, 11. janúar 2017 til 1. apríl 2019



8.2. Samningur um útgönguskilmála.

Samningamenn Bretlands og ESB tilkynntu að kvöldi 13. nóvember 2018 að þeir hefðu náð samningi um útgönguskilmála og leiðtogaráð ESB samþykkti hann á fundi 25. nóvember 2018. Útgöngusamningnum fylgir pólitísk yfirlýsing um ramma fyrir framtíðarsamskipti Bretlands og ESB en ekki verður gerður samningur um framtíðarvirðisráðgjafar fyrst en eftir útgöngu. Í útgöngusamningi Bretlands og ESB er gert ráð fyrir svokölluðu bráðabirgðatímabili sem tæki gildi fyrst eftir útgöngu og stæði yfir til loka árs 2020 með möguleika á framlengingu. Á því tímabili myndi regluverk ESB og allir alþjóðasamningar, þ.m.t. EES-samningurinn, gilda áfram um Bretland sem þá myndi semja um framtíðarsamskipti við ESB og önnur ríki.

Eftir að viðræður milli Bretlands og ESB um útgöngusamning hófust varð ljóst að ýmislegt í efni samningsins hefði einnig skírskotun til EFTA-ríkjanna innan EES, enda tekur hann að hluta til efnisþátta sem EES-samningurinn nær yfir. EFTA-ríkin innan EES áttu því í margvíslegum samskiptum við bæði ESB og bresk stjórnvöld sem leiddu til þess að vorið 2018 hófu þau viðræður við Bretland um gerð samnings sem myndi endurspeglja þau atriði útgöngusamningsins sem vörðuðu EFTA-ríkin innan EES með beinum hætti vegna ákvæða EES-samningsins og annarra samninga sem þau hafa gert við ESB. Varðandi atriði sem samið var um má einkum nefna réttindi einstaklinga sem dvelja í Bretlandi til áframhaldandi búsetu þar eftir útgöngu og gagnkvæm réttindi breskra borgara í EFTA-ríkjunum innan EES. Önnur mikilvæg atriði varða til dæmis lagaskil við útgönguna, svo sem hvaða reglur skuli gilda um útflutningsvörur sem fluttar hafa verið til Bretlands fyrir útgöngu. Einnig er að finna ákvæði um hugverkaréttindi, samvinnu á sviði lögreglu- og dómsmála, persónuvernd og opinber innkaup.

Viðræður við bresk stjórnvöld gengu vel og samningsdrög voru árituð og birt í desember 2018. Leyst er úr öllum viðeigandi útgöngumálum með sambærilegum hætti og á milli Bretlands og ESB. Samningur EFTA-ríkjanna innan EES við Bretland verður þó eingöngu undirritaður að því gefnu að útgöngusamningur Bretlands úr ESB nái fram að ganga. Eins og sakir standa er óljóst að hann hljóti samþykki breska þingsins en nánar er fjallað um ráðstafanir íslenskra stjórnvalda vegna hugsanlegrar útgöngu án samnings í næsta undirkafla.

8.3. Viðbúnaður vegna hugsanlegrar útgöngu án samnings.

Um nokkurt skeið hefur ríkt mikil óvissa um þróun mála og líkur voru á því að Bretland hyrfi úr ESB án útgöngusamnings, fyrst 29. mars og síðar 12. apríl. Á nýafstöðnum leiðtogaráðsfundi ESB var ákveðið að framlengja aðild Bretlands að ESB til 31. október í haust nema útgöngusamningurinn yrði samþykktur fyrir. Útganga án samnings gæti enn orðið í lok október á þessu ári. Íslensk stjórnvöld hafa verið að undirbúa þá sviðsmynd. Í því tilfelli þarf að gera ráð fyrir því að ekkert bráðabirgðatímabil taki við og að EES-samningurinn og aðrar samningar Íslands við ESB hætti að gilda um Bretland strax við útgöngu.

Unnið hefur verið að varúðarráðstöfunum til að tryggja kjarnahagsmuni samkvæmt ákveðinni forgangsroðun sem skilgreind hefur verið af Brexit-vinnuhópum Stjórnarráðsins. Fundað hefur verið margoft með Bretum, ýmist tvíhliða eða ásamt Noregi og Liechtenstein, til að ræða samvinnu varðandi aðgerðir ef til útgöngu án samnings kæmi. Heildarstefna Bretlands gagnvart umheiminum er að tryggja af fremsta megni óbreytt ástand. Bretar stefna á að afrita nánast alla alþjóðasamninga sem ESB hefur gert við þriðju ríki og yfirfæra þá á milli sín og viðkomandi ríkja ef hægt er. Þar sem EES-samningurinn nær yfir allan innri

markaðinn er ekki unnt að afrita hann í heild og því er leitast við að undirbúa samninga við EFTA-ríkin innan EES sem yllu sem minnsti röskun. Þessar varúðarráðstafanir yrðu ekki til frambúðar þar sem aðilar eru sammála um að þeir vilji nánara samband til langs tíma. Helstu skilgreindu forgangssvið milli Íslands og Bretlands voru að tryggja áframhaldandi búseturéttindi íslenskra og breskra borgara og tryggja sem minnsta röskun á vöruviðskiptum og flugi milli ríkjanna. Samningaviðræðum við Bretland á þessum þremur sviðum er nú lokið og gætu samningar tekið gildi ef til þess kæmi að Bretland gengi úr ESB án samnings. Samningarnir um vöruviðskipti og búseturéttindi voru undirritaðir í London 2. apríl síðastliðinn. Samningurinn um loftferðamál var áritaður í desember 2017 og gildistökuákvæðin eru þess eðlis að hægt væri að beita honum með skömmum fyrirvara ef þörf gerðist. Einnig hafa ýmsar ESB-gerðir um flug, fjármálaþjónustu og aðrar varúðarráðstafanir verið teknar upp í EES-samninginn. Ýmist var samið tvíhliða við Bretland, ásamt Norðmönnum eða í samfloti með hinum EFTA-ríkjunum innan EES.

Fyrir utan gerð samninga við Bretland á ofangreindum sviðum hefur verið unnið að undirbúningi nauðsynlegra lagabreytinga vegna útgöngu án samnings ásamt öðrum ráðuneytum. Miða þær aðallega að því að hrinda í framkvæmd samningi við Bretland um áframhaldandi rétt breskra ríkisborgara til búsetu hér á landi. Einnig hafa þær varúðarráðstafanir sem bresk stjórnvöld annars vegar og ESB hins vegar hyggjast gera verið greindar. Undanfarið hefur ESB samþykkt ýmsar lagagerðir vegna hugsanlegrar útgöngu án samnings. Sumar þeirra eru EES-tækar og hafa því verið teknar upp í EES-samninginn. Unnið hefur verið að því ásamt hinum EFTA-ríkjunum innan EES og í samráði við ESB. Einnig er haft náið samráð við Alþingi og hagsmunaaðila í þessu ferli.

8.4. Framtíðarsamskipti við Bretland.

Framtíðarfyrirkomulag viðskipta Bretlands og Íslands er hitt meginverkefnið í hagsmunagæslu íslenskra stjórnvalda vegna Brexit, enda afar mikilvægt að vel takist til við að skapa traustan ramma utan um efnahagsleg samskipti ríkjanna. Til langs tíma er stefnt að gerð viðtæks efnahags- og samstarfssamnings við Bretland sem undirstríkar nán tengsl landanna á helstu sviðum utanríkismála og utanríkisviðskipta. Ísland stefnir að því að slíkur samningur byggist á þeim markaðsaðgangi sem Ísland nýtur á vettvangi EES og meðal annars er horft til fulls afnáms tolla á sjávarafurðum. Utanríkisráðherra hefur, frá því að ljóst varð að Bretar gengju úr ESB, reifað stefnumið Íslands í þessa veru á fundum með breskum ráðherrum, auk þess að ræða þessi mál við ráðherra EFTA-ríkjanna. Almennt hefur umtalsverður árangur náðst við að efla bæði skilning og áhuga innan breska stjórnkerfisins á fríverslun og auknu samstarfi við Ísland.

Ísland hefur unnið náið með hinum EFTA-ríkjunum innan EES bæði að gerð samnings um útgönguskilmála og vegna varúðarráðstafana ef til útgöngu án samnings kæmi. Eftir því sem línur skýrast verður unnt að meta hvort einnig sé æskilegt að EFTA-ríkin innan EES semji í sameiningu og að hve miklu leyti skuli taka mið af samningum ESB og Bretlands þegar það á við. Þegar hefur verið unnið mikið starf við að greina hagsmuni og markmið Íslands og forgangsroðun þegar kemur að framtíðarviðræðum. Formlegar samningaviðræður um slíkan samning geta þó ekki hafist fyrr en eftir útgöngu Bretlands úr ESB.


8.5 Skipulag Brexit-vinnunnar.

Í ársbyrjun 2017 var skipaður Brexit-stýrihópur utanríkisráðuneytisins, auk fimm vinnuhópa til að skilgreina markmið Íslands fyrir framtíðarviðræður við Bretland. Í nóvember 2017 var birt viðamikil skýrsla sem byggðist á þessu starfi og greindi hagsmuni Íslands við útgöngu Bretlands úr EES samhliða útgöngu þess úr ESB. Þá hafa vinnuhóparnir haldið áfram greiningarvinnu sem miðar að því að skilgreina helstu markmið og forgangsroðun samningsatriða þegar kemur að fyrirkomulagi framtíðarviðskipta Íslands og Bretlands. Þá hafa vinnuhóparnir unnið mikilvægt starf við að greina varúðarráðstafanir sem hægt væri að grípa til ef Bretland gengi úr EES án samnings. Vinnuhóparnir hafa átt samráð við fulltrúa ólíkra atvinnugreina og hagsmunaaðila við að kortleggja stöðuna. Einnig þarf sífellt að endurmeta markmið Íslands í ljósi framvindu viðræðna milli Bretlands og ESB.


Eins og áður hefur komið fram þurfa stjórnvöld einnig að huga að því hvernig styrkja megi tvíhliða samstarf Íslands og Bretlands á ýmsum sviðum, eins og til dæmis í öryggis- og varnarmálum. Fimmti Brexit-vinnuhópurinn hefur til dæmis unnið að kortlagningu samstarfs Íslands og Bretlands utan EES og hvernig auka megi samstarfið. Einnig er unnið að því að efla samstarf á sviði sjávarútvegsmála enda ljóst að Bretar taka sæti við borðið þegar samið verður um nýtingu deilistofna eftir útgöngu úr ESB. Þessi mál, auk annarra, tengjast tvíhliða samráði Íslands og Bretlands.

Vægi Bretlands í heildarútflutningi eftir vörflokki 2018

Upphæðir í milljónum króna



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands

8.6. Brexit stöðugt á dagskrá.

Tíðir fundir hafa verið milli íslenskra og breskra ráðamanna á síðustu misserum. Frá ársbyrjun 2017 hefur utanríkisráðherra átt 17 fundi með breskum ráðherrum og þingmönnum, þar af 10 á undanförmu ári, og embættismenn ríkjanna átt um 300 fundi. Meðal funda utanríkisráðherra undanfarið má nefna fundi með Dominic Raab, þáverandi útgöngumálaráðherra Bretlands, Liam Fox, utanríkisviðskiptaráðherra Bretlands, og Michael Gove, ráðherra umhverfis-, byggða- og matvælamála, í London síðastliðið haust. Einnig átti utanríkisráðherra fund með Jeremy Hunt, utanríkisráðherra Bretlands, fyrir um haustið. Utanríkisráðherra átti annan tvíhliða fund með Jeremy Hunt í mars 2019 þar sem undirritað var samkomulag á sviði öryggismála. Mikill samhljómur er um að tryggja áframhaldandi góð samskipti Íslands og Bretlands og tryggja að hagstæð viðskipti geti haldið áfram. Þá hafa ráðherrar EFTA-ríkjanna innan EES fundað reglulega með Michel Barnier, aðalsamningamanni ESB, í nóvember síðastliðnum og utanríkisráðherra átt tvíhliða fundi með öðrum úr framkvæmdastjórn ESB. Þá ber Brexit iðulega á góma á fundum með evrópskum ráðamönnum.

Ríkulegt samráð hefur verið átt við Alþingi, bæði í umræðum í þingsal og í utanríkismálanefnd. Fulltrúar utanríkisráðuneytisins hafa mætt tíu sinnum fyrir nefndina frá því í ársbyrjun árið 2017 og þar af hefur

utanríkisráðherra komið fyrir nefndina fimm sinnum. Þá hefur verið haft samráð við íslenska hagsmunaaðila í gegnum vinnuhópana, eins og greint er frá hér að ofan, og á fjölsóttum upplýsingafundum sem utanríkisráðuneytið hefur staðið fyrir.

9. EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ


Vísað er til væntanlegrar skýrslu utanríkisráðherra um EES-mál 2019 þar sem fjallað er sérstaklega um Evrópska efnahagssvæðið.

III. ÖRYGGIS- OG VARNARMÁL

1. ALMENNT.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að varnar- og öryggismál þjóðarinnar séu í traustum skorðum. Þjóðaröryggisstefnan er leiðarljós í þeirri vegferð. Í samræmi við stefnuna er grundvöllur varna Íslands aðildin að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningurinn við Bandaríkin frá 1951. Áfram er haldið með markvissum hætti að tryggja öryggi og varnir landsins, efla þátttöku Íslands í bandalaginu og styrkja samstarfið við bandalagsríkin. Utanríkisráðuneytið fer með varnarmál í nánú samstarfi við dómsmálaráðuneytið. Landhelgisgæsla Íslands og Ríkislögreglustjóri annast daglega framkvæmd varnar- og öryggistengdra verkefna á grundvelli samnings frá 2014.

Fjárframlög til varnarmála á fjárlögum



Vöxtur útgjalda helgast af vaxandi skuldbindingum sem Ísland hefur tekist á hendur innan Atlantshafsbandalagsins og aukinni tímabundinni viðveru liðsafla bandalagsins á Keflavíkurflugvelli vegna versnandi öryggisástands í Evrópu, þ.m.t. á Norður-Atlantshafi.

Auk vinnu við varnir Íslands er mikilvægt að fylgjast með og taka þátt í þróun pólitískrar umræðu um öryggismál á alþjóðavettvangi enda hefur sú umræða áhrif á öryggi landsins og hvernig vörnum þess er háttað. Sú vinna er einnig þáttur í starfsemi sendiskrifstofa Íslands á erlendri grund, sérstaklega fastanefnda Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu (NATO), Sameinuðu þjóðunum (SÞ) og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) auk sendiráðsins í Washington.

2. VARNIR ÍSLANDS.

Stefna rússneskra stjórnvalda og hernaðarumsvif þeirra hafa grafið undan öryggi í Evrópu. Fátt bendir til þess að breytingar verði þar á. Vendipunkturinn var innrás Rússlands í Úkraínu og ólöglegt innlimun Krímskaga. Auk þess hafa stjórnvöld í Rússland á síðustu árum snúið baki við alþjóðlegum sáttmálum og skuldbindingum um öryggismál, notað fjölþættar ógnir, undirráðir og að því er virðist beitt netárásur til að hafa áhrif á pólitíska umræðu og þróun í fjölmörgum ríkjum. Fyrir rúmu ári bættist við eiturefnaárás í Bretlandi og mál því tengd. Fjölmargir sáttmálar sem snúa að afvopnunarmálum eru ýmist til endurskoðunar á næstunni eða ríki saka hvert annað um brot á þeim. Afleiðingin sést meðal annars í uppsögnum á tvíhliða samningi Bandaríkjanna og Rússlands um meðaldræg kjarnavopn (INF). Samhliða þessu hefur Rússland aukið hernaðarumsvif á Kólaskaga og í Norður-Atlantshafi. Þessi þróun hefur orðið til þess að Atlantshafsbandalagið og bandalagsríki þess fylgjast grannt með þróun mála, en einnig er kappkostað að tryggja öryggi Íslands og flutningaleiða yfir Atlantshafið.

Samvinna Íslands við aðrar Norðurlandþjóðir, auk Bretlands, Þýskalands og Eystrasaltsríkjanna, á sviði varnar- og öryggismála hefur að sama skapi orðið umfangsmeiri og nánari. Endurskoðað samkomulag frá árinu 2008 um grannríkjasamstarf á sviði varnar- og öryggismála milli Bretlands og Íslands var undirritað 26. mars síðastliðinn. Meginmarkmið þess er að þróa og efla tvíhliða samvinnu ríkjanna á sviði varnar- og öryggismála sem loftog löggæslumála í samræmi við þjóðaröryggisstefnu Íslands. Samkomulagið nær m.a.

til eflirlits í lofti og á sjó, hryðjuverkavarnir, skipulagða glæpastarfsemi, netöryggismál, nútíma þrælahald og leit og björgun.


Samstarf Norðurlandanna í öryggis- og varnarmálum hefur vaxið umtalsvert síðustu árin. Það er einkum rekið innan vébanda norræna varnarsamstarfsins (NORDEF) þar sem Ísland tekur þátt í borgaralega hluta samstarfsins. Þá er Ísland aðili að samnorrænum samningi um þjónustu við óvopnuð loftför vegna sameiginlegra æfinga.

Í varnarmálalögum er mælt fyrir um framkvæmd varnarskuldbindinga Íslands og varnartengdra verkefna. Utanríkisráðherra er ábyrgur fyrir framkvæmd skuldbindinganna og varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytis var sett á laggirnar á ný árið 2017. Landhelgisgæslunni á Keflavíkurflugvelli og Ríkislögreglustjóra var falin framkvæmd varnartengdra verkefna á grundvelli varnarmálalaganna með samningi við dómsmálaráðuneytið 2014.

Rekstur varnarmannvirkja á öryggissvæðunum og starfræksla ratsjár- og fjarskiptakerfisins sem nær yfir umfangsmikið svæði á Norður-Atlantshafinu er veigamikill þáttur í framlagi Íslands til sameiginlegra varna bandalagsins og bandalagsríkjanna allra. Á síðasta ári náðist samkomulag um fjármögnun bandalagsins á viðhaldi og endurnýjun á hluta kerfisins. Allnokkur endurnýjun á þeim kerfum stendur fyrir dyrum og ýmis viðhaldsverkefni eru einnig í farvatninu. Á síðustu misserum hafa umsvif herliðs Bandaríkjanna og annarra bandalagsríkja Atlantshafsbandalagsins aukist á norðaustanverðu Atlantshafi vegna breyttra aðstæðna í öryggismálum og versnandi öryggisumhverfis í Evrópu. Bandaríski sjó- og flugherinn hafa aukið reglulega viðveru á Keflavíkurflugvelli og samhliða því ráðist í nýjar framkvæmdir til að styðja við þessa viðveru. Það er gert á grundvelli sérstaks samkomulags íslenskra og bandarískra stjórnvalda frá árinu 2016. Hafnar eru framkvæmdir við breytingu á flugskýli til að hýsa nýjar kaþátaleitarflugvélar sjóhersins og sérstakri þvottastöð fyrir þessar sömu vélar. Á næstu tveimur árum hefjast framkvæmdir við akstursbrautir, flugvélastæði, lýsingar og bráðabirgðahúsnæði fyrir liðsafla. Jafnframt kosta íslensk stjórnvöld byggingu nýs gistirýmis vegna vaxandi tímabundinnar viðveru liðsafla bandalagsríkja á Íslandi.

Loftrýmisgæsla Atlantshafsbandalagsins hér við land er með óbreyttu sniði. Á síðasta ári tóku Bandaríkin, Danmörk og Ítalía þátt í henni. Alls hafa 11 ríki sinnt verkefnum á 33 gæslutímabilum frá árinu 2008 þegar Atlantshafsbandalagið hóf reglubundna loftrýmisgæslu hér við land. Loftrýmisgæslan er liður í því að hafa eftirlit með nyrðri mörkum bandalagsins og auka samstarfshæfni og viðbragðsgetu þátttökuríkja. Á þetta reyndi í tvígang í mars á þessu ári þegar rússneskar sprengjuflugvélar flugu inn á loftrýmisgæslusvæði Atlantshafsbandalagsins hér við land en utan íslenskrar lofthelgi. Í báðum tilvikum flugu til móts við þær ítalskar flugvélar sem voru hér á landi við loftrýmisgæslu.

Þjóðir sem lagt hafa Atlantshafsbandalaginu til flugsveitir til loftrýmisgæslu við Ísland



Ísland tók þátt í viðamikilli varnaræfingu hér við land á vegum Atlantshafsbandalagsins haustið 2018, Trident Juncture. Árið áður hafði Ísland tekið þátt í kaþátaleitaræfingunni Dynamic Mongoose, og áfram verður gert ráð fyrir þátttöku í æfingum á komandi árum. Dynamic Mongoose fer næst fram á og við Ísland 2020, og Norður-Víkingur æfingin verður einnig haldin hér annað hvert ár frá og með 2020. Auk þessa heldur Ísland árlega Northern Challenge-æfingu bandalagsins en markmið hennar er að æfa sprengjuæyðingu og viðbrögð við hryðjuverkum. Undirbúningur vegna slíkra æfinga kallar á vídtækt samráð helstu stofnana sem annast beina framkvæmd öryggis- og varnartengdra verkefna á Íslandi eða koma að þeim með öðrum hætti. Loks munu íslensk stjórnvöld taka þátt í árlegri stjórnstöðvaræfingu Atlantshafsbandalagsins í maí á þessu ári um viðbrögð við hættuástandi þar sem verkferlar verða æfðir ásamt ákvarðanatöku.

Til að mæta breyttum öryggishorfum í Evrópu hefur Ísland aukið framlög til öryggis- og varnarmála á vettvangi Atlantshafsbandalagsins á undanförunum árum í samræmi við skuldbindingar bandalagsríkja um aukinn viðbúnað og jafnari byrðar, meðal annars í stuðnings- og átakssjóði bandalagsins og með aukinni þátttöku borgaralegra sérfræðinga í verkefnum og aðgerðum bandalagsins.

Varnaræfing Atlantshafsbandalagsins, Trident Juncture 2018, var haldin í október og nóvember á síðasta ári. Hún er ein umfangsmesta varnaræfing bandalagsins frá lokum kalda stríðsins. Æfingin hófst með liðsflutningum frá Norður-Ameríku og bandalagsríkjum í Evrópu að hluta um Ísland og áfram til Noregs þar sem stærsti hluti æfingarinnar fór fram. Æfingin er til marks um breytt öryggisumhverfi á norðurslóðum og mikilvægi þess að tryggja örugga flutninga yfir Atlantshafið. 30 þjóðir, meðal annars Finnland og Svíþjóð, tóku þátt í æfingunni í Noregi, alls um 50 þúsund manns. Á Íslandi voru æfð viðbrögð við hryðjuverkum á öryggissvæðinu á Keflavíkurlugvelli, auk þess sem nokkur hundruð landgönguliðar æfðu vetrargöngu í Þjórsárdal.

3. AFVOPNUN Á KROSSGÖTUM.

Ljóst er að atburðarás undanfarinna missera hefur haft neikvæðar afleiðingar fyrir það fyrirkomulag sem hefur mótað á sviði afvopnunarmála síðustu 50 ár. Ýmsir samningar um vígbúnaðartakmarkanir og afvopnunarmál eiga undir högg að sækja og samningagerð á erfitt uppdráttar. Þetta hefur leitt til vaxandi áherslu á afvopnunarmál á alþjóðavettvangi og endurspeglast í verkefnaskrá framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði, sem lögð var fram síðastliðið haust.

Mikið hefur reynt á samninginn um bann við efnavopnum (CWC) vegna beitingar slíkra vopna í Sírylandi og Bretlandi. Ísland hefur fordæmt beitingu slíkra vopna harðlega og stutt styrkingu Efnavopnastofnunarinnar í Haag (OPCW) til að takast á við þessa vaxandi ógn. Samningurinn hefur verið talinn sá árangursríkasti í sögu afvopunar en hann á nú undir högg að sækja.

Fram undan er endurskoðunarráðstefna um samninginn um bann við útbreiðslu kjarnavopna (NPT) 2020. Í ljósi neikvæðrar þróunar varðandi samninga um eyðingu kjarnavopna gæti sá samningur verið í hættu. Uppsögn tvíhliða samnings Rússlands og Bandaríkjanna um meðaldræg kjarnavopn (INF) og þögn þeirra um tvíhliða samning um eyðingu langdrægra kjarnavopna, sem rennur út 2021, auka líklega hættuna á nýju vopnakkapphlaupi. Atlantshafsbandalagsríkin taka undir með Bandaríkjunum um rökstuddan grun um brot Rússlands á INF-samningnum og fastaráð Atlantshafsbandalagsins gaf í kjölfar uppsagnar Bandaríkjanna á samningnum út stuðningsyfirlýsingu vegna ákvörðunar Bandaríkjanna. Ísland er eindregið þeirra skoðunar að samningarnir eigi að halda gildi og þá þurfi að styrkja frekar með þátttöku fleiri kjarnavopnaríkja.

Mikilvægt er að standa vörð um NPT-samninginn og fá þau ríki sem búa yfir kjarnavopnum til markvissari aðgerða í kjarnavopnaafvopnun. Áhyggjur af framtíð þessara samninga komu skýrt fram á fjölþjóðaráðstefnu Atlantshafsbandalagsins um geryðingarvopn sem haldin var í Reykjavík í lok október síðastliðins. Á ráðstefnunni, þar sem Ísland var í gestgjafahlutverki, voru einna helst ræddar mögulegar aðgerðir til að draga úr hættunni á útbreiðslu geryðingarvopna og hvernig stuðla mætti að afvopnun. Geryðingarvopn taka til efnavopna, lífefnavopna, kjarnorkuvopna og burðarkerfa þeirra. Þess er vænst að niðurstöður ráðstefnunnar komi til frekari umfjöllunar við endurskoðun samningsins um bann við útbreiðslu kjarnavopna árið 2020. Samhliða ráðstefnunni stóð Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, með stuðningi forsætisráðuneytis og utanríkisráðuneytis, fyrir ráðstefnu þar sem fjölbreyttum hópi gafst tækifæri til að ræða ýmsar hliðar málsins.

Á öðrum sviðum afvopnunarmála er myndin ekki eins afdráttarlaus. Samningur um hefðbundin vopn í Evrópu (CFE) hefur verið í biðstöðu ásamt öðrum samningum um traustvekjandi aðgerðir innan ÖSE. Jákvæður árangur hefur náðst í framkvæmd samningsins um vopnaviðskipti (ATT) og einnig aðgerða gegn útbreiðslu smávopna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og ÖSE. Til skoðunar eru leiðir til samningagerðar á ýmsum sviðum vígbúnaðar, svo sem kjarnakleyfra efna, sjálfvirkra og sjálfstýrðra vopna, netöryggis, vígbúnaðartakmarka í geimnum og blendingsheraðar (e. Hybrid Warfare). Margt er á algeru byrjunarstigi, annað lengra komið.

Ísland er aðili að þrennum eftirlitssamtökum um útflutning á hergögnum og hlutum með tvíþætt notagildi: Ástralíuhópnum (efna- og lífefnavopn), kjarnabirgjahópnum (NSG) og eftirlitkerfinu með flugskeytatækni (MTCR).

Ísland og Írland gegndu saman formennsku í eftirlitkerfinu með flugskeytatækni (e. Missile Technology Control Regime, MTCR) 2017–2018 en samstarfið snýst um að takmarka útbreiðslu á eldflaugatækni fyrir burðarkerfi vopna, meðal annars geryðingarvopna. MTCR er mikilvægur liður í vinnu að afvopnunarmálum á heimsvísu og þátttökuríki skiptast á um formennskuna. Þetta er í fyrsta sinn sem Ísland og Írland gegna formennsku en ríkin tóku við henni í október 2017 og létu af henni í desember í fyrra.

Með örri þróun í upplýsingatekni og gervigreind, sem nota má bæði í borgaralegum og hernaðarlegum tilgangi, blasir við ný sviðsmynd fyrir mögulega afvopnun og vígbúnaðartakmarkanir. Flækjustigið hefur aukist verulega vegna tækninnar en einnig er kominn upp sú staða að ríki ráða ekki ein ferðinni þegar kemur að vígbúnaði og vígbúnaðarþróun. Ísland hefur tekið virkan þátt í samráði um afvopnun á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins, ÖSE, Norðurlandanna og NB8. Mikilvægt er fyrir Ísland að taka þátt í þeirri vinnu sem fram undan er á sviði afvopnunar og vígbúnaðartakmarkana því að þessi þróun hefur áhrif á þjóðaröryggi og heimsöryggi.

4. ÍSLENSKA FRIDARGÆSLAN.

Íslenska friðargæslan heyrir undir varnarmálaskrifstofu, sem annast verkefni á sviði öryggis- og varnarmála, en þróunarsamvinnuskrifstofa annast hliðstæða þátttöku í verkefnum erlendis á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar.

Á liðnu ári tóku fjórtán einstaklingar þátt í langtímaverkefnum á vegum Íslensku friðargæslunnar á sviði öryggis- og varnarmála, sjö konur og sjö karlar. Sérfræðingarnir starfa víða á vettvangi, meðal annars í Afganistan þar sem verkefni bandalagsins halda áfram, á tengiliðaskrifstofu í Georgíu og í samstöðuáðgerðum í Eistlandi og Litháen. Sérfræðingar sprengjueyðingarsveitar Landhelgisgæslunnar tóku þátt í hjálfunarverkefni fyrir sprengjueyðingarsérfræðinga í Írak í samstarfi við Kanada sumarið 2018 og Ísland stefnir að áframhaldandi stuðningi við slík verkefni, ávallt á borgaralegum forsendum.

Auk fulltrúa á vettvangi sinna nú fleiri íslenskir sérfræðingar störfum í höfuðstöðvum og stjórnstöðvum Atlantshafsbandalagsins en áður. Þessir sérfræðingar starfa í Belgíu, Bretlandi og í Bandaríkjunum þar sem þeim er ætlað að leggja til sérþekkingu, vinna að því að hagsmunir Íslands séu teknir til greina í áætlanagerð og störfum bandalagsins, en jafnframt að vera hluti af framlagi Íslands til verkefna og vinnu bandalagsins í breyttu öryggisumhverfi. Sérfræðingar í höfuðstöðvum bandalagsins í Brussel hafa unnið að málefnum samstarfsríkja, afvopnunar, upplýsingagreiningu, kvenna, friðar og öryggis. Aðrir sérfræðingar innan herstjórnar bandalagsins vinna að aðgerðaskipulagi eða varnaráætlanagerð. Frá því snemma þessa árs manna Ísland stöðu stjórnáráðgjafa yfirhershöfðingja hjá nýrri stjórnstöð bandalagsins í Norfolk, með áherslu á Norður-Atlantshafið.

Borgaralegum sérfræðingum á vegum Íslands í verkefnum og sérfræðistörfum hjá Atlantshafsbandalaginu hefur fjölgað úr fjórum í ellefu frá upphafi árs 2016 til ársloka 2018. Stefnt er að enn frekari fjölgun sérfræðinga á vegum Íslands í slíkum verkefnum, auk sprengjueyðingarsérfræðinga Landhelgisgæslunnar sem sinna skammtímaverkefnum. Framlaginu er ætlað styðja við starf bandalagsins samhliða því að efla getu og sérfræðisþekkingu í öryggis- og varnarmálum á Íslandi.

Hjálfun sérfræðinga sem fara til friðargæsluverkefna er margvísleg. Áhersla er áfram á öryggismál og sérfræðingar eru meðal annars sendir á sérstök öryggisnámskeið í Þýskalandi og Jórdaníu áður en þeir hefja störf. Ráðuneytið hefur endurnýjað samning við International SOS sem veitir aðgang að sérstakri neyðarþjónustu fyrir sérfræðinga á vettvangi. Fulltrúar landsnefndar UN Women á Íslandi veita fræðslu til allra útsendra sérfræðinga um jafnréttismál og framkvæmd ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi líkt og kveðið er á um í landsáætlun Íslands. Þriðja áætlun Íslands var gefin út í nóvember 2018.

Íslenska friðargæslan hefur einnig um árabíl annast þátttöku Íslendinga í kosningaefirliti á vegum Mannréttinda- og lýðræðisstofnunar ÖSE (Office for Democratic Institutions and Human Rights, ODIHR) í Varsjá. Árið 2018 sendi utanríkisráðuneytið alls 14 manns í kosningaefirlit til Rússlands, Aserbaídsjan, Svartfjallalands, Tyrklands, Georgíu, Makedóníu og Armeníu, á vegum ODIHR. Í ár hafa fjórir verið við kosningaefirlit á vegum ODIHR, annars vegar í Modóvu og hins vegar í Úkraínu.

5. FJÖLBJÓÐASAMSTARF

5.1. Atlantshafsbandalagið.

Á þessu ári eru 70 ár liðin frá stofnun Atlantshafsbandalagsins og þess var minnst á utanríkisráðherrafrundi bandalagsins í Washington í byrjun aprílmánaðar. Jafnframt koma leiðtogar bandalagsríkjanna saman í London undir árslok.

Tímamótunum er fagnað þegar Atlantshafsbandalagið lagar sig að nýju öryggisumhverfi í Evrópu sem rekja má til Úkraínudeilunnar, aukins hernaðarviðbúnaðar Rússlands á norðurslóðum og baráttu gegn öfgasamtökum á borð við ISIS við syðri mörk bandalagsins. Varnarviðbúnaður bandalagsins til austurs hefur verið aukinn, fjölgað hefur verið í viðbragðsliði þess, varnaráætlanir uppfærðar og ákvarðanatata gerð skilvirkari. Samvinna við aðrar alþjóðastofnanir og nán samstarfsríki bandalagsins, meðal annars Finnland og Svíþjóð, hefur verið aukin.

Stefna rússneskra stjórnvalda og hernaðarumsvif þeirra hafa grafið undan öryggi í Evrópu og hafa samskiptin mótast af því að Rússland hefur snúið baki við alþjóðlegum sáttmálum og skuldbindingum í öryggismálum. Þessi staða og samskiptin við Rússland er eitt af meginverkefnum Atlantshafsbandalagsins.

Stjórnvöld í Rússlandi hafa notast við fjölpættar ógnir og meðal annars staðið fyrir undirróðri og netárásum til að hafa áhrif á umræðu og þróun stjórn málaumræðu í mörgum löndum. Við þetta bættist eiturefnaárásin í Salisbury á síðasta ári og meint tilraun til að hafa áhrif á rannsókn Alþjóðaeftavopna- stofnunarinnar á málinu.

Ýmsir samningar á sviði afvopnunar og vígbúnaðartakmarkana eiga einnig undir högg að sækja en Bandaríkjamenn sögðu nýverið upp tvíhliða samningi við Rússland um meðaldræg kjarnavopn (INF) og taka bandalagsríkin undir með Bandaríkjunum um brot Rússlands á samningnum. Þetta hefur haft í för með sér aukna áherslu á afvopnunarmál og vígbúnaðartakmarkanir og Ísland var gestgjafi á vel sóttri fjölpjóðaráráðstefnu bandalagsins um geryðingarvopn og afvopnunarmál í október síðastliðnum. Önnur mál í umræðu á vettvangi bandalagsins eru baráttan gegn hryðjuverkum, stuðningur við Afganistan, uppbyggingarverkefni bandalagsins í Írak, Jórdaníu og Túnis. Auk þessa fer nú meira fyrir umræðu um fjölpættar ógnir og netöryggi á vettvangi bandalagsins.

Jöfnun byrða bandalagsríkja hvað varðar varnarframlög og verkefni í Atlantshafssamstarfinu hafa verið og verða áfram áberandi í umræðu á vettvangi bandalagsins. Á leiðtogafundinum í Wales 2014 skuldbatt Ísland sig til að auka framlög til öryggis- og varnarmála. Á síðasta leiðtogafundi í Brussel 2018 var sérstök áhersla lögð á að ríki hröðuðu aukningu framlaga með það fyrir augum að 2% af þjóðarframléiðslu árið 2024 rynnir til öryggis- og varnarmála. Ísland fellur ekki undir 2% viðmiðið í þessu tilliti og góður skilningur er á því innan bandalagsins að framlag Íslands verði ávallt á borgaralegum forsendum. Engu að síður ber Íslandi að axla auknar byrðar á eigin og sameiginlegum vörnum og það hafa stjórnvöld viðurkennt með því að auka framlög jafnt og þétt frá 2016, aukinni þátttöku sérfræðinga í verkefnum og í alþjóðastarfsliði í höfuðstöðvum og herstjórnarkerfi bandalagsins. Einnig hafa aukin framlög farið til innviðafjárfestinga og gistiríkisstuðnings vegna varnarmannvirkja hér á landi.

Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins leggur Ísland áherslu á pólitíska samstöðu um eflingu öryggis, stöðugleika og sameiginlegra varna, samhliða því að leita leiða til að draga úr spennu og byggja upp traust. Öryggismál og viðbúnaður á Norður-Atlantshafi, vopnatakmarkanir og afvopnunarmál, auk virkrar þátttöku kvenna í öryggismálum eru forgangsmál. Herstjórnarkerfi bandalagsins hefur nýlega verið endurskoðað með virkri þátttöku Íslands. Sú endurskoðun felur meðal annars í sér að sett verður á laggirnar ný herstjórn í Norfolk í Bandaríkjum sem mun gegna verulega auknu hlutverki í öryggismálum á Norður-Atlantshafinu. Ísland leggur til tvo sérfræðinga til starfa í alþjóðastarfsliði bandalagsins í Norfolk.

5.2. NORDEFECO.

Samstarf Norðurlandanna í öryggis- og varnarmálum hefur farið vaxandi á liðnum árum, meðal annars innan vébanda norræna varnarsamstarfsins (Nordic Defence Cooperation, NORDEFECO) þar sem Ísland tekur þátt í borgaralegum hluta samstarfsins. Árið 2018 fóru Norðmenn með formennsku í NORDEFECO og þeir lögðu áherslu á að endurnýja leiðarljós norrænu landanna í varnarmálasamstarfi (NORDEFECO Vision). Ráðherra sótti varnarmálaráðherrafund í nóvember 2018 og undirritaði leiðarljósið fyrir Íslands hönd. Leiðarljósið er vegvísir norræna varnarsamstarfsins fram til 2025 og lýsir markmiðum sem miða meðal annars að aukinni varnargetu og varnarsamvinnu Norðurlandanna.

Ísland tók þátt í tveimur vinnuhópum innan hernaðarlega hluta samstarfsins á liðnu ári, sem kortlögðu stöðu Norðurlandanna á þekkingu, getu, þróun og mögulegu samstarfi hvað varðar gervihnetti og ómönnuð farartæki.

Ísland fer ekki með formennsku í NORDEFECO-samstarfinu en hefur boðist til að halda á nokkurra ára fresti vinnufundi í samstarfi við viðkomandi formennskuríki. Í ár fer Svíþjóð með formennsku og Ísland heldur einn vinnufund í október 2019 í Reykjavík í samstarfi við Svía.

5.3. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE.

Erfitt hefur reynst að ná árangri í sáttumleitunum í langvarandi deilum og ófriði á ÖSE-svæðinu, aðallega vegna andstöðu Rússa. Úkraínudeilan er fyrirferðamest og lítið þokast í átt að sáttum samkvæmt Minsk-samkomulaginu svokallaða. Ísland hefur ítrekað stuðning sinn við sjálfstæði Úkraínu og krafist þess að alþjóðleg viðurkennd landamæri ríkisins verði virt. Atburðirnir við Kerch-sund í nóvember 2018, þar sem rússneski flotinn skaut og sigldi á úkraínsk skip og handtók áhafnir, hefur gert illt verra. Kyrrstaða er í öðrum langvarandi deilum, eins og milli Georgíu og Rússlands um Suður-Ossetíu og Abkasíu, milli Aserbaísjan og

Armeníu um Ngorno-Karabakh, og Rússa og Moldóvu um Transnistríu. Þar hefur reyndar aðeins þokast í sáttafærlinu.

Andstaða Rússa við endurskoðun Vínarskjalsins kom í veg fyrir að hægt væri að ná fram samþykkt á ráðherrafundi ÖSE í Milánó í desember 2018 um að styrkja hermálagagnsæi, minnka áhættu og koma í veg fyrir hættuleg atvik. Vínarskjalið er einn af grundvallarsamningum um öryggissamvinnu í Evrópu. Aftur á móti náðist fram samþykkt um smá- og léttvopn. Viðræðum um takmörkun vígbúnaðar hefur verið haldið áfram og þar hefur meðal annars verið rætt um netöryggi, óhefðbundinn hernað og nýjar fjandsamlegar aðgerðir. Fjarvera Rússa í sameiginlega samráðshópnum um samninginn um takmörkun hefðbundins heraflla í Evrópu setur svip á starf hópsins. Í ráðgjafanefndinni um samninginn um opna lofthelgi eru góðar vonir um samvinnu um traustvekjandi aðgerðir á árinu.

5.4. Netöryggi.

Netöryggismál er nýr málaflokkur sem hefur vaxandi vægi í umræðu á alþjóðavettvangi enda samkeppnishæfni landa nú í auknum mæli háð góðum fjarskiptum og öflugum háhraðatengingum. Á sama tíma og fjarskipti skipa stærra hlutverk þarf að tryggja öryggi þeirra og byggja upp viðnámsþol samfélaganna gagnvart áföllum og verja mikilvæga innviði fyrir árásum. Að takast á við nýjar áskoranir og ógnir sem hafa áhrif þvert á ríki og alþjóðasamfélagið krefst samvinnu ríkja og annarra aðila á alþjóðavettvangi.

Alþjóðastofnanir sem fjalla um netöryggismál eru Atlantshafsbandalagið, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu og Sameinuðu þjóðirnar. Á vettvangi NATO er áherslan á upplýsingaskipti, þróun sameiginlegra viðmiða, æfingar og þjálfun. Hjá ÖSE er unnið með „grundvallarleikreglur“ og aðgerðir til að byggja upp traust og hjá Sameinuðu þjóðunum er horft á ábyrga hegðun ríkja í netheimum og hvernig þróa megi og beita alþjóðalögum gegn brotum á netinu. *Tallinn-handbókin*, sem tekin var saman af hópi alþjóðlegra sérfræðinga um gildandi alþjóðalög og túlkun þeirra að beiðni öndvegisseturs Atlantshafsbandalagsins um netöryggi sem hefur aðsetur í Tallinn, hefur áunnið sér sterka stöðu á þessu sviði.

Ísland á í samstarfi við grannríki í málaflokknum auk þess sem honum er sinnt innan fyrrnefndra alþjóðastofnana. Tilgangurinn er meðal annars að stuðla að auknu netöryggi landsins og sjá til þess að Ísland sé hluti af umræðunni sem þar fer fram. Netöryggisstefna fyrir Ísland var samþykkt árið 2015 og sett var á laggirnar netöryggisráð sem leitt er af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Gott samstarf er á milli samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og utanríkisráðuneytis í málaflokknum og fulltrúi utanríkisráðuneytis á sæti í netöryggisráði.

6. Framtíðarsýn og meginmarkmið.

Meginmarkmiðin eru þessi:

- Tryggja að ávallt séu til staðar á Íslandi trúverðugar og sýnilegar varnir sem byggjast á alþjóðasamstarfi, einkum á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, og varnarsamningnum við Bandaríkin ásamt virku samstarfi við grannríki á sviði öryggismála.
- Tryggja rekstur og viðhald íslenska loftvarnakerfisins og annarra kerfa og varnarmannvirkja á Íslandi.
- Tryggja að ávallt sé til staðar fullnægjandi gistiríkjustuðningur og viðbúnaðargeta og öryggi til þess að taka á móti liðsafla á friðartímum sem og hættu- eða ófriðartímum ef þörf krefur.
- Tryggja þátttöku og framlag Íslands í varnar- og öryggissamstarfinu innan Atlantshafsbandalagsins.
- Tryggja virka þátttöku á sviðið afvopnunar og vígbúnaðartakamarkana á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu.

IV. ÞRÓUNARSAMVINNA

1. HLOTVERK OG STEFNA.

Alþjóðleg þróunarsamvinna er ein af meginstöðum íslenskrar utanríkisstefnu. Með virkri þátttöku í alþjóðlegri þróunarsamvinnu leitast Ísland við að uppfylla pólitískar, lagalegar og siðferðislegar skyldur sínar sem ábyrg þjóð í samfélagi þjóðanna. Þannig taka íslensk stjórnvöld þátt í baráttu alþjóðasamfélagsins gegn fátækt, fyrir friði á heimsvísu og að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun verði náð.

Samkvæmt lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands ber utanríkisráðherra að leggja fram tillögu til þingsályktunar á Alþingi um stefnu stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fimmta hvert ár. Þingsályktunartillagan fyrir árin 2019–2023, sem nú er til meðferðar á Alþingi, endurspeglar þær breytingar sem orðið hafa í umhverfi alþjóðlegrar þróunarsamvinnu á síðustu misserum, ekki síst vegna heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Stefnan byggist einnig á tillögum sem fram komu í jafningjarýni Þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD Development Assistance Committee, DAC) á þróunarsamvinnu Íslands árið 2017 og skýrslu stýrihóps um utanríkisþjónustu til framtíðar frá sama ári.

Árangur, skilvirkni og fagleg vinnubrögð eru sett í forgrunn í allri þróunarsamvinnu líkt og gert hefur verið fram að þessu. Lögð er áhersla á að árangurseftirlit með framkvæmd þróunarsamvinnu taki mið af bestu starfsvenjum og viðmiðum á alþjóðavísu. Stefnit er að því að starf Íslands byggist á heildrænni árangursstjórnun á komandi árum. Þarfagreining stendur nú yfir þar sem meðal annars hefur verið leitað leiðsagnar DAC. Breska þróunarsamvinnustofnunin (Department for International Development, DfID) setti upp sameiginlega vinnustofu fyrir sérfræðinga frá Íslandi og svissnesku þróunarsamvinnustofnuninni í janúar á þessu ári. Þar var fjallað um útfærslu stofnunarinnar fyrir árangursstjórnun, þ.m.t. árangursmælingar, hugbúnað, skýrslugerð og vöktun verkefna. Þannig skiptir alþjóðlegt samstarf um skilvirkni og árangur þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar miklu máli fyrir Ísland, sem tekur til dæmis nú í fyrsta skipti þátt í alþjóðlegu samstarfi um skilvirka þróunarsamvinnu. Verkefnið miðar að því að aðstoða þróunarríki og samstarfsaðila þeirra við að leggja mat á framvindu, tækifæri og hindranir við að samræma starf sitt samkvæmt grundvallarviðmiðum árangurs í þróunarsamvinnu. Ísland tekur einnig þátt í samstarfi á vettvangi Nordic Plus-ríkjanna, sem eru Norðurlöndin, Bretland, Holland og Írland. Þá hefur Ísland verið aðili að DAC frá árinu 2013. Nefndin er samstarfsvettvangur OECD-ríkja sem veita þróunaraðstoð samkvæmt sameiginlegum viðmiðum og stuðlar að faglegu aðhaldi. Á vettvangi DAC hefur Ísland meðal annars tekið þátt í málefnastrafi sem tengist samstarfi við einkageirann, forvörnum gegn kynferðislegri misnotkun, samráði við frjáls félagasamtök og samhæfingu mannúðaraðstoðar, þróunarsamvinnu og friðaruppbyggingar.

Þróunarsamvinnunefnd starfar samkvæmt lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, nr. 121/2008, og fundar reglulega. Nefndin sinnir ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanatöku um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands til lengri tíma og fylgist með framkvæmd hennar. Á síðasta starfsári fjallaði nefndin meðal annars um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019–2023 og aðgerðaáætlun þar að lútandi, framlög til þróunarsamvinnu, val á samstarfslöndum, þátttöku Íslands í starfi alþjóðastofnana á sviði þróunarsamvinnu, sem og helstu skýrslur um árangur í þróunarsamvinnu. Þróunarsamvinnunefnd skipa þingfulltrúar allra þingflokka, fulltrúar frá háskólasamfélaginu og atvinnulífínu, auk félagasamtaka, alls 17 manns. Formaður þróunarsamvinnunefndar er Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra.

Meginmarkmið nýrrar stefnu í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands eru annars vegar uppbygging félagslegra innviða og störf í þágu friðar, og hins vegar verndun jarðarinnar og sjálfbær nýting náttúruauðlinda. Rík áhersla er lögð á að nýta virðisaukandi sérþekkingu Íslands. Ísland leggur sitt af mörkum til að ná 10 af 17 heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna í gegnum fjölþjóða- og tvíhliða starf, svæðasamstarf, samstarf við félagasamtök og aðila atvinnulífsins, og mannúðaraðstoð. Unnið verður að uppbyggingu félagslegra innviða í Úganda og Malaví en Mósambík hefur þegar breyst úr tvíhliða samstarfslandi í áhersluland. Þá er unnið að svæðaverkefnum í Austur-Afríku á sviði jarðhita og í Vestur-Afríku á sviði fiskimála.

2. FRAMLÖG TIL ÞRÓUNARSAMVINNU.


Ríkisstjórnin hyggst auka framlög til þróunarsamvinnu á næstu árum og stefnir að því að þau verði 0,35% af vergum þjóðartekjum (VÞT) eftir fjögur ár. Til samanburðar má nefna að meðaltal framlaga aðildarríkja að Þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC) var 0,31 % af VÞT árið 2017. Þessi viðmið byggjast á skilgreiningu þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) á framlögum. Stærsti hlutinn af framlögum Íslands er á hendi utanríkisráðuneytisins en að auki telst hluti af kostnaði við móttöku hælisleitenda á Íslandi og kvótaflóttafólks

til framlaga til þróunarsamvinnu og fellur því hluti af framlögum undir félagsmálaráðuneytið og dómsmálaráðuneytið.

Vegna sérstöðu framlaga til opinberrar þróunarsamvinnu er mikilvægt að hafa góða yfirsýn og heildarmynd yfir öll útgjöld sem teljast sem framlög til opinberrar þróunarsamvinnu. Skilgreiningar DAC byggjast á sameiginlegum verklagsreglum þar sem reynt er að tryggja að tölfræði um opinbera þróunarsamvinnu sé samanburðarhæf milli aðildarríkja. Fjármálastjórn og bókhald ráðuneytisins hefur verið þróað í samræmi við þessar verklagsreglur en yfirgripsmikil vinna stendur nú yfir til að samræma vinnulag að nýjum reglum DAC. Í mars 2019 heimsóttu sérfræðingar frá DAC þær íslensku stofnanir sem eru ábyrgar fyrir þróunarsamvinnuframlögum. Tilgangurinn með heimsókninni var að styðja við starf Íslands á þessu sviði, veita ráðgjöf um verklag og rýna nýja aðferðafræði við útreikninga á þeim kostnaði sem telja má fram sem opinbera þróunarsamvinnu. DAC tekur út þessa vinnu í miðannarmati jafningjarýni árið 2020.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2018 námu framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu sem utanríkisráðuneytið hefur umsýslu með, 5,5 milljörðum kr. Áætlað heildarframlag, og þá er meðtalin kostnaður annarra ráðuneyta, ásamt stofnfjárframlögum til Alþjóðabankans og fleiri stofnana, var 8,46 milljarðar kr. og því var heildarhlutfallið um 0,29% af VÞT árið 2018.

Skipting framlaga árið 2018



3. TVÍHLIÐA ÞRÓUNARSAMVINNA.

Meginmarkmið tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands er að bæta lífsviðurværi fátæks fólks og stuðla að velferð á grundvelli mannréttinda og sjálfbærrar þróunar. Stærsti hluti hennar á sér stað í tvíhliða samstarfslöndum Íslands, Malaví og Úganda, en þar hafa sendiráð Íslands umsjón með samstarfinu. Megináherslan í löndunum tveimur er á héraðsverkefni. Unnið er að því að bæta ýmsa grunnþjónustu við íbúa héraðanna, Mangochi-héraðs í Malaví og Buikwe og Kalangala-héraðanna í Úganda.

Úttektir fóru annars vegar fram á héraðsverkefni í Mangochi í Malaví fyrir tímabilið 2012–2017 og hins vegar í Kalangala í Úganda fyrir tímabilið 2006–2017. Úttektirnar voru boðnar út í einu lagi og framkvæmdar af þýsku úttektarfyritæki á tímabilinu mars til ágúst 2018. Helstu niðurstöður voru þær að nálgunin sem beitt er í báðum tvíhliða samstarfslöndum Íslands, svokölluð héraðsnálgun, hafi reynst vel. Þar er tvíhliða samstarf beinum fjárlagastuðningi til héraðanna og verkefnanálgun.

Fram kemur í niðurstöðum að Ísland hafi verið óvenjulega sveigjanlegur og áráðinn samstarfsaðili án þess að það hafi bitnað á góðu skipulagi og fjármálastjórn. Þetta hafi tryggt að þrátt fyrir ýmsar hindranir, sem einkum hafi stafað af skorti á færni í héruðunum, hafi í báðum verkefnum tekist að ná tilætluðum árangri og byggt hafi verið upp traust samband við samstarfsaðila. Verkefni þóttu vera vel viðeigandi og mættu þörfum haghafa á svæðinu. Sérstaklega hafi verið stutt við eignarhald heimamanna, ekki síst með því að hafa mikil tengsl á milli verkefnanna og þróunaráætlananna. Náð samstarf hafi aukið möguleikana á því að ná tilætluðum árangri og það hafi styrkt samstarfið milli viðkomandi héraðsstjórnar og Íslands. Þá voru verkefni skipulögð til langs tíma sem talið er vænlegt til að festa í sessi árangur og sjálfbærni.

Auk Malaví og Úganda fer tvíhliða starf fram í þremur áherslulöndum, Afganistan, Mósambík og Palestínu. Þar er annarri nálgun beitt og fyrst og fremst unnið í nánu samstarfi við ýmsar stofnanir Sameinuðu þjóðanna sem hafa starfsemi í löndunum þremur. Í austanverðri Afríku hefur undanfarin ár verið unnið að svæðaverkefni á sviði jarðhitarannsókna, sem varpað hefur ljósi á ýmsa nýtingarmöguleika jarðhita á svæðinu. Í samstarfi við Alþjóðabankann hófst jafnframt á árinu nýtt svæðaverkefni í fiskimálum í vesturhluta Afríku, nánar tiltekið í Síerra Leóne og Líberíu.

3.1. Malaví.

Ísland og Malaví hafa starfað saman á sviði þróunarsamvinnu í 30 ár. Í tvíhliða þróunarsamvinnu starfar Ísland með Malaví á héraðsstigi en einnig með stofnunum Sameinuðu þjóðanna og félagasamtökum. Meginþungi starfsins felst í þróunarsamvinnuverkefnum með héraðsstjórninni í Mangochi-héraði þar sem íbúar eru um 1,2 milljónir. Áherslur snúa að grunnþjónustu, að draga úr mæðra- og ungbarnadauða, auka gæði grunnskólamenntunar, bæta aðgengi að drykkjarhæfu vatni og koma upp viðunandi salernisaðstöðu. Einnig er unnið að efnahagslegri valdeflingu kvenna og ungmenna og styrkingu héraðsstjórnarinnar.

Opnun nýrrar fæðingardeildar við héraðssjúkrahúsið í Mangochi-bænum markar tímamót í starfsemi héraðssjúkrahúsins. Utanríkisráðherra opnaði fæðingardeildina formlega í ársbyrjun 2019 ásamt heilbrigðisráðherra Malaví. Á lóð fæðingardeildarinnar er einnig miðstöð ungbarna- og mæðraverndar. Af öðrum helstu viðburðum síðustu missera má nefna opnun sex fæðingardeilda og biðskýla fyrir barnshafandi konur í sveitum héraðsins. Á árinu voru afhentar fimm sjúkrabifreiðar til héraðsins sem meðal annars nýtast konum í barnsnauð. Árangur síðustu ára er góður, til dæmis hefur dauðsföllum af völdum barnsburðar fækkað um 40% frá 2012 til 2017.

Á árinu voru byggðar 72 kennslustofur auk skrifstofuhúsnæðis við skólana 12 sem njóta stuðnings. Árangurinn telst góður. Frá upphafi samstarfsins hefur brottfall barna úr grunnskólunum dregist saman um 60% og nemendum fjölgar sem ná góðum árangri á lokaprófum. Alls eru 25 þúsund nemendur í skólunum 12, um tvöfalt fleiri en í öllum grunnskólum Reykjavíkur. Enn fremur er búið að koma tveimur leikskólum af stað, en miklar vonir eru bundnar við að stuðningur við leikskóla hjálpi börnum á ýmsan hátt til frambúðar.

Teknir voru í notkun 94 vatnspóstar á árinu. Um 16 þúsund manns hafa því bætt aðgengi að drykkjarhæfu vatni. Unnið var með mörgum samfélögum á árinu til að bæta vitund fólks um hreinlæti og mikilvægi salerna. Tvö samfélög hlutu vottun heilbrigðisyfirvalda um að öll heimili hefðu aðgang að salerni og aðstöðu til handþvotta. Bætt hreinlæti hefur dregið úr niðurgangspæstum og engin tilfelli kóleru hafa komið upp frá 2016.

Á árinu var unnið með Action Aid-samtökunum í herferðinni 50:50 til að auka stjórnmaláþátttöku kvenna í Mangochi-héraði fyrir næstu þing- og sveitarstjórnarkosningar sem haldnar verðar 19. maí 2019. Aðeins tvær konur eru á þingi frá héraðinu og engin kona situr í núverandi sveitarstjórn. Enn fremur var brotið blað í jafnréttisumræðunni í Malaví með tveimur svokölluðum rakarastofum (e. Barbershop) sem haldnar voru í nóvember í tilefni fullveldisafmælis Íslands.

Menntamál í Mangochi 2013-2019



15% aukning nemenda sem halda áfram námi milli bekkja



Fjöldi nemenda á hvert skólaborð



Fjöldi nemenda á hverja kennslubók



20% fleiri nemendur standast lokapróf en við upphaf verkefnis

Vatnsmál í Mangochi 2012-2019



554 nýir eða viðgerðir vatnspóstar



U.þ.b. **95.000** manns hafa því aðgang að neysluhæfu vatni



Aðgangur íbúa á samstarfssvæðum að neysluhæfu vatni



Lögð er áhersla á að nýta sérþekkingu ýmissa alþjóðastofnana í Malaví, svo sem bólusetningarsjóðsins GAVI (Vaccine Alliance), Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (World Food Programme, WFP), Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (United Nation Population Fund, UNFPA) og UN Women (The United Nations Entity for Gender Equality and the Empowerment of Women), til að styðja enn frekar við framþróun í Mangochi-héraði. Íbúum Malaví hefur fjölgað á síðustu átta árum um 35% en í manntali frá síðastliðnu hausti kom í ljós að íbúafjöldinn stendur í rúmlega 17,5 milljónum. Hagstofan í Malaví ásamt UNFPA leiddi framkvæmd manntalsins. Ísland styður við verkefnið og sá stuðningur nýttist við úrvinnslu gagna og uppsetningu gagnamiðlunarkerfis.

Núverandi samstarfsáætlun við Malaví rennur út í árslok 2019 og undirbúningur að nýrri áætlun er hafinn.

3.2. Úganda.

Í Úganda er starfað með héraðsyfirvöldum í tveimur héruðum landsins, Kalangala og Buikwe. Það fyrrnefnda er eyjasamfélag í Viktoríuvatni en það síðarnefnda liggur að norðurströnd vatnsins. Í báðum héruðunum eru stundaðar fiskveiðar og beinist stuðningur Íslands einkum að þorpum þar sem fiskveiðar eru mikilvægur atvinnuvegur. Samstarfið felst í því að styðja héraðsyfirvöld við að framkvæma áætlanir sínar um byggðapróun í viðkomandi héraði.

Í Kalangala hófst stuðningur Íslands skömmu eftir síðustu aldamót. Nú er nær eingöngu unnið að menntamálum, fyrst og fremst að uppbyggingu grunnskóla og framhaldsskóla, en áætlað er að samstarfinu við Kalangala ljúki á næsta ári.

Í Buikwe beinist starfið að tveimur málaflokkum, annars vegar menntun og hins vegar vatns- og salernismálum. Byggingar á skólastofum og aðrir verkþættir í menntaverkefninu gengu samkvæmt áætlun og sömu sögu má segja af vatnsveitum. Í samstarfi við yfirvöld er verið að þróa rekstrarkerfi fyrir vatnsveiturnar í héraðinu. Kerfið verður rafrænt sem gerir reksturinn hagkvæmari en þegar greitt er með reiðufé líkt og áður var gert.

Í Buikwe hafa orðið miklar framfarir í menntamálum á síðustu árum eftir að Íslendingar hófu stuðning við héraðsstjórnina í þessum málaflokki. Árið 2017 luku 75,5% nemenda lokaprófi úr grunnskóla samanborið við 40% árið 2011. Brottfall úr skóla hefur einnig minnkað umtalsvert eftir að stuðningur hófst. Náms-umhverfi hefur verið bætt í fjölmörgum skólum og nemendur þurfa ekki lengur að sitja utandyra, undir trjám, eins og áður tíðkaðist.

Vatns- og salernismál í Buikwe 2015-2019



15 vatnsveitur þjónusta 40.000 manns



Heimili í héraðinu með aðgang að neysluhæfu vatni

2015 58%

2019 77%



Heimili í héraðinu með kamar

2015 69%

2019 78%

Nemendum hefur fjölgað í mörgum skólum og foreldrar hafa sýnt aukinn áhuga á samstarfi við skóla barna sinna. Til dæmis hafa foreldrar tekið að sér skólamötuneyti og fylgjast nú spenntir með skólastarfinu. Auk nýrra skólastofa og kennaraíbúða felast kaup á kennslubókum og íþróttavörum einnig í stuðningnum. Skólastjórnendur og kennarar tala um verulegar framfarir nemenda bæði í bóklegu námi og íþróttum og þakka íslenskum stuðningi árangurinn.

Í norðurhluta Úganda eru um 1,3 milljónir flóttamanna, flestir frá nágrennaríkinu Suður-Súdan. Þorri þeirra eru konur og börn. Í desember síðastliðnum var skrifað undir samning við UNICEF um uppsetningu sólardrifinna vatnsveitna fyrir heilsugæslustöðvar og skóla á einu svæði flóttamanna. Um er að ræða nýmæli því að verkefnið samþættir aðstoð við flóttafólk og heimafólk. Þótt alþjóðasamfélagið leggi áherslu á samþættingu þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar eru þess háttar verkefni fátíð. Eftir eitt ár verður metið hvernig til hefur tekist og hvort halda eigi stuðningi áfram.

Samstarfsáætlun við Úganda lýkur í árslok 2019. Þarlend stjórnvöld hafa óskað eftir áframhaldandi samstarfi og undirbúningur er hafinn af Íslands hálfu.

3.3. Svæðasamstarf á sviði jarðhita í Austur-Afríku.

Frá 2013 hafa íslensk stjórnvöld staðið fyrir umfangsmiklu samstarfi um jarðhitarannsóknir í 13 ríkjum í Sigdalnum mikla í Austur-Afríku í samvinnu við Norræna þróunarsjóðinn (Nordic Development Fund, NDF). Verkefnið er tengt viljayfirlýsingu Íslands og Alþjóðabankans um aukna jarðhitanýtingu á svæðinu. Verkefninu lauk formlega í lok árs 2017 en framkvæmd nokkurra verkþátta hefur dregist og lýkur þeim verkefnahlutum formlega fyrri hluta árs 2019. Á árinu lauk yfirborðsrannsóknum í Tansaníu og aðstoð við Djíbútí um gerð hugmyndalíkana fyrir jarðhitasvæði.

Óháð lokaúttekt á svæðaverkefninu hófst í október og lýkur í apríl 2019. Síðar á árinu 2019 stendur til að skoða ítarlega hvernig má veita áframhaldandi stuðning til jarðhitapróunar í Austur-Afríku og væntanlegar tillögur úr úttekt á jarðhitaverkefni Íslands og NDF nýtast í þeirri vinnu.

Síðastliðin þrjú ár hefur ráðuneytið átt í góðu samstarfi við Norræna þróunarsjóðinn, Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna og LaGeo, jarðhitafyrirtæki El Salvador, um rekstur og framkvæmd jarðhitánáms í El Salvador. Námið er að fyrirmynd Jarðhitaskólans sem aðstoðar LaGeo við framkvæmd þess. Á árinu stunduðu 30 nemendur frá Mið- og Suður-Ameríku námið. Þátttaka í verkefninu viðheldur áframhaldandi tengingu Íslands við málefni jarðhita í álfunni, en íslenskir sérfræðingar taka þátt í kennslunni.

Ísland var öflugur þátttakandi á Argeo C7-jarðhitaráðstefnunni sem haldin var í höfuðborg Rúanda, Kígali, í nóvember síðastliðnum og jafnframt voru haldin tvö námskeið í samstarfi við Jarðhitaskólann. Ísland studdi áfram við Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UN Environment) í Naíróbí og kom að stofnun og starfsemi þjálfunarmiðstöðvar í jarðhita í Kenya í samstarfi við Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Þá var í tengslum við jarðhitasamstarfið stutt við íslensku jarðhitaráðstefnuna (Iceland Geothermal Conference) sem sérfræðingar frá samstarfslöndum Íslands í Afríku sóttu, ásamt því að stuðningur var veittur við málstofu IRENA (The International Renewable Energy Agency) á ráðstefnunni um beina nýtingu jarðhita og fæðuöryggi. Jafnframt var í gegnum ÖSE stutt við heimsókn orkusérfræðinga frá Armeníu, Georgíu, Kirgistan og Úkraínu ásamt orkusérfræðingi ÖSE. Hópurinn kynnti sér beina nýtingu jarðhita á Íslandi, meðal annars til húshitunar og þótti heimsóknin takast afar vel.

3.4. Svæðasamstarf á sviði fiskimála í Vestur-Afríku.

Skrifað var undir samstarfssamninga við Sierra Leóne og Líberíu fyrir á þessu ári um ný samstarfsverkefni sem styðja við heimsmarkmið nr. 14, líf í vatni, um sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda og verndun hafsins. Bæði löndin hafa umtalsverða möguleika á að byggja upp atvinnulíf og störf tengd fiskveiðum, enda góð fiskimið undan ströndum þeirra. Verkefni hafa verið undirbúin í náinni samvinnu við Alþjóðabankann í fiskimálum og stjórnvöld í viðkomandi löndum. Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi er lykilsamstarfsaðili verkefnisins og skólinn kemur til með að bjóða upp á sérsniðna þjálfun sem snýr að markmiðum verkefnisins.

Á árinu 2018 voru haldin námskeið í notkun og greiningu gagna úr skipaefirlitskerfum fyrir lykilstarfsmenn sjávarútvegssráðuneyta frá þessum löndum, auk Gana. Þá voru frumgerðir nýrra og endurbættra reykofna fyrir fisk hannaðir og smíðaðir í samstarfi við Matis og innlendir verkmenntastofnanir. Nýju ofnarnir koma einkum konum í fiskverkun til góða og draga úr eldiviðarotkun og heilsuspillandi mengun. Mikilvægur hluti verkefnisins felst í því að bæta vatns- og hreinlætismál í fiskiþorpum ásamt því að berjast gegn plastmengun og leggja áherslu á endurvinnslu. Skrifað var undir samning við UNICEF sem verður samstarfsaðili Íslands í löndunum og leiðir innleiðingu þessara verkefnaþátta í samstarfi við þarlend stjórnvöld. Með þessu verkefni stígur Ísland fyrstu skrefin í nýju samstarfi við þessi tvö lönd sem bæði glíma við gríðarmikla fátækt og hafa veikburða innviði.

4. FJÖLÞJÓÐLEG ÞRÓUNARSAMVINNA

4.1. Alþjóðabankinn.

Ísland tekur virkan þátt í fjölþjóðastarfi Alþjóðabankans í gegnum kjördæmi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna en ríkin átta deila stjórnarsæti í bankanum og samræma því málflutning og afstöðu til málefna. Á árunum 2019–2021 leiðir Ísland kjördæmisstarfið. Í því felst annars vegar að Ísland á aðalfulltrúa í stjórn Alþjóðabankans sem gegnir starfinu fyrir hönd kjördæmisins, og hins vegar leiðir sérstök deild innan þróunarsamvinnuskrifstofu samræmingu á málefnaþáttum kjördæmisins í höfuðborgum kjördæmislanda. Utanríkisráðherra tekur einnig sæti í þróunarsamvinnunefnd Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir hönd kjördæmisins árið 2019. Undirbúningur fyrir þessi umfangsmiklu verkefni hefur staðið yfir innan ráðuneytisins síðustu misseri.

Stór hluti framlaga Íslands til Alþjóðabankasamsteyppunnar (World Bank Group) fer til Alþjóðafarastofnunarinnar (International Development Association, IDA) sem er sú stofnun bankans sem veitir fátækustu löndum heims styrki og lán á hagstæðum kjörum, auk ráðgjafar. Þá veita íslensk stjórnvöld stuðning til sömu ríkja í gegnum áætlun Alþjóðafarastofnunarinnar um niðurfellingu skulda fátækustu ríkjanna. Í nóvember hófust samningaviðræður aðildarríkja um 19. endurfjármögnun stofnunarinnar sem Ísland tekur virkan þátt í.

Tvíhliða samstarf Íslands við bankann hefur aukist talsvert á síðustu árum þar sem sérstök áhersla er lögð á samstarf á sviði jarðhita, fiskimála, jafnréttis- og mannréttindamála. Sjóðurinn Profish sem Ísland hefur stutt til margra ára verður lagður niður í núverandi mynd og verða fiskimál þess í stað sérstök áherslusvið í nýjum ProBlue-sjóði bankans sem fjallar um málefni hafins í víðu samhengi. Mengunarmál í hafi verða einnig sérstök áherslusvið í þessum sjóði. Sjóðurinn er talinn falla mjög vel að áherslum Íslands um verndun sjávar og sjálfbæra nýtingu auðlinda hafins innanlands, á alþjóðavettvangi og í verkefnum á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Ísland skrifaði á árinu undir samning vegna framlaga til ProBlue-sjóðsins og leggur Ísland til fjármagn í verkefni sem snúa að fiskimálum og plastmengun í hafi. Öflug þátttaka Íslands í ProBlue-sjóðnum styrkir almennt samstarf við bankann á sviði fiskimála og skapar fleiri tækifæri til að miðla íslenskri þekkingu á þessu sviði. Þessu samhliða fjármagnar Ísland stöðu sérfræðings hjá bankanum á sviði fiskimála með búsetu í Gana.

Ísland hefur um árabil veitt framlög í orkusjóð bankans (Energy Sector Management Assistance Programme, ESMAP). Einnig hefur Ísland fjármagnað stöðu jarðhitasérfræðings hjá orkusjóðnum og í lok árs var gerður samningur um áframhaldandi stuðning um stöðuna eftir að beiðni barst frá bankanum. Þá var nýlega auglýst hér á landi staða jarðhitasérfræðings hjá sjóðnum sem nýtur fyrrgreinds stuðnings. ESMAP hefur reynst einn mikilvægasti vettvangur bankans við að auka þekkingu á jarðhitaverkefnum og greiða fyrir fjárfestingum á því sviði. Ísland hefur stutt við brautryðjendastarf ESMAP á sviði jafnréttismála og jarðhita, og fyrstu niðurstöður nýrrar skýrslu á því sviði voru kynntar á vel sóttri jarðhitaráðstefnu í apríl 2018 á Íslandi. Í framhaldi af þeirri vinnu stóð ESMAP fyrir vinnustofu um jarðhita og jafnréttismál í smáeyrþróunarríkjum (Small Island Development States, SIDS) á Gvadelúpeyjum í mars 2019. Miklir möguleikar eru til jarðhitánýtingar á svæðinu, sem er einnig vel til þess fallin að byggja upp viðnámsþrótt smáeyja, en þær eru sérstaklega viðkvæmar fyrir afleiðingum loftslagsbreytinga. Þá veitti Ísland eyrnamerkt framlag til ESMAP fyrir starf sem varðar nýtingu vatnsafls í þágu þróunarríkja en Ísland býr yfir víðtækri þekkingu á því sviði sem nýst getur víða um heim.

Ísland veitir framlög í sérstakan jafnréttissjóð (Umbrella Facility for Gender Equality, UFGE) innan bankans. Nýlega var gerður samningur við sjóðinn til fimm ára en hann gegnir mikilvægu hlutverki í stefnumótun bankans á sviði jafnréttismála. Sjóðurinn hefur skilað góðum árangri og ný jafnréttisstefna bankans fyrir árin 2017–2023 byggist meðal annars á rannsóknum og verkefnum sem hafa verið á vegum hans.

Áhersla hefur verið á að nýta íslenska sérþekkingu á vettvangi alþjóðastofnana og hefur þróunarsamvinnuskrifstofa unnið að útfærslum til að íslensk sérfræðiþekking á sviði jarðhita- og fiskimála nýtist innan stærri verkefna Alþjóðabankans og mögulega annarra stofnana. Utanríkisráðherra skrifaði undir samkomulag í maí í fyrra við Alþjóðabankann um tæknilega aðstoð á sviði fiskimála. Komið hefur verið á fót ráðgjafalistum á sviði fiski- og jarðhitamála, sem auglýstir hafa verið í samstarfi við Ríkiskaup. Á árinu hafa íslenskir sérfræðingar farið til starfa við verkefni tengd Alþjóðabankanum í El Salvador, Vietnam, Bangladess og Kasakstan. Öll tæknileg aðstoð og lausnir sem veittar eru í þessu samhengi eru á grundvelli beiðna, annaðhvort frá samstarfsríkjum bankans eða bankanum sjálfum. Það tryggir að sérfræðiframlag Íslands nýtist í stærra samhengi og gildi aðstoðarinnar fyrir viðkomandi lönd. Með því að tengja sérfræðiþekkingu Íslands við starf Alþjóðabankans er þess vænst að reynsla sérfræðinganna, og þeirra fyrirtækja sem þeir starfa hjá, verði betur metin á alþjóðavettvangi og skapi mikilvæg tengsl fyrir möguleg framtíðarverkefni.

4.2. Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna.

Í gildi er rammisamningur milli íslenskra stjórnvalda og Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UN Children's Fund, UNICEF) sem veitir heildstæða umgjörð um samstarfið. Ætla má að kjarnaframlög Íslands til UNICEF hafi náð til milljóna barna víðs vegar um heim. Ráðuneytið undirritaði áframhaldandi samstarfssamning við UNICEF í Mósambík, sem nær frá 2018 til 2020, um að bæta vatns-, salernis- og hreinlætisástöðu í einu fátækasta fylki landsins, Zambeziú. Fyrsta samstarfsáætlunin, fyrir tímabilið 2014–2017, bar góðan árangur í sex héruðum fylkisins. Umbætur varðandi aðgengi að hreinu vatni náði til 63 þúsund íbúa með byggingu 160 vatnsbóla og umbætur í salernismálum náðu til 67 þúsund íbúa. Þá voru vatns- og hreinlætisumbætur gerðar í 85 grunnskólum.

Endurnýjaður var samningur vegna samstarfsverkefnis UNICEF og Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (United Nations Population Fund, UNFPA) um upprætingu limlestinga á kynfærum kvenna og stúlkna í 17 löndum í Afríku. Samningurinn var endurnýjaður á síðasta ári til fimm ára. Ætlað er að fleiri en 200 milljónir kvenna hafi þurft að þola þessa meðferð en limlesting á kynfærum kvenna er heilbrigðisvandamál, brot á mannréttindum og birtingarmynd á kynbundnu misrétti og ofbeldi.

Ísland hefur einnig stutt við heilsutengd verkefni UNICEF í Palestínu frá árinu 2011 og studdi meðal annars ljósmæðraeftirlit með mæðrum í viðkvæmri stöðu. Úttekt á verkefninu frá 2018 sýnir að mikil þörf var á þjónustunni sem talin er hafa átt stóran þátt í að draga úr bæði mæðra- og ungbarnadauda.

Þá er í gildi samstarfssamningur utanríkisráðuneytisins og landsnefndar UNICEF fyrir árin 2017–2019 sem felst, auk kynningarstarfa, meðal annars í því að landsnefndin veiti útsendum sérfræðingum fræðslu áður en þeir hefja störf á vettvangi.

4.3. Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna.

Í gildi er rammisamningur milli íslenskra stjórnvalda og UN Women, stofnunar Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna. Ísland hefur lagt áherslu á að auka vægi kjarnaframlaga sem svar við beiðni UN Women um að framlagsríki dragi úr eyrnamerkingum framlaga en með því getur stofnunin brugðist hraðar við breyttum aðstæðum og forgangsraðað verkefnum betur. Á þeim forsendum er framlögum Íslands til UN Women í Afganistan og Palestínu beint í almenna framkvæmd ársáætlana skrifstofanna tveggja.

Ísland hefur stutt við Eid bi Eid-verkefni UN Women í Jórdaníu frá árinu 2015 þar sem konur á flotta frá Sýrlandi fá atvinnutækifæri, menntun og daggæslu fyrir börn sín á svokölluðum gríðarstöðum í Zaatari- og Azraq-flóttamannabúðunum. Verkefnið felur meðal annars í sér rekstur lítillar miðstöðvar þar sem konur koma saman og vinna til dæmis handverksvinnu. Afraksturinn er síðan seldur til efnahagslegrar valdeflingar kvennanna. Þá fjármagnaði Ísland stöðu sérfræðings sem vinnur að málefnum flóttamanna á skrifstofu UN Women í Tyrklandi á árunum 2017–2019. Einnig er stutt við verkefni fyrir sýrleskar flóttakonur sem hafa flúið til Tyrklands og beinist að því að framfylgja jafnréttisskuldbindingum í mannúðarstarfi, þar á meðal á grundvelli heimsmarkmiðanna og ályktunar nr. 1325 um konur, frið og öryggi. UN Women í Mósambík vinnur að framkvæmd ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi með stuðningi frá Íslandi og Noregi, en samningur er í gildi árin 2017–2020. UN Women vinnur með þarlandum stjórnvöldum að því að tryggja að hugað sé að jafnrétti og valdeflingu kvenna og stúlkna í ferlum og áætlunum sem stuðla að friði, öryggi og endurreisn í Mósambík. Þá styður Ísland fjárhagslega við verkefni UN Women sem snúa að pólitískri valdeflingu kvenna í þróunarríkjum með fjölbreyttum aðgerðum.

Samstarfssamningur milli utanríkisráðuneytisins og landsnefndar UN Women á Íslandi gildir út árið 2019 en auk kynningar- og fræðslumála veitir landsnefndin samkvæmt samningnum almenna ráðgjöf og umsögn vegna málefna á alþjóðavettvangi og fræðir útsenda sérfræðinga á vegum Íslensku friðargæslunnar og mannúðaraðstoðar um jafnréttismál og framkvæmd ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325.

4.4. Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna.

Árið 2017 þrefaldaði Ísland kjarnaframlag til Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (United Nation Population Fund, UNFPA) en hlutverk sjóðsins er að tryggja kyn- og frjósemisheilbrigði og frjósemisréttindi í þróunarríkjum. Framlög Íslands styðja við stefnumótun og framkvæmd verkefna sem beinast að því að útrýma fátækt, gera getnaðarvarnir aðgengilegar, fæðingar öruggar og draga úr HIV-smiti. Mikilvægir þættir starfseminnar eru réttindi mæðra og barna til heilsuverndar, ungbarnavernd, dreifing getnaðarvarna og kynlífs- og fjölskyldufræðsla. Í febrúar 2018 undirritaði ráðherra samning við UNFPA um stuðning Íslands við verkefni stofnunarinnar í Sýrlandi en af árangri UNFPA í þeim heimshluta má nefna að árið 2016 fengu 2 milljónir sýrleskra kvenna aðgang að lífsbjargandi heilbrigðisþjónustu í Sýrlandi, Egyptalandi, Írak, Jórdaníu og Tyrklandi. Ísland studdi UNFPA við gerð manntals í Malaví 2018 og veitti enn fremur framlög til UNFPA í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó og í Jemen.

4.5. Skólar Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Skólar Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSP) hafa um áratugaskeið verið mikilvægur þáttur í þróunarsamvinnu Íslendinga. Innan skólanna hefur sú sérþekking og tækniþekking sem til staðar er á Íslandi verið hagnýtt og henni miðlað til íbúa þróunarlandanna. Í lok 2018 höfðu 1.313 sérfræðingar hlotið þjálfun í skólum HSP á Íslandi og rúmlega 3.600 manns tekið þátt í styttri námskeiðum þeirra í samstarfslöndum. Fram undan eru breytingar á fyrirkomulagi á samstarfi við HSP. Samningaviðræður stóðu yfir milli utanríkisráðuneytisins og yfirstofnunar HSP í Tókýó um stofnun alþjóðlegrar stofnunar á Íslandi, en undir lok árs varð ljóst að af því yrði ekki og samstarfinu við HSP lýkur í lok árs 2019. Utanríkisráðuneytið leitar nú eftir samstarfi við aðrar alþjóðlegar stofnanir í samvinnu við skólana fjóra. Á árinu setti ráðherra á fót starfshóp sem fjallar um skipulag og rekstur skóla HSP á Íslandi. Starfshópurinn hefur verið að störfum frá desember 2018. Lokaskýrslu er að vænta í apríl 2019.

Á árinu 2018 luku 24 nemendur frá 14 löndum sex mánaða þjálfun í Jarðhitaskólanum. Málstofa um kynja- og orkumál var haldin í samstarfi við Jafnréttisskólann fyrir nemendur beggja skólanna. Þá stóð Jarðhitaskólinn fyrir stuttum námskeiðum í samstarflöndunum El Salvador og Kenya, og tvö námskeið voru einnig haldin í tengslum við ráðstefnu ARGeo (The African Rift Geothermal Facility) í Rúanda.

Jarðhitaskólinn fagnaði 40 ára starfsafmæli á síðasta ári en alls hafa 694 nemendur frá 61 landi útskrifast úr skólanum frá því að hann hóf starfsemi. Af því tilefni voru haldnar málstofur í tengslum við alþjóðlegu IGC 2018-jarðhitaráðstefnuna sem haldin var á Íslandi í apríl í fyrra. Fyrirverandi nemendur skólans héldu meðal annars fyrirlestra um áhrif Jarðhitaskólans á þróun jarðhitamála í heimalöndum sínum.

Í maí luku 23 nemendur frá 14 löndum diplómanámi frá Jafnréttisskólanum. Þetta var stærsti útskriftarhópur skólans fram að þessu en skólinn hefur útskrifað 109 nemendur frá því að hann tók til starfa. Í mars stóð skólinn fyrir hliðarviðburði á 62. fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (Commission on the Status of Women, CSW) í New York í samvinnu við stjórnvöld á Íslandi, Malaví, Zambíu og UN Women. Efni viðburðarins var afnám barnahjónabanda í Afríku. Fundarstjórn var í höndum starfsmanns Jafnréttisskólans og fyrirverandi nemandi skólans tók þátt í pallborðsumræðum. Viðburðurinn var vel sóttur.

Í febrúar á þessu ári útskrifaðist 21 nemandi frá 15 löndum úr sex mánaða þjálfun Sjávarútvegsskólans á Íslandi en skólinn hefur útskrifað alls 368 nemendur frá rúmlega 50 löndum frá því hann var stofnaður. Á árinu luku einnig þrjár nemandar námi og einn doktorsnámi. Skólinn tók þátt í alþjóðlegum verkefnum tengdum heimsmarkmiði nr. 14 í samstarfi við utanríkisráðuneytið, alþjóðastofnanir og stjórnvöld í viðkomandi samstarflöndum í Vestur-Afríku. Skólinn vann einnig verkefni sem hefur að markmiði að styðja við sjálfbærar veiðar og bláa lífhagkerfið í smáeypróunarríkjum og hélt styttri námskeiði á árinu í Trínídad og Tóbago og Sierra Leónu.

Frá Landgræðsluskólanum útskrifuðust 17 nemandur frá níu löndum úr sex mánaða námi skólans. Í fyrsta sinn komu sérfræðingar frá Tadsíkistan en alls hafa verið útskrifaðir 118 einstaklingar, 56 konur og 62 karlar. Tvö stutt námskeið voru haldin í samstarflöndum skólans á árinu, í Úganda og Mongólíu. Þá tekur Landgræðsluskólinn þátt í fjölþjóðlegu verkefni (ENABLE) sem gengur út á að framleiða námsefni á háskólastigi um landgræðslu og sjálfbæra landnýtingu þar sem tengd eru saman vist- og náttúrufræði annars vegar og viðskipta- og atvinnulíf hins vegar.

5. NEYÐAR- OG MANNÚÐARAÐSTOÐ.

Neyðar- og mannúðaraðstoð miðar að því að bjarga mannlífum, lina þjáningar nauðstaddra og viðhalda mannlegri reisn á neyðarsvæðum, hvort heldur neyðin er af völdum manna eða náttúruafla. Aðgerðir miða að heild borgara, endurreisnarstarfi og grunnþjónustu eins og að veita fæðu, vatn, skjól, hreinlætisaðstöðu og veilsugæslu. Neyðar- og mannúðaraðstoð stuðlar jafnframt að uppbyggingu varna og viðbúnaðar vegna stórslysa, náttúruhamfara og styrjalda. Þörfin fyrir neyðar- og mannúðaraðstoð hefur aukist á síðustu árum. Helstu ástæðurnar eru langvinn vopnuð átök á ákveðnum stöðum í heiminum.

Aðstoð Íslands á þessum vettvangi tekur mið af þeirri þörf sem skapast hverju sinni. Framlagi íslenskra stjórnvalda er einkum beint til stofnana og sjóða Sameinuðu þjóðanna. Þeir aðilar sem gegna hvað stærstu hlutverki á þessum vettvangi innan Sameinuðu þjóðanna eru þeir sem starfa hjá Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) á öllum helstu neyðarsvæðum, Neyðarsjóður Sameinuðu þjóðanna (Central Emergency Response Fund, CERF) sem gerir samtökunum kleift að bregðast við þegar skyndileg áföll verða og Samræmingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum (United Nations Office for the Coordination of Humanitarian Affairs, OCHA) sem samræmir aðgerðir á þessum vettvangi. Undir OCHA heyrir Neyðarsjóður Sameinuðu þjóðanna (CERF) og Kórfusjóður Sameinuðu þjóðanna (Country Based Pool Funds, CBPF) þar sem óeyrnamerktum framlögum einstakra landa er safnað saman til að bregðast hratt við neyðarástandi. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (The UN Refugee Agency, UNHCR) og Palestínuflóttamannaáðstoð Sameinuðu þjóðanna (The United Nations Relief and Works Agency for Palestine Refugees in the Near East, UNRWA) njóta enn fremur stuðnings Íslands. Sérstakir rammasamningar hafa verið gerðir um framlög til þessara helstu mannúðarstofnana Sameinuðu þjóðanna en einnig eru veitt framlög eftir fongum þegar alvarleg áföll dýnja á eða aðstæður versna verulega á tilteknum svæðum.

Á árinu 2018 var sérstök áhersla lögð á stuðning við aðgerðir í Sýrlandi og nágrennaríkjum þess sem miða að því að veita sýrlensku flóttafólki nauðsynlega aðstoð. Það er í samræmi við viljayfirlýsingu utanríkisráðherra frá 2018 um að Íslandi verji að lágmarki 200 millj. kr. árið 2018, 225 millj. kr. árið 2019 og 250 millj. kr. árið 2020 til málefnsins.

Í október 2018 var rúmlega 12 millj. kr. ráðstafað til OCHA til að takast á við afleiðingar náttúruhamfara í Indónesíu þar sem hrina jarðskjálfta reið yfir með flóðbylgju í kjölfarið. Þá var 100 millj. kr. varið til neyðaraðstoðar í Jemen seint á árinu 2018. Framlagið skiptist milli tveggja stofnana Sameinuðu þjóðanna sem sinna neyðaraðstoð þar, 50 millj. kr. fóru til WFP til að sporna gegn yfirvofandi hungursneyð og 50 millj. kr. til UNICEF til að vinna að úrbótum í vatnsmálum. Einnig fór 61 millj. kr. til Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) til að fjölga heilsugæslustöðvum í Jemen, sem veita mæðrum, verðandi mæðrum og ungbörnum neyðarþjónustu og bregðast við bágborinni stöðu kvenna sem orðið hafa fyrir ofbeldi. Jafnframt var brugðist við versnandi ástandi í Venesúela með 30 millj. kr. framlagi til Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) til að aðstoða flóttafólk þaðan í nágrennalöndunum Colombíu, Perú og Ekvador. Þá var brugðist við neyð vegna afleiðinga fellibylsins Idai í Malaví og Mósambík með 25 millj. kr. framlagi til Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP).

Frjáls félagasamtök gegna einnig mikilvægu hlutverki á sviði mannúðaraðstoðar og utanríkisráðuneytið tekur á móti umsóknum um styrki til frjálsra félagasamtaka tvisvar á ári, sjá nánar í næsta kafla. Utanríkisráðuneytið hefur gert samning við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu um Íslensku alþjóðabjörgunarsveitina. Enn fremur hafa verið gerðir samningar við tvö palestínsk borgarasamtök en það eru kvennasamtökin WCLAC (Women's Centre for Legal Aid and Counselling) og heilsugæslusamtökin PMRS (Palestinian Medical Relief Society).

Sérstakt samkomulag hefur verið gert við nokkrar mannúðarstofnanir Sameinuðu þjóðanna um að senda sérfræðinga til starfa hjá þeim tímabundið. Á árinu 2018 starfaði sérfræðingur á sviði jafnréttismála hjá WFP í Mósambík. Tveir útsendir sérfræðingar störfuðu fyrir UNRWA, annars vegar í Jórdaníu og hins vegar í Jerúsalem. Þá starfaði sérfræðingur á sviði jafnréttis- og flóttamannamála hjá UN Women í Tyrklandi, sérfræðingur á sviði mannréttinda starfaði á mannréttindaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna (OHCHR) í Líbanon og fulltrúi á sviði barnaverndar hjá UNICEF í Eþíópíu. Þá var árið 2018 einnig gerður samningur við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO) um útsenda sérfræðinga.


6. Samstarf við frjáls félagasamtök.

Af fjárlögum ársins 2018 veitti utanríkisráðuneytið styrki til 20 þróunarsamvinnuverkefna Rauða krossins á Íslandi, SOS Barnaþorpanna á Íslandi, Hjálparstarfs kirkjunnar, Sambands íslenskra kristniboðsfélaga, Enza, ABC barnahjálpar, Women Power, Styrktarfélagssins broskalla, Barnaheilla, Sólar í Tógó, Stómasamtaka Íslands og Styrktarsjóðsins Umoja að heildarupphæð 218,7 millj. kr. Jafnframt var alls 131 millj. kr. úthlutað til sex mannúðarverkefna Hjálparstarfs kirkjunnar, Barnaheilla og SOS Barnaþorpanna á Íslandi, þar af voru 26,5 millj. kr. eyrnamerkar viðbrögðum vegna neyðarinnar sem skapast hefur í kjölfar styrjaldar í Sýrlandi. Til fræðslu- og kynningarverkefna var úthlutað alls tæplega 2 millj. kr. vegna fimm verkefna á vegum ABC barnahjálpar, Hjálparstarfs kirkjunnar og Rauða krossins á Íslandi.


Af þróunarsamvinnuverkefnunum voru öll nema eitt unnin í Afríku sunnan Sahara, fjögur í Úganda og Kenya, tvö í Malaví, Eþíópíu og Síerra Leóne, og eitt í Tógó, Tansaníu, Zímbabwe, Sómalíu og Suður-Afríku. Eitt þróunarsamvinnuverkefni kemur til framkvæmda á Filippseyjum. Mannúðarverkefni komu til framkvæmda í Palestínu, Eþíópíu, Írak, Columbíu og Indónesíu, auk þess sem veitt var framlag í svæðasjóð Barnaheilla til að bregðast við neyð vegna ástandsins í Sýrlandi. Kynningar- og fræðsluverkefni voru unnin á Íslandi.

Í byrjun árs 2018 gerði Rauði krossinn á Íslandi og utanríkisráðuneytið með sér rammasamning um alþjóðlega mannúðaraðstoð og gildir hann yfir tímabilið 2018–2021. Upphæð samningsins fyrir fjárlagaárið 2018 nam 149,2 millj. kr. sem Rauði krossinn nýtti til verkefna í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, Úganda og Sýrlandi.


Úthlutanir til félagasamtaka 2018




Úthlutanir til félagasamtaka 2018



Úthlutningar til verkefna félagasamtaka eftir eðli verkefna



Framlög til félagasamtaka í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð



Unnið hefur verið að gerð reglna um styrkveitingar utanríkisráðuneytisins til félagasamtaka í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð og þær hafa verið birtar í B-deild *Stjórnartíðinda*. Jafnframt er unnið að endurskoðun stefnumiða í samstarfi við félagasamtök í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð og miðað er við að þeirri vinnu ljúki í ár.

Árið 2018 var áhersla lögð á að útvíkka samstarf ráðuneytisins við félagasamtök og ná til nýrra samtaka. Var einkum horft til samtaka með skírskotun til atvinnulífsins, enda er aðkoma atvinnulífsins að þróunarsamvinnu mikilvæg í samhengi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Til að vinna að þessu marki var boðið til sameiginlegra kynningarfunda fyrir fyrirtæki og félagasamtök um samstarfsmöguleika við

ráðuneytið. Jafnframt var félagasamtökum boðið á sérstakar vinnustofur þar sem stefna og sýn ráðuneytisins í málaflökknum var skýrð og fulltrúum samtakanna leiðbeint við útfærslu verkefna og gerð umsókna.

7. Þverlæg málefni.

Kynjajafnrétti og loftslags- og umhverfismál hafa verið þverlæg málefni innan þróunarsamvinnu Íslands um margra ára skeið. Í tillögu að nýrri stefnu eru þessi málefni einnig sértæk, eins og mannréttindi sem fá einnig verulegt vægi í starfi Íslands á komandi árum.

7.1. Umhverfis- og loftslagsmál.

Ísland sem aðildarríki að rammasmunni Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (United Nations Framework Convention on Climate Change, UNFCCC) hefur lagt áherslu á styðja við verkefni sem draga úr loftslagsbreytingum og miða að því að auðvelda fátækari ríkjum að aðlagast breyttum aðstæðum vegna hlýnunar jarðar. Ísland hélt áfram að veita framlög til Græna loftslagssjóðsins (Green Climate Fund, GCF). Sjóðurinn hefur hingað til fjármagnað 193 verkefni í lág- og millitekjuríkjum en á síðasta ári fengu 42 verkefni stuðning frá sjóðnum. Á næsta ári hefst endurfjármögnunarferli sjóðsins.

Stuðningur við sjóð á vegum rammasmunni Sameinuðu þjóðanna fyrir fátækustu ríkin heldur áfram en meginverkefni hans er að styðja við undirbúning og framkvæmd aðgerðaáætlana um aðlögun að loftslagsbreytingum. Ísland studdi einnig við samráðsvettvang um sjálfbæra orku fyrir alla (Sustainable Energy for All, SEforALL) samkvæmt rammasmunni um kjarnaframlag til lok árs 2020. Meginhlutverk samráðsvettvangsins er að virkja einkaaðila og ríki heims til að bæta aðgengi að sjálfbærri orku með áherslu á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Íslensk stjórnvöld hafa jafnframt sérstaklega stutt við vinnu sem ætlað er að stuðla að kynjajafnrétti og eflingu kvenna í orkugeiranum á heimsvísu. Landsvirkjun, Orkuveitan og Jafnréttiskóli HSP hafa tekið þátt í því starfi.

Ísland hefur veitt samþættingu kynjasjónarmiða sérstaka athygli í umhverfis- og loftslagsmálum síðustu árin og leggur sig fram um að styðja sértækar aðgerðir til að efla stöðu kvenna innan málaflökksins. Í því samhengi veittu íslensk stjórnvöld framlög til Umhverfis- og þróunarstofnunar kvenna (Women's Environment and Development Organisation, WEDO) en stofnunin beitir sér fyrir því að auka hlut kvenna frá fátækari ríkjum í alþjóðlegum samningaviðræðum um loftslagsmál. Þar að auki studdi Ísland skrifstofu Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna í Naíróbí í Kenya vegna verkefnis sem miðar að því að virkja afrískar konur og tengslanet þeirra sem vinna frumkvöðlastarf á sviði sjálfbærrar orku (Africa Women Energy Entrepreneur Framework, AWEEF). Jafnréttiskóli HSP hefur lagt sérstaka áherslu á að fjalla um hlut kvenna í umhverfis- og loftslagsmálum á árlegu námskeiði sem ætlað er að auka þekkingu og skilning á orsökum loftslagsbreytinga og ólíkum áhrifum þeirra á konur og karla í fátækari ríkjum heims.

7.2. Jafnréttismál.

Jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna er einn af hornsteinum þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar Íslands enda grundvallarmannréttindi og forsendur framfara og þróunar. Íslensk stjórnvöld hafa um árabíl lagt áherslu á að verkefni og framlög, hvort heldur í tvíhliða eða fjölbjóðlegri samvinnu, styðji við jafnrétti kynjanna og bæti stöðu stúlkna og kvenna. Með stuðningi við UN Women beitti Ísland sér víða á árinu í málsvarastarfi og stuðningi við verkefni og aðgerðir fyrir réttindum kvenna. Þar má nefna aðstoð við sýrslenskar konur í flóttamannabúðum í Líbanon og Jórdaníu. Mannréttindi kvenna og réttindi hinsegin fólks fengu líka mikið vægi með setu Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna.

Í gegnum starf Íslensku friðargæslunnar (ÍF) og með því að samþykkja þriðju framkvæmdaáætlun sína um ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 og tengdur ályktanir um konur, frið og öryggi lagði Ísland áfram áherslu á að konum væri tryggð jöfn og raunveruleg þátttaka í öryggis- og friðarmálum og að tekið yrði tillit til hagsmuna kvenna á áttakavæðum. Íslenskt stjórnvöld studdu einnig verkefni í samvinnu við frjáls félagasamtök sem tengdust forvörnum gegn kynbundu ofbeldi og aukinn stuðningur var við valdeflingu kvenna í sunnanverðri Afríku á sviði loftslagsmála. Utanríkisráðuneytið hækkaði framlag til Jafnréttiskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi á árinu til að koma til móts við fjölgun nemenda við skólann.

Ísland hefur unnið ötullega að því að virkja þátttöku karla og drengja betur í verkefnum sem snúa að jafnrétti kynjanna, til að mynda með stuðningi við tvær rakararáðstefnur í Lilongwe í Malaví og í Mangochi-héraði, í samstarfi við landsnefnd UN Women á Íslandi, UN Women í Malaví og stjórnvöld í landinu. Áhersla var lögð á hlutverk karla og drengja við að uppræta kynbundið ofbeldi. Um var að ræða fyrstu rakarastofuvíðburði sem haldnir hafa verið í sunnanverðri Afríku.

Frá árinu 2011 hefur Ísland notast við kynjajafnréttisstikuna, aðferðafræði DAC, til að greina verkefni og framlög með tilliti til þess hvort og að hvað miklu leyti þeim er ætlað að vinna að kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna. Notkun jafnréttisstikkunnar hefur reynst mikilvægur hluti af umsjón með framlögum til þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar. Á fundi jafnréttisnefndar DAC (GENDERNET) í október deildi Ísland reynslu sinni af samþættingu kynjajafnréttis og valdeflingar kvenna í þróunarsamvinnuverkefni.

7.3. Mannréttindi.

Tillaga að nýrri stefnu í þróunarsamvinnu tekur mið af þeim alþjóðlegu sáttmálum sem Ísland hefur fullgilt á sviði mannréttinda og er í samræmi við stefnu Íslands um mannréttindi í utanríkisþjónustu. Ein helsta breytingin sem stefnan boðar fyrir íslenska þróunarsamvinnu er að starfið muni byggjast á mannréttindamiðaðri þróunarsamvinnu. Í lok árs skipaði utanríkisráðherra starfshóp til að greina og útfæra heppilegar leiðir fyrir Ísland til að nýta við innleiðingu mannréttindamiðaðrar þróunarsamvinnu hvað varðar sérstækar aðgerðir, málsvarastarf og samþættingu mannréttinda við þróunarsamstarf Íslands í tvíhliða samstarfslöndum, Malaví og Úganda. Meðal annars er byggt á reynslu Norðurlandanna en skýrslu er að vænta í aprílmánuði. Í kjölfarið fer fram vinna við útfærslu stefnumiða fyrir mannréttindamiðaða þróunarsamvinnu sem nær til alls starfs Íslands.

Nýjar áherslur í fjölþjóðaþróunarsamvinnu taka mið af mannréttindum, en sem dæmi má nefna veitir Ísland framlög til norræns mannréttindasjóðs (Human Rights Development Trust Fund) innan Alþjóðabankans sem ætlað er að auka veg mannréttindamála innan bankans og verkefna hans. Þá var staða íslensks, útsends fulltrúa mannréttindaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna (OHCHR) í Jórdaníu styrkt og í bígerð er rammamasamningur við Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). Á grundvelli hans mun Ísland styðja verkefni stofnunarinnar á sviði mannréttinda í þróunarríkjum.

8. Starfið fram undan.

Þegar stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019-2023 verður samþykkt af Alþingi á vörþingi liggur fyrir vinna við að útfæra og innleiða hana að fullu, svo sem á sviði mannréttinda og samstarfs við atvinnulíf, en slíkar nálganir eru nýnæmi í starfi Íslands. Þá verður unnið að því að útfæra og innleiða tillögur starfshóps um mannréttindamiðaða þróunarsamvinnu í tvíhliða samstarfslöndum, sem felur meðal annars í sér gerð stefnumiða á því sviði. Þá verða unnar mannréttindamiðaðar samstarfsáætlanir fyrir samstarfslöndin.

Á árinu var unnið að greiningu og útfærslu nýrra leiða til samstarfs við atvinnulíf í þróunarsamvinnu. Einkum var litið til þeirra leiða sem aðrar Norðurlandþjóðir hafa nýtt sér í slíku samstarfi um áratugaskeið. Á árinu hófst greiningarvinna af hálfu ráðgjafa sem felst í að kortleggja starf annarra Norðurlandþjóða á þessu sviði og leggja fram tillögur með hvaða hætti Ísland getur fetað þessa braut. Skýrslan er væntanleg á vordögum.

Í nóvember síðastliðnum var nýr sjóður stofnaður um samstarf við atvinnulíf í þágu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Hlutverk sjóðsins er að hvetja til þátttöku og framlags fyrirtækja til þróunarsamvinnu með það að markmiði að stuðla að atvinnusköpun og sjálfbærum hagvexti í fátækum þróunarríkjum. Reglur um styrkveitingar voru birtar á samráðsgátt og opin kynningarfundur haldinn með atvinnulífi og félagasamtökum. Sjóðurinn auglýsti í fyrsta skipti eftir styrkumsóknum í lok nóvember og bárust alls níu umsóknir. Hámarksstyrkir úr sjóðnum geta numið allt að 200 þúsund evrum. Fleiri samstarfsaðilar, til dæmis háskólar og félagasamtök, geta komið að styrktum verkefnum á öllum stigum þeirra. Farið verður í kynningarherferð varðandi sjóðinn á næstu vikum og í kjölfarið auglýst eftir umsóknum.

Stofnaður var nýr samstarfssjóður við atvinnulíf um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að norrænni fyrirmynd og var auglýst eftir styrkumsóknum í lok nóvember. Sjóðurinn er ætlaður samstarfsverkefnum fyrirtækja sem jafnan skulu styðja við heimsmarkmið nr. 8 um góða atvinnu og hagvöxt.

Þá verður unnið að því að útfæra ný stefnumið fyrir framkvæmd á sviði jafnréttismála í þróunarsamvinnu og á næstu árum verður jafnréttisvottun innleidd fyrir starf Íslands sem byggist á vottunarkerfi UNDP fyrir þróunarsamvinnu.

Eftir sem áður verður mikil áhersla lögð á alþjóðlegt starf í þróunarsamstarfi Íslands. Formennska kjördæmis Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í stjórn Alþjóðabankans verður umfangsmikil í starfi ráðuneytisins næstu tvö árin, sem og seta utanríkisráðherra fyrir kjördæmið í þróunarsamvinnunefnd bankans árið 2019. Þá er fram undan frekari kortlagning á samstarfi Íslands og Alþjóðabankans hvað varðar svæðasamstarf og jarðhita.


Samstarfinu við Háskóla Sameinuðu þjóðanna lýkur í árslok. Utanríkisráðuneytið leitar nú eftir samstarfi við aðrar alþjóðlegar stofnanir um samvinnu við skólana fjóra og er gert ráð fyrir að niðurstaða liggi fyrir í haust. Þá er gert ráð fyrir að unnið verði úr tillögum starfshóps um skipulag og rekstur skóla HSP á Íslandi.

Sem dæmi um nýtt samstarf sem verður rækt frekar á árinu er samstarf við Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) á sviði fiskimála og málefna hafsins en skrifað var undir samkomulag við FAO í byrjun árs 2019. Samkomulagið felur í sér nána samvinnu við verkefni sem stuðla að langtímavernd vistkerfa sjávar með sérstaka áherslu á smáeyþróunarríki og byggist það meðal annars á fjárhags- og tæknilegum stuðningi af Íslands hálfu. Komið verður á fót ráðgjafalista á sviði fiskimála og öll tæknileg aðstoð og lausnir verða veittar á grundvelli beiðna, annaðhvort frá samstarfsríkjum FAO eða stofnuninni sjálfri.

Síðastliðið vor hóf sérstakur upplýsingafulltrúi heimsmarkmiðanna störf í utanríkisráðuneytinu og frá síðustu áramótum tók til starfa í ráðuneytinu sérstakur erindreki fyrir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, en sendiherra Íslands fyrir heimsmarkmiðin hafði áður sinnt því starfi. Mikil áhersla er lögð á heimsmarkmiðin í þróunarsamvinnu og að þjóðir heims standi við skuldbindingar sínar að innleiða þau. Gert er ráð fyrir að Ísland kynni stöðuna við innleiðingu heimsmarkmiðanna á árlegum ráðherrafundi Sameinuðu þjóðunum í sumar, auk þess sem haldinn verður leiðtogafundur um heimsmarkmiðin í haust.

Þá hefur Ísland tekið virkan þátt í starfi undirnefnda DAC á árinu, svo sem í tölfraðinefnd, jafnréttisnefnd, umhverfisnefnd og árangursnefnd, og það starf heldur áfram. Jafningjarýni DAC felur í sér að framlagsríki gera úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd þróunarsamvinnu. Jafningjarýni fyrir Ísland var birt árið 2017. Efnisleg vinna við tillögur til umbóta hefur staðið yfir en stefnt er að því að flestum breytingum verði lokið fyrir miðannarrýni DAC sem fram fer árið 2020.

Neyðar- og mannúðaraðstoð eftir löndum 2018



V. REKSTUR UTANRÍKISÞJÓNUSTUNNAR

1. Almenn.

Undir rekstur utanríkisráðuneytisins fellur málefnasviðið 4 *Utanríkismál* sem skiptist í fimm málaflokka, 4.10 *Utanríkisþjónusta og stjórnarsýsla utanríkismála*, 4.20 *Utanríkisviðskipti*, 4.30 *Samstarf um öryggis- og varnarmál*, 4.40 *Þróunarsamvinna* og 4.50 *Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs*.


Á árinu 2017 var umtalsverður afgangur af rekstri málefnasviðsins, eða sem nemur 1.366 millj. kr. Skýrðist hann að mestur leyti af verulegum afgangi af framlögum til málaflokksins 4.40 *Þróunarsamvinna*, eða 1.116 millj. kr. Ástæðu þessa er að mestu hægt að rekja til tafa sem urðu á framkvæmd verkefna en einnig komu upp spillingarmál í samstarfsríkjum og stöðva þurfti tímabundið greiðslur til verkefna.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri fyrir árið 2018 er rekstur utanríkisráðuneytisins í jafnvægi. Heildarútgjöld ársins eru áætluð 14.935 millj. kr. en heildarframlög í fjárlögum og fjárukalögum eru 15.044,2 millj. kr. Verkefni sem falla undir þróunarsamvinnu eru nú á áætlun og unnið er að því að vinna upp tafir sem hafa orðið á verkefnum. Tvö ný verkefni bættust við sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum, annars vegar seta í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna, 30 millj. kr., og hins vegar vegabréfsáritanir til Íslands, 45 millj. kr.

Framlög til utanríkisráðuneytisins á fjárlögum fyrir árið 2019 nema alls 17.068 millj. kr., eða um 1,8% af A-hluta fjárlaga. Þar af nema framlög til þróunarsamvinnu og alþjóðastofnana 7.828 millj. kr., eða 45%. Framlög til utanríkisþjónustunnar, þ.e. aðalskrifstofu ráðuneytisins, þýðingamiðstöðvar, sendiskrifstofa og Íslandsstofu nema rétt líðlega 7.056 millj. kr., eða 41,3% af framlögum til ráðuneytisins og um 0,7% af A-hluta fjárlaga.

Myndin sýnir hvernig framlög til ráðuneytisins skiptast hlutfallslega á milli málaflokka auk þess sem hún sýnir hvernig framlög til utanríkisþjónustu og stjórnarsýslu utanríkismála skiptast niður á helstu verkefni.

Hlutfallsleg skipting framlaga til utanríkismála á fjárlögum 2019



Alls starfa nú í utanríkisráðuneytinu 286 manns og hefur þeim fjölgað um 15 frá árinu á undan. Af þessum 286 starfsmönnum störfuðu 149 hér á landi og 139 erlendis, þar af voru 76 staðarráðnir og 63 útsendir starfsmenn. Fjölgun starfsfólks á árinu skýrist að mestu af tímabundnum verkefnum og undirbúning fyrir þau. Þar má nefna formennsku í Norðurskautsráðinu, hagsmunagæslu vegna Brexit, formennsku í Norðurlandaráði og stjórnarsetu í Alþjóðabankanum.

Sendiskrifstofur Íslands eru nú 26 í 22 löndum, þar af eru 17 tvíhliða sendiráð, fimm fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og fjórar aðalræðisskrifstofur. Fyrirkomulag rekstrar utanríkisráðuneytisins, þar sem

sendiskrifstofur Íslands og aðalskrifstofa ráðuneytisins eru reknar sem ein heild, hefur reynst hagkvæmt og leiðir til betri nýtingar fjármuna, meðal annars með sameiginlegri stöðþjónustu og skýrari yfirsýn yfir reksturinn. Í utanríkisráðuneytinu er unnið samkvæmt jafnréttisáætlun Stjórnarráðs Íslands og sérstakri framkvæmdaáætlun ráðuneytisins í jafnréttismálum. Unnið er markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á sendiskrifstofum Íslands og tryggja að störfín skiptist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Ólíkt því sem áður var er kynjahlutfallið nokkuð jafnt í hópi yngri háskólamenntaðra fulltrúa. Í ráðuneytinu eru 24 karlar í stöðu sendiherra, einn í leyfi, og 11 konur.

Vinna við jafnlaunakerfi hefur staðið yfir hjá ráðuneytinu undanfarið ár. Þessi vinna hefur verið krefjandi þar sem starfsemi ráðuneytisins er um margt ólík starfsemi annarra ráðuneyta því að starfsfólk utanríkisráðuneytisins er að störfum víðs vegar um heiminn. Ferlið í tengslum við jafnlaunavottunina hefur verið lærdómsríkt og gefið ráðuneytinu góða yfirsýn og góð greiningartól við launavinnslu. Úttekt er lokið hjá ráðuneytinu og staðfesting þess eðlis var afhent í marsmánuði 2019. Ráðuneytið er því jafnlaunavottað samkvæmt íslenska jafnlaunastaðlinum ÍST 85.

Utanríkisþjónusta Íslands er ein sú minnsta í Evrópu, enda þjóðin fámenn. Þó eru ýmis verkefni í alþjóðasamskiptum sem verður að sinna óhád stærð þjóða og slíkum verkefnum fer fjölgandi. Starfsmenn íslenskra sendiskrifstofa finna fyrir vaxandi áhuga á Íslandi og íslenskum vörum og spurn eftir þjónustu þeirra hefur aukist jafnt og þétt. Starfsfólk utanríkisþjónustunnar þarf því að sinna fjölbreyttum verkefnum og svigrúm til verkaskiptingar er minna en hjá utanríkisþjónustu annarra ríkja. Það er áskorun að tryggja að sendiskrifstofur geti staðið undir auknu álagi og veitt einstaklingum, fyrirtækjum og erlendum stjórnvöldum góða þjónustu og greinargóðar upplýsingar.

2. Markmið og starfið fram undan.

Á undanförunum misserum hefur verið unnið að framkvæmd tillagna í skýrslu ráðherra „Utanríkisþjónusta til framtíðar: Hagsmunagæsla í síbreytilegum heimi“ frá 2017. Í skýrslunni eru fjölmargar tillögur um rekstur utanríkisþjónustunnar, húsnæðismál og upplýsingatækni. Mörgum þessara tillagna hefur þegar verið hrundið í framkvæmd en nokkrum er þó enn ólokið og þar er einna veigamest framkvæmd tillagna í húsnæðismálum. Í umræddri skýrslu eru tillögur um bætt starfsaðstöðu í utanríkisþjónustunni ásamt því að greina og fara með skipulögðum hætti yfir stærð, rekstrarkostnað og nýtingu húsnæðis í eigu eða leigu ríkisins erlendis, í því skyni að stuðla að áframhaldandi hagræðingu og samræmingu eins og við verður komið. Jafnframt var lagt til að gerð yrði úttekt á byggingunum að Rauðarársstíg 25 og 27 í þeim tilgangi að nýting þeirra félli að þörfum utanríkisráðuneytisins á næstu árum. Einnig er unnið að því að skoða hvernig utanumhaldi um húsnæðismál sendiráða og húsnæði sendiherra verði háttað í framtíðinni til að ná fram sem bestri nýtingu og hagkvæmni.

Áfram verður leitast við að haga rekstri utanríkisþjónustunnar með sem hagkvæmustum hætti án þess að draga úr gæðum utanríkisþjónustunnar. Þetta er meðal annars gert með nýtingu upplýsingatækni og með samvinnu við aðrar Norðurlandþjóðir, meðal annars þegar kemur að húsnæðismálum sendiskrifstofa.


Um síðustu áramót tók til starfa ný deild Schengen-áritana og fyrirvarssamninga og kemur hún til með að afgreiða miðlægt umsóknir um Schengen-áritanir frá ríkjum þar sem umfang slíkra umsókna hefur aukist hvað mest, svo sem á Indlandi, í Bandaríkjunum, Bretlandi og Kína. Deildin heyrir undir rekstrar- og þjónustuskrifstofu. Deildin var stofnuð í kjölfar skýrslu nefndar sem ráðherra skipaði veturinn 2018 til að bregðast við mikilli fjölgun umsókna um Schengen-vegabréfsáritanir til Íslands. Starfshópurinn skilaði tillögum í apríl 2018 og hefur verið unnið að því að fjölga afgreiðslustöðum í samræmi við tillögur starfshópsins. Gert er ráð fyrir að á næstu misserum verði tekið við umsóknum í Peking, Nýju Delí, Washington og London. Í fjárlögum 2019 fékk ráðuneytið 160 millj. kr. framlag út ríkissjóði til verkefnisins.

Afgreiðsla Schengen-vegabréfsáritana til Íslands fer nú þegar fram í sendiráðum Íslands í Moskvu og Peking, en auk þeirra er hægt að sækja um áritun til Íslands í 120 borgum um allan heim. Níu ríki, sem gert hafa fyrirvarssamninga við Ísland, sjá um afgreiðslu umsókna og útgáfu áritana. Danir eru þar umfangsmestir þar sem þeir sinna afgreiðslu umsókna á 37 stöðum, Frakkar og Norðmenn eru í fyrirvari á 22 stöðum, Svíþjóð á 13 stöðum og fimm önnur ríki á innan við tíu stöðum. Mikil fjölgun umsókna um Schengen-áritanir vegna ferða til Íslands hefur orðið til þess að álag á áritunaeildir fyrirvarsríkja hefur aukist verulega. Í sumum tilfellum er fjöldi umsókna um áritanir vegna ferða til Íslands meiri en vegna ferða til fyrirvarsríkisins. Í stað þess að fela fámennum íslenskum sendiráðum rekstur áritunardeilda var ákveðið að setja á stofn sérstaka deild í ráðuneytinu, nýta upplýsingatækni til fulls og afgreiða umsóknir miðlægt eins og kostur er.

Á næsta ári verður metið hvort deildin taki að sér afgreiðslu umsókna frá fleiri ríkjum þar sem nú eru í gildi fyrirvarssamningar.


VI. SENDISKRIFSTOFUR ÍSLANDS

Sendiskrifstofur Íslands



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	42.321	90%
Vöruútflutningur	255.325	49,1%
Þjónustuútflutningur	512.707	75,9%
Vöruinnflutningur	462.962	62,5%
Þjónustuinnflutningur	262.472	64,9%
Starfsmenn	144	100,0%
Útsendir diplómatar	60	
Útsendir aðrir	2	
Útsend, önnur rn.	4	
Staðarr. viðskiptaf.	10	
Aðrir staðarráðnir	67,5	
Kostnaður	3.053	100,0%


Víðfemt net utanríkisþjónustunnar um allan heim



139 stöðugildi á **26** sendiskrifstofum í **22** ríkjum.
Kjöræðismenn Íslands eru um **240** í **90** ríkjum og
sjálfstjórnarsvæðum.

● Aðalræðisskrifstofa ● Fastanefnd ● Kjöræðismenn ● Sendiráð

Berlín



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	1.660	3,5%
Vöruútflutningur	39.417	7,6%
Þjónustuútflutningur	45.758	6,8%
Vöruinnflutningur	78.509	10,6%
Þjónustuinnflutningur	18.102	4,5%
Fjölþjóðasamstarf	Norðurlönd	
Umdæmisríki	Króatía, Pólland, Serbía og Svartf.l.	
Starfsmenn	8	5,6%
Útsendir diplómatar	3	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	4	
Kostnaður	147,7	4,9%

Sendiráð í Berlín: Tíðar ráðherraheimsóknir til marks um nán tengsl.

Þrátt fyrir umbrotatíma í þýskum stjórnámálum undanfarið ár er Þýskaland þungavigtarafi í stjórnámálum í álfunni. Það kallar á nán tengsl Íslands og Þýskalands eins og tíðar ráðherraheimsóknir eru til marks um. Síðastliðið ár áttu forsætisráðherra og utanríkisráðherra tvo fundi hvor með starfssystkinum sínum og í sumar kemur forseti Þýskalands síðan í opinbera heimsókn til Íslands. Síðsumars sækir Angela Merkel, kanslari Þýskalands, Ísland heim.


Ríkisstjórnin ákvað í byrjun síðasta árs að styrkja sérstaklega sendiráðin í Berlín og Kaupmannahöfn til þess að minnast aldarafmælis fullveldis Íslands. Hátíðahöldin fóru fram í 15 borgum víðs vegar um Þýskaland og einkenndu starf sendiráðsins á árinu 2018. Yfir 46 þúsund gestir sóttu 104 atburði og samstarfsaðilar voru 60. Vel á annað hundrað blaðagreina og innslaga í öllum helstu fjölmiðlum birtust en yfir 70 rithöfundar, myndlistarmenn, tónlistarmenn og fyrirlesarar komu fram. Einnig voru jafnrétti, viðskipti og orkumál í brennidepli. Frábær aðstaða í sendiherrabústað auk Felleshus, sameiginlegri byggingu norrænu sendiráðanna, gerði þetta kleift. Utanríkisráðherra opnaði margmiðlunarsýninguna MAGMA – frumkraftar Íslands í Felleshus í apríllok en sýningin var unnin af Gagarín og Basalt arkitektum. Forsætisráðherra opnaði jafnréttisráðstefnuna DÓTTIR eftir fund með Þýskalandskanslara í mars og iðnaðarráðherra opnaði orkuráðstefnu sem yfir 80 fulltrúar evrópskra og íslenskra orkufyrirtækja sóttu í mailok. Þá sóttu rúmlega 1.000 manns listahátíðina Cycle Berlin í sendiherrabústaðnum, þar sem tæplega 25 listamenn komu fram auk tveggja kóra. Í tengslum við þátttöku karlalandslíðsins í knattspyrnu í lokakeppni HM í Rússlandi stóð sendiráðið fyrir svokölluðu „studsvæði“ þar sem ríflega 1.500 manns sáu leiki Íslands í beinni útsendingu. Á haustdögum var haldin fjögurra daga Íslandshátíð í Bremerhaven sem nokkur þúsund sóttu.

Milliríkjavíðskipti ríkjanna námu 181 milljarði kr. árið 2017 samanborið við 150 milljarða kr. árið á undan. Sumarið 2018 var beint flug til Íslands frá níu borgum í Þýskalandi. Sama ár sóttu 190 þúsund Þjóðverjar Ísland heim að skemmtiferðaskipum meðtöldum. Í mars tóku 30 fyrirtæki þátt í ITB-ferðastefnunni í Berlín en Eliza Reid forsetafrú var með í för og átti meðal annars fund með blaðamönnum um sjálfbæra ferðamennsku í sendiherrabústaðnum.

Á árinu svaraði sendiráðið tæplega 300 ferðatengdum fyrirspurnum auk 200 sem vörðuðu menningu. Í sendiráðinu starfar viðskiptafulltrúi og á árinu leituðu 65 fyrirtæki til sendiráðsins auk þess sem fyrirspurnir um viðskiptamál voru 339 sem er umtalsverð fjölgun frá síðasta ári. Á árinu stóð sendiráðið að skipulagningu 18 viðskiptatengdra atburða.

Umdæmi sendiráðsins nær einnig til Póllands, Króatíu, Serbíu og Montenegro og sendiráðið nýtur dyggrar aðstoðar 13 ræðismanna í þessum ríkjum, auk Þýskalands.

Brussel



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	152	0,3%
Vöruútflutningur	9.790	1,9%
Þjónustuútflutningur	10.791	1,6%
Vöruinnflutningur	9.900	1,3%
Þjónustuinnflutningur	8.820	2,2%
Fjölþjóðasamstarf	EES, Schengen	
Umdæmisríki	Holland, Lúxemb., San Marínó, Sviss	
Starfsmenn	14	9,8%
Útsendir diplómatar	6	
Útsendir aðrir	0	
Útsend, önnur rn.	3	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	5	
Kostnaður	281,8	9,3%

Sendiskrifstofan í Brussel: Viðræður um afnám tolla á innfluttar fiskafurðir.

Mikil áhersla var á árinu 2018 lögð á áframhaldandi umbótastarf, svo sem undirbúning forgangslista og árangursmat. Þá var einnig sett á dagskrá að freista þess að hefja viðræður við ESB um afnám allra tolla á innfluttar fiskafurðir. Unnið var í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti að lausn kjötmálsins, um afnám frystiskyldu á innfluttu kjöti, með það fyrir augum að gera íslenskum stjórnvöldum kleift að bregðast við dómsniðurstöðu EFTA-dómstólsins frá 2017. Ísland var ásamt EFTA-ríkjunum innan EES veitt undanþága frá 25% verndartollum á stáli á grundvelli EES-samningsins. Þar skapast mikilvægt fordæmi sem mun hugsanlega einnig gilda um mögulega verndartolla á innflutning á áli til ESB sem nú er til skoðunar.


Meginverkefni skrifstofunnar er þátttaka í rekstri samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og Schengen-samstarfið, í samstarfi við fastanefndir Noregs og Liechtenstein í Brussel, auk stofnana EFTA og Evrópusambandsins. Fastanefndin sinnir hagsmunagæslu gagnvart ESB með því til dæmis að kynna sjónarmið Íslands við mótun lagasetningar innan ESB sem til stendur að taka upp í EES-samninginn.

Rekstur EES- og Schengen-samninganna fer fram í nánu samstarfi við ráðuneyti og stofnanir á Íslandi. Að forminu til er fastanefnd EFTA (JC) aðalvettvangur samstarfsins um EES, en það fer einnig fram innan sameiginlegrar nefndar EES. Einnig á fastanefndin samstarf við eftirlitsstofnun EFTA (ESA), EFTA-dómstólinn í Lúxemborg og framkvæmdaskrifstofu EFTA í Brussel.

Íslenskir sérfræðingar taka þátt í fundum sérfræðinganevnda EFTA og nokkrum hinna fjölmörgu vinnunefnda framkvæmdastjórnar ESB þar sem fjallað er um málefni innan ramma EES-samningsins. Fastanefndin veitir sérfræðingum stuðning og undirbýr fundi. Hún fylgist einnig með málefnum sem varða útgöngu Breta úr ESB (Brexit) og tekur þátt í starfi Uppbyggingarsjóðs EES en markmiðið með honum er að stuðla að félagslegum og efnahagslegum jöfnuði innan EES og efla tvíhliða samstarf milli EES/EFTA-ríkjanna og viðtökuríkjanna 15. Áhersla er lögð á tækifæri fyrir íslenskar stofnanir, fyrirtæki og frjáls félagasamtök til samstarfs í viðtökuríkjunum. Fastanefndin á margháttað samráð við stofnanir sambandsins og fastanefndir aðildarríkjanna í Brussel á sviði utanríkismála. Lögð er áhersla á öflugt tengslanet við lykilaðila innan stofnana ESB. Formleg samskipti fara meðal annars fram með pólitísku samráði EES/EFTA-ríkjanna við utanríkisþjónustu ESB (EEAS), en einnig situr fulltrúi Íslands einstaka fundi stjórnsmála- og öryggisnefndar ESB.

Tvíhliða sendiráðið sinnir hefðbundnu hlutverki sendiskrifstofu gagnvart umdæmisríkjunum og gætir hagsmuna Íslands almennt, einkum á sviði utanríkis-, viðskipta- og menningarmála, auk þess sem það veitir Íslendingum ýmiss konar aðstoð. Sendiskrifstofan er fastanefnd gagnvart Evrópusambandinu og tvíhliða sendiráð gagnvart Belgíu, Hollandi, Lúxemborg og San Marínó.

Genf



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	Sjá Brussel	
Vöruútflutningur	Sjá Brussel	
Þjónustuútflutningur	Sjá Brussel	
Vöruinnflutningur	Sjá Brussel	
Þjónustuinnflutningur	Sjá Brussel	
Fjölþjóðasamstarf	EFTA, WTO, S.þ. o.fl	
Umdæmisríki	Lichtenstein	
Starfsmenn	7	4,9%
Útsendir diplómatar	5	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	2	
Kostnaður	186,9	6,2%

Fastanefnd/sendiráð í Genf: Forysta fríverslunarsamninga og aðild að mannréttindaráðinu.


Utanríkisviðskipti eru stór þáttur í starfsemi fastanefndarinnar. Ópið og réttlátt alþjóðlegt viðskiptaumhverfi er afar mikilvægt fyrir Ísland og aðrar smáar þjóðir sem byggja velsæld sína á greiðum milliríkjavíðskiptum. Átök milli aðildarríkja WTO um fyrirkomulag úrlausnar deilumála annars vegar og viðskiptadeilur milli stórra aðildarríkja hins vegar hafa litað störf stofnunarinnar undanfarin misseri og sér ekki fyrir endann á því. Fastanefndin tekur virkan þátt í tilraunum líkt þenkjandi ríkja til að lagfæra, bæta og tryggja áframhaldandi réttlátt viðskiptaumhverfi á grunni WTO.

Höfuðstöðvar EFTA eru í Genf og EFTA hefur nú gert 29 fríverslunarsamninga við 40 þjóðir eða ríkjasvæði. Nú standa yfir fernar viðræður um nýja samninga, þ.e. við Indland, Malasíu, Vietnam og Mercosur-ríkin fjögur: Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ. Einnig er unnið að uppfærslu nokkurra eldri samninga, meðal annars við Suður-afrikska tollabandalagið sem samanstendur af Botsvana, Eswatini, Lesótó, Namibíu og Suður-Afríku. Starfsemi Sameinuðu þjóðanna í Genf er margþætt og mannréttinda- og mannúðarmál eru einnig mikilvægir þættir í starfsemi fastanefndarinnar. Nefndin leggur sérstaka áherslu á þessa málaflokka og vinnur þar að framgangi markmiða Íslands. Fastanefndin sinnir undirbúningi fyrir jafningjarýni Sameinuðu þjóðanna í mannréttindamálum (e. Universal Periodic Review, UPR) og tekur þátt í því starfi fyrir Íslands hönd. Enn fremur annast fastanefndin undirbúning fundalotu mannréttindaráðsins þrisvar á ári og tekur þátt í starfi þess. Ísland er nú aðili að mannréttindaráðinu í fyrsta sinn og fastafulltrúi Íslands hefur verið kjörinn einn af varaforsetum þess. Þannig mun áhersla í starfi fastanefndar á mannréttindaráðið aukast verulega.

Flóttamannamál hafa á undanförunum árum öðlast æ stærri sess í starfi fastanefndarinnar og starfsmenn hennar sinna almennum tvíhliða samskiptum við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR). Þátttaka Íslands í starfi Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO), Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) og Alþjóðahugverkaréttarstofnunarinnar (WIPO) er einnig hluti af starfsemi fastanefndarinnar. Nefndin sinnir auk þess eftir föngum verkefnum í ýmsum öðrum alþjóðastofnunum. Fastanefndin er að auki sendiráð Íslands gagnvart Sviss og Liechtenstein.

Fastanefnd Íslands í Genf tók til starfa 1. mars 1970 samhliða aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA). Fastanefndin fer með fyrirvar gagnvart EFTA og hinum fjölmörgu alþjóðastofnunum sem hafa aðsetur í Genf. Alþjóðaviðskipti skipa afar stóran sess í starfi fastanefndarinnar, bæði vegna viðræðna innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og eins vegna fríverslunarviðræðna EFTA við önnur ríki. Utanríkisþjónustan nýtur fulltingis hlutaðeigandi ráðuneyta í þessum samningaviðræðum en í flestum tilvikum annast fastanefndin samræmingu og daglega stjórn samningaviðræðna undir forystu ráðuneytisins.

Helsinki



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	267	0,6%
Vöruútflutningur	588	0,1%
Þjónustuútflutningur	6.922	1,0%
Vöruinnflutningur	7.738	1,0%
Þjónustuinnflutningur	2.402	0,6%
Fjölþjóðasamstarf	Norðurslóðir	
Umdæmisríki	Eistland, Lettland, Litháen og Úkraína	
Starfsmenn	5	3,5%
Útsendir diplómatar	1	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	3	
Kostnaður	87,8	2,9%

Sendiráð í Helsinki: Samstarf um málefni norðurslóða.

Sérstök áhersla er á samstarf Íslands og Finnlands í málefnum norðurslóða þar sem Ísland tekur við formennsku í Norðurskaútsráðinu af Finnum vorið 2019. Að auki kynnir sendiherra formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni í gisti- og umdæmisríkjum. Finnland fer með formennsku í ráðherraráði ESB síðari hluta ársins 2019 og er með formennsku í Evrópuráðinu 2018 og 2019. Slík formennska kallar á allmarga fundi sem stjórnmalamegn og embættismenn aðildarríkjanna sækja og þeir hafa áhrif á starfsemi sendiráðsins, meðal annars með þátttöku í fundahöldum, heimsóknum og kynningum.

Umfangsmikil samskipti eiga sér stað á milli stjórnvalda Íslands og Finnlands auk Eystrasaltsríkjanna þriggja. Sendiráðið fylgist með þjóðmálum í öllum ríkjunum og vekur athygli íslenskra ráðamanna á málefnum sem geta skipt máli fyrir hagsmunum Íslands.

Sendiráðið vinnur að flestum menningar- og viðskiptatengdum verkefnum í samstarfi við aðra aðila, meðal annars norræn sendiráð, upplýsingaskrifstofur Norrænu ráðherranefndarinnar og Finnsk-íslenska viðskiptaráðið. Meðal verkefna má nefna bóka- og ferðakaupstefnur, alþjóðlegu nýsköpunarráðstefnuna Slush í Helsinki og „public diplomacy“-viðburði í Eystrasaltsríkjunum. Að auki fær sendiherra beiðnir um að opna íslenskar sýningar og aðra menningarviðburði og flytja ávörp og erindi á ýmiss konar viðburðum. Sendiráðið aðstoðar aðra við markaðssetningu á viðburðum sem tengjast Íslandi, til dæmis á kvikmynd- og tónlistarhátíðum. Íslensku listamennirnir Egill Sæbjörnsson og Ragnar Kjartansson eru meðal tilnefndra til virtustu listaverðlauna í Finnlandi, Ars Fennica. Íslenskir listamenn verða með sýningar í finnskum listasöfnum á árinu.


Sendiráð Íslands í Helsinki var opnað árið 1997 en stjórnmalasamband milli ríkjanna var tekið upp árið 1947. Umdæmisríkin eru Eistland, Lettland, Litháen og Úkraína. Hlutverk sendiráðsins er að hlúa að og efla tvihlíða samstarf Íslands og Finnlands, auk annarra ríka í umdæmi sendiráðsins, á sviði stjórnmalá, viðskipta, mennta- og menningarmála. Ísland skipar sérstakan sess í augum Eystrasaltsríkjanna og er sú áhersla vel merkjanleg í umfangi samskipta og fyrirspurna til sendiráðsins.

Álandseyjar eru sjálfstjórnarhérað í Finnlandi með sérstakt þing og stjórn og ræður í ýmsu eigin málum. Íslenskur ræðismaður er á Álandseyjum en sendiherra mun einnig sinna málefnum eyjanna með heimsóknum og þátttöku í viðburðum.

Árið 2019 er ár forseta- og þingkosninga í öllum fimm umdæmislöndum sendiráðsins. Sendiráðið mun fylgjast með stjórnmaláumræðu og -þróun í öllum ríkjunum.

Enn fremur veitir sendiráðið borgarþjónustu, þ.e. aðstoðar íslenska ríkisborgara í neyð, gefur út vegabréf og svarar margvíslegum fyrirspurnum sem tengjast ferðalögum til og frá Íslandi.

Kampala



Sendiráð í Kampala: Fyrsti sendiherrann skipaður á árinu 2018.

Meginhlutverk sendiráðsins í Kampala er tvíhliða þróunarsamvinna með Úganda, sem er annað tveggja þróunarríkja í heiminum sem fá slíka aðstoð frá Íslandi. Rúmlega 700 millj. kr. var varið til þessa verkefnis á árinu 2018. Tvíhliða þróunarsamvinna í Úganda gefur íslenskum stjórnvöldum færi á að tryggja að aðstoð beinist til þeirra sem minnst mega sín og hún veitir jafnframt innsýn og skilning á aðstæðum á vettvangi. Þá er leitast við að tryggja ábyrgt eignarhald og rekstur heimamanna á verkefnum sem fá framlög frá Íslandi, ekki síst með rekstrarlega sjálfbærni að leiðarljósi.


Á árinu 2018 tók sendiherra til starfa í fyrsta sinn sem yfirmaður sendiráðsins og ætlunin er að sendiráðið sinni fjölbreyttari verkefnum en áður, einkanlega á sviði stjórnmálasamskipta og viðskipta í Austur-Afríku. Þetta er liður í því að aðstoða íslensk fyrirtæki til athafnasemi í álfunni. Í Austur-Afríku hafa íslensk fyrirtæki verið að hasla sér völl á sviði jarðhitanýtingar, gjarnan við erfiðar aðstæður. Miklu skiptir að tryggja samkeppnishæfni þeirra, til dæmis með gerð viðskiptasamninga við stjórnvöld og skipun kjöræðismanna sem hafa greiðan aðgang að stjórnvöldum.

Í sendiráðinu hefur á síðasta misseri verið unnið að gerð nýrrar landsáætlunar fyrir Úganda fyrir árin 2020–2024, sem tekur bæði mið af nýrri þróunarsamvinnustefnu Íslands og þróunaráætlun stjórnvalda í Úganda. Þeirri vinnu lýkur á árinu 2019. Sjónum verður áfram beint að náinni samvinnu við tiltekin héraðsstjórnvöld um félagslega uppbyggingu innviða í fiskimannasamfélögum (sjá bls. xx). Aukin áhersla verður í nýrri landsáætlun á mannréttindi, jafnrétti kynjanna og atvinnusköpun en ekki er gert ráð fyrir neinum grundvallarbreytingum í framkvæmd.

Umdæmi sendiráðsins er Úganda, Djíbúti, Epíópía, Kenýkená, Malaví og Namibía. Sendiráðið er einnig með fyrirsva gagnvart Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UN Environment) í Naíróbí og gagnvart Afríkusambandinu (AU) í Addis Ababa. Umhverfisstofnunin hvetur og styrkir alþjóðasamfélagið til að mæta þeirri umhverfisvá sem nú steðjar að í heiminum. Með fyrirsva hjá Afríkusambandinu er hægt ná til allra ríkja álfunnar og rækta betur sambandið við einstaka ríkjahópa hvað pólitísk tengsl varðar, svo sem framboð Íslands til setu í stjórnnum stofnana Sameinuðu þjóðanna.

Tvíhliða þróunarsamvinna Íslands í Úganda hófst árið 2000 og umdæmisskrifstofan varð að sendiráði árið 2004.

Kaupmannahöfn



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	10.941	23,6%
Vöruútflutningur	12.238	2,4%
Þjónustuútflutningur	33.812	5,0%
Vöruinnflutningur	45.584	6,1%
Þjónustuinnflutningur	35.641	8,8%
Fjölþjóðasamstarf	Norðurlönd	
Umdæmisríki	Búlgaría, Rúmenía og Tyrkland	
Starfsmenn	7	5,6%
Útsendir diplómatar	2	
Útsendir aðrir	0	
Útsend, önnur rn.	1	
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	3	
Kostnaður	137,4	4,5%

Sendiráð í Kaupmannahöfn: Rúmlega 50 viðburðir á aldarafmæli fullveldisins.

Danmörk er það land sem eflaust stendur Íslendingum næst. Kaupmannahöfn telst enn fyrsti og tíðasti viðkomustaður Íslendinga erlendis. Talið er að hátt í tólf þúsund Íslendingar séu nú búsettir í Danmörku, þar af um fjögur þúsund námsmenn. Á aldarafmæli fullveldisins stóð sendiráðið fyrir rúmlega 50 fjölbreyttum viðburðum sem allir áttu það sameiginlegt að kynna það besta úr ríkri flóru íslenskrar menningar. Gestir sem sóttu fullveldisviðburði yfir árið voru rúmlega tíu þúsund talsins.


Verkefni sendiráðsins eru í grundvallaratriðum þau sömu og annarra tvíhliða sendiskrifstofa en það sem einkennir þau helst eru söguleg og menningarleg tengsl þjóðanna og búseta margra Íslendinga í Danmörku. Vegna þess síðastnefnda er borgaraþjónusta sendiráðsins afar umfangsmikil og sú mesta af sendiráðum Íslands, líka vegna þess að til sendiráðsins leita margir Íslendingar búsettir í suðurhluta Svíþjóðar. Sendiráðið í Kaupmannahöfn er að miklu leyti tákngervingur þess að saga þjóðanna er tengd næsta órjúfanlegum böndum. Íslensk menning, einkum bókmenntir, nýtur töluverðrar hylli í Danmörku. Sendiráðið leggur áherslu á að rækja gott samstarf milli þjóðanna á þessu sviði. Á síðustu árum er nokkur aukning á beiðnum frá Dönum um samstarf við sendiráðið í menningarmálum. Sendiráðið hefur eftir föngum orðið við þeim beiðnum og reynslan sýnir að menningarstarf er það hagsmunamál sem best er fallið til að styrkja ímynd og orðspor Íslands í Danmörku.

Stjórnmalaleg samskipti þjóðanna standa á gömlum merg og teljast vinsamleg. Þau hafa á síðustu áratugum einnig færst að töluverðu leyti yfir á vettvang Norðurlandasamvinnunnar. Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs er í Kaupmannahöfn og samskipti sendiráðsins og skrifstofunnar eru nán og gagnleg.

Danmörk er í hópi tíu helstu viðskiptalanda Íslands. Viðskipti ríkjanna eru rótgróin og vægi þjónustuviðskipta og fjárfestinga hefur aukist síðustu árin. Á árinu 2017 námu vöruviðskipti milli landanna 56,2 milljörðum ísl. kr. en þjónustuviðskipti 67 milljörðum kr. Aukinn áhugi er í Danmörku á íslenskri hönnun og nýsköpun og sendiráðið hefur staðið fyrir kynningum á þeim sviðum auk viðburða til kynningar á íslenski matvöru. Hvort tveggja hefur hlotið jákvæðar undirtektir. Þá má nefna samstarf sendiráðsins og Icelandair um ferða- og landkynningar í sendiráðinu og í bústað sendiherra. Þegar best lætur eru tólf flug til og frá Íslandi á hverjum degi um Kaupmannahafnarflugvöllinn á Kastrup og kemst flugvöllurinn reglulega á lista yfir þá tíu áfangastaði sem flestir farþegar fljúga til og frá.

Auk Danmerkur veitir sendiráðið fyrirvar gagnvart Búlgaríu, Rúmeníu og Tyrklandi. Þá eru aðalræðisskrifstofur Íslands í Nuuk og Þórshöfn í umdæmi sendiráðsins. Samtals eru 22 ræðismenn í þessum löndum. Í Kaupmannahöfn eru 19 sendiráð með fyrirvar gagnvart Íslandi.

Lilongwe



Sendiráð í Lilongwe: „Rakarastofum“ hleypt af stokkunum í Afríku.

Af viðburðum síðasta árs bar einna hæst að sendiráðið hélt fullveldismóttöku 29. nóvember með 200 gestum frá Malaví og Íslandi. Söngatriði malavískra og íslenskra listamanna vöktu mikla athygli. Af sama tilefni voru einnig haldnar tvær fyrstu „rakarastofurnar“ í Afríku með fulltingi landsnefndar UN Women á Íslandi.

Ísland og Malaví hafa átt tviðhlíða samstarf frá árinu 1989, eða í hartnær 30 ár. Samstarfið byggist að mestu á tviðhlíða þróunarsamvinnu í Mangochi-héraði. Frá árinu 2012 hefur stuðningurinn beinst að grunnþjónustuverkefni á héraðsstigi þar sem héraðsyfirvöld sjá um framkvæmdina með stuðningi og undir eftirliti starfsmanna sendiráðsins. Verkefnið eru á sviði lýðheilsu, grunnmenntunar, vatns- og salernismála auk stuðnings við efnahagslega valdeflingu kvenna og ungmenna og almenna getu stjórnvalda í héraði til að koma þjónustunni til íbúa héraðsins. Góðar niðurstöður komu fram í óháðri úttekt á fyrsta hluta verkefnisins sem gerð var 2018. Ráð er fyrir því gert að framlög Íslands til Malaví nemi um 870 millj. kr. árið 2018.

Í nýrri þróunarsamvinnustefnu er Malaví tilgreint sem samstarfsland. Vinna er hafin við gerð nýrrar samstarfsáætlunar þar sem rík áhersla verður lögð á jafnréttis- og mannréttindamál.


Með sendiherra í Úganda, sem einnig er sendiherra fyrir Malaví, er lögð ríkari áhersla en áður á samskipti við bæði samstarfsríkin í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Varðandi stöðu mannréttinda í Malaví er lögð áhersla á að ræða ofbeldi gegn konum og stöðu jadarhópa. Þá er lögð áhersla á tvísköttunarsamning milli Íslands og Malaví. Vonir eru bundnar við nýjan sjóð um samstarf við atvinnulíf á Íslandi varðandi ný verkefni í Malaví.

Uppsetning vegabréfabúnaðar í sendiráðinu skiptir miklu máli fyrir íbúa svæðisins því að neyðarvegabréf hafa takmarkað gildi. Færanlegur vegabréfabúnaður sannaði gildi sitt á árinu þegar bregðast þurfti við beiðni um borgaraþjónustu í Suður-Afríku.

Tiltölulega fá sendiráð starfa í Malaví. Samstarf sendiráða og alþjóðastofnana er gott og reglulegir fundir haldnir milli forstöðumanna. Yfirmenn þróunarsamvinnu hjá sendiráðum framlagsríkja hittast einnig reglulega. Stóru málin í samstarfinu voru umdeildar tillögur Alþjóðabankans um fjárlagastuðning, sem náðu ekki fram að ganga, framkvæmd manntals í september og undirbúningur næstu forseta-, þing- og sveitarstjórnarkosninga sem verða haldnar í maí 2019. Fulltrúar sendiráðsins sitja einnig í samstarfshópum stjórnvalda og framlagsríkja um sveitarstjórnarmál og jafnréttis- og mannréttindamál.

Sendiráð Íslands í Lilongwe var stofnað árið 2004 á grunni umdæmisskrifstofu ÞSSÍ sem var opnuð tíu árum fyrr. Útsendir starfsmenn eru tveir og níu staðarráðnir sem starfa á sendiskrifstofunni Lilongwe og útibúinu í Mangochi-héraði.

London



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	2.407	5,1%
Vöruútflutningur	48.598	9,4%
Þjónustuútflutningur	78.684	11,6%
Vöruinnflutningur	43.101	5,8%
Þjónustuinnflutningur	64.583	16,0%
Fjölþjóðasamstarf	IMO	
Umdæmisríki	Írland, Jórd., Katar, Malta, Nig., Port., Sam. Arab. Furstad.	
Starfsmenn	7	4,9%
Útsendir diplómatar	4	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	2	
Kostnaður	180,6	6,0%

Sendiráð í London: Brexit meginverkefnið fram undan.

Ákvörðun Breta um að ganga úr ESB hefur sett mark sitt á starfsemi sendiráðsins undanfarin misseri. Starfsmenn sendiráðsins hafa unnið hörðum höndum að því meginmarkmiði íslenskra stjórnvalda að tryggja sem greiðastan aðgang að Bretlandsmarkaði eftir útgöngu úr ESB enda einn mikilvægasti markaður íslensks varnings og þjónustu. Gildir einu hvort Bretland gengur úr ESB með eða án samnings. Þetta er og verður eitt meginverkefni sendiráðsins á næstu misserum og árum.

Ríkin hafa með sér reglulegt samráð um viðskipti, fiskveiðar, utanríkis- og öryggismál, auk menningar- og menntamála. Aukið vægi öryggismála á Norður-Atlantshafi gefur tilefni til þess að huga frekar að tvíhliða samstarfi ríkjanna á þeim vettvangi, meðal annars hvað varðar aukna umferð og athafnasemi á hafsvæðum ríkjanna. Tryggja þarf öryggi sjófarenda og viðbragðsgetu vegna þjörgunar á hafsvæðunum. Bæði ríkin taka þátt í alþjóðlegu samstarfi í innanríkisöryggismálum og lítið er til samlegðar í aukinni samvinnu ríkjanna í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi, hryðjuverkum og netöryggismálum. Viðvarandi hryðjuverkaögn endurspeglar mikilvægi náinnar samvinnu við bresk dóms- og lögregluþyrirvöld.


Fjöldi Íslendinga sækir menntun til Bretlands og íslensk fyrirtæki nota gjarnan Bretland sem viðskiptagátt að umheiminum. Á síðasta ári sóttu tæplega 300 þúsund breskir ríkisborgarar Ísland heim. Árið 2017 voru farnar að meðaltali 78 flugferðir á viku til Bretlands yfir sumartímann og 125 yfir vetrartímann, en Íslandsferðir eru vinsælli meðal Breta yfir vetrarmánuðina, sem dregur verulega úr árstíðarsveiflum í ferðabjónustu. Árið 2018 voru að meðaltali farnar 10 ferðir á dag milli Keflavíkurflugvallar og London. Þessi öflug loftbrú milli landanna hefur líklega aldrei gert heimsóknir milli landanna greiðari. Fjöldi vegabréfsáritana sem gefnar eru út í London til ferðamanna á leið til Íslands hefur margfaldast á síðustu árum. Stór hluti þeirra eru kínverskir ferðamenn sem dvelja við nám eða störf í Bretlandi.

Ein grunnstöðin í starfsemi sendiráðsins er borgarabjónusta. Gert er ráð fyrir að hægt sé að bregðast við neyðartilvikum allan sólarhringinn, alla daga ársins. Þá veitir sendiráðið góða aðstoð og þjónustu við íslenska ríkisborgara, við útgáfu vegabréfa, utankjörfundaratkvæðagreiðslu, próftökur, veikindi, slys og réttarfarsleg mál.

Öflugur vöxtur og viðgangur hefur einkennt sókn íslenskrar menningar í Bretlandi og öðrum umdæmisríkjum. Sendiráðið hefur stutt við hana, til dæmis með bókakynningum, list- og hönnunarsýningum og tónlistarviðburðum. Þannig má nefna þátttöku Íslendinga í London Design Fair, London Jazz Festival, London Film Festival og flutningi London Symphony Orchestra á síðasta verki Jóhanns Jóhannssonar í Barbican Centre undir stjórn Daniels Bjarnasonar.

Önnur umdæmislönd sendiráðsins eru Írland, Jórdanía, Katar og Malta. Í sendiráðinu starfa nú fjórir útsendir starfsmenn og fjórir staðarráðnir.

Moskva



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	42	0,1%
Vöruútflutningur	6.853	1,3%
Þjónustuútflutningur	5.207	0,8%
Vöruinnflutningur	1.765	0,2%
Þjónustuinnflutningur	783	0,2%
Fjölþjóðasamstarf	Norðurslóðir	
Umdæmisríki	Arm., Aserb., Hv-Rús., Kasak, Kirg, Moldó, Tadsj, Túrkm og Usb.	
Starfsmenn	6	4,2%
Útsendir diplómatar	3	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	2	
Kostnaður	155,0	5,1%

Sendiráð í Moskvu: Sex þúsund Íslendingar á heimsmeistaramótinu.

Heimsmeistaramótið í knattspyrnu karla fór fram í Rússlandi í fyrrasumar. Undirbúningur og viðbrögð í tengslum við mótið var eitt stærsta verkefni sendiráðsins á síðasta ári. Að minnsta kosti sex þúsund Íslendingar sóttu Rússland heim vegna HM. Mótið var hin besta landkynning. Sjö íslenskir knattspyrnumenn leika í rússnesku deildinni fyrir þrjú félagsslið í Moskvu, Rostov og Krasnodar.

Helstu verkefni sendiráðsins lúta að stjórn mála- og viðskiptalegum samskiptum Íslands við Rússland og umdæmisríkin. Almennt hafa samskipti Íslands og Rússlands verið góð, þrátt fyrir ágreining í mikilvægum málum. Viðskipta- og menningartengsl hafa verið nán milli þjóðanna frá lýðveldisstofnun en 75 ár voru liðin frá stofnun stjórn málasambands árið 2018. Ríkin eiga í miklu svæðisbundnu alþjóðasamstarfi og þar ber hæst Norðurskautsráðið, enda vaxandi samstarf milli ríkjanna á þeim vettvangi. Ísland tekur við formennsku ráðsins í vor og Rússland í framhaldinu.


Úkraínudeilan og versnandi samskipti Rússlands við vestræn ríki hafa haft umtalsverðar afleiðingar á samskipti þjóðanna. Þar ber hæst áhrif innflutningsbanns Rússlands á flest evrópsk matvæli, sem hefur valdið því að síðan síðla árs 2015 hefur svo gott sem enginn útflutningur verið til Rússlands á íslenskum fiskafurðum. Forgangsverkefni sendiráðsins síðustu misseri hefur verið að bregðast við þessu og leita nýrra tækifæra. Undanfarið hafa íslensk fyrirtæki á sviði útgerðar- og fiskvinnslutækni náð umtalsverðum árangri á Rússlandsmarkaði en mikil uppbygging er í rússneskum sjávarútvegi. Sendiráðið reynir í hvívetna að kynna Ísland og íslenskt viðskiptalíf fyrir innlendum aðilum, meðal annars með viðskiptasendinefndum og þátttöku í kaupsýningum og ráðstefnum, sem íslensk fyrirtæki sækja í auknu mæli. Stofnað var til íslensks-rússnesks viðskiptavettvangs með aðild 30 fyrirtækja og einstaklinga á árinu.

Sendiráðið vinnur að því að auka menningarleg samskipti milli ríkjanna. Nokkrir íslenskir tónlistarmenn og hljómsveitir njóta mikilla vinsælda í Rússlandi og vaxandi áhugi er einnig á íslenskum barnabókmenntum. Öflugt vináttufélag Íslands og Rússlands eflir menningartengsl landanna og starfar í fjórum borgum.

Rússneskir ferðamenn sækja Ísland heim í auknu mæli. Beint flug milli Moskvu og Keflavíkur hófst síðastliðið sumar á vegum rússneska flugfélagsins S7 og heldur áfram sumarið 2019. Afgreiðsla vegabréfs-áritana á grundvelli Schengen-samstarfsins fyrir ferðamenn á leið til Íslands hófst árið 2013 og eykst ár frá ári. Áritanir voru tvö þúsund á árinu 2018. Þá sinnir sendiráðið borgarþjónustu við íslenska ríkisborgara, aðstoðar íslenskt ferðafólk í neyðartilvikum og afgreiðir vegabréfsumsóknir fyrir íslenska ríkisborgara.

Auk Rússlands eru umdæmisríki sendiráðsins Armenía, Aserbaídsjan, Hvíta-Rússland, Kasakstan, Kirgistan, Moldóva, Tadsjikistan, Túrkménistan og Úsbekistan. Fimm kjöræðismenn eru í umdæmi sendiráðsins; í St. Pétursborg og Múrmansk í Rússlandi, Jerevan í Armeníu, Minsk í Hvíta-Rússlandi og Astana í Kasakstan.

Nýja-Delí



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	4	0,0%
Vöruútflutningur	91	0,0%
Þjónustuútflutningur	2.033	0,3%
Vöruinnflutningur	2.401	0,3%
Þjónustuinnflutningur	1.262	0,3%
Umdæmisríki	Bangl., Malas, Mald, Márit, Nep, Seych., Sing, Sri L., S-Afrika	
Starfsmenn	6	4,2%
Útsendir diplómatar	2	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	3	
Kostnaður	113,8	3,8%

Sendiráð í Nýju-Delí: Vinnuheimsókn utanríkisráðherra.

Í desember 2018 fór utanríkisráðherra í vinnuheimsókn til Delí og átti gagnlega fundi með utanríkisráðherra Indlands og ráðherrum ferðamála og orkumála. Ráðherra lagði áherslu á aukin samskipti indverskra og íslenskra stjórnmalámalanna á komandi misserum. Pólítísk samskipti eru góð og vinsamleg milli þjóðanna.

Frá því Ísland opnaði sendiráð í Nýju-Delí árið 2006 og Indland í Reykjavík árið 2008 hafa samskipti þjóðanna stóraukist á fjölmörgum sviðum, hvort heldur litið er til viðskipta, pólítískra samskipta eða ferðaðjónustu, svo fátt eitt sé talið.

Indland er fjölmennasta lýðræðisríki heims. Áætlaður íbúafjöldi er um 1.350 milljónir. Hagvöxtur hefur verið mikill hin síðari ár, um 7% árlega. Hag- og efnahagskerfið hefur opnast í auknum mæli fyrir erlendum viðskiptum. Fátekt er mikil í landinu, en stækkandi millistétt, um 300 milljónir, hefur aukið samkeppnishæfni og samstarfsmöguleika erlendra ríkja til að stunda viðskipti.

Ísland hefur notið góðs af auknum ferðalögum Indverja, enda hefur sendiráðið á síðustu árum verið í góðri samvinnu við Íslandsstofu og ferðaðjónustuaðila á Íslandi og staðið fyrir viðamikilli kynningu á Íslandi sem viðkomustað ferðamanna frá Indlandi. Íslenskir ferðaðjónustuaðilar og sendiráðið í Delí verða varir við stóraukinn áhuga Indverja á ferðum til Íslands. Gistinóttum Indverja á Íslandi hefur fjölgað úr aðeins 3 þúsund árið 2013 í 21 þúsund árið 2017. Sama þróun hefur verið í útgáfu vegabréfsáritana fyrir Indverja á leið til Íslands. Um 7 þúsund áritanir voru afgreiddar á árinu 2018. Íslenska sendiráðið tók yfir afgreiðslu vegabréfsáritana á fyrstu mánuðum þessa ársi, enda er gert ráð fyrir áframhaldandi fjölgun umsókna.

Þjónustuviðskipti landanna hafa verið í jafnvægi á síðustu árum, en þegar kemur að vöruviðskiptum hallar á Ísland. Mikið undirbúningsstarf hefur verið unnið hvað varðar útflutning á íslenskum matvælum, lambakjöti og fiski. Tæknilegum hindrunum hefur verið rutt úr vegi og útflutningur þegar hafinn í smáum stíl. Sendiráðið hefur unnið náði með íslenskum og indverskum aðilum í þessum efnunum.


Mikilvægt er að samkomulag náist um fríverslunarsamning milli EFTA og Indlands, sem hefur verið í burðarliðnum síðustu ár.

Meðal verkefna sem sendiráðið kemur að er íslenskur hátækniiðnaður á Indlandi og ráðgjöf verkfræðistofa um nýtingu jarðvarma. Marel og Actavis eru með starfsstöðvar í Indlandi.

Menningarsamstarf hefur aukist milli landanna, ekki síst við kvikmyndagerð. Á stórum kvikmyndahátíðum á Indlandi hefur íslensk kvikmyndagerð verið kynnt og sendiráðið hefur ýtt undir slíka þróun með góðum árangri. Þá hefur verið lögð vinna í að kynna Ísland sem tókustað fyrir indverskar kvikmyndir.

Sendiráðið er með fyrirvar gagnvart nágrennaríkjunum Nepal, Bangladesh og Sri Lanka.

Ottawa



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	896	1,9%
Vöruútflutningur	5.926	1,1%
þjónustuútflutningur	33.453	5,0%
Vöruinnflutningur	8.496	1,1%
þjónustuinnflutningur	7.028	1,7%

Fjölþjóðasamstarf	Norðurslóðir	
Umdæmisríki	Ból., Chile, CostaR, Ekv., Hond., Kól., Pan., Perú og Ven.	
Starfsmenn	3	2,1%
Útsendir diplómatar	1	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	2	
Kostnaður	67,7	2,2%

Sendiráð í Ottawa: Sameiginlegir hagsmunir á norðurslóðum og í auðlindanýtingu.


Kanada er á meðal mikilvægustu samstarfslanda Íslands. Löndin eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, meðal annars varðandi norðurslóðamál, varnarmál og sjávarútveg. Viðskipti milli landanna hafa stóruáhrif frá því að fríverslunarsamningur EFTA og Kanada var gerður 2009 og Kanadamenn voru í fjórða sæti hvað varðar fjölda ferðamanna til Íslands í fyrra. Nýr loftferðasamningur var gerður við Kanada árið 2013, sem hefur orðið grundvöllur stóruáhrifa flugsamgangna milli landanna. Íslensk flugfélög hafa nú fimm fasta áfangastaði í Kanada: Vancouver, Edmonton, Montreal, Toronto og Halifax.

Hlutverk sendiráðsins er að efla tvíhliða samstarf, vináttu og viðskipti milli Íslands og Kanada og annarra ríkja í umdæmi sendiráðsins, meðal annars á sviði stjórn mála, viðskipta- og menningarmála. Sendiráðið vaktar stjórn mála í Kanada, sérstaklega á þeim vettvangi sem tengist íslenskum hagsmunum og rættar tengsl við stjórnkerfið til að koma hagsmunum Íslands á framfæri. Markvisst er unnið að því að gera veg íslenskrar menningar sem mestan í Kanada, oftast en ekki í samstarfi við önnur norræn sendiráð. Auk þessa hefur sendiráðið með höndum viðtækt hlutverk á sviði borgarþjónustu, gættir hagsmuna Íslendinga gagnvart stjórnvöldum og veitir þeim aðstoð þegar svo ber undir. Þá annast sendiráðið framkvæmd utankjörfundarkosninga. Drjúgur tími fer í fyrirgreiðslu vegna ferðalaga til Íslands og áritunarmála. Sendiherra ver einnig töluverðum tíma í samskipti við Vestur-Íslendinga og vinafélög Íslands og Kanada.

Í umdæmi sendiráðsins starfa alls fjórtán kjöræðismenn, þar af tíu í Kanada og einn í hverju hinna umdæmisríkjanna nema Bólivíu. Í umdæmi sendiráðsins er einn aðalræðisskrifstofa Íslands í Winnipeg þar sem einn útsendur starfsmaður starfar. Sendiráðið nýtur aðstoðar kjöræðismanna Íslands, sérstaklega á sviði borgarþjónustu en kjöræðismenn vinna einnig að tengslum við stjórnvöld hver á sínu svæði og liðka fyrir myndun viðskiptasambanda.

Sendiráð Íslands í Ottawa var opnað árið 2011 en stjórn málasamband milli Íslands og Kanada var tekið upp árið 1947. Fyrsti sendiherra Íslands í Kanada, sem hafði á þeim tíma aðsetur í Washington D.C., var skipaður árið 1948. Umdæmisríkin eru auk Kanada, Bólivía, Hondúras, Kostaríka, Panama og Venesúela. Sendiherrann er eini útsendi starfsmaður sendiráðsins, en auk hans starfa þar tveir staðarráðnir starfsmenn. Stefnt er að ráðningu staðarráðsins viðskiptafulltrúa. Sendiráðið nýtur einnig stuðnings viðskiptaskrifstofunnar sem starfar í New York.

Osló



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	9.488	20,1%
Vöruútflutningur	26.867	5,2%
Þjónustuútflutningur	23.021	3,4%
Vöruinnflutningur	67.482	9,1%
Þjónustuinnflutningur	15.705	3,9%
Fjölþjóðasamstarf	Norðurslóðir	
Umdæmisríki	Afganistan, Egyptaland, Grikkland og Iran	
Starfsmenn	4	2,8%
Útsendir diplómatar	2	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	1	
Kostnaður	92,9	3,1%

Sendiráðið í Osló: Öflug viðskiptatengsl og menningu fagnað á fullveldisafmæli.

Sendiráðið kom að 40 menningarviðburðum á árinu en hæst bar þriggja daga fullveldishátíð í miðborg Oslóar í júní. Utanríkisráðherra opnaði hátíðina og íslenskan útímarkað sem starfræktur var hátíðardagana. Í boði var íslensk tónlist, uppstand og sýningar á kvikmyndinni *Með allt á hreinu*. Í nóvember var boðið til fjölsóttar dagskrár í hátíðarsal Háskólans í Osló um sameiginlegan menningararf Íslands og Noregs með þátttöku mennta- og menningarmálaráðherra og Tone W. Trøen, forseta Stórþingsins. Þá var vel sótt málþing um ritferil Halldórs Laxness sem haldið var í þjóðarboðklöðunni í Osló í nóvember. Um 9.500 Íslendingar eru búsettir í Noregi.

Víðtækt samráð er milli íslenskra og norskra stjórnvalda um pólitísk hagsmunamál. Utanríkisráðherra fór í vinnuheimsókn til Noregs í febrúar 2018 og Ine Eriksen Søreide, utanríkisráðherra Noregs, endurgalt með heimsókn til Íslands í ágúst. Mest kveður að samstarfi um EES, EFTA, öryggis- og varnarmál, málefni alþjóðastofnana og norðurslóðamál. Í janúar 2019 var undirrituð viljayfirlýsing um framhald samstarfs Íslands og Noregs á sviði norðurslóðafræða. Þá bauð forseti Stórþingsins forseta Alþingis í opinbera heimsókn til Noregs í maí 2018.

Árleg vöru- og þjónustuviðskipti Íslands og Noregs nema um 160 milljörðum kr. Noregur er í fyrsta sæti yfir vöruinnflutning og sjöundi stærsti útflutningsmarkaður Íslands. Á árinu nutu 110 aðilar viðskiptaþjónustu sendiráðsins og gott samstarf er við Norsk-íslenska viðskiptaráðið. Nýsköpun og stuðningur við sprotafyrirtæki eru mikilvæg stefnumið norskra stjórnvalda sem skapa sóknarfæri fyrir Íslendinga, til dæmis í heilbrigðisþjónustu, upplýsingatekni og auðlindanýtingu.


Sterkust viðskiptatengsl hafa í gegnum tíðina tengst sjávarútvegi. Meðal vaxtarbrodda er sala á búnaði til fullnýtingar afurða og opnun söluskrifstofu Skagans 3X í Bodø er dæmi um slíka markaðssókn. Í mars var Ísland sérstakt gestaland á North Atlantic Seafood Forum í Bergen þar sem 20 fyrirtæki voru kynnt. Norsk tækniþekking er sömuleiðis eftirsóknarverð en nú eru í smíði sjö togskip fyrir íslenskar útgerðir hjá Vardskipasmiðastöðinni.

Dæmi um íslenskt-norskt nýsköpunarstarf í fremstu röð er heilbrigðistæknifyrirtækið Mentis Cura sem nýlega gerði samning í Japan sem metinn er á 14 milljarða kr. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er meðal fjárfesta í fyrirtækinu, rannsóknar- og þróunarstarf þess er á Íslandi og höfuðstöðvarnar í Osló.

Þá hafa íslensk framleiðslufyrirtæki haslað sér völl í skapandi greinum með þjónustu við framleiðslu norsks sjónvarpsefnis og alþjóðlegra kvikmynda. Norðmenn eru áhugasamir um íslenska listsköpun og það sætti tíðindum í janúar þegar tvær íslenskar kvikmyndir voru frumsýndar samdægurs í Noregi.

Sendiráðið er skipað fjórum starfsmönnum. Önnur umdæmislönd sendiráðsins eru Egyptaland, Grikkland, Íran og Pakistan.

París



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	479	1,0%
Vöruútflutningur	32.567	6,3%
Þjónustuútflutningur	25.981	3,8%
Vöruinnflutningur	20.140	2,7%
Þjónustuinnflutningur	9.686	2,4%
Fjölþjóðasamstarf	OECD, UNESCO, Evrópuráðið	
Umdæmisríki	Alsír, And., Djíbútí, Ítalía, Líban., Marok., Mon., Spánn, Túnis	
Starfsmenn	8	5,6%
Útsendir diplómatar	5	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	3	
Kostnaður	166,1	5,5%

Sendiráð í París: Nokkrir mikilvægustu viðskiptamarkaðir í umdæmi sendiráðsins.

Frakklandsforseti er ötull talsmaður alþjóðakerfisins. Hann notar hvert tækifæri til að vara við einangrunarstefnu og leggur áherslu á mikilvægi alþjóðasamvinnu. Þannig nýtti hann formennsku Frakklands á ráðherrafundi OECD á síðasta ári til að setja endurreisn alþjóðakerfisins á oddinn og hefur boðað að G7-formennskan á þessu ári verði nýtt til að knýja á um umbætur á Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO). Heima fyrir hefur vaxandi óþreya eftir að boðaðar umbætur skili sér í bættum kjörum orðið til að hrinda af stað umfangsmiklu þjóðarsamráði sem forsetinn leiðir. Eftir á að koma í ljós hvaða áhrif það hefur á Evrópuþingskosningarnar í maí en metnaður hans stendur til að þetta raðir evruríkjanna, auka samstarf Evrópuríkja um varnarmál, ná tökum á flóttamannastraumnum og fylgja eftir markmiðum Parísarsáttmálans.


Fyrir opið hagkerfi eins og Ísland skiptir opið viðskiptaumhverfi og slík stefnumið miklu máli og fela í sér marga mögulega samstarfsfleti við frönsk stjórnvöld. Forseti Íslands og forsætisráðherra hafa enda bæði verið gestir Frakklandsforseta í Elysée-höll og utanríkisráðherra fór nýlega fyrir viðskiptasendinefnd til Parísar og átti þá fund með franska utanríkisráðherranum. Þessar heimsóknir voru einnig nýttar til að styrkja tengslin við franska þingið og aðalframkvæmdastjóra UNESCO og OECD. Þá var Ísland heiðursgestur á ráðstefnu um framtíðarhorfur ríkja (Global Positive Forum). Forsætisráðherra setti ráðstefnuna en auk hennar voru fjármálaráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra í aðalhlutverki.

Í umdæmi sendiráðsins eru nokkrir mikilvægustu viðskiptamarkaðir Íslands í Evrópu, gríðarlega sterkir og fjölbreyttir markaðir sem geta skipt miklu til að auka útflutningstekjur. Mikilvægt er að hlúa vel að þessum mörkuðum á núverandi tímamótum í alþjóðaumhverfinu. Sendiráðið leitast við að efla áhuga á Íslandi á markvissan hátt og stóð í því skyni fyrir fjölda viðburða á árinu 2018. Af þeim um 30 viðburðum sem sendiráðið tók þátt í má nefna kvikmyndatónleika Amiinuu fyrir um 180 manns, en í kjölfarið hafa franskir fjölmiðlar haft samband við sendiráðið til þess að vinna að umfjöllun um Ísland. Jafnframt má nefna margvíslegar kynningar á íslenska lambakjötinu, sjálfbærum veiðum og íslenskum sjávarafurðum, jafnrétti kynjanna og nýtingu jarðhita.

Mannréttindi, jafnrétti, norðurslóðir, sjálfbærni, umhverfis- og loftslagsmál eru þematísk áherslumál sendiráðsins en almenn markmið starfseminnar helgast af því að gæta hagsmuna íslenskra borgara og halda uppi öflugum neti kjöræðismanna, stuðla að farsælum samskiptum við stjórnvöld og styðja við markaðssókn íslenskra fyrirtækja og útflutning menningarafurða í Frakklandi og öðrum umdæmisríkjum.

Umdæmi sendiráðsins í París nær til Frakklands, Ítalíu, Spánnar, Portúgals, Andorra, Mónakós, Marokkós, Alsírs, Túnis og Líbanons. Sendiráðið gegnir jafnframt hlutverki fastanefndar gagnvart OECD og UNESCO.

Peking



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	36	0,1%
Vöruútflutningur	10.274	2,0%
þjónustuútflutningur	9.076	1,3%
Vöruinnflutningur	51.389	6,9%
þjónstuinnflutningur	1.765	0,4%
Umdæmisríki	S-Kór, Ástr., Kamb., Laos, N-Kór, Mong., Nýja-Sl, Tai, Vietn.	
Starfsmenn	11	7,7%
Útsendir diplómatar	3	
Útsendir aðrir	1	
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	6	
Kostnaður	165,4	5,5%

Sendiráð í Peking: Hátækni er vaxtarbroddur atvinnulífs á Íslandi og Kína.

Aðstæður í Kína eru um margt aðrar en á öðrum helstu markaðssvæðum Íslands. Ríkið er atkvæðameira og einkafyrirtækin eru háð velvilja stjórnvalda í ríkum mæli. Þetta kallar á meiri eftirspurn og viðtækari aðkomu sendiráðsins að starfi fyrirtækja. Einnig hefur verið unnið ötullega að því að þróa fríverslunarsamninginn og bæta við þeim bókunum sem nauðsynlegar eru til að heilbrigðisefirlit með íslenskum afurðum á Kínamarkaði gangi greiðlega fyrir sig. Þetta er tímafrekt og þungt í vöfum en gott útlit er fyrir árangur á næstunni varðandi lýsi, mjöl og fiskeldisvörur. Lambakjöt er í höfn eftir heimsókn ráðherra í haust.


Heildarverðmæti íslensks útflutnings hefur heldur dregist saman síðustu fimm ár en útflutningur til Kína hefur meira en tvöfaldast, var innan við 1% en nú yfir 2%. Kína er mikilvægasta markaðsland í Asíu og enn eru vaxtarmöguleikar langt í frá tæmdir. Fiskur sem áður fór aðeins til vinnslu í Kína fer nú í vaxandi mæli beint til neytenda og hefur náðst góður árangur í sölu til hótela, veitingastaða og beint í neytendaumbúðum til kjörbúða. Fjölbreytni hefur aukist og afurðir á borð við snyrtivörur og tæknibúnað seljast í talsverðu magni.

Kínverjar hafa mótað sér stefnu um norðurskautssvæðið og vilja rækja samstarf við Ísland. Sendiráðið hefur kappkostað að efla tengslanet við allar þær stofnanir sem að þessu starfi koma. Á fyrstu dögum formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu efna Kínverjar til ráðstefnu í Shanghai í samstarfi við Hringborð norðursins. Þátttaka að heiman verður með mesta móti.

Norðurlönd standa saman að verkefni til að efla samstarf að umhverfisvænni tækni í sex borgum í Kína. Áhersla Íslands hefur ekki síst verið á sviði jarðhita enda er orðspor Íslands á þeim vettvangi í Kína óumdeilt. Einnig kom sendiráðið að opnun og rekstri norræns nýsköpunarhúss í Hong Kong sem ætlað er að auðvelda aðkomu norrænna nýsköpunarfyrirtækja að kínversku fjármagni, framleiðsluáðstöðu og markaði. Undirbúningur er hafinn að þátttöku Íslands í hátæknisýningu í Shenzhen í nóvember. Hundrad manna sendinefnd þaðan sótti Ísland heim á síðasta ári. Hátækni er vaxtarbroddur atvinnulífs á Íslandi og Kína og miklir möguleikar á að efla samstarf.

Áritanadeild sendiráðsins hefur verið styrkt enda fer álag vaxandi en skilar jafnframt talsverðum tekjum. Ísland er oftar en áður megináfangastaður og dvöl Kínverja hefur lengst. Ferðamannastraumur frá Íslandi til Suðaustur-Asíu eykst og gerðar hafa verið ráðstafanir til að fjölga ræðismönnum í umdæminu til að efla borgarþjónustu.

Stokkhólmur



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	8.664	18,3%
Vöruútflutningur	2.936	0,6%
Þjónustuútflutningur	21.195	3,1%
Vöruinnflutningur	30.067	4,1%
Þjónustuinnflutningur	14.434	3,6%
Fjölþjóðasamstarf	Norðurlönd	
Umdæmisríki	Albanía, Kúveit, Kýpur og Sýrland	
Starfsmenn	4	2,8%
Útsendir diplómatar	1	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	3	
Kostnaður	84,7	2,8%

Sendiráð Íslands í Stokkhólmi 2018: Aukin áhersla á viðskiptamál.

Opinber heimsókn forseta Ísland til Svíþjóðar í byrjun árs 2018 var vel heppnuð að mati sendiráðsins og hún nýttist vel til að styrkja ímynd Íslands í Svíþjóð og styrkja tengslanet sendiráðsins. Með endurskipulagningu verkaskiptingar á árinu 2018 hefur áhersla á viðskiptamál aukist.

Íslensk fyrirtæki fá meðal annars aðstoð við að greina markaðinn, finna samstarfsaðila og bjóða til viðskiptafunda í sendiráðinu. Fulltrúar fyrirtækjanna segja aðkomu sendiráðsins hafa styrkt ímynd þeirra og haft jákvæð áhrif á útkomu fundanna. Markmiðið er að halda áfram að styrkja viðskiptaþjónustuna og skapa meira rými fyrir viðskiptafulltrúa til að hafa frumkvæði að verkefnum í samstarfi við einkaaðila. Þá hvetur sendiráðið til samstarfs milli íslenskra aðila á sænskum markaði og aðstoðar við tengslamyndun þeirra á milli. Að því er stefnt að auka samstarf við Sænsk-íslenska viðskiptaráðið í Svíþjóð, til dæmis með því að halda málstofu á vormanuðum.

Menningarstarf er umsvifamikill þáttur í starfsemi sendiráðsins. Árið 2018 var efnt til stórra viðburða í tengslum við 100 ára afmæli fullveldis Íslands í Uppsöllum, Gautaborg og Stokkhólmi. Frá árinu 2015 hefur einnig verið lögð sérstök áhersla á fjölgun þýðenda íslenskra bókmennta á sænsku. Á árinu 2018 komu út þrjár bækur eftir tvo þýðendur úr hópi nýrra þýðenda sem sendiráðið vinnur markvisst með.


Áhugi Svía á jafnréttismálum á Íslandi er áberandi. Sendiherra hélt fjölda fyrirlestra um jafnréttismál árið 2018 vítt og breitt um Svíþjóð. Slíkar ferðir nýtast einnig til þess að hitta fleira fólk á viðkomandi svæði, til dæmis fulltrúa sveitarstjórna, ræðismenn og Íslendinga.

Um átta þúsund Íslendingar búa í Svíþjóð og aðstoð og þjónusta við þá er stór þáttur í starfsemi sendiráðsins, þ.m.t. vinnsla umsókna um vegabréf. Með reglulegu millibili berast einnig flóknari erindi til borgaraþjónustunnar, til dæmis frá íslenskum ríkisborgurum sem telja á sér brotið, þurfa á félagslegri aðstoð að halda eða hafa komist í kast við lög. Sendiráðið leggur ríka áherslu á vönduð og fagleg vinnubrögð við úrlausn slíkra erinda.

Sérstök áhersla er lögð á að nýta samfélagsmiðla til að dreifa upplýsingum um Ísland og um íslenska menningarviðburði, sem hefur gefist vel. Dæmi eru um að færslum sendiráðsins hafi verið deilt 350 sinnum og náð augum 50 þúsund einstaklinga. Samfélagsmiðlar eru einnig mikilvægt verkfæri til að koma áriðandi upplýsingum til sem flestra íslenskra ríkisborgara, til dæmis í neyðartilvikum.

Samráð og samstarf við upplýsingadeild ráðuneytisins hefur gefist vel við þróun á vef- og samfélagsmiðlum.

Tókýó



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	38	0,1%
Vöruútflutningur	10.008	1,9%
Þjónustuútflutningur	4.226	0,6%
Vöruinnflutningur	17.846	2,4%
Þjónustuinnflutningur	632	0,2%
Umdæmisríki	A-Tím, Brún, Filipp, Indón. og Papúa NG.	
Starfsmenn	5	3,5%
Útsendir diplómatar	1	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	3	
Kostnaður	83,7	2,8%

Sendiráð í Tókýó: Styrking viðskiptaþjónustu og aukid pólítískt samstarf.

Mikil viðskiptatengsl eru á milli Íslands og Japans sem er stærsti útflutningsmarkaður fyrir íslenskar vörur í Asíu. Japan er meðal annars orðinn einn stærsti útflutningsmarkaður fyrir íslenskar landbúnaðarvörur, eins og lamba- og hrossakjöt. Tvísköttunarsamningur milli landanna tók gildi í janúar 2019. Íslensk stjórnvöld hafa ítrekað sóst eftir viðræðum um fríverslunarsamning og þær umleitanir halda áfram.

Í janúar 2019 náðist samkomulag við japönsk flugmálayfirvöld sem greiðir fyrir beinu áætlunarflugi milli landanna og þjóðirnar hafa ákveðið að halda áfram umræðum um mögulegan loftferðasamning.

Starfandi eru virk viðskiptaráð og vinafélög í báðum löndum og sendiráðið í Tókýó hýsir íslenska viðskiptaráðið í Japan, sem stofnað var 2003.

Fjölbreytt vísinda-, mennta- og menningarsamstarf er milli landanna. Í september 2018 tók gildi fyrsti samningur sem Ísland gerir við erlent ríki um tímabundin atvinnuréttindi ungs fólks. Samkomulaginu er ætlað að efla samband ríkjanna með því að gefa ungu fólki frá báðum þjóðum tækifæri á því að kynna atvinnulífi landanna.

Í Japan dvelja að jafnaði um 70–100 íslenskir ríkisborgarar og flestir þeirra eru námsmenn, þar á meðal skiptinemar bæði í háskólum og menntaskólum. Flestir Íslendingar í Japan búa á Tókýó-svæðinu en dreifast annars út um allt land.

Meginhlutverk sendiráðsins er að sinna þjónustu við íslenska ríkisborgara í Japan. Það sama gildir um umdæmislönd sendiráðsins, Austur-Tímor, Brunei og Filippseyjar, auk þess að hlúa að og efla tvíhliða samstarf milli landanna á sviði stjórnmála, viðskipta og menningar.


Formlegt tvíhliða stjórnmálasamstarf Íslands og Japans hófst 1956. Það er lengsta samband sem Ísland hefur átt við ríki í Asíu. Gott samstarf hefur verið á milli landanna í hópi líkt þenkjandi ríkja innan fjölpjódastofnana. Samstarf um norðurslóðamál hefur aukist eftir að Japan varð áheyrnaríki innan Norðurskaupsráðsins og þjóðirnar hafa nú sammælt um að halda sameiginlegan vísindaráðherra fund norðurslóða í Tókýó 2020.

Á japanska þjóðþinginu er starfandi vináttufélag Íslands sem var stofnað árið 1998. Nú eru um 40 þingmenn skráðir félagar. Formaður félagsins er Shinako Tsuchiya, fyrrverandi formaður utanríkismálanefndar neðri deildar þingsins.

Sendiráðið veitir borgaraþjónustu og gefur út vegabréf fyrir íslenska ríkisborgara búsetta í Japan og annars staðar í Austur- og Suðaustur-Asíu. Borgaraþjónusta við íslenska ríkisborgara á Filippseyjum er einnig fyrirferðamikil.

Sendiráð Íslands í Tókýó var opnað í október 2001 og þar starfa þar nú fjórir staðarráðnir starfsmenn og sendiherra sem er eini útsendi starfsmaðurinn. Nýr viðskiptafulltrúi tók til starfa í maí 2018.

Washington



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	6.490	13,7%
Vöruútflutningur	36.209	7,0%
Þjónustuútflutningur	194.193	28,7%
Vöruinnflutningur	47.310	6,4%
Þjónustuinnflutningur	68.501	16,9%
Fjölþjóðasamstarf	NATO, norðurslóðir	
Umdæmisríki	Brasíla, El Salvador, Gvatemala, Mexíkó, Nic., Par, og Úrug.	
Starfsmenn	6	4,2%
Útsendir diplómatar	3	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	3	
Kostnaður	202,1	6,7%

Sendiráð í Washington DC: Bandaríkin mikilvægasti bandamaður Íslands.

Samskipti Íslands og Bandaríkjanna varða hagsmuni Íslands mjög miklu og verða áfram fyrirferðarmikil í framkvæmd utanríkisstefnunnar. Varnar- og öryggismál eru ekki síst mikilvægur liður samstarfsins en reglubundnar viðræður Íslands og Bandaríkjanna um þau mál fóru fram á Íslandi í október. Þá átti utanríkisráðherra fund í Washington í maí með varnarmálaráðherra Bandaríkjanna um tvíhliða varnarsamstarf ríkjanna og samvinnu innan Atlantshafsbandalagsins. Rík áhersla var á árinu lögð á að efla enn frekar tengsl ríkjanna á sviði viðskipta og fjárfestinga.

Helstu verkefni sendiráðsins eru að fylgjast með stjórnáttum í Bandaríkjunum og umdæmisríkjum og vakt á þeim vettvangi mál sem lúta að hagsmunum Íslands. Það á til dæmis við um stefnu Bandaríkjanna í alþjóðamálum sem tengjast íslenskum hagsmunum, reglur á sviði flugverndar, stefnu og reglur um lífríki sjávar og auðlindanýtingu, svo dæmi séu tekin. Þá er mikilvægur hluti af starfi sendiráðsins að efla tvíhliða samskipti ríkjanna, svo sem á sviði viðskipta. Í því samhengi vinnur sendiráðið með stjórnsýslustofnunum og rækir tengsl innan stjórnkerfisins til að koma hagsmunum Íslands á framfæri.


Sendiráðið sinnir umsýslu varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna frá 1951 og ýmsum málum í samstarfi ríkjanna á sviði öryggis- og varnarmála, til dæmis samskiptum vegna sameiginlegra hagsmunamála innan NATO, samstarfi við ýmsar deildir hersins og löggæslustofnanir. Sendiráðið sinnir einnig fjölþjóðlegum verkefnum sem fastanefnd gagnvart Samtökum Ameríkuríkja (OAS), samskiptum við Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, og sendiráðið er þátttakandi í starfi EFTA um viðskipti við Bandaríkin. Þá starfa norrænu sendiráðin í Washington mikið saman í tengslum við sameiginleg hagsmunamál.

Í Washington eru fjölmargar hugveitir, félagasamtök, háskólar, skrifstofur stórfyrirtækja og alþjóðlegra fjölmiðla sem sendiráðið rækir tengsl við og tekur þátt í umræðum á vettvangi þeirra um ýmis hagsmunamál fyrir Ísland. Þar má nefna málefni norðurslóða, orkumál og sjálfbæra nýtingu auðlinda.

Bandaríkin eru það ríki sem Ísland á í mestum viðskiptum við og sendiráðið vinnur náið með aðalræðis-skrifstofunni í New York, sem heyrir formlega undir sendiráðið, að því að kynna Ísland sem áfangastað fyrir bandaríska ferðamenn og sem fjárfestingarkost auk þess sem sendiráðið er íslenskum fyrirtækjum til aðstoðar. Einnig er markvisst unnið að því að koma íslenskri menningu á framfæri í Bandaríkjunum. Árlega tekur sendiráðið við þúsundum fyrirspurna um Ísland og hýsir viðburði tengda íslenskum viðskiptaaðilum.

Í umdæmi sendiráðsins búa þúsundir Íslendingar og fjölmargir íslenskir ferðamenn heimsækja umdæmislöndin. Umsýsla borgaraþjónustamála er því umfangsmikil og mikilvægt verkefni. Þá á starfsfólk sendiráðsins góð samskipti og samstarf við virk Íslendingafélög og samtök fólks af íslenskum uppruna í Bandaríkjunum. Í umdæmi sendiráðsins eru auk Bandaríkjanna Mexíkó, Paragvæ og Úrúgvæ. Undir sendiskrifstofuna heyrja einnig rúmlega 30 kjöræðismenn.

Fastanefnd hjá NATO



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	Sjá Brussel	
Vöruútflutningur	Sjá Brussel	
Þjónustuútflutningur	Sjá Brussel	
Vöruinnflutningur	Sjá Brussel	
Þjónustuinnflutningur	Sjá Brussel	
Fjölbjóðasamstarf	NATO	
Starfsmenn	7	4,9%
Útsendir diplómatar	5	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	2	
Kostnaður	185,4	6,1%

Fastanefnd hjá Atlantshafsbandalaginu: Hagsmunagæsla á sviði öryggis- og varnarmála.

Fastanefnd Íslands hjá NATO hefur um árabil lagt áherslu á hagsmunagæslu fyrir Ísland á sviði öryggis- og varnarmála, með sérstakri áherslu á jafnréttismál, öryggi á Norður-Atlantshafi og samstarf um öryggismál við nágrannaríki og samstarfsríki. Stærsta framlag Íslands í öryggisverkefnum bandalagsins er rekstur ratsjárkerfisins á loftrýmissvæði Íslands og nágrennis. Frá brotthvarfi varnarliðsins árið 2006 hefur Ísland tekið við auknu hlutverki í hagsmunagæslu vegna mannvirkja og innviða sem bandalagið nýtir á Keflavíkurlflugvelli í samstarfi bandalagsþjóða. Bandalagsríki sinna reglulegri loftrýmisgæslu við Ísland, nokkrum sinnum yfir árið, auk þess sem Ísland heldur og tekur þátt í æfingum og þjálfun með aðkomu Landhelgisgæslunnar og Ríkislögreglustjóra, sem sjá um framkvæmd varnartengdra mála.


Fastanefnd vinnur í samræði við alþjóða- og öryggisskrifstofu og varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins að hagsmunagæslu innan bandalagsins og í samstarfi við einstakar bandalagsþjóðir. Aukin áhersla hefur verið lögð á samráð við ritara þjóðaröryggisráðs eftir stofnun ráðsins. Þátttaka Íslands í verkefnum bandalagsins á vettvangi hefur breyst nokkuð undanfarin ár. Ísland leggur áfram til sérfræðinga í Afganistan og Georgíu, styður samstöðuaðgerðir í Eystrasaltsríkjum og hefur lagt til þjálfunarverkefni fyrir Íraka. Því til viðbótar hefur Ísland í auknum mæli lagt til sérfræðinga kostaða af ráðuneytinu til sérstakra verkefna í höfuðstöðvum og innan stjórnstöðva bandalagsins. Áhersla er á störf til stuðnings þeim málaflokkum sem Ísland setur á oddinn í utanríkisstefnu sinni, meðal annars jafnréttismál, afvopnun og vopnatakmarkanir, samstöðuaðgerðir og upplýsingamiðlun. Fastanefnd hefur reglulega samráð og samstarf við þessa sérfræðinga og kemur að vali á stöðum og verkefnum þeirra.

Haldnir eru um fimm ráðherrafundir ár hvert í Atlantshafsbandalaginu, tveir utanríkisráðherrafundir og þrjú varnarmálaráðherrafundir. Leiðtogafundir fara fram á um eins til tveggja ára fresti, næst í desember 2019.

Fastanefndin er með skrifstofu innan höfuðstöðva Atlantshafsbandalagsins í Brussel, eins og fastanefndir hinna 28 bandalagsríkjanna. Fastanefndin fer einnig með fyrirvar gagnvart yfirherstjórn bandalagsins fyrir Evrópu (SHAPE) sem er í Mons í Belgíu. Annað fyrirvar snýr að Evrópuherstjórn Bandaríkjanna í Stuttgart (EUCOM), og herstjórnnum bandalagsins í Brunssum í Hollandi og Napolí á Ítalíu (JFC Brunssum, JFC Naples).

Fastafulltrúi situr í fastaráðinu (North-Atlantic Council, NAC) sem er æðsta ákvörðunarvald bandalagsins. Hann situr jafnframt reglubundna fundi á vettvangi ráðherra eða leiðtoga. Fulltrúar hermálayfirvalda í hverju ríki sitja í hermálanefnd sem gefur fastaráði ráðgjöf á því sviði.

Strassborg



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	Sjá París	
Vöruútflutningur	Sjá París	
Þjónustuútflutningur	Sjá París	
Vöruinnflutningur	Sjá París	
Þjónustuinnflutningur	Sjá París	
Starfsmenn	1	0,7%
Útsendir diplómatar		
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	1	
Kostnaður	Talinn með sendiráði í París	

Fastanefnd Evrópuráðsins í Strassborg: Blikur á lofti vegna Rússa.

Á vettvangi Evrópuráðsins síðustu misserin hefur borið mikið á togstreitu milli Rússlands og Evrópuráðsþingsins. Rússnesku fulltrúarnir á þinginu voru sviptir atkvæðarétti á þeim vettvangi árið 2014 í kjölfar innlimunar Rússa á Krímskaga. Frá þeim tíma hefur Rússland ekki tekið þátt í störfum þingsins og hætti auk þess á árinu 2017 að greiða fjárframlög sín til ráðsins. Ráðherranefndin mun þurfa að taka ákvörðun um það í síðasta lagi í júní 2019 hvort að Rússar eigi áfram sæti í Evrópuráðinu eða hvort þeim verði gert að víkja úr því fyrir brot á aðildarskyldum með því að halda eftir greiðslum til ráðsins. Ljóst er að það skaðar stöðu mannréttinda í Evrópu ef Rússland hverfur úr ráðinu, en þó sérstaklega í Rússalandi, auk þess sem Evrópuráðið myndi horfa fram á breyttar forsendur í starfsmannamálum, fjárhagslega endurskipulagningu og niðurskurð á ýmsum sviðum.


Tyrkland hefur einnig nýverið ákveðið að draga úr greiðslum sínum til Evrópuráðsins svo að niðurskurður virðist óumflýjanlegur, bæði hjá Evrópuráðinu sjálfu og Mannréttindadómstól Evrópu. Unnið er að endurskoðun langtímafjárlaga ráðsins í því ljósi. Einnig er í gangi vinna við almenna endurbótaáætlun Evrópuráðsins, svokölluð „Horizon 2028“, sem ætlunin er að ljúka á ráðherrafundi Evrópuráðsins í Helsinki í maí 2019. Á árinu 2019 verður nýr aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins kosinn í stað Thorbjörns Jaglands sem hefur gegnt stöðunni í rúm níu ár. Kosning milli frambjóðenda frá fjórum aðildarríkjum mun fara fram í Evrópuráðsþinginu í júní 2019.

Fjórutíu og sjö ríki eiga aðild að Evrópuráðinu en meginviðfangsefni þess eru að stuðla að og berjast fyrir mannréttindum, lýðræði og réttarríki. Frá lokum síðari heimsstyrjaldar hefur ráðið verið mikilvægur vettvangur Evrópuríkja til að stuðla að friði og stöðugleika í álfunni.

Ísland á eins og önnur ríki fulltrúa í ráðherranefnd Evrópuráðsins sem heldur vikulega fundi. Á þessum vettvangi hefur Ísland meðal annars talað fyrir og lagt áherslu á jafnrétti kynjanna, réttindi LGBT+-fólks og réttindi og velferð barna. Ísland á í töluverðu samstarfi við aðrar Norðurlandabjörgir á þessum og öðrum sviðum innan ráðsins.

Fastanefnd Íslands í Strassborg fer með málefni Íslands hjá Evrópuráðinu. Í september 2018 var fyrirvar gagnvart Evrópuráðinu flutt frá sendiráði Íslands í París til utanríkisráðuneytisins. Þessar breytingar tengjast undirbúningi vegna formennsku Íslands í ráðherranefndinni frá nóvember 2022 til maí 2023. Fastafulltrúi gagnvart ráðinu er nú einn af starfsmönnum á alþjóða- og öryggisskrifstofu utanríkisráðuneytisins og einn staðarráðinn starfsmaður starfar hjá fastanefnd Íslands gagnvart Evrópuráðinu og sinnir þar daglegum verkefnum gagnvart ráðinu.

Róm



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	209	0,4%
Vöruútflutningur	5.076	1,0%
Þjónustuútflutningur	8.064	1,2%
Vöruinnflutningur	23.078	3,1%
Þjónustuinnflutningur	4.763	1,2%
Starfsmenn	1	0,7%
Útsendir diplómatar	1	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	0	
Kostnaður	33	1,3%

Fastanefnd Íslands í Róm: Nýr samstarfssamningur við FAO.

Á árinu 2018 var undirbúinn samstarfssamningur við Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) þar sem Ísland styrkir aðgerðir gegn ólöglegum fiskveiðum, rusli í höfum og drauganetum sem skilin eru eftir á fiskislóð. Sá samningur var fullgerður í byrjun þessa árs og gildir í fjögur ár. Þar styður Ísland mikilvægar aðgerðir á þessum sviðum með beinum fjárframlögum og sérfræðiaðstoð.

Fastanefndin hefur fyrirvar gagnvart Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP), Matvæla og landsbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) og Þróunarsjóði um landbúnað (IFAD). Fastafulltrúi sækir alla reglulega fundi stofnanna og gætir sérstaklega að málefnum þróunarsamvinnu í heiminum og sérstökum hagsmunamálum Íslands.


Ísland veitir föst kjarnaframlög til Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna, 500 þúsund Bandaríkjadali árlega, auk samstarfssamnings um sérfræðiaðstoð. Fulltrúi Íslands hefur áheyrnarrétt og málfrelsi og tillögurétt á samráðsfundum um málefni stofnunarinnar og situr sem áheyrnarfulltrúi framkvæmdanefndar fjórum sinnum á ári. Samvinna Norðurlanda er mikil innan stofnunarinnar.

Hjá Matvæla- og landsbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) gæta utanríkisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hagsmuna Íslands í málefnum heimshafa og fiskimála, en auk þess situr fastafulltrúi margvíslega fundi um matvælaástandið í heiminum og tekur þátt í stefnumótandi aðgerðum. Ísland situr í stýrinefnd fyrir undirnefnd í fiskveiðimálum fyrir hönd Evrópuríkja árin 2018–2020.

Hjá Landbúnaðarþróunarsjóðnum situr fulltrúi Íslands með áheyrn á öllum helstu fundum.

Norðurlandþjóðirnar hafa náði samstarf gagnvart stofnunum Sameinuðu þjóðanna í Róm og skrifstofa Íslands er hjá danska sendiráðinu í borginni.

Fastanefnd í New York



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	Sjá Washington	
Vöruútflutningur	Sjá Washington	
Þjónustuútflutningur	Sjá Washington	
Vöruinnflutningur	Sjá Washington	
Þjónustuinnflutningur	Sjá Washington	
Fjölþjóðasamstarf	S.þ.	
Umdæmisríki	Antígva og Barbúða, Bahamaeyjum, Barbados, Belís, Dóminíku, Dóminíska lýðveldinu, Grenada, Gvæönu, Haítí, Jamaíku, Kúbu, Sankti Kitts og Nevis, Sankti Lúsíu, Sankti Vinsent og Grenadíneyjum, Súrínam og Trinidad og Tobago	
Starfsmenn	6	4,2%
Útsendir diplómatar	3	
Útsendir aðrir	1	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	2	
Kostnaður	271,4	9,0%

Fastanefnd í New York: Rödd Íslands í hnattrænu samstarfi.

Eftirfylgni heimsmarkmiðanna, aðgerðir gegn loftslagsbreytingum og umbætur á starfi Sameinuðu þjóðanna, meðal annars í þróunarmálum, alþjóðaðryggismálum og innra skipulagi stofnunarinnar, hafa verið í deiglu sýðastliðin misseri. Fastanefnd Íslands í New York ber ábyrgð á fyrirsvari Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og tekur þátt í umræðum í stjórnun, ráðum og nefndum á vegum þeirra með það að markmiði að hafa áhrif á stefnu, verkefni og stjórnun Sameinuðu þjóðanna í samræmi við stefnu Íslands. Ísland leggur, sem fyrr segir, sérstaka áherslu á mannréttindi, jafnrétti og sjálfbærri nýtingu auðlinda með tilliti til orkumála, málefna hafsins og landgræðslu.

Fastanefndin tekur virkan þátt í fundum allsherjarþingsins og sex undirnefnda þess. Fastanefndin leiddi meðal annars vinnu við ályktanir um eflingu mannréttindanefnda Sameinuðu þjóðanna og um eyðimerkurmyndun og landgræðslu. Fastanefnd tók einnig þátt í endurskoðun á störfum efnahags- og félagsmálanefndar á síðasta ári. Íslandi hefur nýverið verið falið ásamt Singapúr að leiða viðræður um ályktun vegna 75 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna, sem fer fram á næsta ári.

Einn stærsti liðurinn á dagskrá fastanefndar er árlegur fundur kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í mars, sem er vel sóttur af fulltrúum íslenskra stofnana og félagsamtaka. Fastanefnd tekur venju samkvæmt þátt í samningaviðræðum á niðurstöðuskjali og vegna formennsku í Norrænu ráðherranefndinni fellur það í hlut Íslands á þessu ári að skipuleggja norræna viðburði.

Unnið er að innleiðingu heimsmarkmiðanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Ísland kynnir í fyrsta sinn í júlí 2019 hvernig staðið er að innleiðingu þeirra innan lands og í alþjóðastarfsemi. Til að fylgja betur eftir heimsmarkmiðunum og áherslum Íslands í þróunarsamvinnu hefur ein staða hjá fastanefnd verið skilgreind sem staða þróunarfulltrúa. Náð samstarf er við undirstofnanir Sameinuðu þjóðanna, sem margar hafa höfuðstöðvar sínar í New York, sérstaklega áherslustofnanir Íslands, Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women), Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) og Mannfjöldasjóði Sameinuðu þjóðanna (UNFPA).


Málefni hafsins eru kjarnamál í starfi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, ekki síst vinna sem tengist hafréttarsamningnum og öðrum tengdum samningum og ráðstefnum. Framboðsmál og kosningar eru mikilvægur þáttur í starfi fastanefndar og ber þar hæst kjör Íslands til setu í mannréttindaráðinu á síðasta ári.

Fastanefndin fylgist með störfum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og tekur reglulega þátt í opnum umræðum á vettvangi ráðsins, stundum í samstarfi við líkt þenkjandi ríki eins og eitthvert norrænu ríkjanna.

Fastanefndin er jafnframt sendiráð gagnvart Antígva og Barbúða, Bahama-eyjum, Barbados, Belís, Dóminíku, Dóminíska lýðveldinu, Grenada, Gvæjana, Haítí, Jamaíku, Kúbu, Sankti Kitts og Nevis, Sankti Lúsíu, Sankti Vinsent og Grenadíneyjum, Súrínam og Trinidad og Tóbago.

Vín

Tvíhliða og fjölþjóðasamskipti 40%



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	271	0,6%
Vöruútflutningur	296	0,1%
Þjónustuútflutningur	4.842	0,7%
Vöruinnflutningur	3.682	0,5%
Þjónustuinnflutningur	3.160	0,8%
Fjölþjóðasamstarf	ÖSE, IAEA o.fl.	
Umdæmisríki	Bosnía, Maked., Slóvakía, Slóvenía, Tékk., og Ungv.l.	
Starfsmenn	2	1,4%
Útsendir diplómatar	1	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	1	
Kostnaður	86,6	2,9%

Fastanefnd í Vín: ÖSE stuðlar að öryggi og stöðugleika í Evrópu.

Fastanefnd Íslands í Vínarborg hefur fyrirvar gagnvart Öryggissamvinnustofnun Evrópu (ÖSE), Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni (IAEA), undirbúningsstjórn sammingsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn (CTBTO) og skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Vín. Þátttaka í starfi ÖSE hefur löngum verið burðarás verkefna fastanefndarinnar en aðildarríki stofnunarinnar eru 57.

Starfsemi ÖSE er í meginatriðum á þremur sviðum: öryggismála, efnahags- og umhverfismála og mannréttindamála. Fastafulltrúi sækir vikulega fundi fastaráðs ÖSE og Öryggismálasamvinnuveitvangsins (FSC) auk fjölmarga reglulegra funda sem haldnir eru innan sviðanna þriggja. Þá fer fram vikulegt samráð í fimm hópum líkt þenkjandi ríkja. Mikilvægt samráð er einnig við það formennskuríki ÖSE sem leiðir starfið hverju sinni.


Umræða um öryggismál í Evrópu fer aðallega fram á vettvangi FSC og öryggisnefndar ÖSE. Þá sækir fastafulltrúi einnig reglulega fundi í sameiginlega samráðshópnum um samninginn um takmörkun hefðbundins herafla í Evrópu (CFE) og í ráðgjafanefndinni um samninginn um opna lofthelgi (OSCC).

Á vegum ÖSE eru starfandi nokkrar eftirlitssveitir en sveitin í Úkraínu er sú mikilvægasta um þessar mundir. Ófriðarástandið í austurhluta landsins er eitt helsta viðfangsefni ÖSE, en starf stofnunarinnar beinist einnig að öðrum langvarandi deilum, milli Georgíu og Rússlands um Suður-Ossetíu og Abkazíu, milli Azerbædsjan og Armeníu um Ngorno-Karabakh og Rússa og Moldóvu um Transnistríu. Eftirlitssveitir eru í Bosníu-Herzegóvínu, Kosóvó, Moldóvu, Montenegro, Norður-Makedóníu og Serbíu, auk þess sem skrifstofur eru starfandi í Albaníu og nokkrum ríkjum Vestur-Asíu.

Á vegum ÖSE eru þrjár undirstofnanir sem eru mikilvægar í mannréttindastarfi ÖSE. Þær eru skrifstofa fulltrúa um málefni minnihlutahópa, fulltrúa um frelsi fjölmiðla og skrifstofa fyrir lýðræðislegar stofnanir og mannréttindi (ODIHR) í Varsjá. ODIHR sinnir einnig umfangsmiklu kosningaefirliti í aðildarríkjunum og utanríkisráðuneytið hefur sent fjölda eftirlitsmanna á vegum þess á liðnum árum.

Hvað aðrar stofnanir varðar hefur starfsemin einkum beinist að þátttöku í starfi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (International Atomic Energy Agency, IAEA) og undirbúningsstjórnar sammingsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnorkuvopn (Preparatory Commission for the Comprehensive Nuclear-Test-Ban Treaty Organization, CBTBO). Á Ísland eru reknar tvær eftirlitsstöðvar á þessu sviði. Veigamesta starfsemi UNOV er á vettvangi skrifstofu Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn eiturlyfjum og afbrotum (UN Office on Drugs and Crime, UNODC).

Aðalræðismaður New York



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	Sjá Washington	
Vöruútflutningur	Sjá Washington	
Þjónustuútflutningur	Sjá Washington	
Vöruinnflutningur	Sjá Washington	
Þjónustuinnflutningur	Sjá Washington	
Starfsmenn	2	1,4%
Útsendir diplómatar	0	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	1	
Kostnaður	72,9	2,4%

Aðalræðisskrifstofa í New York: 2500 fyrirspurnir árið 2018.

Aðalræðisskrifstofa Íslands í New York rekur viðskiptaskrifstofu Íslands í Norður-Ameríku, markaðsverkefnið Iceland Naturally í samstarfi við Íslandsstofu og hýsir Íslensk-ameríska viðskiptaráðið í Bandaríkjunum (Icelandic American Chamber of Commerce) og Íslensk-kanadíska viðskiptaráðið í Kanada (Icelandic Canadian Chamber of Commerce). Skrifstofan svaraði um 2.500 fyrirspurnum árið 2018 tengdum ferðaþjónustu, viðskiptum og menningu Íslands og útseldir tímar voru um 500 árið 2018.


Áhersla aðalræðisskrifstofunnar hefur undanfarin ár verið lögð á aðstoð við íslenska sprotaumhverfið, erlendar fjárfestingar, sjávarútveg, jarðhita, menningu, orkugeirann og almenna aðstoð við útflutningsfyrirtæki og ferðaþjónustu ásamt Iceland Naturally (IN). Það er samstarfsverkefni viðskiptaskrifstofunnar í Norður-Ameríku, Íslandsstofu og 11 fyrirtækja frá Íslandi. IN fagnar 20 afmæli árið 2019 og fyrirtækin hafa óskað eftir áframhaldandi samstarfi sem er viðurkenning á starfi Iceland Naturally í Norður-Ameríku við markaðssetningu á Íslandi, vörum og þjónustu. Hér á eftir fara dæmi um verkefni.

Norræna nýsköpunarsetrið í New York (Nordic Innovation House – New York) var opnað í september 2017 og starfar náið með setrunum sem Ísland er aðili að í Palo Alto í Kaliforníu, Singapúr og Hong Kong. Níu íslensk fyrirtæki sóttu um í NIH-NY markaðshraðal fyrir skapandi greinar og tvö fengu aðgang, AGUSTAV og RoRo Care. Norrænar sjálfbærar borgir er verkefni sem hefur það markmið að fjölga tækifærum um norrænar sjálfbærar lausnir í borgarasamfélögum með það fyrir augum að ná samningum fyrir fyrirtæki frá Norðurlöndunum í Bandaríkjunum og Kanada. Verkefnið um norrænar velferðarlausnir er komið af stað í Kanada og það er í bígerð í Bandaríkjunum. Nokkur íslensk fyrirtæki taka þátt í verkefninu í Kanada, sem mun stuðla að aukinni sölu og dreifingu á íslenskum afurðum á markaðnum.

Aðalræðisskrifstofan leiðir menningarnefnd Norðurlandanna í New York árið 2019 og nokkur stór verkefni eru á teikniborðinu á borð við hönnunarsýninguna New York City Design, gleðigönguna New York City Pride Parade og listsýninguna Nordic Impressions. Skrifstofan stýrir markaðsstarfi Íslands fyrir sjávarútvegssýninguna í Boston (Seafood Expo North America) í samvinnu við Íslandsstofu með áherslu á bæði afurðir og tækni. Árið 2018 náði markaðsstarfið til rúmlega 3.000 fyrirtækja í Norður-Ameríku og íslensku fyrirtækin fengu vel yfir 200 söluá bendingar á sýningunni.

Aðalræðisskrifstofan skipulagði fjölda verkefna fyrir viðskiptaráðin í Bandaríkjunum og Kanada. Þar má nefna viðskiptasendinefnd frá Íslandi til Chicago í samstarfi við Amerísk-íslenska viðskiptaráðið á Íslandi (AMÍS) með þátttöku 32 fyrirtækja; 190 manna ráðstefnu um framtíð íslenskunnar með aðilum frá Google og Microsoft ásamt forseta Íslands og forsetafrú; hringborðsumræðu um nýsköpun í orkugeiranum í samstarfi við Landsvirkjun, CleanTech Alliance og Washington State Department of Commerce í Seattle.

Nuuk



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	46	0,1%
Vöruútflutningur	4.008	0,8%
Þjónustuútflutningur	2.729	0,4%
Vöruinnflutningur	2.389	0,3%
Þjónustuinnflutningur	563	0,1%
Fjölbjóðasamstarf	Norðurslóðir	
Starfsmenn	1,5	1,0%
Útsendir diplómatar	1	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	0,5	
Kostnaður	57,2	1,9%

Aðalræðisskrifstofan í Nuuk: Mikil tækifæri fram undan.

Samstarf við Grænland í viðskiptum, menningu, stjórnsýslu og stjórnámálum verður sífellt nánara og fjölbreytilegra. Tímamót verða á þessu ári þegar ný sérsníðað skip Royal Arctic Line byrjar vikulegar siglingar milli Grænlands, Íslands og Evrópu. Þá opnast flutninganet íslenskra skipafélaga fyrir Grænlandinga sem felur í sér mikla möguleika í verslun og viðskiptum í báðar áttir.

Farþegaflug milli Grænlands og Íslands hefur aukist ár frá ári. Áætlunarflug til og frá landinu er einungis frá Danmörku og Íslandi. Langflestir ferðamenn sem sækja Austur-Grænland heim koma frá Íslandi. Sama á við um drjúgan hluta þeirra sem ferðast til annarra landshluta.


Grænland er strjálbýlasta land í heimi, rúmlega 2 milljónir ferkílómetra, 20 sinnum stærra en Ísland, og eru landsmenn 56 þúsund. Eins og ferðaþjónustan hefur þróast má telja víst að ósnortin víðernin fangi athygli umheimsins. Óvinnandi vegur er fyrir Grænlandinga að mæta ferðamannasprengju líkri þeirri sem orðið hefur á Íslandi án samstarfs við útlendinga. Hún gæti þó verið handan við hornið. Ráðgert er að byggja þar þrjá stóra alþjóðaflugvelli á næstu árum, sem opna landið fyrir umheiminum. Brýnasta verkefni heimamanna er að finna trausta erlenda samstarfsaðila í ferðaþjónustunni. Vegna legu Íslands og ríkjandi tengsla er forskot íslenskra fyrirtækja augljóst.

Sama má segja um sjávarútveg. Við Grænland eru fengsæl fiskimið. Hafsvæðið er risavaxið og loftslagsbreytingar valda þróun sem ekki er endilega fyrirsjáanleg. Nú er róid á gjöful fiskimið sem áður voru undir ís. Ný staða breytir útgerð á Grænlandi og aftur er þörf fyrir erlent samstarf á sviði þar sem íslensk fyrirtæki hafa mikið að bjóða.

Aðalræðisskrifstofan í Nuuk, sem opnuð var 2013, fylgist með þróun mála á þessum sviðum eins og kostur er og leitast við að vera í sambandi við Íslendinga, ekki síst þá sem tengjast viðskiptum. Skrifstofan vinnur náið með sendiskrifstofu Grænlands á Íslandi sem opnuð var í fyrra. Hún er í daglegum tengslum við stjórnsýslu og grænlenka stjórnámalamenn, sveitarstjórnarmenn, þingmenn og ráðherra. Hún tekur þátt í störfum Vestnorræna ráðsins, samstarfsvettvangs þjóðþinga Grænlands, Íslands og Færeyja og hefur milligöngu um menningarsamstarf.

Skrifstofan stendur opin þeim tugum Íslendinga sem búsettir eru í landinu um lengri eða skemmri tíma, sinnir félagslífi þeirra og veitir ýmiss konar aðstoð og fyrirgreiðslu. Síðast en ekki síst er sendiskrifstofan áberandi í bæjarlífinu í Nuuk. Það kunna íbúar þessa höfuðstaðar næsta granna okkar í vestri vel að meta.

Winnipeg



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	Sjá Ottawa	
Vöruútflutningur	Sjá Ottawa	
Þjónustuútflutningur	Sjá Ottawa	
Vöruinnflutningur	Sjá Ottawa	
Þjónustuinnflutningur	Sjá Ottawa	
Starfsmenn	2	1,4%
Útsendir diplómatar	1	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	1	
Kostnaður	52,2	1,7%

Aðalræðisskrifstofa í Winnipeg: Stendur vörð um sameiginlegan menningararf þjóðanna.

Eitt meginmarkmið aðalræðisskrifstofunnar frá upphafi hefur verið að styrkja böndin milli Íslendinga og fólks af íslenskum ættum, sem býr í Kanada, og skiptir tugum ef ekki hundruð þúsunda. Einnig er leitast við að styrkja bæði stjórnmála- og viðskiptatengsl landanna, ekki síst Íslands og Manítóbafylkis.

Mikilvægt er að standa vörð um þennan sameiginlega menningararf þjóðanna og fá nýja sprota til að vaxa upp úr þeim jarðvegi sem sameinar þjóðirnar. Þetta er meðal annars unnið í samstarfi við „ættिंगja“ okkar í Vesturheimi, bæði einstaklinga og félög fólks af íslenskum uppruna, til dæmis þjóðræknisfélög, bæði á Íslandi og í Norður-Ameríku. Skrifstofan greiðir fyrir menningarviðburðum, listum, fræðum, upplýsingaöflun og öðru því sem verða má til að styðja við bakið á áhugasömu fólki að leggja rækt við menningararf sinn og sögu.


Á undanförunum árum og áratugum hafa samskipti Íslendinga við Vestur-Íslendinga eflst beggja vegna Atlantsála. Ekki síst vegna aukins áhuga og forvitni um örlög þess fimmtungs íslensku þjóðarinnar sem fluttist búferlum vestur um haf og þeirrar löngunar að vilja þekkja ætt sína og uppruna. Hópurinn er því orðinn stór, bæði í Kanada og Bandaríkjunum, sem vegna uppruna síns hefur mikinn og einlægan áhuga á Íslandi og öllu því sem íslenskt er. Það ætti því að vera aukinn styrkur fyrir Ísland að vera í nánum og góðum tengslum við þetta fólk „okkar“ fyrir vestan haf.

Winnipeg er höfuðborg Manítóbafylkis og vinaborg Reykjavíkur. Í Winnipeg búa um 800 þúsund manns, en íbúar í Manítóbafylki eru tæplega 1,3 milljónir talsins. Winnipeg er sannarlega íslenskasta borg í heimi utan Íslands því að þar má hitta fólk af íslenskum ættum sem þekkir til Íslands og hefur áhuga á öllu því sem er að gerast á Íslandi. Samfélag fólks af íslenskum ættum er langfjölmennast í fylkjum Manítóba, Saskatchewan, Alberta og British Columbia.

Á tímabilinu 1870–1914, þegar vesturferðir Íslendinga voru mestar, fluttu 15–20 þúsund Íslendingar vestur um haf, sem samsvaraði rúmlega fimmtungi þjóðarinnar á þeim tíma. Því kemur ekki á óvart að í Kanada og þá sérstaklega í Manítóba sé að finna fjölda stofnana, félaga og samtaka sem tengjast Íslandi með einum eða öðrum hætti.

Umdæmi aðalræðisskrifstofunnar, sem opnuð var um mitt ár 1999, eru Manítóbafylki, Saskatchewan-fylki, að undanskilinni borginni Regina, og Albertafylki, að undanskildum borgunum Calgary og Edmonton.

Pórshöfn



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	231	0,5%
Vöruútflutningur	3.585	0,7%
Þjónustuútflutningur	2.720	0,4%
Vöruinnflutningur	2.086	0,3%
Þjónustuinnflutningur	4.641	1,1%
Starfsmenn	3	2,1%
Útsendir diplómatar	1	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	2	
Kostnaður	49,8	1,6%

Aðalræðisskrifstofan í Þórshöfn: Hoyvíkursamningurinn og menningarsamstarf.

Helstu verkefni sendiskrifstofunnar í Færeyjum undanfarið ár snérust um Hoyvíkursamninginn, fríverslunarsamning Íslands og Færeyja, og um tvíhliða fiskveiðisamning landanna. Mikil áhersla var lögð á menningarsamstarf í tengslum við aldarafmæli fullveldis Íslands auk þess sem borgaraþjónustustörf eru umtalsverð í Færeyjum. Um 200 Íslendingar búa í Færeyjum. Beint flug er milli landanna tvisvar til þrisvar í viku frá Keflavíkurflugvelli, sem tekur rétt rúman klukkutíma. Ferjusamgöngur eru um Seyðisfjörð.

Árið 2017 samþykkti færeyska Lögbíngið breytingar á fiskveiðilöggjöfni sem kveður meðal annars á um bann við erlendum fjárfestingum í sjávarútvegi. Áður gildi sú regla að útlendingar máttu eiga allt að 33% í sjávarútvegafyrirtækjum en reglan á Íslandi var 25%. Þessi breyting bitnaði fyrst og fremst á íslenskum og niðurlenskum (hollenskum) fjárfestum, auk þess sem þetta braut í bága við Hoyvíkursamninginn. Færeyska ríkisstjórnin óskaði eftir að Hoyvíkursamningnum yrði breytt í samræmi við nýju löggjöfina. Samkomulag náðist hins vegar ekki þar sem ekki tókst að tryggja íslenskum fjárfestum sem fyrir voru annaðhvort undanþágu eða tryggingu fyrir sanngjarnt endurgjald fyrir eignir þeirra. Það leiddi til þess að færeyska ríkisstjórnin sagði upp Hoyvíkursamningnum. Uppsögnin tekur gildi 1. janúar 2020 en þó er aðlögunarfrestur fyrir fjárfestana til 1. janúar 2025.

Færeyingar hafi veitt við Íslandsstrendur nær óslitið í að minnsta kosti 100 ár. Árið 1976 úthlutaði Ísland Færeyjum aflaheimildir í kjölfar útfærslu landhelginnar í 200 mílur. Alþingi hefur síðan samþykkt aflaheimildir til handa Færeyjum á hverju ári á grundvelli tvíhliða fiskveiðisamninga. Þessir samningar hafa bæði kveðið á um skipti á afla- og aðgangsheimildum. Íslendingar veiddu til dæmis árlega á árunum 2013–2017 um 175 þúsund tonn að meðaltali úr eigin kolmunnakvóta í færeyskri lögsögu. Árið 2017 lagði Ísland til að í stað árlegra samninga yrði gerður rammamarkaður sem gengi út á jafn verðmæt skipti á afla- og aðgangsheimildum. Ekki tókst að ná samkomulagi um veiðar 2019, hvorki með gerð rammamarkaðs né framlengingu á gildandi fyrirkomulagi. Þegar þetta er skrifað er því útlit fyrir að Færeyingar verði ekki með aflaheimildir við Íslandsstrendur í fyrsta sinn síðan 1976.

Mörg íslensk fyrirtæki eru með starfsemi í Færeyjum, meðal annars skipafélögin Eimskip og Samskip. Nálægðin og skyldleiki tungumálanna gerir það að verkum að mörg íslensk fyrirtæki líta á markaðinn í Færeyjum sem framlengingu á heimamarkaðinum.

Viðskipti landanna eru töluverð. Þau eru meiri en við gömlu EFTA-rikin, Finnland og Austurríki, og meiri en við BRIC-rikin, Rússland, Indland og Brasilíu.

Starfrækt er Færeyskt-íslenskt viðskiptaráð (FOIS). Færeyjar eru hvorki í Schengen né með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, en Færeyjar eru hluti af samkomulaginu um frjálsa för innan Norðurlanda.

Skammstafanir:

AMÍS	Amerísk-íslenska viðskiptaráðið á Íslandi
ARGeo	African Rift Geothermal Facility
ATT	Arms Trade Treaty
AU	Afrikusambandið
AWEEF	African Women Energy Entrepreneurs Framework
BBNJ	Conservation and Sustainable Use of Marine Biological Diversity of Areas Beyond National Jurisdiction
BEAC	Barentsráðið
Brexit	Útganga Bretlands úr Evrópusambandinu
CAFF	Conservation of Arctic Flora and Fauna
CBPF	Körfusjóður Sameinuðu þjóðanna
CBSS	Eystrasaltsráðið
CERF	Neyðarsjóður Sameinuðu þjóðanna
CFE	Samningur um hefðbundinn herafla í Evrópu
COFI	Sjávarútvegsnefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna
CSW	Nefnd um stöðu kvenna
CTBTO	Skrifstofa sammingsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnorkuvopn
CWC	Samningur um efnavopn
DAC	Þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar
DNS	Nafnaþjónn léns - Domain Name System
DSP	Dispute Settlement Panels
ECOSOC	Efnahags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna
EES	Evrópska efnahagssvæðið
EFTA	Fríverslunarsamtök Evrópu
ENABLE	Námsefnisgerð á háskólastigi um landgræðslu og sjálfbæra landnýtingu
ESB	Evrópusambandið
ESMAP	Energy Sector Management Assistance Programme
ETS	Viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir
EUCOM	Evrópuherstjórn Bandaríkjanna
EUIPO	Hugverkastofa Evrópusambandsins
FAO	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna
FOIS	Færeysk-íslenska viðskiptaráðið
FSC	Öryggismálasamvinnuvettvangurinn
GAVI	Alþjóðlegur bólusetningarsjóður
GCF	Græni loftslagssjóðurinn
GENDERNET	Jafnréttisnefnd þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar
GGA	Global Geothermal Alliance
HM	Heimsmeistaramótið í knattspyrnu
HSP	Háskólar Sameinuðu þjóðanna
IAEA	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin
ICAO	Alþjóðaflugmálastofnunin
IFAD	Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar
IGC	Iceland Geothermal Conference
ILO	Alþjóðavinnuálastofnunin
IN	Iceland Naturally
INF	Samningur um meðaldræg kjarnorkuvopn
IRENA	International Renewable Energy Agency
ISIS	Hryðjuverkasamtök sem kenna sig við íslamskt ríki
ITC	Alþjóðaviðskiptamiðstöðin
JFC	Allied Joint Force Command
KEXP	Útvarpsstöð í Seattle, Bandaríkjunum.
LGBT+	Lesbiur, hommar, tvíkynhneigðir, transfólk og fleiri
MENA	Þjóðir Miðausturlanda og norður Afríku
MRSÍ	Mannréttindaskrifstofa Íslands
MTCR	Eftirlitskerfi með flugskeytatækni

N5	Norrænir utanríkisráðherrar
NAC	Norður-Atlantshafsráðið
NATO	Atlantshafsbandalagið
NB8	Samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna
NDF	Norræni þróunarsjóðurinn
NORDEFECO	Norrænt varnarsamstarfs
NPT	Samningur um takmörkun á útbreiðslu kjarnavopna
NSG	Kjarnbirgjahópurinn
OCHA	Samræmingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum
ODIHR	Mannréttinda- og lýðræðisstofnun Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu
OECD	Efnahags- og framfarastofnunin
OHCHR	Mannréttindastofnun Evrópu
OPCW	Efnavopnastofnunin í Haag
OSCC	Samningurinn um opna lofthelgi
PAME	Protection of Arctic Marine Environment
PMRS	Palestinian Medical Relief Society
Rannís	Rannsóknamiðstöð Íslands
RKÍ	Rauði kross Íslands
RÚV	Ríkisútvarpið
SE4All	Sustainable Energy for All
SHAPE	Herstjórnarmiðstöð Atlantshafsbandalagsins fyrir Evrópu
SIDS	Smáeyþróunarríki
SÞ	Sameinuðu þjóðirnar
TTIP	The Transatlantic Trade Investment Partnership
UFGE	Umbrella Facility for Gender Equality
UN Environment	Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna
UN Women	Stofnun Sameinuðu þjóðanna fyrir kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna
UNESCO	Meningarmálamálastofnun Sameinuðu þjóðanna
UNFCCC	Skrifstofa rammisamnings SÞ um loftslagsbreytingar
UNFPA	Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna
UNHCR	Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna
UNICEF	Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna
UNOCHA	Samræmingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum
UNODC	Fíkniefna og afbrotamálaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna
UNOV	Skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Vín
UNRWA	Palestínuflóttamannaástoð Sameinuðu þjóðanna
UNU-GEST	Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu
UPR	Jafningjarýni
ÚTÓN	Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar
V4	Visegrad-hópurinn, Tékkland, Ungverjaland, Pólland og Slóvakía
VÞT	Vergar þjóðartekjur
WCLAC	Women's Centre for Legal Aid and Counselling
WEDO	Umhverfis- og þróunarstofnun kvenna
WEOG	Ríkjahópur Vesturlanda hjá Sameinuðu þjóðunum
WFP	Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna
WHO	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin
WIPO	Alþjóðahugverkastofnunin
WTO	Alþjóðaviðskiptastofnunin
ÖSE	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu

Atriðisorðaskrá:

- Abkasía, 68
 Aðalræðisskrifstofa, 17, 85, 93
 New York, **110**
 Nuuk, 14, 15, 49, 93, **111**
 Winnipeg, 40, 98, **112**
 Þórshöfn, 14, 15, 93, **113**
 Afganistan, 67, 68, 72, 77, 105
 Afríka, 51
 Afríku, 19, 32, 37, 70, 72, 74, 75, 76, 78, 79, 82, 92, 94
 Afvopnunarmál, 14, 22, 34, **66**, 67, 68, 69, 105
 kjarnavopnaafvopnun, 66
 Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, 21, 22
 Alþingi, 7, 16, 26, 28, 33, 38, 41, 53, 61, 62, 70, 83, 99, 113
 Alþjóðabankinn, 9, 10, 14, 41, 58, 71, 72, 74, 75, 76, 83, 85, 94
 Alþjóðaeftirfarirráðið (WEF), 27
 Alþjóðahvalveiðiráðið, 30
 Alþjóðalög, *sjá einnig þjóðarétt*, 9, 15, 22, 69
 Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, 17, 38, 66
 Alþjóðastofnun um endurnýjanlega orkugjafa, IRENA, 30, 75
 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO, **58**, 90, 100
 Alþjóðavæðing, 35
 Alþjóðlega hugverkastofnunin, WIPO, 33, 90
 Alþjóðlega jarðvarmabandalagið (GGA), 30
 Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn, ICC, **32**
 Antígva og Barbúda, 108
 Argentína, 27, 51, 90
 Armenía, 31, 67, 69, 75, 96, 109
 Aserbaísjan, 68
 Asía, 19, 37, 53, 54, 55, 56, 101, 103, 109
 Atlantshafsbandalagið, NATO, 9, 19, 64, 65, 66, 67, 68, 69, 104, 105
 Atvinnulíf, 7, 11, 18, 22, 33, 42, 49, 54, 55, 70, 75, 78, 83, 94, 99
 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, 23, 30, 51, 54, 107
 Auðlindamál, 7, 19, 23, **29**, 31, 32, 34, 76, 104, 108
 Azraq, 77
 Ákvörðun, **95**
 Ályktun öryggisráðsins nr. 1325, *sjá einnig konur, friður og öryggi*, 27, 28, 67, 77, 82
 Ástralía, 30, 51, 53
 Átak Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra orku fyrir alla, SE4All, 30
 Bahama-eyjar, 108
 Bandaríkin, 8, 9, 14, 17, 19, 20, 24, 25, 30, 33, 42, 46, 54, 55, 58, 64, 65, 66, 67, 68, 69, 86, 104, 105, 110, 112
 Banglades, 76
 Barbados, 108
 Barentsráðið, 19
 Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna landsnefnd, 39, 77
 Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, 39, 74, 75, **76**, 77, 79, 108
 Belgía, 22, 67, 89, 105
 Belís, 108
 Borgarþjónusta, 14, 34, 35, 36, 37, 39, 91, 93, 94, 95, 98, 101, 103
 Bosnía-Herzegovina, 109
 Botswana, 51, 58
 Bólvía, 98
 Brasilía, 30, 51, 90, 113
 Bretland, 7, 14, 19, 37, 42, 48, 59, 60, 61, 62, 64, 70, 95
 Brexit, 7, 42, **59**, 60, 61, 62, 85, 89
 Brottfall, 72, 74
 Buikwe, 71, 73, 74
 Búlgaría, 53, 93
 Búrkina Fasó, 53
 Byggðapróun, 73
 Chile, 51, 53
 Danmörk, 14, 19, 30, 31, 32, 58, 65, 93
 Dóminíka, 108
 Dóminíska lýðveldið, 108
 Dómsmálaráðuneyti, 20
 Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, 27, 53, 58, 59, 70, 100
 Efnahags- og framfarastofnunin, OECD \b, 58
 EFTA, Fríverslunarsamtök Evrópu, 7, 21, 27, 46, 47, 49, 50, 51, 53, 59, 60, 61, 62, 89, 90, 97, 98, 99, 104, 113
 Egyptaland, 99
 Eistland, 91
 Eiturfnaárás, 64
 Ekvador, 79
 El Salvador, 75, 76, 78
 Embætti ríkislögreglustjóra, 37, 65, 105
 Endurnýjanleg orka, **30**
 Eritrea, 23
 Esvatíní, 51
 Evrópa, 11, 18, 19, 24, 29, 31, 53, 54, 55, 56, 64, 65, 66, 67, 68, 69, 86, 90, 100, 105, 106, 109, 111
 Evrópska efnahagssvæðið, EES, 7, 14, 29, 33, 37, 41, 42, 52, 59, 60, 61, 62, **63**, 89, 99
 Evrópuráðið, 24, **28**, 29, 31, 34, 91, 106
 Evrópusambandið, 7, 14, 19, 29, 30, 31, 33, 37, 46, 47, 48, 49, 50, 51, 52, 53, 59, 60, 61, 62, 89, 91, 95
 Eyðimerkurmyndun, 22, 23, 29, 108
 Eystrasaltsráðið, **18**, 19

- Eþjópía, 23, 79, 92
 Farendur, 21, 23
 Fastanefnd, 39, 64, 85, 89, 100, 104
 Brussel (NATO), **105**
 Genf, 26, 27, 58, **90**
 New York, 22, 26, **108**
 Róm, **107**
 Strassborg, 28, 106
 Vín, **109**
 Fátækt, 38, 70, 75, 77
 Ferðamenn, 35, 37, 46, 47, 59, 95, 96, 97, 98, 104, 111
 Ferðaþjónusta, 20, 21, 35, 47, 52, 59, 95, 97, 110, 111
 Félag Sameinuðu þjóðanna, 39
 Félagasamtök, 14, 23, 25, 26, 30, 38, 70, 72, 79, 81, 82, 83, 89, 108
 Fiji, 27
 Filippseyjar, 79
 Finnland, 14, 18, 24, 31, 66, 67, 91, 113
 Fiskeldi, 30, 101
 Fiskimál, 70, 72, 75, 76, 84, 107
 Fiskirannsóknir, 30
 Fiskveiðar, 30
 Fiskveiðimál, 107
 Fiskveiðisamningar, 113
 Fiskveiðistjórn, 30, 34
 Fjárfestingar, 8, 20, 48, 53, 55, 56, 76, 93, 104, 110, 113
 Fjárfestingarsamningar, **53**
 Fjárfestingasamningar, 53
 Fjármála- og efnahagsráðuneytið, 51, 53, 59
 Fjölmíðlafrelsi, 25
 Flóttafólk, **23**, 32, 74, 79
 Flóttamannabúðir, 82
 Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNHCR, 24, 78, 79, 90
 Flóttamenn, 21, 23, 24, 74, 77
 Forseti Íslands, 22, 30, 34, 58, 100, 110
 Forsætisráðherra, 16, 20, 22, 23, 25, 27, 34, 59, 88, 100
 Forsætisráðuneyti, 20, 66
 Fólksflutningar, **23**, 29
 Friðar- og öryggismál, *sjá einnig öryggismál*, 22, 34, 67, 70
 Friðaruppbygging, 22, 70
 Fríverslun, 21, 42, 61
 Fríverslunarsamningur, 7, 20, 21, 27, 46, 47, 48, 49, 50, 51, 53, 90, 97, 98, 103, 113
 Frumbyggjar, 17, 18, 19
 Fullveldisafmæli, 7, 11, 23, 57, 58, 72, 88, 93, 94, 99, 102, 113
 Fæðingardeild, 72
 Færeyjar, 14, 15, 17, 30, 32, 48, 49, 51, 111, 113
 fiskveiðisamningar, 48
 Gana, 75, 76
 GAVI, alþjóðlegur bólusetningarsjóður, 73
 Georgía, 31, 53, 67, 68, 75, 105, 109
 Grenada, 108
 Grikkland, 23, 99
 Grænar lausnir, 18, 31
 Græni loftslagssjóðurinn, GCF, 82
 Grænland, 14, 15, 17, 30, 31, 34, 49, 111
 Gvæjana, 108
 Hafréttarmál, **23**, **31**, 34
 Hafréttarsamningurinn, 23, 32, 34, 108
 Hagsmunagæsla, 7, 11, 31, 34, 35, 37, 41, 56, 61, 85, 86, 89, 105
 Haíti, 108
 Háskóli Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, **77**
 HeForShe, 22
 Heimasendiherrar, **35**, 41
 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, 11, 17, 18, 21, 22, 24, 31, 38, 54, 55, 70, 75, 77, 81, 83, 84, 108
 Heimsmeistaramót, 20, 57, 88, 96
 Hergagnaflutningar, leyfisveitingar, **33**
 Hernaðarumsvif, 10, 64, 68
 Héraðsverkefni, 71
 HIV, 77
 Holland, 89
 Hondúras, 98
 Hoyvíkursamningurinn, 48, 113
 Hreinlætismál, 72, 75, 76, 78
 Hringborð norðurslóða, 15, 21
 Hugverkaréttur, 51
 Hvalveiðar, 30
 Hvíta-Rússland, 51, 96
 Iceland Naturally, 55, 110
 Iceland, orðmerkið, **33**
 Indland, 19, **21**, 24, 42, 51, 55, 86, 90, 97, 113
 Indónesía, 50, 79
 Innflutningsbann, 20, 47, 96
 Írak, 67, 68, 77, 79
 Íran, 99
 Íslandsstofa, 7, 8, 21, 33, 37, 38, 41, 42, 54, 55, **56**, 57, 85, 97, 110
 Íslensk hönnun, 55, 58, 93, 95, 110
 Íslensk myndlist, 58, 88
 Íslensk tónlist, 55, 56, 58, 88, 91, 95, 96, 99, 100
 Íslenska friðargæslan, 41, **67**, 77, 82
 Íslenskar bókmenntir, 56, 58, 88, 93, 96, 102
 Ísrael, 21, 23, 53
 Ítalía, 65, 100, 105
 Jafnrétti, 8, 9, 17, 18, 22, 23, 25, 27, 28, 35, 51, 57, 58, 59, 67, 72, 76, 77, 79, **82**, 83, 86, 88, 92, 94, 100, 102, 105, 106, 108
 Jafnréttiskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-GEST), 82
 Jafnréttismál, **27**

- Jafnréttisskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-GEST), 28, 78, 82
- Jamaíka, 53, 108
- Japan, 8, 19, **20**, 21, 24, 30, 31, 42, 47, 51, 53, 55, 99, 103
- jarðhita, **74**
- Jarðvarmi, 20, 30, 55, 97
- Jemen, 21, 23, 77, 79
- Jórdanía, 95
- Jórdaníu, 67, 68, 77, 79, 82, 83
- Kafbátaleit, 10, 19
- Kafbátaleitarflugvélar, 65
- Kalangala, 71, 73, 74
- Kanada, 30, 31, 33, 51, 55, 67, 98, 110, 112
- Kasakstan, 51, 76, 96
- Keflavíkurflugvöllur, 10, 52, 64, 65, 66, 95, 105, 113
- Kenya, 24, 75, 78, 79, 82
- Kirgistan, 31, 75, 96
- Kína, 8, 9, 14, 17, 19, **20**, 24, 30, 36, 42, 46, 47, 51, 55, 58, 86, 101
- Kjarnaframlög, 76, 77, 82, 107
- Kjarnavopn, 64, 66, 68, 109
- Kjörræðismál, 34, 35
- Kjörræðismenn, **34**, 35, 54, **55**, 96, 98, 104
- Konur, friður og öryggi, 27, 28, 37, 67, 77, 82
- landsáætlun, **28**, 67, 92
- Kostaríka, 98
- Kólera, 72
- Kósovó, 51
- Krímskagi, 9, 28, 64, 106
- Króatía, 27, 88
- Kúba, 108
- Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna, 24
- Kyn- og frjósemisheilbrigði, 22, 27, 77
- Kynferðislegt ofbeldi, 22
- Kynjajafnrétti, *sjá einnig jafnrétti*, 24, 28, 77, 82, 83, 108
- Landbúnaðarvörur, 8, 46, 48
- Landgrunnsmál, 23, **32**
- Landgræðsla, 22, 78, 108
- Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna, UNU-LRT, 78
- Landhelgisgæsla Íslands, 20, 64, 65, 67, 105
- Landsvirkjun, 55, 82, 110
- Lesótó, 51, 90
- Lettland, 18, 91
- LGBT+, *sjá réttindi hinsegin fólks*, 24, 25, 106
- Liechtenstein, 51, 60, 89, 90
- Listir, *sjá einnig menningarmál*, 27, 28, 33, 56, 57, 88, 91, 93, 110, 112
- Libería, 72, 75
- Líffræðileg fjölbreytni, 23, 32
- Löfiferðasamningar, 20, 21, 47, **52**, 53, 61, 98, 103
- Loftrýmisgæsla, 65
- Loftslagsbreytingar, 29
- Loftslagsmál, **29**, **82**
- Losunarheimildir (ETS), 29
- Lúxemborg, 89
- Lýðheilsa, 19, 94
- Lýðræði, 18, 28, 106
- Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, 77, 79
- Makedónía, *sjá Norður-Makedónía*, 23, 53, 67, 109
- Malasía, 51, 90
- Malaví, 11, 19, 24, 70, 71, 72, 73, 77, 78, 79, 82, 83, 92, 94
- Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA, 73, 76, **77**, 79, 108
- Mannréttinda- og lýðræðisstofnun ÖSE, ODIHR, 24, 67, 109
- Mannréttindamál, 15, 20, 21, 22, **24**, 27, 76, 82, **83**, 94, 100, 109
- Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna, 8, 9, 21, 23, 24, 25, 26, 27, 90, 108
- Ísland í mannréttindaráðinu, **25**, 27
- jafningjarýni, 27, 70, 71, 90
- Mannréttindaskrifstofa Íslands, 25
- Mannúðaraðstoð, 21, 70, 78, 79, 81
- Mannúðaraðstoð., **78**
- Mannúðarmál, 22, 33, 38, 39, 78, 90
- Mannúðarréttur, **32**, 34
- Mansal, 18, 32
- Markaðsmál, 56
- Markaðssetning, 41, 56, 91, 110
- Markaðssókn, 99, 100
- Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, 30, 84, 107
- Matvælaframleiðsla, 31
- Matvæli, 46, 47, 96, 97
- Málefni hafsins, 9, 10, 14, 15, 16, 18, 19, 22, 23, **30**, 31, 32, 34, 76, 84, 108
- Málfrelsi, 25, 107
- Málþing, 17, 57, 99
- Mengun, 29, 31, 75, 76
- Meningarmál, 58
- Meningarmál, *sjá einnig listir*, 24, 54, 55, 56, 57, 58, 89, 91, 93, 98, 102, 104
- Meningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, 9, 23, 24, 39, 83, 100
- Meningarsamstarf, 56, 57
- Menntamál, 22, 72, 74, 76, 95
- Menntun, 11, 17, 22, 24, 36, 74, 77, 95
- Mercosur-ríkin, 51, 90
- Miðausturlönd, 20, **21**, 23
- Milliríkjaviðskipti, 88
- Mjanmar, 23
- Moldóva, 69, 96, 109
- Mongólíu, 78

- Mósambík, 70, 72, 76, 77, 79
 Mæðravernd, 72
 N5, samstarf norrænu utanríkisráðherranna, 9, 14, 19
 Namibía, 51, 92
 Namibíu, 90
 Náttúruarfur, 24
 Náttúruauðlindir, *sjá einnig auðlindir*, 11, 17, 18, 29, 70
 NB8, samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja, 9, 14, 15, 18, 19, 26, 67
 Netarásir, 15, 64, 68
 Netöryggi, 10, 14, 66, 68, 69
 Neyðaraðstoð, *sjá einnig mannúðaraðstoð*, 21, 79
 Ngorno-Karabakh, 69, 109
 NORDEFECO, norræna varnarsamstarfið, 65, 68
 Norðlæga víddin, 19
 Norður-Íshaf, 30
 Norður-Kórea, 20, 21, 23, 26
 Norðurlönd, 14, 16, 18, 38, 101, 107, 113
 Norðurskautsráðið, 10, 14, 17, **18**, 19, 20, 21, 39, 85, 91, 96, 101, 103
 CAFF, 18
 PAME, 18
 Norðurslóðanet, 17
 Norðurslóðir, 9, 10, **16**, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 31, 66, 67, 91, 98, **100**, 103, 104
 Noregur, 9, 10, 14, 17, 19, 23, 29, 30, 31, 32, 36, 42, 48, 51, 60, 66, 77, 89, 99
 Norræna nýsköpunarmiðstöðin, 54
 Norræna ráðherranefndin, 16
 samstarfsráðherra Norðurlanda, 9, 16, 38
 Norrænt samstarf, **14**, 15, 38, **54**
 Nýja-Sjáland, 51, 53
 Nýsköpun, 11, 15, 18, 35, 54, 55, 56, 57, 93, 110
 Orkugeiri, 30, 55, 82, 110
 Orkumál, 18, 21, 22, 57, 78, 88, 97, 104, 108
 Orkuskipti, 29, 30, 31
 Pakistan, 51, 99
 Palestínu, 21, 23, 72, 77, 79
 Palestínuflóttamannaaðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNRWA, 78, 79
 Panama, 98
 Paragvæ, 51, 90, 104
 Parísarsamkomulagið, 17, 18, 22
 Plastmengun, 75, 76
 Pólland, 14, 24, 88
 ProBlue, 76
 Prótókkollskrifstofa, 34
 Rakarastofuráðstefnur, 9, 59, 72, 82, 94
 Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, UNFCCC, 82
 Rauði krossinn, RKÍ, 32, 79
 Rekstarmál, 85
 Réttarríki, 28, 106
 Réttindi barnsins, 18, 23, 25, 26
 Réttindi fólks með fötlun, 27
 Réttindi hinsegin fólks, 24, 25, 27, 82
 Rúanda, 53, 75, 78
 Rússland, 8, 9, 10, 14, 19, **20**, 25, 28, 30, 33, 37, 47, 51, 52, 64, 66, 67, 68, 88, 96, 106, 109, 113
 Salernismál, 72, 76
 Sameinuðu arabísku furstadæmin, 30, 31
 Sameinuðu þjóðirnar, **21**, 31, 69
 Samfélagsmiðlar, 37, 38, 39, 55, 57, 102
 Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið, 33
 Samgöngur, 29, 50
 Samræmingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum, OCHA, 78, 79
 Samstarfssjóður utanríkisráðuneytisins og atvinnulífsins, 10, 54, 83
 San Marínó, 89
 Sankti Kitts og Nevis, 108
 Sankti Lúsía, 108
 Sankti Vinsent og Grenadíneyjar, 108
 Sáði-Arabía, 8, 21, 25, 27
 Schengen, 86, 89, 96, 113
 Sendiráð, 7, 9, 14, 17, 34, 36, 37, 38, 41, 42, 57, 85, 86, 90, 108
 Berlín, 57, **88**
 Brussel, 7, **89**
 Genf, **90**
 Helsinki, **91**
 Kampala, 41, 71, **92**
 Kaupmannahöfn, 57, 58, **93**
 Lilongwe, 71, **94**
 London, 57, 86, **95**
 Moskvu, 57, 86, **96**
 Nýju-Delí, 86, **97**
 Osló, 57, **99**
 Ottawa, **98**
 París, 36, 39, **100**
 Peking, 39, 86, **101**
 Stokkhólmi, **102**
 Tókýó, **103**
 Washington, 64, 86, **104**
 Sendiskrifstofur, 57, 85
 Sendiskrifstofur, *sjá einnig sendiráð, fastanefnd og aðalræðisskrifstofa*, 7, 17, 34, 36, 37, 38, 39, 54, 55, 56, 57, 59, 64, 85, 86, 93
 Sendiskrifstofur, *sjá sendiráð, fastanefnd og aðalræðisskrifstofa*, 87
 Senegal, 27
 Serbía, 88, 109
 Síberíuflugleiðin, 52
 Sierra Leóne, 72, 75, 78, 79
 Sjálfbærni, 16, 18, 72, 92, 100
 Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna, UNU-FTP, 75

- Sjávarútvegur, 10, 21, 29, 47, 48, 56, 58, 96, 98, 99, 110, 111, 113
- Slóvenía, 22
- Smáeyþróunarríki, 76, 78, 84
- Sómalía, 79
- Spánn, 36, 100
- Sprengjueyðing, 65, 67
- St. Vincent og Grenadíneyjar, 30
- Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnar, 16, 18, 27
- Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, UN Women, 27, 39, 73, 77, 78, 79, 82, 108
- landsnefnd, 27, 39, 67, 77, 82, 94
- Stoltenberg-skýrslan, 9, 14, 19
- Suður-Afríka, 51, 79, 90, 94
- Suður-Ameríku, 37, 75
- Suður-Ossetía, 68, 109
- Suður-Súdan, 23, 26, 74
- Súrinam, 108
- Sviss, 47, 48, 51, 52, 90
- Svíþjóð, 19, 36, 66, 67, 68, 86, 102
- Svæðasamstarf, 41, 70, 83
- Sýrland, 10, 14, 21, 23, 26, 66, 77, 79
- Tadsíkistan, 78
- Tansanía, 74, 79
- The Arctic Initiative, 17
- Tógó, 79
- Trínidad og Tóbago, 108
- Trúnaðarbréf, 34, 35
- Tsjetsjenía, 25
- Tvísköttunarsamningar, 51, 53
- Tyrkland, 48, 51, 53, 67, 77, 79, 93, 106
- Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, 23, 32
- Umhverfismál, 14, 19, 23, 25, 27, 29, 31, 32, 56, 82, 109
- Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna, UN Environment, 75, 92
- UN Women. *Sjá Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, UN Women*
- UNESCO. *Sjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO*
- UNESCO, Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna, 24
- Ungbarnadauði, 72, 77
- Ungverjaland, 14
- UNICEF. *Sjá Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna*
- Uppbyggingarsjóður EES, 54, 89
- Upplýsingamiðlun, 37, 38, 39, 55, 105
- Útanríkismálanefnd, 26, 33, 62, 103
- Útanríkisviðskipti, 7, 9, 11, 15, 42, 45, 49, 56, 61, 85, 90
- Útanríkisþjónusta til framtíðar (skýrsla), 35, 37, 41, 56, 86
- Úganda, 38, 70, 71, 72, 73, 74, 78, 79, 83, 92, 94
- Úkraína, 14, 20, 31, 33, 53, 64, 67, 68, 75, 91, 109
- Úkraínudeilan, 68, 96
- Úrúgvæ, 51, 90, 104
- Útflutningseftirlit, 33
- Útflutningsmarkaðir, 7, 8, 34, 46, 47, 48, 49, 51, 52, 54, 55, 56, 59, 99, 100, 103
- Útflutningur, *sjá einnig utanríkisviðskipti*, 7, 8, 33, 35, 46, 47, 55, 56, 96, 97, 101
- Úttekt, 77, 86
- Varnarmál, *sjá einnig öryggismál*, 9, 17, 20, 31, 49, 61, 64, 65, 66, 67, 68, 69, 78, 85, 98, 99, 100, 104, 105, 109
- Varnaræfing, 10, 65, 66
- Dynamic Mongoose, 65
- Trident Juncture, 10, 19, 65, 66
- Vatnsmál, 11, 72, 74, 75, 76, 78, 79, 94
- Vegabréf, 36, 91, 94, 95, 96, 102, 103
- neyðarvegabréf, 36, 94
- Vegabréfsáritanir, 54, 85, 86, 95, 96, 97, 101
- Venesúela, 23, 26, 79, 98
- Vestnorræna ráðið, 15, 111
- Vestnorrænt samstarf, 15, 18, 49, 111
- Vesturlönd, 24, 33
- Viðskiptafulltrúi, 54, 55, 56, 88, 98, 102, 103
- Viðskiptaráð Íslands, 47, 55, 56
- Viðskiptaráð, millilandaráð, 19, 55, 103, 113
- Viðskiptasamningar, 51
- Viðskiptatækifæri, 53, 54
- Viðskiptaþing, 21, 42
- Viðskiptaþjónusta, 14, 34, 42, 54, 55, 99, 102
- Vistkerfi, 18, 84
- Víetnam, 51, 76, 90
- Vísegrad-ríkin, 14, 15
- Vísindasamstarf, 17, 18, 30, 31
- Wales, 68
- Zaatarí, 77
- Zambía, 78
- Þjóðaréttur, 31
- Þjóðaröryggisráð, 38, 105
- Þjóðaröryggisstefna, 64
- Þjóðréttarsamningar, 31
- Þjónustuviðskipti, 51, 93, 99
- Þróunarsamvinna, 10, 11, 27, 38, 55, 67, 70, 71, 74, 77, 81, 82, 83, 84, 85, 94, 108
- atvinnulíf, 55, 81, 83
- félagasamtök, 79
- fjölbjóðleg, 10, 30, 39, 41, 75, 76, 83, 107
- svæðasamstarf, 74, 75
- tvíhliða, 11, 19, 71, 72, 92, 94
- úttektir, 71, 75
- Þróunarsamvinnunefnd, 70, 75, 83
- Þróunarsamvinnunefnd OECD, DAC, 27, 70, 71, 83, 84
- Þvingunaraðgerðir, 33, 34
- Þýskaland, 31, 53, 64, 67, 88

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE, 24,
25, 31, 64, 66, 67, 68, 69, 75, 109
Öryggismál, 9, 14, 15, 16, 19, 20, 21, 22, 29, 62,
64, 65, 67, 68, 69, 95, 104, 105, 109

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, 21, 23, 27, 28,
67, 77, 82, 108

